

# Stjórnartíðindi

## 1981 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. 1034, 1037, 1067-1068, 1092, 1266, og 1316.

Gallar á bls. 697, 701-702, 709, 711, 713-714, 727-728, 742-743, 745, 750, 755, 760, 765, 774, 779, 781, 791-792, 796, 814, 822, 840-842, 844-845, 874, 876, 888, 923, 931, 957, 966, 973, 994, 1012, 1020-1021, 1024-1025, 1033, 1035, 1044, 1046, 1055, 1058, 1070-1073, 1081, 1088-1089, 1091, 1093-1096, 1098, 1123-1129, 1132-1133, 1136-1137, 1139-1143, 1145-1146, 1149-1150, 1155-1157, 1159-1162, 1165, 1171-1176, 1178, 1188, 1220, 1227, 1263, 1305, 1308, 1315, 1317, 1321, 1377, 1388, 1406, 1450, og 1469.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

29. júlí 1981.

691

Nr. 443.

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið, að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 120 frá 1. ágúst 1981 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

*Viðskiptaráðuneytið, 29. júlí 1981.*

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

*Atli Freyr Guðmundsson.*

28. júlí 1981.

Nr. 444.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 335 13. júlí 1981 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

	Áfengi, þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl og vín
1. Ferðamenn	.... 1,0 l af áfengi.	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	Ekkert öl en 1,0 l af víni undir 21%.
		eða	
	1,0 l af áfengi.	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	12 fl. af öli en ekkert vín undir 21%.

B 87

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 28. júlí 1981.*

F. h. r.

**Sigurgeir A. Jónsson.**

*Ingólfur Friðjónsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 629 30. desember 1980 um sérstakt tímabundið vörugjald.**

## 1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar:  
84.15.10, 84.40.10, 84.40.21, 85.06.11 og 85.06.31.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum til þess að öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1981.

*Fjármálaráðuneytið, 29. júlí 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 169/1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.**

## 1. gr.

15. tl. 14. gr. reglugerðarinnar (sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 316/1978) orðist svo: Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamólum, skiðalyftum, sundstöðum, kappreiðum og góðhestakeppni.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1981.

*Fjármálaráðuneytið, 29. júlí 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

# GJALDSKRÁ OG REGLUR

## fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. ágúst 1981.

### I. KAFLI

#### Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

##### 1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 1 091.00
- 1.2. Simnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Simnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri getur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsimar liggja.

Után þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símaþöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Her er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem Póst- og símamálastofnunin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

## 2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefa-  
teljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnótandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 176,60 að viðbættum kr. 0,41 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalín í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 59,00 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar .....	0.5— 1.0 km	kr. 46,20
b. Lengd línuleiðar .....	1.0— 2.0 km	kr. 69,30
c. Lengd línuleiðar .....	2.0— 4.0 km	kr. 115,45
d. Lengd línuleiðar .....	4.0— 8.0 km	kr. 277,15
e. Lengd línuleiðar .....	yfir 8.0 km	kr. 369,50

## 3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1. Aukatalfæri með gaumskifu (binker) .....	533,75	53,90
3.2. Talfæri með hringirafli (magneto, DBH4) .....		55,20
3.3. Vatnspétt talfæri .....		64,15
3.4. Hátalarasími .....		220,65

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.5. 2ja línu talfæri Siemens .....	1 333,10 <sup>2)</sup>	114,15
3.6. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört) .....	671,00 <sup>2)</sup>	91,00
3.7. Rítarasímar (sekretar), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		94,95 <sup>3)</sup> 4) 5)
3.8. Rítarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri ....	1 192,00 <sup>2)</sup> 3)	102,60 <sup>3)</sup>
3.9. Rítarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri .....	3 247,35 <sup>2)</sup> 3)	273,25 <sup>3)</sup>
3.10. Rítarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört) .....	571,00 <sup>2)</sup> 3)	60,25 <sup>3)</sup>
3.11. Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri .....		100,10 <sup>3)</sup> 4) 5)
3.12. Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri .....		119,35 <sup>3)</sup> 4) 5)
3.13. Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri .....		156,60 <sup>3)</sup> 4) 5)
3.14. Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri .....		192,45 <sup>3)</sup> 4) 5)
3.15. Raðsímar, Reiha 1/2, 1 lína, 2 til 3 talfæri .....	2 271,00 <sup>2)</sup> 3)	194,80 <sup>3)</sup>
3.16. Raðsímar, Reiha 1/5, 1 lína, 3 til 6 talfæri .....	1 645,90 <sup>2)</sup> 3)	139,90 <sup>3)</sup>
3.17. Raðsímar, Reipos 2/5, 2 línur, 3 til 6 talfæri .....	1 539,60 <sup>2)</sup> 3)	136,10 <sup>3)</sup>
3.18. Raðsímar, Reipos 2/10, 2 línur, 7 til 11 talfæri ....	2 363,40 <sup>2)</sup> 3)	205,20 <sup>3)</sup>
3.19. Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri ....		342,60 <sup>3)</sup>
3.20. Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin .....	821,10 <sup>2)</sup>	91,00
3.21. Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin .....	1 706,40 <sup>2)</sup>	198,80
3.22. Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin .....	1 706,40 <sup>2)</sup>	1 176,50
3.23. Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin .....	667,20 <sup>2)</sup>	83,40
3.24. Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð	1 706,40	483,70
3.25. Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð .....	1 706,40	1 458,90
3.26. Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 1 555,00.		
3.27. Sjálfsalar, 3ja mynta. Árstekjutrygging kr. 2 268,00.		
3.28. Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 47,50.		
3.29. Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 233,50.		
3.30. Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.		

#### 4. Einkasímstöðvar.

##### 4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

##### Skýringar:

- 2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
- 3) Verð pr. talfæri.
- 4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein hjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- 5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3 .....	5 119,00	103,00
4.1.2. L.M.E. 2+6 .....	8 224,00	206,00
4.1.3. L.M.E. 3+9 .....	12 137,00	309,00
4.1.4. L.M.E. 4+16 .....	19 130,00	515,00
4.1.5. L.M.E. 5+30 .....	19 579,00	901,25
4.1.6. L.M.E. 6+40 .....	21 722,00	1 184,50
4.1.7. E.B. 6+30 .....	19 950,00	927,00
4.1.8. ADG 101 8+40 .....	46 626,00	1 236,00
4.1.9. ADG 101 16+80 .....	61 355,00	2 472,00
<b>4.2. Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).</b>		
Nýjar sjálfvirkar einkasímstöðvar eru settar upp gegn greiðslu kostnaðarverðs, sem reiknast hverju sinni, og rekstrargjalds, sem er 1,5% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.		
Uppsetningarkostnað símsstöðvarinnar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengi- lista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.		
4.2.1. Fyrir hvern númerabúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum .....		71,80
4.2.2. Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum .....		143,75
Greiða skal 1/3 hluta áætlaðs kostnaðargjalds, þegar stöðin er pöntuð. 1/3 þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar, áður en uppsetning hefst.		
<b>4.3. Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2.</b>		
4.3.1. Númer frá einkasímstöð í sama húsi. Talfæri ekki innifalið .....		25,70
4.3.2. Númer frá einkasímstöð í öðru húsi á sömu lóð (hámark 50 m). Talfæri ekki innifalið .....	300,20	37,30
4.3.3. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið .....	1 185,50	150,10
4.3.4. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið .....	1 185,50	1 127,80
4.3.5. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið .....	1 185,50	1 611,50
4.3.6. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi .....	1 185,50	978,90
4.3.7. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi .....	1 185,50	1 611,50
4.3.8. Þverlínusamband milli einkastöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi .....	1 185,50	2 102,90

### 5. Flutningsgjald.

- 5.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 545,50  
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).
- 5.2. Milli stöðvargjaldsvæða ..... kr. 736,40
- 5.3. Til viðbótar 5.1. og 5.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.
- 5.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.  
Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 5.1. niður í allt að kr. 279,70 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 347,00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

### 6. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samfimis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 609,40.

Viðtökugjald lækkar í kr. 109,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 218,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnaðsgjald sbr. 5.1. og 5.2. hér að framan.

### 7. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

### 8. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin lætur í té, er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna- vatnsskaða eða öðru tjóni.



## II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar,  
sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

## 1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 860,00  
 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.  
 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

## 2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

## 2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum	2—3 notendur á sömu línu		Yfir 3 notendur á sömu línu
	kr.	kr.	kr.
2 std.	80,85	64,70	48,50
4 —	106,50	85,20	63,90
6 —	120,60	96,50	72,35
8 —	134,75	107,80	80,85
10 —	148,80	119,05	89,30
12 —	151,40	121,10	90,85
14 —	153,95	123,15	92,40
16 —	156,55	125,25	93,95
24 —	184,80	147,85	110,90

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

- 2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

## 2.3. Almenn ákvæði.

Ofanefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim,

sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnótandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

### 3. Flutningsgjald.

- 3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 430,00  
 3.2. Milli stöðvargjaldsvæða ..... — 595,35  
 3.3. Til viðbótar 3.1 og 3.2 greiðir símnótandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.  
 3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjald skv. 3.1 niður í allt að kr. 218,00.

### 4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnótandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 472,20.

Viðtökugjald lækkar í kr. 109,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnótandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 218,00.

Viðtökugjald fyrir sérþúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnaðsgjald sbr. 3.1 og 3.2 hér að framan.

### 5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfalli af Póst- og símamálastofnuninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

### 6. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður aðaltalferis er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

### III. KAFLI

#### Notendasímar í sveitum.

##### 1. Stofngjald.

- Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:
- 1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 578,70. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og síma-  
málastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
  - 1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.
  - 1.3. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunar-  
rétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verð-  
skrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.
  - 1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

##### 2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	.....	kr.	42,35
4 —	.....	—	47,25
6 —	.....	—	61,45
8 —	.....	—	72,00
10 —	.....	—	79,05
12 —	.....	—	80,75
14 —	.....	—	82,50
16 —	.....	—	85,95
24 —	.....	—	91,20

- 2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.
- 2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.
- 2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

### 3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
- 3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.
- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutað-eigandi oddvita.
- 3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips-hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
- 3.5. Símnötendur eru að sjálfsgöðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
- 3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsgöðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
- 3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í sam-band. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjald-dagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun af-notagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

- 3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kaupúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumar- bústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðn- rekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

## IV. KAFLI

### Símtalagjald.

#### 1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl innanlands sem valin eru sjálfvirk:

- 1.1. Dagtaxti er frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjald- flokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
0 .....	Ót. tími	
1 .....	60 sek.	0,41
2 .....	12 —	2,05
3 .....	10 —	2,46
4 .....	8 —	3,08

- 1.2. Næturtaxti er frá kl. 19:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjald- flokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
1 .....	120 sek.	0,21
2 .....	24 —	1,05
3 .....	20 —	1,26
4 .....	15 —	1,68

## 2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um 0— 10 km línulengd .....	kr. 2,76	kr. 0,92
— 10— 25 — — .....	— 4,50	— 1,50
— 25—100 — — .....	— 6,09	— 2,03
—100—225 — — .....	— 7,32	— 2,44
Yfir 225 — — .....	— 9,15	— 3,05

Framanefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

- 2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
- 2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.
- 2.4. Kvaðning kr. 3,35. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
- 2.5. Afgreiðslugjald: kr. 8,30 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
- 2.6. Boðsending: kr. 5,35 á venjulegu útburðarsvæði símtöðva, og kr. 5,35 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

## 3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir **póst- og símamálastofnunin** þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

## 4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 4,50 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 1,50 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.2. Strandargjald kr. 9,30, ef skipið er ekki meira en 150 sjómíli frá landi, en annars kr. 12,90 fyrstu 3 mín. og kr. 3,10 eða kr. 4,30 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
- 4.4. Aukapjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.
- 4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
  - a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
  - b. Strandargjald.
  - c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
  - d. Gjald fyrir aukapjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. kafla 2.

## V. KAFLI Símskeytagjald.

### 1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 8,30 og kr. 0,50 fyrir hvert orð: Lágmarks-orðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 4,65 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Símapóstávisanir: Gjald kr. 17,45 án tillits til orðafjölda.
- 1.5. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 4,65 fyrir heillaskeytis-eyðublaðið.
- 1.6. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 8,30. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
- 1.7. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá simstöð. Í bæjum og kaupúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 5,35 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.  
Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber simstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu pósthæð eða láta vita af því í sima eða á einhvern annan tiltækan hátt.
- 1.8. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.9. Samanburður til tryggingar gegn missímum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

### 2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

### 3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
  - 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
    - a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 8,30.
    - b. Línugjald kr. 0,50 á hvert orð.
    - c. Strandargjald kr. 0,65 hvert orð.
    - d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
    - e. Gjald fyrir aukabjónustu að beiðni sendanda.  
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskeyti.
  - 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 4,65 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 3,25.
  - 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukabjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI  
Fjarritvélar.

1. Stofngjald.

1.1. Númer í telexstöð .....	kr. 4 810,00
1.2. Bæjarlína .....	— 1 195,00
1.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð .....	.. 7 133,00
1.4. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal kostnaðarverð sem birt er í verðskrá, en það er innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði.	
1.5. Innbyggður endurgati af eldri gerð .....	kr. 1 270,00
1.6. Innbyggður vélsendir af eldri gerð .....	— 1 270,00
1.7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs .....	— 3 528,00
1.8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði .....	— 4 465,00
1.9. Vélsendir .....	— 1 706,00
1.10. Vélgatari .....	— 3 528,00
1.11. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) .....	— 2 926,00
1.12. Afriðill .....	— 629,00
1.13. Tengipúlt .....	— 936,00
1.14. Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.	
1.15. Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður .....	— 629,00
1.16. Breyting á telexheiti .....	— 334,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Númer í telexstöð .....	— 1 732,00
2.2. Bæjarlína .....	— 334,00
2.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.	— 2 797,00
2.4. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal rekstrar-gjald, sem birt er í verðskrá, en það er 2.2% af kostnaðarverði samkvæmt verðskrá á hverjum tíma á ársfjórðungi. Í rekstrar-gjaldinu er innifalið viðhald án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.	
2.5. Innbyggður endurgati af eldri gerð .....	— 410,00
2.6. Innbyggður vélsendir af eldri gerð .....	— 410,00
2.7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs .....	— 1 500,00
2.8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði .....	— 1 719,00
2.9. Vélsendir .....	— 693,00
2.10. Vélgatari .....	— 1 283,00
2.11. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) .....	— 1 500,00
2.12. Afriðill .....	— 334,00
2.13. Tengipúlt .....	— 423,00
2.14. Fjölsendir (2 vélsendar — 1 númerasendir) .....	— 2 143,00
2.15. Fjölsendir (1 vélsendir — 1 númerasendir) .....	— 1 500,00
2.16. Fyrir ritsímataeki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	

- 2.17. Fyrir ICAO ritsímataeki á Keflavíkurlugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.1. vegna utanbæjarferða fellur niður.
- 2.18. Fyrir ritsímataeki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.

### 3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1. Milli húsa á svæði sömu símstöðvar .....	— 1 193,00
3.2. Innanhúss .....	— 603,00
3.3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar .....	— 1 796,00

### 4. Gjald fyrir telexritanir.

- 4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 0,41 fyrir hvert teljaraskref, og samsvavar það kr. 1,02 á mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milli-rikjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

### 5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

## VII. KAFLI

### Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjalds, sem er 2.2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal  $\frac{1}{3}$  hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað,  $\frac{1}{3}$  þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.



## VIII. KAFLI Sambönd og línur.

### 1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngjald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek. eða meira, er kr. 5 171,00.

### 2. Afnotagjald.

- 2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ.m.t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutaðeigandi síma því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.
  - miðstöðva. Pósti- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir
  - 2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.
  - 2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.
  - 2.1.3. Fyrir samband í fjölsímakerfi milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem er notað eingöngu fyrir gæslu- og öryggismál en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti skal nota margföldunarstuðul 0,347. Þar að auki er veittur 30% afsláttur, ef sambandið er eingöngu í aðra áttina. Fyrir sams konar samband, sem ekki er komið á með fjölsímakerfi, vísast til 2.2.
  - 2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,167.
  - 2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:
    - 2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.
    - 2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12.5% ofan á viðskiptagjaldið. Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.
    - 2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2, en með 50% afslætti.
- 2.2. Innan hvers gjaldsvæðis og einnig milli gjaldsvæða, þegar sambandi er ekki komið á með fjölsímakerfi og um er að ræða samband fyrir gæslu- og öryggismál, er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjaldið reiknast í 500 m þrepum) og er á ársfjórðungi:

- 2.2.1. Fyrir 1 línu í innanbæjarsíma 0,4—0,7 mm ..... kr. 75,00  
 2.2.2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0,9 mm ..... — 104,00  
 2.2.3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1,4—1,7 mm eða loftlínu ..... — 122,50  
 2.2.4. Fyrir ritsímarás í tónritsíma ..... — 39,75  
 2.2.5. Fyrir datasamband (1 lína í innanbæjarsíma) ..... — 94,95
- Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

## IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

## X. KAFLI

Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðast kr. 99,00 á ári. Sé sama símnafni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 19,85 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## XI. KAFLI

### 1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

### 2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 25,65. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 48,75 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnótandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 47,50 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur sýnjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

### 3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1. Breytt letur í skrá, hver lína .....	kr. 46,15
3.2. Aukanafn í skrá .....	— 48,75
3.3. Aukalína í skrá, hver lína .....	— 25,65
3.4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 46,15+48,75 .....	— 94,90

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 48,75 sem aukanafn.

### 4. Skrásetning í atvinnuskrána.

#### 4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

#### 4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 25,65. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 46,15. Auglýsingalína kostar kr. 25,65.

### 5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

## XII. KAFLI.

### Radíótæki og þjónusta um radióstöðvar.

#### 1. Radíoeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1. Fyrir milli-, stutt-, og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m.a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1. Leyfisbréfgjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni) .....	kr. 119,35
1.1.2. Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött	— 263,00
1.1.3. Leyfisbréfgjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni) .....	— 56,50
1.1.4. Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna .....	— 173,25
1.2. Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1. Leyfisbréfgjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni) ....	— 56,50

1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sertiðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir .....	—	71,80
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.		
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár) .....	—	130,90
1.3.2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi .....	—	105,20
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár) .....	—	88,50
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi .....	—	61,55
1.3.4.	Leyfisbréflagjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna	—	88,50
1.4.	Önnur gjöld.		
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýst við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa) .....	—	111,60
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra .....	—	56,50
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum .....	—	47,45
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum .....	—	25,65
1.4.5.	Fyrir skirteini loftskeytamanns .....	—	92,40
1.4.6.	Fyrir skirteini talstöðvarvarðar .....	—	46,15
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar .....	—	61,55
1.4.8.	Innsigliðsgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi) .....	—	123,15

## 2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

2.1.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0.5 watt .....	kr. 886,00
2.2.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0.5 watt eða minna .....	— 443,00
2.3.	Gjald fyrir tegundaprófun á radiótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.	
2.4.	Innflutningur erlendra radiótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.	
2.5.	Innflytjandi, sem flytur inn radiótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöi, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.	
2.6.	Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.	

## 3. Viðskiptagjöld.

3.1.	Radiósímtöl við skip og báta. Sjá kafla IV. 4 hér að framan.	
3.2.	Skeytaafgreiðsla við skip og báta. Sjá kafla V. 3 hér að framan.	
3.3.	Viðskiptagjöld vegna radióstöðva og í verstöðvum. Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:	
	Fyrir 1—5 báta .....	kr. 25,65
	Fyrir 6—15 báta .....	— 47,45
	Fyrir 16—30 báta .....	— 66,75
	Fyrir 31 bát og fleiri .....	— 88,50

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

- 3.3.1.** Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og síma-  
málastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal  
greiða daggjald kr. 46,15 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að  
rekstri fiskiskipa og veiðum.
- 3.4.** Viðskiptagjöld og reglur vegna sammingsbundinna viðskipta við fiskibáta.
- 3.4.1.** Póst- og símamálastofnunin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvarþjónustu,  
sem þeir þurfa á að halda vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu  
ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.
- 3.4.2.** Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Póst- og símamála-  
stofnunarinnar sem er.
- 3.4.3.** Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan  
þéttarsímakerfis þess staðar, þar sem hlutaðeigandi strandarstöð er.
- 3.4.4.** Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Póst- og símamálastofnunar-  
innar greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.
- 3.4.5.** Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skila-  
boðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.
- 3.4.6.** Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu að-  
njótandi eru:  
Að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis og  
búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald; að samtök útvegsmanna í hlutaðeig-  
andi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskild-  
um tíma og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða út-  
gerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum  
sé fylgt.
- 3.4.7.** Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:
- |  |            |
|--|------------|
| a. fyrir minni báta en 100 tonn .....  | kr. 150,00 |
| b. fyrir báta 100 tonn og stærri ..... | — 243,00   |

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 sím-  
tölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að  
40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magn-  
tölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari, IV. kafla 4.

- 3.5.** Viðskiptagjöld landfarstöðva.
- 3.5.1.** Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr.  
88,50.
- 3.5.2.** Afgreiðslugjald fyrir hvert simtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl  
eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvarþjónustunni til annars  
gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist linugjald skv. gjaldskrá) kr.  
12,85.

#### 4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968  
og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldu-  
tilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó .....	kr. 47,45
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó .....	— 70,60
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó .....	— 94,95
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir .....	— 127,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyidutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

### 5. Sölu- og leigukjör á radiótækjum.

Fyrir þau radiótæki, sem Póst- og símamálastofnunin framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

Gerð	Tæki	Söluverð eða stofnverð (Ný tæki)		
		kr.	Afgreiðslugj. kr.	Leigukjör Ársfj.leiga kr.
5.1.	FF — 3 Talsendir/viðtæki .....		1 253,55	254,00
5.2.	FF — 5 Talsendir/viðtæki .....		1 253,55	367,00
5.3.	FF — 10 Talsendir/viðtæki .....		982,80	254,00
5.4.	FVT— 20 Talsendir/viðtæki .....		907,10	254,00
5.5.	FVT— 30 Talsendir/viðtæki .....		982,80	269,45
5.6.	FVT— 40 Talsendir/viðtæki .....		1 542,25	405,45
5.7.	FT Talsendir .....		1 388,25	405,45
5.8.	VFT Viðtæki .....	3 387,20	463,20	202,70
5.9.	VKT Viðtæki .....	2 117,00	290,00	125,70
5.10.	VKT— 74 Viðtæki .....	1 340,80	183,50	80,80
5.11.	VTS— 12 .....	3 669,50	501,65	250,25

Notuð viðtæki í leigu fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nývirði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nývirði.

Leigugjöld, sem tiltekin eru í lið 5.1 til 5.7 að ofan, gilda einungis um talsenda, sem settir voru upp fyrir 1. janúar 1973. Uppsetning senda af ofangreindum tegundum, sem senda út á báðum hliðarhöndum burðarbylgju, er ekki lengur leyfð samkvæmt alþjóðasamþykkt.

### 6. Radiótæki á leigu.

- 6.1. Fram að 1. janúar 1973 leigði Póst- og símamálastofnunin notendum talsenda ásamt viðtækjum. Nýuppsetning senda af þeim tegundum, sem notaðar voru í þessu skyni eru ekki lengur leyfðar, en þess í stað skal nota einhliðarbands-tæki (SSB), sem Póst- og símamálastofnunin hefur ekki leigt út, en hefur eingöngu til sölu. Öll leigutæki, sem notuð eru sem fastastöðvar, verða nú kölluð inn, en farstöðvar (fyrir millibylgju) verða innkallaðar fyrir 1. janúar 1982. Fyrir hinar síðastnefndu skulu gilda eftirfarandi reglur:
- 6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, er stafar af slæmri meðferð og vanhvirðu þeirra, meðan þau voru í vörslu leigutaka, ber honum að greiða samkvæmt mati við afhendingu eftir leigu.

- 6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum, meðan þau eru í hans vörslu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.
- 6.4. Öll radiótæki á leigu frá Póst- og símamálastofnuninni skulu vera váttrygð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni, og á Póst- og símamálastofnunin beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastofnunin annast váttryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast váttryggingu tækjanna í þeim skipum. Váttryggingariðgjöld fyrir tæki, sem póst- og símamálastofnunin annast váttryggingu á, skal leigutaki greiða Póst- og símamálastofnuninni samtímis með leigu, og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
- 6.5. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir talsenda/viðtæki greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár.
- 6.6. Ef nýr eigandi verður að farartæki, sem talsendir/viðtæki er í og óskar að verða leigutaki að þeim, skal hann greiða viðtökugjald, sem er helmingur afgreiðslugjalds sbr. grein 1 í þessum kafla.
- 6.7. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
- 6.8. Séu ársleiga, váttryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur Póst- og símamálastofnunin:
- 6.8.1. Innsiglað radiótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglan, getur Póst- og símamálastofnunin tekið hin leigðu tæki í sína vörslu;
- 6.8.2. tekið tæki í sína vörslu án undangenginnar innsiglnar, sé um ólögboðin tæki að ræða.

Sama gildir, ef reikningur fyrir uppsetningu og viðgerðir á radióbúnaði, sem framkvæmdar eru af Póst- og símamálastofnuninni eru ekki greiddar innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.

Fyrir enduropnun innsiglið greiðist innsigliðgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opunar innsiglið greiði leigutaki, auk innsigliðgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radiótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

- 6.9. Póst- og símamálastofnunin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radióstöðva á afskekktum bæjum, og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Gjöld fyrir slíka notkun eru samkvæmt gjaldskrá um sveita-síma.

## 7. Almenn ákvæði.

- 7.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

- 7.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með bær til skoðunar.
- 7.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og b. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og her há leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.
- 7.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimilt honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskveptamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á áhyrgð þeirra.
- 7.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirráðum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfishaf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.
- 7.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
- 7.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 7.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á áhyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 7.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með sínreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 7.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðgjald, áður en enduroppnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsigliunar greiðir leyfishafi.
- 7.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
- 7.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.



- 7.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skál það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnun leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
- 7.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
- 7.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

#### 8. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

- 8.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.
- 8.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símkerfi.
- 8.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.
- 8.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
- 8.5. Skyllt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt að, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
- 8.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.
- 8.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.
- 8.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

### XIII. KAFLI

#### Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist  $\frac{1}{2}$  venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.
- Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
- Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símtjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

1.1. Frádráttur vegna eldri búnaðar, sem Póst- og símamálastofnunin kann að endurkaupa.

a) Sjálfvirkar einkasímstöðvar afskrifast á 10 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur stöðva, ár	....	0—1	1—2	2—3	3—4	4—5	5—10
Frádráttur, %	.....	80	60	40	30	20	10

b) Telex- og fjarritvélar, modem, handvirkar einkasímstöðvar og talfærakerfi afskrifast á 8 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aldur, búnaður, ár	....	0—1	1—2	2—3	3—5	5—8
Frádráttur, %	.....	80	60	40	20	10

c) Ef nýr búnaður samkv. a) og b) er settur upp í stað eldri búnaðar, er endurgreiðsla af kostnaðarverði eldri búnaðarins reiknuð út frá gildandi kostnaðarverði samkvæmt töflum í a) og b), og kemur sú upphæð til frádráttar kostnaðarverði nýja búnaðarins. Ef áður nefndur frádráttur er hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, skal umreikna hann miðað við upprunalegt kostnaðarverð og sé hann enn hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, endurgreiðir Póst- og símamálastofnunin þann mismun (sbr. d.).

d) Ef búnaði samkv. a) og b) er sagt upp, án þess að nýr búnaður komi í staðinn, er endurgreiðsla samkv. c) miðuð við upprunalegt kostnaðarverð.

1.2. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.

Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símsstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta heim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.3. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og þer heim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáiast. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.5. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.6. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.

**Stranglega er hannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst-**

- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.7. Bili símabúnaður, þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
  - 1.8. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
  - 1.9. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
  - 1.10. Hægt er að fá síma geymdan í umsaminn tíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.
  - 1.11. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
  - 1.12. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
  - 1.13. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarskiptavélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.
  - 1.14. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þungri refsing liggji við samkvæmt lögum.

## 2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttihafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 65,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 27,00 fyrir lokun og enduroppnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

## 3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

**4. Uppsögn.**

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

**5. Flutningar.**

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

**XV. KAFLI**

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. ágúst 1981. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljarskref aðeins af simtölum, sem fram fara 1. ágúst 1981 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 226 5. maí 1981.

*Samgönguráðuneytið, 30. júlí 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

30. júlí 1981.

Nr. 448.

**AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrám rafveitna.**

Samkvæmt 25. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gildandi gjaldskrám rafveitna, er taki gildi frá og með 1. ágúst 1981:

Rafveita Akraness. Allir gjaldskrárliðir hækki um 6.4% nema hitataxtar D1—D6, er verði óbreyttir.

Rafveitur annarra sveitarfélaga.

Allir gjaldskrárliðir hækki um 9.5%.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júlí 1981.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða fyrir raforku frá og með 1. ágúst 1981:

A: Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, frá 16. maí 1981:

I) Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um .....	9.5%
II) Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um .....	4.0%

B: Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða, frá 16. maí 1981:

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um .....	9.5%
--	------

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júlí 1981.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám hitaveitna er gildi frá og með 1. ágúst 1981:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, frá 1. maí 1981 hækki um .....	7%
Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, frá 16. maí 1981 hækki um .....	12%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps, frá 16. maí 1981 hækki um .....	7%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, frá 16. maí 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, frá 16. maí 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, frá 16. maí 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar, frá 16. maí 1981 hækki um .....	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, frá 16. maí 1981 hækki um .....	12%
Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, frá 16. maí 1981 hækki um .....	35%
Gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, frá 16. maí 1981 hækki um ..	8%
Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, frá 16. maí 1981 hækki um ..	9.5%
Gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágrennis, frá 2. janúar 1981 hækki um ..	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, frá 16. maí 1981 hækki um .....	60%
Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, frá 16. maí 1981 hækki um .....	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja, frá 16. maí 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, frá 16. maí 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrar, frá 16. maí 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, frá 16. maí 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, frá 16. maí 1981 hækki um .....	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss, frá 16. maí 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar frá 16. maí 1981 hækki um .....	8%

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júlí 1981.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## REGLUGERÐ

### um starfsmenntunarsjóð starfsmanna ríkisins innan B.H.M.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir starfsmenntunarsjóður starfsmanna ríkisins innan BHM og starfar hann með því skipulagi og markmiði sem segir í reglugerð þessari. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Markmið sjóðsins er að tryggja fjárhagslegan grundvöll simenntunar og endurhæfingarnáms starfsmanna ríkisins innan BHM í tengslum við störf þeirra.

#### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir af fjármálaráðherra og tveir af launamálaráði BHM. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

#### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Framlag úr ríkissjóði, er nema skal 0,15% af föstum mánaðarlaunum félagsmanna. Hlutfall þetta skal endurskoðað árlega miðað við þarfir sjóðsins. Um skil á framlagi ríkissjóðs skal höfð hliðsjón af reglum er gilda um skil á orlofsfé.
- b) Vaxtatekjur.

#### 5. gr.

Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans, sbr. 2. gr. Í því sambandi er sjóðstjórn m. a. heimilt að veita neðangreindum aðilum fjárstyrki úr sjóðnum til eftirtalinna verkefna:

1. Félög opinberra starfsmanna innan BHM eða ríkisstofnanir þær, þar sem félagsmenn BHM starfa, til
  - a. námskeiðshalds á vegum þeirra eða í samstarfi við aðra,
  - b. öflunar fagrita,
  - c. að skapa aðstöðu til endurmenntunar.
2. Einstaka félagsmenn til
  - a. að sækja námskeið eða stunda nám innanlands eða utan,
  - b. rannsókna eða ákveðinna verkefna, sem teljast til endurmenntunar þeirra.

#### 6. gr.

Félagsmenn eða félög innan BHM, sem æskja styrks úr sjóðnum skulu senda stjórn launamálaráðs umsókn þar að lútandi, þar sem fram komi lýsing á því námi eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, áætlaðan kostnað, hvenær fyrirhugað er að stunda námið eða verkefnið, sem styrkur er veittur út á og aðrar þær upplýsingar er sjóðstjórn kann að telja nauðsynlegar.

Launamálaráð skal í lok hvers ársfjórðungs senda umsóknir þær sem um getur í 1. mgr. til sjóðsins. Á grundvelli þeirra tekur sjóðstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi skuli fá.

Ríkisstofnanir, sem æskja styrks úr sjóðnum, skulu senda umsóknir sínar beint til sjóðstjórnar. Að öðru leyti skulu ákvæði þessarar greinar eiga við um þær.

Að jafnaði skal aðeins veita styrk vegna umsóknar sem lýtur að væntanlegum kostnaði umsækjanda. Þó getur sjóðstjórn veitt styrk vegna kostnaðar sem þegar hefur verið stofnað til innan viðkomandi reikningsárs, telji hún slíkt nauðsynlegt vegna sérstæðra aðstæðna.

#### 7. gr.

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði fara fram eftir á gegn framvísun reikninga eða annarra gagna, er sýna fram á að styrkurinn nýttist á þann hátt sem ætlað er. Tveir stjórnarmenn, sinn frá hvorum aðila, skulu árita samþykki á reikninga vegna greiðslna úr sjóðnum.

#### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

Bókhald sjóðsins skal vera hjá ríkisbókhaldi. Að öðru leyti er stjórn sjóðsins heimilt að semja við aðra aðila um að sjá um störf þau, sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

#### 9. gr.

Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðast liðið reikningsár. Skal skýrsla þessi send fjármálaráðherra annars vegar og stjórn launamálaráðs BHM hins vegar.

#### 10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum samkomulags BHM og ríkisstjórnarinnar frá 5. sept. 1980, öðlast gildi hinn 15. júlí 1981.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Drátt fyrir ákvæði 6. gr. reglugerðar þessarar skulu úthlutanir styrkja úr sjóðnum á árinu 1981 vera tvær. Skulu umsóknir um þær hafa borist launamálaráði annars vegar fyrir 15. júlí 1981 og 1. október 1981.

*Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um starfsmenntunarsjóð starfsmanna ríkisins innan BSRB.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir starfsmenntunarsjóður starfsmanna ríkisins innan BSRB og starfar hann með því skipulagi og markmiði sem segir í reglugerð þessari.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Markmið sjóðsins eru:

Að starfsmenn beri ekki kostnað af né verði fyrir tekjutapi af námi, sem beinlínis er við það miðað, að þeir geti tileinkað sér framfarir og tæknibreytingar á sínu sérsviði.

Að starfsmenn eigi, án verulegs kostnaðar, kost á námskeiðum, sem geri þeim mögulegt að taka að sér vandasamari störf en þeir gegna.

Ef störf eru lögð niður vegna tækni- eða skipulagsbreytinga, eiga starfsmenn, án tilkostnaðar, kost á endurhæfingarmenntun, sem geri þeim mögulegt að taka að sér önnur störf með óbreyttum tekjumöguleikum.

#### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir af fjármálaráðherra og tveir af stjórn BSRB. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

Stjórn sjóðsins er heimilt, telji hún þess þörf að ráða starfsmann er inni af hendi nauðsynleg störf til þess að tryggja að sjóðurinn sinni því hlutverki sem honum er ætlað.

#### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Framlag úr ríkissjóði, er nema skal 0,15% af föstum mánaðarlaunum félagsmanna. Hlutfall þetta skal endurskoðað árlega miðað við þarfir sjóðsins. Um skil á framlagi ríkissjóðs skal höfð hliðsjón af reglum er gilda um skil á orlofsfé.
- b) Vaxtatekjur.

Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans sbr. 3. gr.

#### 5. gr.

Til þess að annast hlutverk sitt skal sjóðurinn beita sér fyrir námskeiðum og annarri fræðslustarfsemi er lýtur að aukinni starfsmenntun sjóðfélaga eða endurhæfingarnámi þeirra. Starfsemi þessa er honum heimilt að rækja í samvinnu við aðra aðila.

Þá er sjóðstjórn m. a. heimilt að veita neðangreindum aðilum fjárstyrki úr sjóðnum til eftirtalinna viðfangsefna enda samrýmist þau markmiðum þeim sem að er stefnt að ná sbr. 2. gr.

#### 1. Einstaka sjóðfélaga til

- a) að sækja námskeið eða nám innanlands, eða utan
- b) rannsókna eða ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar þeirra.

#### 2. Einstök félög innan BSRB til

- a) námskeiðshalds á vegum þeirra eða í samstarfi við aðra,

#### 3. a) ríkisstofnanir, þar sem sjóðfélagar starfa, til námskeiðshalds.



## 6. gr.

Þeir, sem æskja styrks úr sjóðnum skulu senda stjórn sjóðsins umsókn þar að lútandi, þar sem fram komi lýsing á því námi eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, áætlaðan kostnað, hvenær fyrirhugað er að stunda námið eða verkefnið, sem styrkur er veittur út á og aðrar þær upplýsingar er sjóðstjórn kann að telja nauðsynlegar. Á grundvelli þeirra tekur sjóðstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi skuli fá. Að jafnaði skal aðeins veita styrk vegna umsóknar sem lýtur að væntanlegum kostnaði umsækjanda. Þó getur sjóðstjórn veitt styrk vegna kostnaðar sem þegar hefur verið stofnað til innan viðkomandi reikningsárs, telji hún slíkt nauðsynlegt vegna sérstæðra aðstæðna. Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal að jafnaði fara fram a. m. k. ársfjórðungslega.

## 7. gr.

Greiðslur úr sjóðnum má aðeins inna af hendi þegar tveir stjórnarmenn, sinn frá hvorum aðila, hafa samþykkt þær með áritun sinni t. d. á umsóknir eða reikninga.

## 8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

Bókhald sjóðsins skal vera hjá ríkisbókhaldi. Að öðru leyti er stjórn sjóðsins heimilt að semja við aðra aðila að sjá um störf þau, sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

## 9. gr.

Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðast liðið reikningsár. Skal skýrsla þessi send fjármálaráðherra annars vegar og stjórn BSRB hins vegar.

## 10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum samkomulags BSRB og ríkisstjórnarinnar frá 20. ágúst 1980 öðlast gildi hinn 15. júlí 1981.

*Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

31. júlí 1981.

723

Nr. 453.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 163/1978 um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

### 1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við tollafgreiðslu skal innheimta innflutningsgjald af öllum bifreiðum og bifhjólum sem hér segir, sbr. þó 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar:

- a) 35% gjald skal greiða af bifreiðum sem knúnar eru aflvélum með 2200 cm<sup>3</sup> sprengirými eða minna.
- b) 50% gjald skal greiða af öðrum bifreiðum og bifhjólum.

### 2. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Við tollafgreiðslu bifreiða til leigubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra og ökukennara, sem hafa að aðalstarfi akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til fólksflutninga, sendibifreiða eða kennslubifreiða, skal einungis innheimta 25% innflutningsgjald. Af bifreiðum sömu aðila sem hafa slíkan akstur að aukastarfi skal við tollafgreiðslu einungis innheimta 38% innflutningsgjald falli bifreiðarnar undir b. lið 1. mgr. Um eftirgjöf og eftirstöðvar innflutningsgjalds af bifreiðum þessara aðila skal í framkvæmd farið eftir reglum ráðuneytisins nr. 234/1980 um lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum til atvinnubifreiðastjóra og ökukennara.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1981.

*Fjármálaráðuneytið, 31. júlí 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Þorsteinn Geirsson.*

**REGLUGERÐ****um flugvallagjald.****1. gr.**

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

**2. gr.**

Flugvallagjald skal vera 160 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálf gald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

**3. gr.**

Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald er nemi 12 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en tólf ára. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálf gald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þótt millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

**4. gr.**

Um innheimtu, ábyrgð, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd samkvæmt reglugerð þessari gilda ákvæði laga nr. 8/1976 um flugvallagjald með síðari breytingum.

**5. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 18/1980, öðlast gildi frá og með 1. september 1981. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 599/1980 úr gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 9. júlí 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

### 1. gr.

#### Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra.

Fyrir opinn bát .....	kr. 52.00
Fyrir opinn bát með vél .....	— 94.00
Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml. ....	— 168.00
Fyrir þilfarsskip 15 rúml. allt að 30 rúml. ....	— 210.00
Fyrir þilfarsskip 30 rúml. allt að 50 rúml. ....	— 282.00
Fyrir þilfarsskip 50 rúml. allt að 100 rúml. ....	— 324.00
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 200 rúml. ....	— 482.00
Fyrir þilfarsskip 200 rúml. allt að 300 rúml. ....	— 544.00
Fyrir þilfarsskip 300 rúml. allt að 400 rúml. og stærri ..	— 680.00

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti, fyrir vélaskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti og fyrir bolskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

### 2. gr.

#### Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunarinnar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

### 3. gr.

#### Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 105.00.

### 4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 50.00 hjá umbiðjanda vottorða vegna endurgreiðslu tolla.

### 5. gr.

#### Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifu reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 368 27. ágúst 1979, um laun skipa-skoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

*Samgönguráðuneytið, 16. júlí 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

## AUGLÝSING

um gjald yfir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr.	570.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	—	200.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	—	200.00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	—	200.00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ..	—	40.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	—	260.00
7. Fyrir fjármark	—	50.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross ..	—	30.00
9. Fyrir innköllun	—	260.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	—	100.00
11. Fyrir ógildingarstefnu	—	260.00
12. Fyrir dómsbirtingu	—	260.00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim. ..	—	150.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 24.00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 20. ágúst 1981. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 237 12. maí 1981 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Hjalti Zóphóniasson.*

**AUGLÝSING**

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 304 16. júní 1981.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 2,30 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 455.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 45.00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 90.00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höf fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

13. gr. gjaldskrárinnar falli niður og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt staðfestist hér með skv. lögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. júlí 1981.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*

24. júlí 1981.

Nr. 458.

**REGLUGERÐ**

um afnám reglugerðar nr. 131 8. maí 1968, um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 131 8. maí 1968, um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júlí 1981.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

um notkun rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski.

### 1. gr.

Leyfi til notkunar nítrita er háð því skilyrði, að verksmiðjustjóri (vinnslustjóri) tilkynni Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, ef notað er nítrit til rotvarnar á loðnu eða öðrum bræðslufiski. Leyfi er einnig því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjónustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur gert nítritákvarðanir.

### 2. gr.

Hráefni (loðna og annar bræðslufiskur) má aldrei innihalda meira en 150 mg/kg nítrit, þegar það er unnið. Allar nítritákvarðanir í hráefni skulu bókfærðar og er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins heimill aðgangur að þessum niðurstöðum. Leyfilegt er að blanda saman rotvörðu og órotvörðu hráefni að því tilskildu, að nítritinnihald þess rotvarða sé undir 200 mg/kg og tryggt sé, að blöndun hráefnis sé góð.

### 3. gr.

Sýni skulu send Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins af öllu mjöli, sem framleitt hefur verið úr nítritrotvörðu hráefni. Verksmiðjustjóri (vinnslustjóri) ber ábyrgð á, að sýni séu send Rannsóknastofnuninni sem fyrst af öllu nýframleiddu mjöli, sem unnið hefur verið úr nítritrotvörðu hráefni. Í mjöli úr nítritrotvörðu hráefni mega ekki mælast nitrósamín eða önnur eitrefni og hættuleg efni í því magni, er að dómi eitrefnanefndar telst varhugavert, sbr. 15. gr. laga nr. 85/1968.

### 4. gr.

Notkun nítrita um borð í veiðiskipum er óheimil.

### 5. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gefur út, að höfðu samráði við eitrefnanefnd, leiðbeiningar um meðferð rotvarnarefna og heppilegar blöndur af þeim, a. m. k. árlega.

### 6. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á hendi eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Rannsóknastofnunin sendir eitrefnanefnd árlega skýrslu um mælingar á nítritum og öðrum eitrefnum og hættulegum efnum í bræðslufiski, sbr. ákvæði 3. gr.

### 7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt henni, varða sviptingu leyfis til notkunar nítrits og sektum.

### 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 85/1968, um eitrefni og hættuleg efni, og að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið hvað varðar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júlí 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**G J A L D S K R Á**

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með  
mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

**Löggildingargjöld.**

<b>1. Vogarlóð:</b>		
Þyngd 1—200 g .....	kr.	2.00
Þyngd ½ kg — 20 kg .....	—	3.00
Þyngd 50 kg .....	—	7.00
Þyngd 4—8 oz .....	—	2.00
Þyngd 1 lb — 7 lb .....	—	2.00
Þyngd 8 lb — 20 lb .....	—	3.00
<b>2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:</b>		
Burðarþol: Allar stærðir .....	kr.	15.00
<b>3. Jafnarma vogir:</b>		
Burðarþol: Allar stærðir .....	kr.	15.00
<b>4. Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:</b>		
Burðarþol 10— 100 kg .....	kr.	15.00
Burðarþol 101— 500 kg .....	—	22.00
Burðarþol 501— 2 000 kg .....	—	37.00
Burðarþol 2 001—15 000 kg .....	—	140.00
Burðarþol 15 001—30 000 kg .....	—	150.00
Burðarþol yfir 30 000 kg .....	—	160.00
<b>5. Vísavogir:</b>		
Burðarþol 1— 5 kg .....	kr.	15.00
Burðarþol 6— 25 kg .....	—	25.00
Burðarþol 26— 100 kg .....	—	27.00
Burðarþol 101— 500 kg .....	—	50.00
Burðarþol 501— 1 000 kg .....	—	70.00
Burðarþol 1 001— 5 000 kg .....	—	100.00
Burðarþol 5 001—15 000 kg .....	—	150.00
Burðarþol 15 001—30 000 kg .....	—	200.00
Burðarþol yfir 30 000 kg .....	—	245.00
<b>6. Rafmagnsvogir (tölvuvogir):</b>		
Burðarþol 1— 10 kg .....	kr.	30.00
Burðarþol 11— 25 kg .....	—	35.00
Burðarþol 26— 100 kg .....	—	56.00
Burðarþol 101— 500 kg .....	—	80.00
Burðarþol 501— 1 000 kg .....	—	90.00
Burðarþol 1 001— 5 000 kg .....	—	105.00
Burðarþol 5 001—15 000 kg .....	—	170.00
Burðarþol 15 001—30 000 kg .....	—	290.00
Burðarþol yfir 30 000 kg .....	—	320.00



<b>7. Kvarðar og málbönd:</b>	
Lengd ½ m — 1 m .....	kr. 6.00
Lengd stálmálbönd allt að 50 m .....	— 15.00
Lengd mælivélar fyrir lengdarmál .....	— 20.00
<b>8. Mæliker:</b>	
Rúmtak 1 dl — 2 l .....	kr. 4.00
Rúmtak 10 dl — 50 l .....	— 5.00
Rúmtak vínmælar (veltím. og kúlum.) 3—6 cl .....	— 20.00
<b>9. Rennslismælar fyrir olfur og bensín og bensínsölumælar:</b>	
Rennslismælar .....	kr. 22.00
Bensínsölumælar .....	— 15.00
<b>10. Rennslismælar fyrir mjólk</b> .....	kr. 22.00
<b>2. gr.</b>	
Vottorðagjald .....	kr. 10.00

**3. gr.**

Auk löggildingargjalda reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds ferðakostnaður, iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 10 9. janúar 1981.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um  
happdrætti Háskóla Íslands.

**1. gr.**

1. og 2. málsl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo:

Verð hlutamiða er kr. 30,00 í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða kr. 360,00.

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 324 30. júní 1980.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. júlí 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir .....	kr.	6.00
Einstakir miðar, börn .....	—	3.00
10 miðar, fullorðnir .....	—	40.00
10 miðar, börn .....	—	13.00
10 miðar, aldraðir .....	—	20.00
Gufubað .....	—	11.00
Leiga á handklæðum og skýlum .....	—	5.00
Sundnámskeið, fullorðnir .....	—	125.00
Sundnámskeið, börn .....	—	90.00
10 miða kort 16 ára og eldri, sundfélög .....	—	14.00
10 miða kort yngri en 16 ára, sundfélög .....	—	7.00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 252 12. maí 1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*

17. júlí 1981.

Nr. 463.

## REGLUGERÐ

um leyfi til váttryggingarstarfsemi og skráningu í váttryggingarfélagaskrá.

### I. KAFLI

#### Umsókn um starfsleyfi.

##### 1. gr.

Hver, sem hyggst reka váttryggingarstarfsemi hér á landi, skal sækja um starfsleyfi.

Leiki vafi á um, hvort sækja þurfi um starfsleyfi skv. lögum um váttryggingarstarfsemi og reglugerð þessari, sker tryggingamálaráðherra úr.

##### 2. gr.

Starfsleyfi er bundið við ákveðnar váttryggingargreinar sbr. 4., 5. og 6. gr. og er óheimilt að reka váttryggingastarfsemi í öðrum greinum en veitt hefur verið leyfi fyrir.

Sérhvert félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka váttryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein váttrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi.

Starfsleyfi getur ekki náð yfir aðrar váttryggingargreinar, en þær sem rúmast innan tilgangs félags samkvæmt samþykktum þess.

**3. gr.**

Í umsókn sérhvers félags eða stofnunar um starfsleyfi, skal greina eftirfarandi:

- A. Nafn og starfssvæði.
- B. Tilgang félagsins.
- C. Hverjir séu stofnendur félags.
- D. Hvert sé innborgað hlutafé, stofnfé eða hverjar séu eignir erlends félags hér á landi.
- E. Hverjir skipi stjórn og varastjórn og hver sé fulltrúi váttryggingartaka og hinna tryggðu í stjórn.
- F. Hverjir séu kjörnir og/eða ráðnir endurskoðendur.

**4. gr.**

Félag eða stofnun, sem hyggst reka líftryggingarstarfsemi (frumtryggingar) skal tilgreina í umsókn þær váttryggingargreinar, sem sótt er um leyfi fyrir, samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

**A. Frumtrygging.****a. Einstaklingsbundnar persónutryggingar.**

- 1. Líftryggingar með sparifjármyndun.
- 2. Áhættulíftryggingar.
- 3. Sjúkra- og slysatryggingar.
- 4. Slysatryggingar.

**b. Hóptryggingar.**

- 1. Líftryggingar með sparifjármyndun.
- 2. Hóplíftryggingar.
- 3. Hópsjúkra- og slysatryggingar.
- 4. Hópslysatryggingar.

**B. Endurtrygging.****a. Innlend.**

- 1. Einstaklingsbundnar persónutryggingar.
- 2. Hóptryggingar.

**b. Erlend.**

- 1. Persónutryggingar.

**5. gr.**

Félag eða stofnun, sem hyggst reka váttryggingarstarfsemi á sviði skaðatrygginga (frumtrygginga), skal í umsókn tilgreina þær váttryggingargreinar, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

**A. Frumtrygging.**

- 1. Eignatryggingar.
- 2. Sjótryggingar aðrar en farmtryggingar.
- 3. Flugtryggingar aðrar en farmtryggingar.
- 4. Farmtryggingar.
- 5. Ábyrgðartryggingar ökutækja.
- 6. Ökutækjatrýggingar aðrar en ábyrgðartryggingar.
- 7. Frjálsar ábyrgðartryggingar.
- 8. Slysa- og sjúkratrýggingar.
- 9. Aðrar greinar (sundurliðist).

**B. Endurtrygging.****a. Innlend.**

- 1. Persónutryggingar.
- 2. Skaðatryggingar.

## b. Erlend.

1. Persónutryggingar.
2. Skaðatryggingar.

## 6. gr.

Félag eða stofnun, sem hyggst reka váttryggingarstarfsemi á sviði endurtrygginga einvörðungu, skal í umsókn tilgreina þær váttryggingargreinar, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

- A. Innlend endurtryggingarstarfsemi.
  1. Persónutryggingar.
  2. Skaðatryggingar.
- B. Erlend endurtryggingarstarfsemi.
  1. Persónutryggingar.
  2. Skaðatryggingar.

## II. KAFLI

## Gögn er fylgi umsókn um starfsleyfi.

## 7. gr.

- A. Stofnfundargerð, stofnsamningur og samþykktir félags eða reglur, sem stofnun starfar eftir.
- B. Vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé, stofnfé (ábyrgðarfé) og eigið hlutafé.
- C. Sýnishorn allra váttryggingarskilmála, sem nota á.
- D. Sýnishorn allra iðgjaldaskráa, sem nota á og skýrsla um reiknigrundvöll þeirra með sundurliðun á einstaka þætti (áhættuiðgjald, öryggisálag og kostnaðarálag).
- E. Skýrsla um, hvernig endurtryggingum er háttað, og komi fram hvert sé hámark eigin áhættu.
- F. Reglur um tillög til varasjóða og annarra sjóða svo og ráðstöfun tekjuafgangs, og hvernig rekstrarhalla skuli mætt.
- G. Tilkygning til váttryggingarfélagaskrár.

## 8. gr.

Með umsókn líftryggingarfélags skuli auk þess fylgja eftirtalin gögn:

- A. Gögn, er sýni hver sé tryggingarstærðfræðingur (aktúar) félagsins.
- B. Reiknigrundvöllur iðgjaldasjóðs líftrygginga ásamt reglum um ákvörðun endurkaupverðs og um verð gjaldfrjálsra trygginga.
- C. Skýrsla um reiknigrundvöll ágóðaúthlutunar (bónus) til tryggingartaka.

## 9. gr.

Umsókn váttryggingarfélags fyrir nýjum greinum váttrygginga skulu fylgja eftirtalin gögn:

- A. Sýnishorn váttryggingarskilmála sem nota á.
- B. Sýnishorn iðgjaldaskráa, sem nota á og skýrsla um reiknigrundvöll þeirra með sundurliðun á einstaka þætti (áhættuiðgjald, öryggisálag og kostnaðarálag).
- C. Skýrsla um hvernig endurtryggingum er háttað og komi fram, hvert sé hámark eigin áhættu.
- D. Ef breyting á leyfi til líftrygginga leiðir til breytinga á reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs líftrygginga, reglum um ákvörðun endurkaupsverðs, verði gjaldfrjálsra trygginga eða reikningsgrundvelli ágóðaúthlutunar til tryggingartaka, skulu fylgja gögn um þær breytingar.
- E. Tilkygning til váttryggingarfélagaskrár.

## 10. gr.

Með umsókn erlends váttryggingarfélags um starfsleyfi hér á landi skulu fylgja eftirtalin gögn auk þeirra gagna, sem talin eru í 7. og 8. grein og við eiga um starfsemi þess hér á landi:

- A. Ársreikningar félagsins í heimalandinu síðustu 5 ár undirritaðir af stjórn með áritun löggilts endurskoðanda.
- B. Vottorð tryggingaæftirlits eða viðkomandi ráðuneytis heimalandsins um, að félagið hafi heimild til að starfa í heimalandinu í þeim greinum váttrygginga, sem sótt er um starfsleyfi fyrir hér á landi og hafi haft slíkt leyfi í a. m. k. 5 ár.
- C. Skýrsla tryggingaæftirlits heimalandsins um athugasemdir, ef einhverjar eru, sem tryggingaæftirlitið hefur gert við starfsemi þess og rekstur í heimalandinu s. l. 5 ár eða vottorð um að þær hafi engar verið á þessu tímabili.
- D. Gögn, er sanni, hver sé aðalumboðsmaður félagsins hér á landi og hvar atvinnustöð hans sé.
- E. Yfirlýsing félagsstjórnar staðfest af notarius publicus, um að félagið hliti því að hafa varnarþing hér á landi, að því er varðar starfsemi þess á Íslandi.
- F. Vottorð er sanni, að hrein eign félagsins hér á landi nemi eigi minna fé en 350 000 nýkr.

## III. KAFLI

## Meðferð umsóknar um starfsleyfi.

## 11. gr.

Tryggingaæftirlitið skal kanna umsókn félags eða stofnunar um starfsleyfi og gögn þau er henni fylgja og athuga hvort umsækjandi fullnægji skilyrðum laga um váttryggingarstarfsemi og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra veitir félagi ótímabundið starfsleyfi, og að því fengnu má skrá félagið í váttryggingarfélagaskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

## IV. KAFLI

## Váttryggingarfélagaskrá.

## 12. gr.

Tryggingaæftirlitið heldur skrá, er nefnist váttryggingarfélagaskrá um öll þau félag og stofnanir, sem heimild hafa til að bjóða váttryggingar hér á landi.

## 13. gr.

Félag eða stofnun, sem tryggingamálaráðherra veitir starfsleyfi, skal þegar í stað vera skráð í váttryggingarfélagaskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá, ef um slíka skrá eru fyrirmæli í lögum.

Aldrei má félag eða stofnun hefja váttryggingarstarfsemi, fyrr en skráning í bæði váttryggingarfélagaskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá, svo sem lög segja til um, hefur farið fram.

## 14. gr.

Til váttryggingarfélagaskrár skal tilkynna eftirfarandi til skráningar þar:

- A. Dagsetningu stofnfundargerðar, stofnsamnings og samþykktta.
- B. Nafn og starfssvæði, lögheimili og varnarþing.
- C. Starfssvið og tilgang.
- D. Váttryggingargreinar.
- E. Skráð og innborgað hlutafé eða stofnfé (ábyrgðarfé) og eigið hlutafé.
- F. Stjórn og varastjórn.

- G. Fulltrúa váttryggingartaka í stjórn váttryggingarhlutafélags.
- H. Nöfn þeirra, er skuldbinda mega félag eða stofnun.
- I. Endurskoðendur.
- J. Tryggingastærðfræðing (aktúar), ef um líftryggingarfélag er að ræða.
- K. Aðalumboðsmann og atvinnustöð hans, ef um erlent váttryggingarfélag er að ræða.

Tilkynningar til váttryggingarfélagaskrár skulu gefnar á þar til gerðum eyðublöðum, sem tryggingaæftirlitið lætur í té.

Ennfremur skal skrá í váttryggingarfélagaskrá dagsetningu starfsleyfis.

#### 15. gr.

Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega váttryggingarfélag, svo og breytingar á öðru því, er skráð er í váttryggingarfélagaskrá, sbr. 14. gr., skal tilkynna innan mánaðar til váttryggingarfélagaskrár til skráningar og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

Tilkynningum um breytingar skal fylgja endurrit úr viðkomandi fundargerð.

#### 16. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrir mælum laga, reglugerðar þessarar eða samþykta félags eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum, má synja um skráningu.

Tilkynnanda skal skýrt bréflaga frá synjun og um ástæður til hennar.

#### 17. gr.

Missi félag rétt til að reka váttryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldþrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr váttryggingarfélagaskrá.

#### 18. gr.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög þau, sem heimild hafa til að reka váttryggingarstarfsemi.

Ennfremur skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um skrásetningu nýs félags í váttryggingarfélagaskrá og tilkynningu um að nafn félags hafi verið máð úr váttryggingarfélagaskrá og ástæður þess.

#### 19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða fésektum eða varðhaldi.

#### 20. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 50/1978 um váttryggingarstarfsemi, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 396 28. desember 1973 og nr. 315 18. október 1974.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. júlí 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á bréfi menntamálaráðuneytis nr. 212, 16. sept. 1950.

Við bréf menntamálaráðuneytisins, nr. 212, dags. 16. september 1950, bætist eftirfarandi málgrein:

Nú er skólahús notað til hótélrekstrar að sumarlagi, meðan skóli starfar ekki, og gilda þá eigi framangreind ákvæði.

*Menntamálaráðuneytið, 20. júní 1981.*

**Ingvar Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 465.

1. júlí 1981.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 367 22. mars 1976, um bátaábyrgðarfélög.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirtalin bátaábyrgðarfélög starfa skv. reglugerð þessari og eru takmörk þeirra sem hér segir:

1. Vélbátatrygging Reykjaness.  
Félagssvæði: Frá Krísuvíkurbergi að Keilisnesi.
2. Vélabátaábyrgðarfélagið Gróttu.  
Félagssvæði: Frá Keilisnesi að Búðum, Búðir ekki með, og Árnes- og Rangárvallasýsla.
3. Bátatrygging Breiðafjarðar.  
Félagssvæði: Frá Búðum að Brjánslæk.
4. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga.  
Félagssvæði: Frá Brjánslæk að Skagatá.
5. Vélbátatrygging Eyjafjarðar.  
Félagssvæði: Frá Skagatá að Digranesi.
6. Skipatrygging Austfjarða.  
Félagssvæði: Frá Digranesi til Hornafjarðar.

Allir eigendur váttryggingarskyldra fiskiskipa á hverju váttryggingarsvæði eru skyldir að vera í félagi því, sem þar starfar. Þó skal með samþykki hlutaðeigandi bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðarinnar heimilt að váttryggja skip hjá öðru bátaábyrgðarfélagi.

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og bátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyst frá, tilkynna það bátaábyrgðarfélagi á því svæði, sem skipið flyst á, og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 10—250 krónum. Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skipið hefur verið skrásett á öðru félagssvæði, enda hafi viðtakandi bátaábyrgðarfélag látið skoða skipið strax eftir að því barst flutningstilkynning, og samþykkt flutninginn.

Sé skip, sem tryggt er samkvæmt bátaábyrgðarlögunum swift haffærisskirteini, skal Siglingamálastofnun ríkisins þegar í stað tilkynna það viðkomandi bátaábyrgðarfélagi eða Samábyrgðinni.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 91 31. desember 1975 og gildir frá og með 1. janúar 1981.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

## I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

## 1. gr.

Sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar. Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum.

Allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum varðandi fjallskilamál heyra undir sýslunefnd. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slíkt mál undir úrskurð sýslunefndar.

## 2. gr.

Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir í fjallskilamálum hver í sínum hreppi, eða í samlögum, ef svo hagar til.

Hreppsnefndir geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði, enda brjóti ákvarðanir hreppsnefndar eigi í bága við reglugerð þessa.

## II. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

## 3. gr.

Sérhver fjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fé sínu. Aðfengið fé skal hann marka upp undir eyrnamark sitt, eða brennimerkja þær kindur, sem hyrndar eru, en festa plötu með skýru brennimarki í eyru á kollóttu fé.

## 4. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar, svo sem landslög mæla fyrir, ekki sjaldnar en áttunda hvert ár, og skal útgáfu og útsendingu hennar lokið fyrir 30. ágúst það ár, sem skráin kemur út. Hreppsnefndir annast söfnun marka, hver í sínum hreppi, og skal henni lokið fyrir 1. janúar þess árs.

Sýslunefnd ræður markavörð, er sér um mörk í sýslunni, og útgáfu markaskrárinnar. Hver markeigandi skal greiða gjald það, er sýslunefnd ákveður fyrir inn-



færslu marksins í skrána. Skal gjaldinu varið til greiðslu kostnaðar við skráningu, prentun og útsendingu. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi gjaldið eigi til fyrir kostnaðinum, greiðist það er á vantar úr sýslusjóði.

#### 5. gr.

Nú flyst maður inn í sýsluna og skal hann þá tilkynna mark sitt markaverði sýslunnar.

Þeir, sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar, mega búast við að með fé þeirra verði farið sem óskilafé.

#### 6. gr.

Brennimörk og plötumerki hreppanna eru þessi:  
Geiradalshreppur B 1 — Reykhólahreppur B 2 — Gufudalshreppur B 3  
Múlahreppur B 4 — Flateyjarhreppur B 5.

### III. KAFLI

#### Um notkun upprekstrarlands.

#### 7. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi skal annast um að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sinn fénað, fái upprekstur annars staðar í hreppnum, þar sem fjalllendi er nægilegt, enda komi sanngjörn greiðsla fyrir, eftir mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag við landeiganda.

Íhlutunarskylda hreppsnefndar fellur niður, ef ekki er til ónytjað beitiland í hreppnum.

#### 8. gr.

Nú liggja saman sumarhagar og verður einn fyrir ágangi frá öðrum á heimalönd sín eða afrétti, og á þá sá, er fyrir ágangi verður, kröfu á hendur hinum fyrir uslagjaldi eða hagatolli, miðað við tölu ágangsfjárins, eins og hún reyndist í haust-réttum, nema öðru vísi sé um samið, eða senda menn í göngur. Náist ekki samkomulag um uslagjaldið, skal það metið af óvilhöllum mönnum. Sé um að ræða mikinn ágang úr öðrum byggðarlögum, skal kröfurétturinn í framangreindu tilfelli varða viðkomandi hreppsfélag.

### IV. KAFLI

#### Um fjallskil.

#### 9. gr.

Tvennar skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagurinn í 22. viku sumars, síðari leitardagur, laugardaginn í 24. viku sumars. Þó skal heimilt, ef samkomulag næst milli hreppsnefnda á samliggjandi leitarsvæðum, að ákveða aðra leitardaga, ef til þess fæst leyfi þeirra, er á hendi hafa yfirstjórn fjallskilamála. Hreppsnefndir geta, ef þurfa þykir, fyrirskipað þriðju leit og ákveðið leitardag. Réttá skal sama dag og leitir fara fram, þó er heimilt að fresta réttarhaldi til næsta dags, ef nauðsyn krefur.

#### 10. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hver ábúandi, eða húsráðandi, sem fé á, eða hross. Einnig er hann fjallskilaskyldur fyrir hjú sin og börn, eigi þau fé, einnig fóðrafé. Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreins-

un heimalands jarðarinnar að hausti, sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi sýslunefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera 1/2, hreppar þeir, er fjárvon eiga í löndunum 1/4 og ríkissjóður 1/4. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

#### 11. gr.

Sá er notar land utan hrepps fyrir fénað sinn, eða nokkurn hluta hans, skal hafa tilkynnt það hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann á heima, áður en 12 vikur eru af sumri, og er hann þá undanþeginn fjallskilaskyldu fyrir þennan fénað í sinni heimasveit.

#### 12. gr.

Heimilt er að stofna fjallskilasjóð fyrir hvert réttarsvæði. Fjallskilum í sumar-veitarhögum skal jafna niður á fjallskilaaðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings, þó þannig að eigendur eyðjarða og ábúendur jarða án búpenings taki jafnframt hlutfallslega þátt í kostnaðinum. Hver fjallskiladeild heldur gjörðabók og færir sérstakt bókhald. Skulu reikningar fjallskilasjóðs endurskoðast á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella goldin í peningum eftir mati sveitarstjórna.

#### 13. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal árlega í tæka tíð semja fjallskilaseðil, þar sem ákveðið er hvernig fjallskilum og leitum í heimalöndum skuli hagað. Skal hreppsnefnd tilnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum. Leitarstjórar skulu stjórna göngum leitarmanns og annast um að allt fari vel og skipulega fram.

#### 14. gr.

Í fjallleitum skal öllu fé safnað til lögréttar af leitarsvæðinu. Hreppsnefnd getur bannað sundurdrátt á bæjum og ákveðið að allt fé úr heimalöndum sé rekið til réttar, ef nauðsyn krefur.

Þegar sundurdráttur fer fram á bæjum, skal heimaféð dregið úr. Rísi ágreiningur út af þessu, skulu hlutaðeigandi aðilar hlíta úrskurði sýslunefndar.

#### 15. gr.

Leitarstjóri skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd, ef eigi er farið eftir fyrirmælum hans, en hreppsnefnd getur kært slíkt, svo og alla aðra vanrækslu við framkvæmd fjallskilamála, og varða brot sektum.

### V. KAFLI

#### Um réttarhöld og meðferð óskilafjár.

#### 16. gr.

Skilaréttir í hreppum sýslunnar skulu vera á þeim stöðum er hér segir:

Í Geiradalshreppi: í Króksfjarðarnesi.

Í Reykhólahreppi: á Kinnarstöðum. Heimilt er hreppsnefnd Reykhólahrepps að hafa einnig skilarétt á Grund og Klukkufelli á meðan ástæða er til.

Í Gufudalshreppi: í Djúpadal og Múla í Kollafirði.

Í Múlahreppi: á Firði og Skálmarnesmúla.

## 17. gr.

Valdi bygging skilaréttar grasráni eða jarðusla, skal ef þess verður krafist, koma fullt endurgjald úr fjallskilasjóði hlutaðeigandi hrepps eða hreppa, eftir mati dómkvaddra manna.

## 18. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að fjárréttir séu í góðu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að enginn þurfi að hleypa út fé fyrr en sundurdrætti er lokið. Í þeim lög-réttum, þar sem utansveitarmenn eiga von á töluverðum fénaði, skal hreppsnefnd sjá um að til séu nægilega stórir dilkar fyrir þá að draga fé sitt í. Kostnað við byggingu þeirra greiði hlutaðeigandi hreppsfélög, nema öðru vísi sé um samið. Hver ábúandi eða húsráðandi, sem fé á, er skyldur til að vinna við að koma upp eða gera við rétt, samkvæmt fyrirmælum hreppsnefndar. Allur kostnaður, er af þessu leiðir, greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði, en hreppsnefndir hafa heimild til að leggja fram fé úr sveitarsjóði og jafna niður á hreppsbúa í hlutfalli við sauðfjáreign þeirra.

## 19. gr.

Hreppsnefnd skipar réttarstjóra og skal hann ávallt vera viðstaddur réttarhaldið, til þess að hafa umsjón með því að allt fari vel og skipulega fram og eru því allir, sem vinna við réttarhaldið, skyldir að hlýða fyrirmælum hans.

## 20. gr.

Réttarstjóri skal skipa menn til þess að líta eftir því, svo vel sem unnt er, að fé misdragist ekki.

## 21. gr.

Rétt er hreppsnefnd að setja um það ákvæði í leitarseðli, ef hún telur þess þörf, hversu marga menn hver fjáreigandi skal leggja til í réttina, og má enginn, sem skyldur er að gegna réttarstörfum, fara fyrr en sundurdrætti er lokið nema réttarstjóri leyfi. Ef einhver fjáreigandi utan sveitar eða innan leggur svo illa til réttarstarfa, að töf verði að, er réttarstjóra heimilt að ráða menn á hans kostnað til þess að draga fé hans.

## 22. gr.

Enginn má marka kindur í skilaréttum, nema með samþykki réttarstjóra og undir umsjón hans.

## 23. gr.

Réttarbónda skal árlega gjalda réttartoll úr fjallskilasjóði, ef hann gerir kröfu til þess. Skal gjaldið fara eftir samkomulagi við hreppsnefnd eða mati óvilhallra manna.

## 24. gr.

Óskilafé er það fé, sem enginn finnst eigandi að, svo og ómerkingar, sem ær helga sér ekki og mýétið fé.

## 25. gr.

Réttarstjóri skal sjá um að ómerkingar séu dregnir í einn dilk jafnóðum og þeir finnast í rétt. Skal áður en réttarhaldinu er lokið láta lambsmæður helga sér dilka sína undir umsjón réttarstjóra. Þeim ómerkingum, sem lambsmæður helga sér ekki samkvæmt framansögðu, og mýétnu fé, skal þegar slátra og rennur andvirðið í hlutaðeigandi fjallskilasjóð eða sveitarsjóð.

## 26. gr.

Annað óskilafé en um ræðir í 24. gr. skal þegar í stað skoða og senda nákvæma lýsingu af því í næstu hreppa, svo fljótt sem unnt er.

Finnist ekki eigendur innan þriggja sólarhringa eftir að lýsing var send, skal hreppstjóri sjá um að fé því sé slátrað og ráðstafa því til innleggs í verslanir á sérstakan reikning eftir mörkum, í samráði við viðkomandi slátruhússtjóra. Hausa af óskilafé skal varðveita í frystihúsi í allt að 10 mánuði eftir slátrun. Meðan á lýsingarfresti stendur, skal hreppsnefnd sjá um örugga geymslu á óskilafénu og er hver bóndi skyldur að hafa geymsluna á hendi í þrjú ár í röð, ef hreppsnefnd krefst þess og honum er það unnt. Gæslukaup skal fara eftir mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag.

#### 27. gr.

Skylt er hverjum manni að greiða sem best fyrir fé annarra. Hver sem gerir sig sekan um skeytingarleysi eða illa meðferð á heimtu fé, meðal annars að svelta það inni, reka það óþyrmilega eða týna því, skal kærður til hegningar.

Skylt er hverjum manni, sem rekur eða lætur reka fé frá rétt, að hafa nægan mannafla við fjárreksturinn. Réttarstjóri hefir vald til að ákveða mannfjölda við slíka fjárrekstra, ef þurfa þykir.

#### 28. gr.

Fjallafé, sem finnst eftir haustleitir, skal tilkynna hreppsnefndaroddvita eða réttum eigendum, sem gerir sínar ráðstafanir á tilskildum tíma, ella skal fénu slátrað. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir réttur eigandi.

#### 29. gr.

Lýsingu á óskilafé því, sem slátrað hefir verið og eigendur finnast eigi að, skal hreppstjóri í lok hvers árs senda oddvita sýslunefndar og skal síðan auglýsa í Lögbirtingablaði allt það óskilafé, sem slátrað hefir verið það ár í sýslunni, með mörkum þess og öðrum einkennum. Hver sá, er sannar eignarrétt sinn að hinu slátraða fé, skal fá andvirði þess að frádregnum öllum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir lok septembermánaðar næst á eftir.

### VI. KAFLI

#### Um smalanir að vori.

#### 30. gr.

Um smalanir að vori skulu fjáreigendur vera frjálsir. Hreppsnefnd er þó skylt að samræma vorsmölun, ef meirihluti fjáreigenda á samliggjandi smölunarsvæði óskar eftir því.

### VII. KAFLI

#### Um ótamin hross.

#### 31. gr.

Eigendum hrossa er skylt að hafa greinileg mörk á öllum gripum, veturgömlum og eldri, þeim er sjálfala ganga utan girðingar.

### VIII. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 32. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 5 þúsund kr. til 50 þúsund kr. Sektir renna í fjallskilasjóð viðkomandi réttarsvæðis.

## 33. gr.

Með mál, sem rísa kunna út af brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar, skal farið að hætti opinberra mála.

## 34. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu frá árinu 1931.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58, 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969, og breyting á þeim lögum nr. 43/1976, til þess að öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1981, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 7. júlí 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

**REGLUGERÐ****um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.**

## 1. gr.

Aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal veita þeim sveitarfélögum, sem skortir tekjur til greiðslu lögboðinna eða óhjákvæmilegra útgjalda vegna lágra skatttekna í sveitarfélaginu miðað við sambærileg sveitarfélög, enda fullnægi sveitarfélags að öðru leyti skilyrðum reglugerðar þessarar.

## 2. gr.

Umsóknir um aukaframlög skulu hafa borist félagsmálaráðuneytinu fyrir 1. október. Umsókn skal fylgja ársreikningur sveitarfélags fyrir s.l. ár og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir liðandi ár, svo og greinargerð um nýtingu tekjustofna sveitarfélagsins viðkomandi ár og nauðsyn aukaframlags. Aðstöðugjaldsstigi sveitarfélagsins skal jafnan fylgja umsókn.

## 3. gr.

Skilyrði þess, að sveitarfélag komi til greina við veitingu aukaframlags er, að heimildir til álagningar útsvars hafi verið nýttar að fullu (með 10% aukaálagi), sbr. 25. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Það er ennfremur skilyrði fyrir því, að sveitarfélag komi til greina við veitingu aukaframlags, að heimildir til álagningar fasteignaskatts hafi verið nýttar að því marki, sem greinir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, þ. e. a. m. k. ½% skv. a lið og a. m. k. 1% skv. b lið.

## 4. gr.

Félagsmálaráðuneytið aflar upplýsinga frá sveitarfélögum um álagningu skattgjalda og nýtingu einstakra tekjustofna í hverju sveitarfélagi, þ. e. fasteignaskatts, aðstöðugjalds og útsvars. Skulu sveitarfélög hafa skilað skýrslu til ráðuneytisins um þessi efni í síðasta lagi 15. október ár hvert á eyðublöðum, sem ráðuneytið lætur

þeim í té. Jafnframt getur ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga aflað upplýsinga um þessi mál frá skattstjórum og ríkisskattstjóra.

Að fengnum skýrslum og upplýsingum frá sveitarfélögum skv. 1. mgr. semur félagsmálaráðuneytið heildarskýrslu um álagningu skattgjalda í sveitarfélögum, ásamt upplýsingum um nýtingu einstakra tekjustofna í hverju sveitarfélagi.

#### 5. gr.

Álagningarskýrsla félagsmálaráðuneytisins, skv. 4. gr., skal notuð til grundvallar við útreikning aukaframlaga og eftir henni skal reikna eftirtalin meðaltöl álagðra skattgjalda:

- a) Landsmeðaltal á íbúa.
- b) Dreifbýlissveitarfélaga á íbúa eftir kjördæmum.

#### 6. gr.

Reikna skal út meðaltal álagðra skattgjalda í hverju því sveitarfélagi, sem sótt hefur um aukaframlag skv. 2. og 3. gr. Komi í ljós, að meðaltal skatttekna þéttbýlissveitarfélags, sem sótt hefur um aukaframlag sé lægra en landsmeðaltal eða að meðaltal skatttekna dreifbýlissveitarfélags sé lægra en meðaltal dreifbýlissveitarfélaga í sama kjördæmi, kemur viðkomandi sveitarfélag til greina við úthlutun aukaframlags til jöfnunar þessa mismunar að hluta.

Hafi sveitarfélag, sem sótt hefur um aukaframlag skv. 2. og 3. gr. ekki lagt á hámarks fasteignaskatt og/eða aðstöðugjöld, skal frá reiknuðum mismuni skatttekna skv. 1. mgr. þessarar greinar draga vannýtinguna sem hér segir:

- a) Fasteignaskattur.

Mismunur fulls fasteignaskatts skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980, þ. e. með 25% álagi, og álagðs fasteignaskatts.

- b) Aðstöðugjöld.

Tvöfaldur mismunur áætlaðrar hámarksálagningar skv. 38. gr. laga nr. 73/1980 og álagðra aðstöðugjalda.

Mismunurinn, sem þá stendur eftir skal greiðast sveitarfélaginu allt að 70% sem aukaframlag eigi síðar en 15. desember, enda hafi sveitarfélagið staðið skil á ársreikningum sínum, sbr. ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

#### 7. gr.

Til greiðslu aukaframlaga skv. reglugerð þessari má verja allt að 6% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Hrökkvi ráðstöfunarféð, sbr. þó 9. gr., ekki til greiðslu reiknaðra hámarksaukaframlaga skv. 6. gr. skal skerða hverja útreiknaða fjárhæð um sama hundraðshluta, svo að heildarfjárhæð aukaframlaga verði innan þeirra marka, sem í grein þessari er kveðið á um.

#### 8. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður aukaframlög að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga.

#### 9. gr.

Verði sveitarfélag fyrir óvæntu fjárhagstíoni, s. s. vegna náttúruhamfara, er ráðuneytinu heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, að veita því aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, þótt almennum skilyrðum reglugerðar þessarar sé ekki fullnægt.

Jafnframt er ráðuneytinu heimilt, að fenginni umsögn Sambands isl. sveitarfélaga, að miða aukaframlag dreifbýlissveitarfélags skv. reglugerð þessari við landsmeðaltal skattgjalda, séu lögbundin útgjöld þess óeðlilega há miðað við fjárhagsgetu þess.

Ráðuneytinu er heimilt að veita sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga skv. lögum nr. 70/1970.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73 frá 26. nóvember 1980 um tekjustofna sveitarfélaga og kemur til framkvæmda við veitingu aukaframlaga á árinu 1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. ágúst 1981.*

**F. h. r.**  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 446 9. október 1975 um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði.

### 1. gr.

2. og 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

1. Einbýlishús	kr. 77 125,00	pr. hús
2. Raðhús, parhús og tvíbýlishús	— 53 985,00	pr. íbúð
3. Þrúbýlishús og þétt byggð	— 38 560,00	pr. íbúð
4. Fjölbýlishús	— 12 340,00	pr. íbúð
5. Atvinnuhúsnaði	— 217,60	pr. m <sup>2</sup> í gólfleti húss
6. Önnur mannvirki	— 217,60	pr. m <sup>2</sup> í gólfleti mannv.

Gjöld skv. grein þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 682 stig og hækka eða lækka í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist.

### 2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af lóðum fyrir atvinnuhúsnaði í iðnaðar- og þjónustuhverfum kaupstaðarins, sem veitt hefur verið byggingarleyfi fyrir 1. ágúst 1981 og lóðarhafar hafa ekki greitt gatnagerðargjald miðað við bundið slitlag, skulu lóðarhafar greiða sérstakt gjald til Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem varið skal til greiðslu kostnaðar við að setja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta.

Gjaldið skal vera kr. 46.40 pr. m<sup>2</sup> húss og miðast það við vísitölu byggingarkostnaðar 682 stig og hækkar eða lækkar í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist.

Gjald skv. grein þessari fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að bundið slitlag hefur verið lagt á götu þá eða götukafla, sem lóðin telst við. Standi atvinnuhúsnaði í iðnaðar- eða þjónustuhverfum við götu, sem þegar hefur verið malbikuð skal gjalddagi gjaldsins miðast við frágang götu og gangstétta.

Þæjarráði er heimilt að veita húseigendum greiðslufrest á hluta gjaldsins. Ef gjaldið er ekki greitt eða um það samið á gjalddaga reiknast á það frá gjalddaga dráttarvextir á sama hátt og hjá lánastofnunum.

## 3. gr.

Núverandi 6. gr. reglugerðarinnar verður 7. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1981.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Jón Sigurpálsson.*

13. júlí 1981.

Nr. 469.

**S A M Þ Y K K T**

**um hundahald í Kaldrananeshreppi.**

## 1. gr.

Hundahald er aðeins heimilt á lögbýlum í Kaldrananeshreppi.

## 2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu, sem ekki búa á lögbýlum, undanþágu til hundahalds, með eftirfarandi skilyrðum.

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðatryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi, þannig að tryggt sé að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda, án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati sveitarstjórnar.
- c. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir svo og starfsstöðvar, hverju nafni sem þær nefnast þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
- d. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró hrepps-búa og séu hvorki þeim, né öðrum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir forráðamenn íbúða samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildir þar til sveitarstjórn berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.
- e. Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða, þar á meðal reglum um hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrir-mælum heilbrigðisnefndar.

## 3. gr.

Eigendum hunda á lögbýlum er skylt að sjá til þess að hundar flækist ekki um lausir, raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Flækingshundar skulu teknir úr umferð gefi eigandi sig ekki fram eða vitji hunds innan tveggja sólarhringa er heimilt að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Hundar sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og lóga þeim þegar í stað.

## 4. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skulu tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.



## 5. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari fer að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Kaldrananeshrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1981.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 343 26. september 1977 um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur að Hlöðum í Fellahreppi.

## 1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lánskjör vegna gatnagerðargjalda skv. 3. grein skulu vera hin sömu og lána-  
kjör Byggðasjóðs á hverjum tíma.

Verði dráttur á endanlegum frágangi sbr. gr. 3, má eigi reikna vexti eða verð-  
bætur af síðustu greiðslu nema eitt ár eins og ef enginn dráttur hefði orðið.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps,  
staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1981.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Jón Sigurpálsson.*

**AUGLÝSING**

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum  
tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Leifsgötu frá Þorfinnsgötu að Barónsstíg.
2. Heimilt verður að leggja bifreiðum við gangstéttir beggja vegna Leifsgötu.
3. Bifreiðastöður verða bannaðar við Hjarðarhaga að austanverðu og norðanverðu  
götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 25. júlí n. k.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 17. júlí 1981.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## REGLUGERÐ

### fyrir Íslenskar Getraunir.

#### 1. gr.

Íslenskar Getraunir eru félag, sem stofnað er til að afla fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir á Íslandi í félögum innan Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands.

Heimili félagsins, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar stjórn Íslenskra Getrauna. Stjórnin er skipuð fimm mönnum, einum fulltrúa tilnefndum af eftirtöldum aðilum:

Íþróttanefnd ríkisins.

Stjórn Ungmennafélags Íslands (U. M. F. Í.).

Framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands (Í. S. Í.).

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands (K. S. Í.).

Framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (Í. B. R.).

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin kys sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Starfstími stjórnarmanna og varamanna er þrjú ár. Fulltrúi Íþróttanefndar ríkisins kveður stjórnina til fyrsta fundar.

Þóknun stjórnarmanna ákveður menntamálaráðuneytið og greiðist hún af Íslenskum Getraunum.

#### 3. gr.

Stjórn Íslenskra Getrauna fer með yfirstjórn félagsins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Stjórn Íslenskra Getrauna ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk og setur því erindisbréf. Stjórnin skal færa ákvarðanir, er félagið varðar, inn í gerðabók.

#### 4. gr.

Reikningsár Íslenskra Getrauna er frá 1. júlí til 30. júní.

Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðuninni. Ársreikning, ásamt ársskýrslu, skal senda dómismálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu.

#### 5. gr.

Í októbermánuði ár hvert skal stjórnin boða til fundar, þar sem hún skýrir frá rekstri og hag félagsins fyrir reikningsárið næsta á undan.

Rétt til setu á fundi þessum hafa, auk stjórnar og framkvæmdastjóra Íslenskra Getrauna, formenn, eða varamenn þeirra, Íþróttanefndar ríkisins, Ungmennafélags Íslands, Íþróttasambands Íslands, Knattspyrnusambands Íslands og Íþróttabandalags Reykjavíkur. Einnig skal eftirlitsmaður, sbr. 14. gr., hafa rétt til að sitja fundinn.

#### 6. gr.

Íslenskar Getraunir starfrækja getraunir, en með getraunum er átt við, að á þar til gerða miða — getraunaseðla —, sem félagið eitt hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir).

#### 7. gr.

Stjórn Íslenskra Getrauna ákveður fjölda getraunavikna (leikvikna). Getraunavika telst frá laugardegi til föstudags.

## 8. gr.

Getraunin miðar að því að geta rétt til um úrslit í 12 kappleikjum, sem á getraunaseðli vikunnar eru, og skal tilgátan kveða á um sigur annars hvors liðsins, eða jafntefli þeirra. Getraunin er því aðeins gild, að notaður sé prentaður getraunaseðill, sem gefinn er út af Íslenskum Getraunum og gildir fyrir hlutaðeigandi getraunaviku, sbr. þó 8. málsg. 11. gr.

Á seðilinn er prentað númer getraunavikunnar og hvenær viðkomandi leikir fara fram. Getraunaseðlar í hverri leikviku skulu tölusettil þannig, að engir tveir seðlar beri sama númer. Vinstra megin á seðilinn eru prentaðir 12 knattspyrnuleikir, en hægra megin einn til átta tölusettil aðaldálfar, sem hver um sig er þrískiptur. Í hverjum aðaldálki bera undirdálfarnir yfirskriftina 1, X og 2, talið frá vinstri.

Hver getraunaseðill skiptist í tvo hluta, hluta 1 og stofn. Við útfyllingu hluta 1 verður stofninn afrit af útfyllingunni. Hluti 1 er sá hluti getraunaseðilsins, sem sker úr um, hvers getið er, sé ekki getið eins á báðum hlutum getraunaseðilsins. Hluti 1 er vinnuseðill Íslenskra Getrauna. Stofninn varðveitir þátttakandi. Á hluta 1 skal skrifa greinilega nafn og heimilisfang þátttakanda.

## 9. gr.

Við getraunina eru notuð merkin 1, X og 2.

Merkin eru notuð eins og hér segir: Sigur þess félags, sem fyrr er nefnt, skal merkja með því að skrifa töluna 1 í þann reit, sem hefur yfirskriftina 1, jafntefli skal merkja með því að setja X í þann reit, sem hefur yfirskriftina X og sigur þess félags, sem síðar er nefnt, skal merkja með því að skrifa töluna 2 í þann reit, sem hefur yfirskriftina 2. Báða hluta seðilsins skal fylla út eins, og skal seðillinn greinilega útfylltur.

## 10. gr.

Stjórn Íslenskra Getrauna ákveður, hverjum veitist söluumboð og kveður á um söluáun.

Ungmenna- og íþróttafélög eða samtök þeirra skulu ganga fyrir um veitingu söluumboða innan íþróttahéraðs síns. Gerður skal samningur við handhafa söluumboðs.

Dreifing getraunaseðlanna skal fyrst og fremst falin hinum ýmsu ungmenna- og íþróttafélögum í landinu og samtökum þeirra.

Greiða skal stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.

Þau félög eða félagasamtök, sem taka að sér umboð fyrir Íslenskar Getraunir, skulu senda uppgjör til aðalskrifstofu félagsins og skulu þau hafa borist eigi síðar en kl. 12 á hádegis laugardaginn í upphafi leikviku.

Umboðsmaður skal afhenda eða senda félaginu seðilhluta 1. Við getraun gilda einungis þeir seðlar, sem berast aðalskrifstofu félagsins áður en nokkur leikjanna á getraunaseðlinum hefst, í síðasta lagi þó fyrir kl. 12 á hádegis laugardaginn í upphafi leikviku. Skal þá ljósmynda hluta 1 af seðlinum og skal myndin berast eftirlitsmanni áður en leikjunum á seðlinum er lokið.

## 11. gr.

Getraunaseðlar skiptast í tvo flokka eftir útfærslugerðum: Einfaldar raðir og margföldunarkerfi.

Á getraunaseðli, sem gerður er fyrir einfaldar raðir, eru tveir til átta aðaldálfar, sbr. 8. gr. Er þá aðeins heimilt að setja eitt merki við hvern kappleik í hvern aðaldálf. Séu merkin fleiri, skulu þeir leikir í þeim aðaldálfum, þar sem fleiri en eitt

merki er skráð við, ekki taldir með. Sé getraunamerki sett í rangan reit, sker reiturinn úr um hvers getið er en ekki merkið.

Á getraunaseðli, sem gerður er fyrir margföldunarkerfi er prentaður einn aðal-dálkur og hefur hann yfirskriftina K. Er þá heimilt í samræmi við textann á seðlinum að setja eitt eða tvö aukamerki við tiltekinn fjölda leikja. Séu aukamerkin fleiri og seðillinn því með fleiri röðum en seðillinn er ætlaður fyrir, er seðillinn ógildur. Séu merkin færri en tilgreint er á seðlinum, er seðillinn gildur og reiknast með þeim raðafjölda, sem á seðlinum eru. Raðafjöldinn fæst með því að margfalda saman merkjafjöldann við þá leiki, sem bera fleiri en eitt merki. Leikur með tveimur merkjum er sagður vera tvítryggður og leikur með þremur merkjum er sagður þrítryggður. Kerfi með tveimur tvítryggingum og einni þrítryggingu er þannig  $2 \times 2 \times 3 : 12$  raðir.

Íslenskum Getraunum er ekki heimilt að gefa út getraunaseðla með fleiri en 144 röðum í margföldunarkerfi.

Útgylling getraunaseðils er algerlega á ábyrgð þátttakanda. Eftir að getraunaseðill hefur borist Íslenskum Getraunum, er hann eign félagsins og verður hann ekki afhentur eða lánaður þátttakanda til breytinga eða leiðréttinga.

Nú glatast seðill, sem afhentur hefur verið umboðsmanni ungmenna- eða íþróttafélags, svo sem vegna bruna, innbrota, samgöngutruflana eða af öðrum ástæðum, og á þá þátttakandi aðeins rétt á að fá þáttökugjaldið endurgreitt í formi nýs seðils.

Nú eyðileggst getraunaseðill, sem borist hefur í tæka tíð til félagsins, í bruna eða af einhverjum öðrum sambærilegum orsökum, sem ekki er hægt að saka félagið eða starfsmenn þess um og á eigandi seðilsins þá aðeins rétt á að fá andvirði seðilsins endurgreitt.

Íslenskar Getraunir bera ekki ábyrgð á tjóni, sem ungmenna- eða íþróttafélög eða umboðsmenn þeirra kunna að valda þátttakanda með rangri meðferð getraunaseðils seinlæti í afgreiðslu vikuuppgiörs eða af öðrum orsökum. Seðlar, sem berast of seint einhverra orsaka vegna, skulu gilda í þeirri getraunavíku, er þeir berast til Íslenskra getrauna, ef þeir berast fyrir lok sama starfstímabils.

Hver þátttakandi ber sjálfur það tap, sem orsakast kann af því, að hann hefur ekki fylgt ákvæðum í reglugerð þessari varðandi útfyllingu, meðferð og afhendingu getraunaseðils hans.

## 12. gr.

Nú falla einn eða fleiri kappleikir, sem á getraunaseðlinum eru, niður og skal þá eftirlitsmaður varpa hlutkesti um úrslitin í þeim leik eða leikjum. Nota skal tölflötung með hlutfalli milli merkjanna 1, X og 2 : 5 — 4 — 3 í sömu röð. Gildir það merki sem upp kemur, fyrir hvern leik. Skal leit að vinningsseðlum ekki hafin, fyrr en að þessu loknu.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki um leiki, sem færðir eru frá laugardegi til sunnudags. Er leikur er hafinn og honum hætt vegna óveðurs, þoku eða annarra óviðráðanlegra orsaka þá gildir það sem úrslit, hvernig leikar standa, er leiknum var hætt. Þótt íþróttasamtök leiðrétti úrslit leiks eftir kæru, hefur það engin áhrif á getraunina.

Sé leikur framlengdur vegna jafnteflis eftir fullan leiktíma gildir niðurstaðan að lokinni framlengingu.

## 13. gr.

Verð hverrar getraunaraðar er kr. 1.00 — ein króna —.

Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

Heildarupphæð vinninga skiptist í 2 hluta og skiptast 70% hennar milli þeirra seðla, sem flestar réttar ágiskanir hafa, en 30% heildarvinningsupphæðarinnar skiptast milli þeirra seðla, sem næstflestar réttar ágiskanir hafa.

Sé einn seðill með flestar réttar ágiskanir, rennur öll upphæðin í 1. vinningsflokki til hans, en séu fleiri seðlar með flestar réttar ágiskanir, skiptist vinningsupphæðin í 1. vinningsflokki jafnt á milli þeirra. Allir vinningshlutar í 1. flokki lækka þannig, að þeir standi á kr. 5.00 eða kr. 10.00. Mismunurinn rennur í varasjóð.

Í 2. vinningsflokki skiptist vinningsupphæðin jafnt á milli þeirra, sem næstflestar réttar ágiskanir hafa. Verði vinningshluti í 2. vinningsflokki hærri en vinningshluti í 1. flokki, skulu vinningsflokkarnir sameinaðir og vinningshlutar vera jafnháir. Allir vinningshlutar í 2. vinningsflokki skulu lækka þannig að þeir standi á heilli krónu. Mismunurinn rennur í varasjóð.

Vinningar, sem ekki ná kr. 50.00, skulu ekki greiddir út. Ef vinningshlutar í 2. flokki ná ekki kr. 50.00, bætist vinningsfjárhæð 2. flokks við vinningsfjárhæð 1. flokks og skiptist heildarvinningsupphæð vikunnar þá milli seðla í 1. vinningsflokki. Nú nær vinningshluti í 1. flokki ekki kr. 50.00 og fellur þá greiðsla vinninga í þeirri viku niður, en vinningsupphæðinni skal þá bætt við heildarvinningsupphæð næstu getraunaviku á eftir.

#### 14. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar eftirlitsmann til þriggja ára í senn og skal hann gæta hagsmuna þátttakenda. Eftirlitsmanni skal heimilt að ráða starfsfólk til aðstoðar við eftirlitsstörf. Dómsmálaráðuneytið skipar einnig varamann eftirlitsmanns. Kostnaður við eftirlitið greiðist af Íslenskum Getraunum samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

Hlutverk eftirlitsmanns er:

1. Að varðveita mynd af hluta 1, en hana skal taka af þeim getraunaseðlum sem berast áður en nokkur leikur í viðkomandi getraunaviku hefst. Eftirlitsmaður skal varðveita myndina þar til kærufrestur er útrunninn.
2. Að staðfesta vinningaskrá hverju sinni.
3. Að úrskurða kærur sem berast.
4. Að hafa eftirlit með að vinningar séu greiddir.
5. Að varpa hlutkesti um úrslit leiks eða leikja, sem falla niður, sbr. 12. gr.

Eftirlitsmaður skal færa sérstaka gerðabók og skal skrá í hana vinningaskrá hverju sinni, svo og allar kærur og úrskurði.

#### 15. gr.

Íslenskar Getraunir gefa út vinningaskrá fyrir hverja leikviku staðfesta af eftirlitsmanninum. Í vinningaskrá, sem birta skal í dagblöðum, eru númer þeirra getraunaseðla, sem hlotið hafa vinning.

Heildarupphæð vinninga breytist ekki frá því, sem birt er í vinningaskrá, en einstakir vinningshlutar geta breyst, ef kærur eru teknar til greina.

#### 16. gr.

Telji þátttakandi, að númer á getraunaseðli hans sé ekki birt í vinningaskrá, verður hann sjálfur að leggja fram kæru til að fá leiðréttingu. Kæran skal vera skrifleg á þar til gerðu evðublaði. Eyðublöð fást hjá umboðsmönnum Íslenskra Getrauna og á aðalskrifstofunni. Kæru skal senda til aðalskrifstofu Íslenskra Getrauna og skulu hafa borist þangað fyrir kl. 12 á hádegi á 21. degi frá dagsetningu vinningaskrárinnar. Kærufrests skal getið í vinningaskrá. Kæru, sem berast of seint, eða veita ekki fullnægjandi upplýsingar til kærurúrskurðar, er ekki skylt að taka til greina.

Eftirlitsmaður kveður upp fullnaðarúrskurð um kærur og tilkynnir kæranda um úrskurð sinn. Til grundvallar úrskurði skal leggja það, sem skráð er á seðilhluta 1.

## 17. gr.

Að kærufresti liðnum skal greiða vinninga getraunavikunnar. Sé nafn og/eða heimilisfang eiganda getraunaseðils ekki skráð á hluta 1 á getraunaseðli eða ógreinilega skráð, þá telst seðillinn nafnlaus. Falli vinningur á nafnlausan seðil, skal eigandi hans framvísa seðlinum við aðalskrifstofu Íslenskra Getrauna, eða við þá peningastofnun, sem annast greiðslur vinninga fyrir félagið. Vinningar skulu greiddir með ávísunum til þátttakenda. Fáir vinningshafi ekki vinning sinn greiddan, skal hann tilkynna aðalskrifstofu það, og skal tilkynningin hafa birst þangað innan þriggja mánaða frá dagsetningu vinningaskrár.

## 18. gr.

Í lok hvers reikningsárs skal birta í Lögbirtingablaði númer þeirra getraunaseðla, sem vinningar hafa fallið á, og eru þá ósóttir. Verði vinninga eigi vitjað samkvæmt þeirri auglýsingu innan mánaðar frá því að hún birtist, falla vinningarnir í varasjóð.

## 19. gr.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignaskatti, á því ári sem þeir falla til útborgunar.

## 20. gr.

Til kostnaðar við íþróttagetraunir telst greiðsla til Knattspyrnusambands Íslands (K. S. Í.) að lágmarki kr. 2 500.00, en kr. 150.00 af hverjum kr. 10 000.00 heildartekna yfir kr. 200 000.00 allt að því að greiðslan nemur kr. 4 750.00 á ári, en eftir að þeirri fjárhæð er náð greiðast til K. S. Í. kr. 75.00 af hverjum kr. 10 000.00.

Einnig telst til kostnaðar 0.5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenskar Getraunir eiga að nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.

## 21. gr.

Þegar greiddir hafa verið vinningar, sölulaun og kostnaður, skal ágóða af rekstri Íslenskra Getrauna skipt sem hér segir:

Til Íþróttasjóðs 10%.

Til Ungmennafélags Íslands 20%.

Til Íþróttasambands Íslands 70%.

## 22. gr.

Öllum öðrum en Íslenskum Getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir, sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 59 29. maí 1972 um getraunir. Enn fremur er óheimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni. Brot á þessum ákvæðum varða sektum allt að kr. 1 000.00, sem greiðist í Íþróttasjóð.

## 23. gr.

Leggist starfræksla Íslenskra Getrauna niður, skulu eignir félagsins varðveitast hjá Íþróttanefnd ríkisins.

## 24. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 29. maí 1972 um getraunir öðlast gildi 20. ágúst 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 348 21. desember 1972 um Íslenskar Getraunir, sbr. reglugerð nr. 138 20. maí 1974.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. ágúst 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir pósthjónustu.

Gildir frá 1. september 1981.

TEGUND SENDINGAR	Þyngd- armörk g	Innan- lands Burðar- gj. aur.	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
			Alm. burðar- gj. aur.	<sup>1)</sup> Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	<sup>1)</sup> Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	<sup>1)</sup> Flug- burðar- gj. aur.
<b>Hámark stærðar og þyngdar</b>								
<b>Bréf.</b>	20	210	210	<sup>2)</sup>	260	<sup>2)</sup>	260	450
Hámarksstærð:	100	420	420		620		620	1250
Lengd + breidd	250	840	840		1240		1340	3370
+ þykkt 900 mm.	500	1680	1680		2360		2360	6280
Mesta lengd 600 mm.	1000	2520	3310		4100		4100	12140
Í ströngum:	2000	6670	6670		6670		6670	23230
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
<b>Póstkort.</b>				<sup>2)</sup>		<sup>2)</sup>		
Mest 105 × 148 mm		180	180		180		180	230
Minnst 90 × 140 mm								
<b>Prent.</b>								
Stærð sama og bréfa.	20	180	180	200	180	200	180	230
(Prentkort, sama stærð og póstkort).	100	270	270	320	280	320	280	580
Hámarksþyngd 2 kg.	250	430	430	580	510	580	510	1220
Bækur þó 5 kg.	500	750	750	1300	920	1300	920	2430
Burðargjald fyrir prent	1000	1210	1210	2390	1540	2390	1540	4600
yfir 1000 g til Norðurl.	2000	1730	2160	4210	2160	4210	2160	9760
er sama og fyrir	3000	2670	3240	6700	3240	6700	3240	12370
„Önnur lönd“	4000	3470	4320	9190	4320	9190	4320	14980
	5000	4320	5400	11680	5400	11680	5400	17590
<b>Smápakkar.</b>								
Stærð sama og bréfa.	100	270	270	320	280	320	280	580
Hámarksþyngd 1 kg.	250	440	440	580	510	580	510	1220
	500	760	760	1300	920	1300	920	2430
	1000	1230	1230	2390	1540	2390	1540	4600
<b>Innrituð blöð og tímarit.</b>								
Innritunargjald 1214,00 nýkr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm. (minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.	hver 500	110						
b) Til áskrifenda. Minnsta gjald: 200 eint. Hámarksþyngd 500 g hvert eintak.	100 200 300 400 500	43 86 125 216 281						
				Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmála- blöð og tímarit landssamtaka stéttarféлага vísast til reglugerðar fyrir pósthjónustu nr. 337/1976, grein 14.4.1. sbr. breyt- ingu á þeirri reglu- gerð nr. 356 14. ágúst 1979				
								<sup>1)</sup> Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.
								<sup>2)</sup> Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar	TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar
<b>Giróþjónusta</b> (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypiss af eigin reikningi) .....	280	<b>Almennir böggjar</b> (innanlands):	<b>Þyngdar- mörk kg.</b>
<b>Póstávisanir.</b>		<b>Alm.</b>	<b>Rúmfr. broth. aurar</b>
a. Innanlands og til Norðurlanda:		Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m.	1500
Hámarksupphæð innanlands: 10 000 nýkr.			1900
Burðargjald a). almenn póstaúvísun	490		2300
b). símapóstávisun	2270		4500
b. Til annarra landa:		Um burðargj. fyrir böggja til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	6400
Burðargjald .....	670		7300
Um hámarksupphæð póstaúvísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.			
<b>Póstkröfur.</b>		<b>Verðbréf og -böggjar.</b>	aurar
Hámarksupphæð sama og póstaúvísana (10 000 nýkr.) eða innborgunar á póstgíröreikning (upphæð ótakmörkuð).		Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Burðargjald sendingar eftir tegund.		Skrásetningargjald .....	480
a. Innanlands og til Norðurlanda:		Tryggingargjald.	
Með póstaúvísun .....	920	Fyrir hverjar 500 nýkr. eða minna .....	480
Með innb. á póstgíröreikn. (aðeins innanl.)	650	<b>Blindraprent:</b> Nýtur frigengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.	
b. Til annarra landa		<b>Loftbréf:</b> Söluverð 50 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (260 aurar). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.	
Burðargjald .....	1030		

**Ýmis önnur gjöld.**

<b>Ábyrgðargjald</b> .....	480 aurar	<b>Talning í verðbréfi innanlands:</b> 480 aurar hver sending.
<b>Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirsöfnun um sendingu</b> 430 aurar		<b>Alþjóða-svarmerki:</b> Söluverð 460 aurar Skiptiverð í frímerkjum 260 aurar
<b>Hraðboðagjald:</b> (Útburður bréfa og tilkynningar um böggja með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er .....	1030 aurar	<b>Fyrirfrangreiðsla eftir frankósedli:</b> 430 aurar
<b>Móttökukvittun</b> .....	270 aurar	<b>Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka:</b> 400 aurar
		<b>Tollmeðferð böggja:</b> 600 aurar
		<b>Gjald fyrir að búa um böggja á ný:</b> 270 aurar
		<b>Geymslugjald böggja:</b> 600 aurar á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús
		<b>Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur:</b> Útanlands og innan 270 aurar

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggja innanlands er sem hér segir:

- Verðbréf og -böggjar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
- Ábyrgðarsendingar og almennir böggjar: a. allt að 112 nýkr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 750 nýkr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.  
Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 25, 40, 49, 62, 74 nýkr.

Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. september 1981. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir pósthjónustu nr. 262 frá 27. maí 1981.

Samgönguráðuneytið, 18. ágúst 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.



**S A M Þ Y K K T**

um breytingu á samþykkt fyrir Sparisjóð Mýrasýslu nr. 90, 3. maí 1943.

## 1. gr.

13. gr. orðist svo:

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðurinn á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af sparisjóðsinnistæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs. Í innistæðubókinni skulu vextir hvers innistæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á hlutaðeigandi síðu. Vextir reiknast af mánuðum þrítugnættum og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir að vextir af innistæðu hafa verið reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins skulu þeir færðir í viðskiptabókina og skal þess þá nákvæmlega gætt að upphæð innistæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni beri saman við það er innistæðan telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innistæðubók má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

## 2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 24. júlí 1981.*

F. h. r.

**Þórhallur Ásgeirsson.**

*Björn Lindal.*

26. ágúst 1981.

755

Nr. 475.

## AUGLÝSING um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi, tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi krónunnar sem skráð var hér á landi í bönkum að morgni hinn 26. ágúst 1981 (gengisskráning nr. 160) skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með dagsetningu auglýsingar þessarar. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar óbreytt. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru, hafi fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollstjóra fyrir 26. ágúst 1981.

Hafi innflytjandi fyrir ofangreind tímamörk lagt inn hjá viðkomandi tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna innflutnings tiltekinnar vörusendingar og sannanlega greitt kröfu í banka hennar vegna fyrir útgáfu auglýsingar þessarar er tollstjóra heimilt til 1. september 1981 að taka við bankastimpluðum vörureikningi og tollafgreiða sendinguna á grundvelli þess gengis er síðast gildi fyrir útgáfu auglýsingar þessarar.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Björn Hafsteinsson.*

19. ágúst 1981.

Nr. 476.

## AUGLÝSING um afnotagjöld Ríkisútvarps.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir síðari gjalddaga ársins 1981 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit .....	kr. 586.00
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	— 464.00
Hljóðvarpsgjald .....	— 151.00

*Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1981.*

**Ingvar Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 38 — 1981

---

Nr. 477.

756

28. ágúst 1981.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps nr. 651 12. desember 1980.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 9.5% hækkun gjaldskrár Hitaveitu Hafnarhrepps, er taki gildi 1. september 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1981.*

F. h. r.  
Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

---

Stjórnartíðindi B 38, nr. 477. Útgáfudagur 31. ágúst 1981.

31. ágúst 1981.

757

Nr. 478.

## REGLUGERÐ

### um bensíngjald.

#### 1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensini er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 2. september 1981 nema kr. 1,70 af hverjum lítra.

#### 2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 2. september 1981. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heidur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 266/1981 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 2. september 1981, skal greiða kr. 0,13 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensini eða meira þann 2. september 1981, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 2. september 1981.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 266/1981 úr gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1981

---

Nr. 479.

758

19. ágúst 1981.

## REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka um 8,9% frá og með 1. september 1981 frá því sem þær voru í ágúst 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. ágúst 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 480.

18. ágúst 1981.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um fjarskipti á skipum nr. 432 15. okt. 1979.

1. gr.

Aftan við 4. gr. 1 komi ný málsgrein svohljóðandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þau loðnuveiðiskip, sem falla undir 2. flokk og ekki hafa aðstöðu fyrir loftskeytamann, fá frest frá gildistöku reglugerðar þessarar til 31. desember 1981 til að koma upp loftskeytaklefa með tilheyrandi búnaði og ráða loftskeytamann.

*Samgönguráðuneytið, 18. ágúst 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

**REGLUGERÐ****um vitagjald.****1. gr.**

Fyrir hvert skip, sem er 10 rúmlestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið út frá landinu, skal greiða vitagjald kr. 2.00 af hverri brúttórúmllest, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða kr. 0.30 í vitagjald af hverri rúmlest.

**2. gr.**

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annarri lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

**3. gr.**

Vitagjald skal greiða einu sinni á ári, þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða vitagjald við hverja komu til landsins, sem svarar til 1/5 hluta af almenna vitagjaldinu, en þó aldrei oftar en 5 sinnum á hverju almanaksári. Gjaldið skal greiða í fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land.

**4. gr.**

Vitagjaldi er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

**5. gr.**

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni vitagjalds dagbók skipsins.

**6. gr.**

Vitagjald samkvæmt ofangreindu greiðist aðeins 1981 af þeim skipum, sem ekki hafa verið greidd fyrir lögskilin vitagjöld samkvæmt lögum nr. 61/1972, um vitagjald, við útgáfu reglugerðar þessarar.

**7. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 18. ágúst 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

## REGLUGERÐ

### um könnun á gjaldhæfi og greiðsluhæfi váttryggingafélaga.

#### Svið.

##### 1. gr.

Tryggingaæftirlitið skal kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi váttryggingafélags. Við mat á þessu skal litið til áhættu þeirrar, sem váttryggingastarfsemi hefur í för með sér.

Slík könnun skal fara fram árlega á grundvelli ársreiknings váttryggingafélags fyrir síðastliðið reikningsár og annarra gagna og upplýsinga um starfsemi þess, sem nauðsynleg er til þess að könnun geti farið fram.

Við könnunina skal meta gjaldþol, greiðsluþol og áhættu váttryggingafélags eftir reglum, sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

Tryggingaæftirlitið skal tilkynna váttryggingafélagi niðurstöður sínar þegar að lokinni könnun og gefa því kost á að koma að skýringum og athugasemdum við niðurstöðurnar. Að þeim athuguðum skal Tryggingaæftirlitið gera tillögur um úr-  
hætur, ef þörf krefur.

#### Gjaldhæfi.

##### 2. gr.

Gjaldþol váttryggingafélags er sú fjárhæð sem fæst, þegar af heildareignum félagsins hafa verið dregnar hvers konar skuldir, óefnislegar eignir og niðurfærsla eignaliða, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Til gjaldþols í þessu sambandi reiknast eftirtaldir liðir:

1. Innborgað hlutafé, stofnfé eða áhættufé að frádrægnu eigin hlutafé.
2. Helmingur óinnborgaðs hlutafjár, stofnfjár eða áhættufjár, enda nemi innborgað fé minnst 25% heildarfjárins.
3. Lögbundnir sjóðir eða aðrir sjóðir, sem samkvæmt lögum eða samþykktum félagsins eiga að mæta halla á rekstri félagsins og ekki eru skuldbindingar þess.
4. Áhættusjóður félagsins.
5. Óráðstafaður hagnaður (ójafnað tap til frádráttar).
6. Duldir varasióðir, sem myndast vegna þess að eignir eru taldar undir raunvirði í efnahagsreikningi eða skuldir eru taldar með of háu verði, enda sé um varanlega eignamyndun að ræða.
7. 75% af öryggisálagi tryggingasjóðs. Þó er heimilt að telja til gjaldþols öryggisálag líftryggingasjóðs eftir mati tryggingastærðfræðings félagsins. Öryggisálag iðgjaldasjóðs er sá hluti yfirfærðra iðgjalda, sem ætlað er að mæta sveiflum á væntanlegum tjónum. Öryggisálag á bótasjóð er sá hluti bótasjóðs, sem ætlað er að mæta sveiflum á þeim tjónum, sem þegar hafa orðið. Ekki skal telja með þá fjárhæð, sem áætluð er vegna ótilkynnta tíóna og álag vegna neikvæðrar matsbróunar bótasjóðs. Öryggisálag lagt á hluta endurtryggjenda í tryggingasjóði skal ekki telja til gjaldþols. Sú fjárhæð, sem þannig er talin með við útreikning gjaldþols, má þó aldrei vera hærri en 50% gjaldþols í heild.

Við útreikning á gjaldþoli samkvæmt framansögðu skal ekki telja með ótryggar eignir. Reikna skal niðurfærslu á eignaliðum að því marki, sem talið er nauðsynlegt, og skal niðurfærslan aldrei vera lægri en sem hér segir á eftirtöldum eignaliðum:

1. 7.5% af iðgjaldainnheimtum.

2. 5.0% af kröfum á eignaliðunum „innlendir umboðsmenn” og af „aðrir innlendir skuldunautar”.
3. 3.5% af víxlaeign.
4. 1.0% af innlendum verðbréfum og áföllnum vöxtum öðrum en ríkistryggðum.

### 3. gr.

Gjaldþol samkvæmt 2. gr. skal eigi vera lægra en sú fjárhæð, sem hærri er þeirra tveggja, er að neðan greinir, og telst sú fjárhæð lágmarksgjaldþol váttryggingafélags, sbr. þó 4. gr.:

1. 18% þeirrar fjárhæðar, sem fæst þegar bókfærð iðgjöld að frádregnum endurgreiðslum og niðurfellingum en án frádráttar á hlut endurtryggjenda í iðgjöldum, eru margfölduð með hlutfallinu milli bókfærðra eigin tjóna og bókfærðra tjóna í heild samkvæmt rekstrarreikningi. Sé síðastnefnda hlutfallið lægra en 0.35 skal margfalda með því hlutfalli.
2. 13% þeirrar fjárhæðar sem fæst, þegar lögð eru saman bókfærð tjón tveggja síðustu reikningsára án frádráttar á hlut endurtryggjenda að viðbættum bótasjóði í lok síðasta reikningsárs, en að frádregnum bótasjóði í upphafi fyrra reikningsárs. Sú stærð, sem þannig fæst, er margfölduð með hlutfallinu undir 1. tl. milli eigin tjóna og tjóna í held með tölunni 0.35, ef hún er hærri.

### 4. gr.

Gjaldþol skaða- og endurtryggingafélags skal ekki vera lægra en lágmarksgjaldþol skv. 3. gr., en gjaldþol líftryggingafélags skal ekki vera lægra en sú fjárhæð, sem reiknast samkvæmt 1. tl. 3. gr.

Gjaldþol váttryggingafélags skal aldrei nema lægri fjárhæð en þeirri sem tilgreind er í 6., 10. og 15. gr. laga nr. 50/1978 um váttryggingastarfsemi varðandi lágmark hlutafjár og stofnfjár og eignir erlendra váttryggingafélaga hér á landi.

Um félög, sem starfa samkvæmt sérlögum, skulu gilda sömu reglur og um gagnkvæm félög að þessu leyti, eftir því, sem við getur átt.

### 5. gr.

Nái gjaldþol váttryggingafélags ekki lágmarksgjaldþoli, samkvæmt 3. og 4. gr. eftir hinum árlega útreikningi, skal félagið þegar í stað gera ráðstafanir til þess, að markinu verði náð innan tiltekins frests. Þessi frestur má ekki vera lengri en sex mánuðir, ef gjaldþolið er lægra en þriðjungur lágmarksgjaldþols.

Verði váttryggingafélagi ljóst á öðrum tíma, að gjaldþol þessi nái ekki lágmarksgjaldþoli, skal það á sama hátt gera ráðstafanir til að markinu verði náð.

Félagið skal gera Tryggingaeftirlitinu skriflega grein fyrir því, innan tveggja mánaða, hvaða ráðstafanir verði gerðar og á hvern hátt markinu verði náð.

## Greiðsluhæfi.

### 6. gr.

Greiðsluhæfi váttryggingafélags skal metið eftir stöðu hreins veltufjár á hverjum tíma, þ.e. hlutfallinu milli veltufjármuna annars vegar og skammtímaskulda hins vegar. Til veltufjármuna í þessu sambandi teljast sérhverjar eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar í félaginu, eða sem ætlað er til að breyta í handbært fé innan árs. Til skammtímaskulda teljast skuldir, þar með talin þau ógreidd tjón, sem ætlað er að komi til greiðslu innan árs.

Tryggingaeftirlitið skal leggja mat á greiðsluhæfi váttryggingafélags á grundvelli ársuppgjörs þess fyrir síðastliðið reikningsár eða á öðrum tíma, ef ástæða þykir til.



Telji Tryggingaeftirlitið greiðsluþol ófullnægjandi skal það tilkynna félaginu niðurstöðurnar og rökstyðja útreikninga sína.

Félagið skal þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.

### Endurtryggingavernd og hámarksáhætta.

#### 7. gr.

Endurtryggingavernd váttryggingafélags skal miðuð við gjaldþol, öryggisálag iðgjalda og heildaráhættu samkvæmt nánari skilgreiningu hér á eftir.

Hámarksáhætta í einum tjónsatburði, þ. e. að teknu tilliti til samáhættu milli váttryggingagreina skulu vera

$$H = 0.16 \times T \times \left( \frac{G}{T} + A \right)^2,$$

en þó aldrei hærri en  $0.08 \times G$ .

Hér er  $G$  gjaldþol félagsins skv. 2. gr.  $T$  er eigið tjón ársins samkvæmt rekstrarreikningi og  $A$  samanvegið mat á öryggisálagi félagsins samkvæmt eftirfarandi reglum:

$$A = 0.025 \times b + 0.05 \times c + 0.10 \times d$$

Vægin  $b$ ,  $c$  og  $d$  eru fundin þannig:

$b$  er hlutfall iðgjalda í ökutækjategyggingum og/eða erlendum endurtryggingum af heildariðgjöldum félagsins.

$c$  er hlutfall iðgjalda í sjó- og farmtryggingum af heildariðgjöldum félagsins.

$d$  er hlutfall annarra iðgjalda af heildariðgjöldum félagsins.

Með iðgjöldum er hér átt við bókfærð iðgjöld í frum- og endurtryggingum samanlagt.

#### 8. gr.

Sé eigin áhætta félags að mati Tryggingaeftirlitsins hærri en hámarksáhætta skv. 7. gr. þegar tekið hefur verið tillit til samáhættu, skal félagið gera ráðstafanir fyrir lok reikningsársins eða eins fljótt og kostur er vegna gildandi endurtryggingasamninga, til að breyta endurtryggingavernd sinni til samræmis við tilskilda hámarksáhættu.

### Skil á gögnum.

#### 9. gr.

Tryggingaeftirlitið skal jafnskjótt og reikningsári váttryggingafélags lýkur, senda því sérstök eyðublöð í því formi, sem það ákveður til útfyllingar og útreiknings á gjaldþoli, greiðsluþoli og eigin áhættu.

Eyðublöðin útfyllt og undirrituð af félaginu skulu hafa borist Tryggingaeftirlitinu eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs.

### Ýmis ákvæði.

#### 10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða fésektum eða varðhaldi.

#### 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 49. gr. laga nr. 50 16. maí 1978, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. júlí 1981.*

Svavar Gestsson.

*Jón Ingimarsson.*

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld á Hvammstanga.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Hvammstangahreppi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

#### 2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvennskonar: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að leggja bundið slitlag á götu, svo og ganga endanlega frá gangstétt.

#### 3. gr.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á rúmmetra „vísitöluhúss“, eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands.

Miða skal við stærð bygginga samkv. fasteignamatsskráningu, eða samþykktum teikningum.

Ef fleiri en einn eigandi er að byggingu skiptast gjöld í samræmi við það rúm-mál, sem hverjum tilheyrir, samkv. fasteignamatsskrá.

#### 4. gr.

Álagningu A-gjalds og B-gjalds skal vera sem hér segir:

	A-gjald	B-gjald
1. Íbúðabyggingar:		
1.1. Einbýlishús	3,0%	3,0%
1.2. Tvíbýlishús, raðhús	2,3%	2,3%
1.3. Fjölbýlishús, bifreiðageymslur	1,6%	1,6%
2. Aðrar byggingar:		
2.1. Verslanir, skrifstofur, þjónustu- og viðskiptastofnanir	3,0%	3,0%
2.2. Opinberar byggingar, heilbrigðis- og skólamannvirki, samkomuhús o. fl.	3,0%	3,0%
2.3. Iðnaðarhúsnæði, sláturhús, mjólkurbú, fiskvinnslustöðvar, vöruskemmur o. fl.	1,6%	1,6%
2.4. Önnur hús eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar	1,6-3%	1,6-3%
3. Jafnframt B-gjaldi og sem hluti þess skulu lóðarhafar greiða kr. 2,50 (vísitala 682) á hvern fermetra lóðar eða lands, hvort sem bygging er þar á eða ekki. Þó skulu einbýlishúsalóðir útmældar samkv. skipulagi ekki reiknast stærri en 750 m <sup>2</sup> .		

#### 5. gr.

Við álagningu A-gjalda fyrir íbúðabyggingar skal miða við brúttóstærð húss samkv. samþykktum uppdráttum. Ef ekki er fyrirbyggjandi samþykktur uppdráttur skal miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi hlgeymslu	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m <sup>3</sup>
Fjölbýlishús, hver íbúð	300 m <sup>3</sup>

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlut-

fall lóðar 0,3—0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið í samþykktu deiliskipulagi. Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

#### 6. gr.

Gjalddagar A-gjalda skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiddast, þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði.

#### 7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla A-gjalds áskilin og skal húsbýggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurnýjun húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald.

Gjaldið af hinu breytta húsnæði skal nema mismun á gatnagerðargjaldi reiknuðu fyrir og eftir breytinguna.

Sömu reglur gilda ef notkun byggingarrýma er breytt, sem felur í sér að húseignin færist í hærri gjaldflokk, þótt ekki þurfi breytinga á byggingu eða endurbyggingar við.

#### 8. gr.

Byggingarfrestur er 8 mánuðir þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði skal endurgreiða 50%.

Eftirstöðvar endurgreiðist eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar greiðsla samkv. þeirri úthlutun fer fram.

#### 9. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins byggingarfrests, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta, sem endurnýjaður er, eins og það er þá, að frádregnu gatnagerðargjaldi sem áður var greitt af sama áfanga.

#### 10. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarfélaginu síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum, ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma.

#### 11. gr.

Gjöld samkv. 4. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

Sveitarstjórn hefur fulla heimild til þess að endurskoða flokkun húsa í gjaldstuðla sbr. 4. gr. svo og gjald einstakra gjaldenda, ef sérstakar ástæður eru til.

**12. gr.**

B-gjald samkv. 4. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

B-gjald samkv. 4. gr. af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða við vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

**13. gr.**

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal innheimta bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

**14. gr.**

Ganga skal frá greiðslum á B-gjaldi samkv. 4. gr. á eftirfarandi hátt á því ári, sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin, og skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast.

Af álögðu gjaldi skal greiða 20% á framkvæmdarárinu með gjalddaga samkvæmt nánari ákvörðun hreppsnefndar við hverja framkvæmd.

Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir eru breytilegir og greiðast eftir á á sömu gjalddögum og miðast við vexti Byggðasjóðs eins og þeir eru á hverjum tíma af skuldabréfum til sveitarfélagsins vegna lagningar bundins slitlags, nú 22%. Sveitarstjóði er heimilt að selja skuldabréfin. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrir en gangstétt hefur verið lögð við götu þá, sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Heimilt er að veita 10% staðgreiðsluafslátt, eftir ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum tíma. Heimilt er að veita sömu greiðslukjör á B-gjöldum álögðum samkv. 13. gr.

**15. gr.**

Heimilt er sveitarstjórn að fresta álagningu B-gjalds, ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- eða örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, húsnæðið af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá. Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þá gildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt að forsendur frestunar bresti.

Einnig er heimilt að víkja frá gjalddögum B-gjalds þegar greiða skal á sama tíma A- og B-gjald sbr. 13. gr.

**16. gr.**

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr um meiri háttar ágreining sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstanga-hrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð sama efnis nr. 135 1. mars 1978.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. júlí 1981.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Jón Sigurpálsson.*

Nr. 484.

5. ágúst 1981.

## REGLUGERÐ

um búfjárhald í Dalvíkurkaupstað.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Búfjárhald utan lögbýla (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár geita, alifugla) er óheimilt innan lögsagnarumdæmis Dalvíkur, nema með sérstöku leyfi bæjarráðs.

##### 2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkv. 1. gr. skal senda um það umsókn til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru. er máli kann að skipta. Leyfisveiting fyrir hesta og sauðfé er háð því, að umsækjandi sé félagi í viðkomandi félagssamtökum hestamanna eða fjáreigenda og skal vottorð þess efnis fylgja umsókninni.

##### 3. gr.

Nú telur bæjarráð að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur það þá veitt leyfi, sem bundið er við tiltekinn hámarksfjölda. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó Dalvíkurbæ ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitolandi handa búfé né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Leyfið er veitt til óákveðins tíma, en er uppsegjanlegt með árs fyrirvara miðað við 1. júní ár hvert. Leyfið er háð gildandi reglugerð um búfjárhald á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framsetlanlegt.

##### 4. gr.

Bæjarráð getur ákveðið að greiða skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfi er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

##### 5. gr.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni, sem það kann að valda þriðja aðila.

##### 6. gr.

Ef leyfishafi brýtur reglugerð þessa um meðferð búfjárins skal hann sæta skriflegri áminningu við fyrsta brot, sé um ítrekað brot að ræða má afturkalla leyfið og

getur þá umsjónarmaður hlutast til um að búféð sé tekið úr vörslu eiganda og er heimilt að selja það á opinberu uppboði eða slátra því. Þannig má og fara með búfé sem ekki hefur verið fengið leyfi fyrir.

#### 7. gr.

Enginn má hafa búfé nema hann hafi hús fyrir það, sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumrum og fóður að vetri svo og allri meðferð búfjárins. Ef búfjáreigandi vill láta búpening ganga úti að vetri eða beita búfé skal það því aðeins heimilt að búféð sé í öruggri vörslu.

### II. KAFLI

#### Um sauðfé.

#### 8. gr.

Félagssamtök fjáreigenda tilnefna trúnaðarmenn, sem í samvinnu við umsjónarmann skal fylgjast með, að leyfður fjöldi sauðfjár fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús og möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu.

#### 9. gr.

Óheimilt er að hafa sauðfé neðan fjallsgirðingar á tímabilinu 15. júní til 1. sept. nema með sérstöku leyfi umsjónarmanns og skal slíkt leyfi vera skriflegt. Skilyrði má setja í leyfið, sem þykja nauðsynleg.

#### 10. gr.

Heimilt er umsjónarmanni að láta smala og reka til afréttar fé sem er neðan fjallsgirðingar eftir 15. júní og ekki er leyfi fyrir samkvæmt 2. gr. Lausagöngufé má reka fyrir til afréttar. Eigendur slíks fénaðar má krefja um allan kostnað sem af smölun hlýst.

#### 11. gr.

Skyldir eru fjáreigendur að gera fjallskil fyrir allt vetrarfóðrað fé, nema sannanlegt sé að féð hafi verið rekið á aðra afrétt eða gengið í öðrum sumarhögum og getur umsjónarmaður krafist vottorðs þar um. Sá sem fóðrar fé fyrir aðra ber ábyrgð á fjallskilum og búfjánhaldi fyrir það. Vorsmölun er ekki skyld. Að öðru leyti fer um fjallskil samkvæmt fjallskilareglugerð Eyjafjarðarsýslu, nr. 310/1973.

### III. KAFLI

#### Um hestahald.

#### 12. gr.

Félagssamtök hestamanna tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við umsjónarmann skal fylgjast með því að leyfður fjöldi hesta fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús, möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu svo sem beitiland.

#### 13. gr.

Skyldir eru hestamenn að annast og kosta smölun hesta sinna af afréttinum. Sá sem fóðrar hesta fyrir aðra, ber ábyrgð á búfjargjaldi fyrir þá. Smölun hesta af afrétti til réttar skal fara fram fyrir 20. nóvember ár hvert. Að öðru leyti fer um smölun hrossa samkvæmt fjallskilareglugerð Eyjafjarðarsýslu, nr. 310/1973.

## IV. KAFLI

## Um byggingar búpeningshúsa o. fl.

## 14. gr.

Byggingar búpeningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búpeningssvæðum, sem bundin eru í aðalskipulagi bæjarins. Bæjarráð eða byggingarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um veitingu byggingarlóða.

## 15. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið bann við öllu búpeningshaldi innan ákveðins svæðis bæjarlandsins, er nái út fyrir hin skipulögðu byggingarsvæði ef þurfa þykir. Geymsla búpenings á erfðafestulöndum þar sem leyft er skv. framansögðu skal því aðeins heimil, að girðingar umhverfis þau séu örugglega fjárheldar.

## 16. gr.

Nú hvílir sú skylda á einstaklingum og félögum hesta- og fjáreigenda, að þeir beri áburð á þau beitilönd, er þeir hafa leigð til beitar, í þeim tilgangi að viðhalda og bæta beitarþol landsins. Þá gæti þeir þess, að löndin verði aldrei ofbeitt.

## V. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 17. gr.

Auk ákvæða samþykktar þessarar gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar, kafla XVII um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

## 18. gr.

Búfénaður, svo sem hestar, nautgripir og sauðfé, sem látinn er ganga laus í bænum, gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar skal lögreglustjóri láta handsama og taka í vörslu. Ennfremur geta þeir sem fyrir ágangi verða látið handsama ágangsfénað, en þeir skulu skýra lögreglustjóra frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans, fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina eða eigi er vitað um eiganda innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta það tjón, er búféð hefur valdið. Ef um ítrekað brot verður að ræða á lausagöngu búpenings varðar það sektum og leyfissviptingu.

## 19. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 2 500.00. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé, sem fellur undir reglugerðina, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt, og sótt um leyfi, ella fellur niður heimild þeirra til þess að halda búfé.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaup-túnum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. ágúst 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Jón Sigurpálsson.

28. júlí 1981.

Nr. 485.

## **SAMÞYKKT**

### **um hundahald á Dalvík.**

#### **1. gr.**

Hundahald utan lögbýla er bannað í bænum að undanteknum leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki og leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum.

#### **2. gr.**

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins. Þar fær eigandi afhenta merkta plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Á plötuna skal grafið Dalvík og númer.

Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú eða kann síðar að verða.

2. Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að trygging taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati bæjarstjórnar.
3. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hund þó í taumi sé, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verlanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
4. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar þeirra raski eigi ró manna né verði þeim til óþæginda.
5. Skilyrði fyrir hundahaldi í húsum þar sem íbúðir eru fleiri en ein er, að allir húsráðendur húss samþykki slíkt. Skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til bæjarstjórn berst skrifleg afturköllun frá einhverjum húsráðenda.
6. Til að standa straum af kostnaði bæjarsjóðs af skráningu og eftirliti með hundum, skal árlega greiða leyfisgjald til bæjarsjóðs fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til 1. júlí og síðan árlega á sama tíma. Bæjarstjórn ákveður upphæð þessa gjalds í upphafi hvers árs.



Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu váttryggingargjalds skv. 2. tl. þessarar greinar, váttryggingarskírteini vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki er máli skipta skv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda. Hundar, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, svo og leitarhundar eru undanþegnir leyfisgjaldi, en eru að öðru leyti háðir ákvæðum 2. gr.

### 3. gr.

Við fyrsta minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um alvarlegt brot, eða itrekað er að ræða afturkallast leyfið.

### 4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og eða vitji hans innan tveggja sólarhringa, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan tveggja sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Eigendur skulu greiða áfallinn kostnað við vörslu þeirra hunda sem teknir eru úr umferð. Ef uppvíst verður um óskráðan hund, skal eiganda hans gert að greiða árgjald til bæjarsjóðs óháð því hvort undanþága fæst fyrir hundinn eður ei.

### 5. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

### 6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Dalvíkur staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir varðandi hundahald á Dalvík.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júlí 1981.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Fjóla Haraldsdóttir.*

## AUGLÝSING

um gjald til Framleiðslueftirlits sjávarafurða vegna saltverkaðrar síldar.

### 1. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal innheimta gjald hjá síldarsaltendum fyrir mat á saltverkaðri síld og eftirlit með útskipun hennar svo og annan kostnað samanber 2. gr.

Þegar matsmaður hefir lokið matsstörfum hverju sinni, skal hann skrifa vinnuskýrslu með tilgreindum fjölda dag-, eftir- og næturvinnustunda, sem hann hefir unnið og skal síldarsaltandi eða trúnaðarmaður hans staðfesta hana með undirskrift sinni. Á sama hátt skrifar matsmaður vinnuskýrslu vegna eftirlits með útskipun saltverkaðrar síldar. Ekki þarf staðfestingu síldarsaltenda á slíkum vinnuskýrslum, en Framleiðslueftirlitið hefir eftirlit með og ábyrgist að þær séu réttar.

Matsmenn afhenda Framleiðslueftirlitinu fullfrágengnar vinnuskýrslur sínar.

### 2. gr.

Framleiðslueftirlitið reiknar launakostnað samkvæmt vinnuskýrslum, sem um getur í 1. gr., eftir launataxta Fiskmatsmannafélags Íslands að viðbættum 50% til að standa straum af kostnaði við búnaðar- og vinnslueftirlit svo og ferða- og dvalarkostnaði matsmanna.

Gjald þetta skal innheimta frá 15. september 1981.

### 3. gr.

Gjald samkvæmt auglýsingu þessari er ákveðið og álagt samkvæmt heimild í lögum nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða samanber reglugerð nr. 320 2. júlí 1981 um eftirlit og mat á saltverkaðri síld til útflutnings.

Jafnframt falla úr gildi eldri heimildir Framleiðslueftirlitsins til að innheimta gjöld fyrir mat og annan kostnað vegna saltverkaðrar síldar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. september 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Ingimar Einarsson.*

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 174 11. mars 1980, um friðunarsvæði við Ísland.

**1. gr.**

2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir Norðausturlandi allt árið á svæði, er að vestan markast af línu, sem dregin er  $10^\circ$  réttvisandi frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er  $360^\circ$  réttvisandi frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 40 sjómílur utan við viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ennfremur allt árið á svæði, er að vestan markast af línu, sem dregin er réttvisandi  $360^\circ$  frá Langanesi og að austan af línu, sem dregin er  $81^\circ$  réttvisandi frá Langanesi. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 30 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

Á tímabilinu frá og með 15. september til og með 31. janúar ár hvert eru ennfremur bannaðar veiðar með botn- og flotvörpu á svæði, sem að vestan markast af línu, sem dregin er réttvisandi  $360^\circ$  frá Rifstanga (viðmiðunarstaður 8) og að austan af línu, sem dregin er  $10^\circ$  réttvisandi frá Hraunhafnartanga. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 40 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

**2. gr.**

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða þau viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. september 1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. september 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1981

---

24. september 1981.

773

Nr. 488.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 172, 20. mars 1980 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist eftirtaldir liðir:

Tollskrár nr.	Vörutegund
89.01.51—	Togarar og önnur fiskiskip; verksmiðjuskip og önnur skip, sem
89.01.59	notuð eru í beinu sambandi við fiskveiðar.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 63/1979, um skipan gjald-  
eyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 24. september 1981.*

**Tómas Árnason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## REGLUR

### um notkun öryggisbelta í bifreiðum.

#### 1. gr.

Hver sá, sem situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum.

#### 2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda ekki:

1. Um akstur aftur á bak.
2. Um akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar, viðgerðarverkstæði eða við svipaðar aðstæður.
3. Þegar hlutaðeigandi hefur meðferðis læknisvottorð, er undanþiggur hann notkun öryggisbeltis af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.
4. Í leigubifreiðum til mannflutninga.
5. Um akstur í atvinnuskyni þar sem hraði er jafnan lítill og ökumaður þarf að fara úr og í bifreiðina með stuttu millibili.
6. Um akstur lögreglumanna við flutning handtekinna manna eða annarra, sem hætta kann að stafa af, og við sérstaka öryggisgæslu.
7. Við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 64. gr. a umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 29. maí 1981, öðlast gildi 1. október 1981.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**REGLUGERÐ**

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1981.

**1. gr.**

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1981, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	.....	kr. 2 600
II. flokkur	.....	— 2 200
III. flokkur	.....	— 1 830
IV. flokkur	.....	— 1 300
V. flokkur	.....	— 970

**2. gr.**

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

<b>I. flokkur:</b>	Garðs Apótek
Ingólfs Apótek	Húsavíkur Apótek
Lyfjabúðin Iðunn	Ísafjarðar Apótek
Reykjavíkur Apótek	Laugarness Apótek
<b>II. flokkur:</b>	Lyfjabúð Breiðholts
Apótek Austurbæjar	Selfoss Apótek
Hafnarfjarðar Apótek	Stykkishólms Apótek
Keflavíkur Apótek	<b>V. flokkur:</b>
Laugavegs Apótek	Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Stjörnu Apótek	Apótek Blönduóss
<b>III. flokkur:</b>	Borgarness Apótek
Háaleitis Apótek	Dalvíkur Apótek
Holts Apótek	Egilsstaða Apótek
Kópavogs Apótek	Hafnar Apótek
Vesturbæjar Apótek	Mosfells Apótek
<b>IV. flokkur:</b>	Nes Apótek, Neskaupstað
Akraness Apótek	Norðurbæjar Apótek, Hafnarf.
Akureyrar Apótek	Patreks Apótek
Apótek Vestmannaeyja	Rangár Apótek, Hellu
Árbæjar Apótek	Sauðárkróks Apótek
Borgar Apótek	Siglufjarðar Apótek
	Ölfus Apótek, Hveragerði

**3. gr.**

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

<b>I. flokkur:</b>	<b>II. flokkur:</b>
Lyfjaverslun ríkisins	Stefán Thorarensen h.f.
Pharmaco h.f.	

## 4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

## I. flokkur:

G. Ólafsson h.f.  
Lyfjaverslun ríkisins.  
Pharmaco h.f.  
Stefán Thorarensen h.f.

## II. flokkur:

Ásgeir Sigurðsson h.f.  
Hermes h.f.

## III. flokkur:

Farmasia h.f.  
H. Ólafsson & Bernhöft  
Lyf s.f.

## 5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu skv. 42. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skulu greiða eftirlitsgjald skv. V. flokki.

## 6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald skv. II. flokki, en önnur skv. V. flokki.

## 7. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. október 1981. Gjaldið er lög-takskræft.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 og tekur gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1981.*

Svarar Gestsson.

*Jón Ingimarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348/1979 skv. lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

### 1. gr.

3. gr. orðist svo:

Innheimta skal við tollafgreiðslu gjald af innfluttu kjarnfóðri.

Gjaldið skal vera 33.33% af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst vera cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar í innflutningshöfn.

Gjaldið skal lagt á fullunnar fóðurlöndur og hráefni í fóðurlöndur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10-01-10	10-07-10	úr 11-02-29	23-03-00	23-04-60
10-01-20	10-07-20	blandað hænsnakorn	23-04-10	23-04-70
10-02-00	10-07-30	17-03-01	23-04-20	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-10	23-04-30	23-04-90
10-04-00	11-01-22	23-02-20	23-04-40	23-06-00
10-05-00	11-02-21	23-02-30	23-04-50	23-07-00

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni, steinefnablöndur og gæludýrafóður í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður, sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna og umbúðirnar beri með sér, að varan sé ætluð til manneldis. Gjald, sem tekið hefur verið af korni og vörum úr því, sem nota má jafnhliða til manneldis og skepnufóðurs, en fer til manneldis, endurgreiðist skv. reglum, sem Framleiðsluráð setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Heimilt er að endurgreiða gjaldið að hluta eða öllu leyti eða fella það niður hjá bændum. Framleiðsluráð gerir tillögur til landbúnaðarráðherra hér um.

Niðurfelling eða endurgreiðsla má fara eftir svæðum en skal vera til komin vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu þeirrar búvöru sem skortur er á.

Framleiðsluráði er heimilt að gefa innflytjendum á kjarnfóðri gjaldfrest, óski þeir þess, gegn útgáfu skuldaviðurkenningar. Heimild til gjaldfrests skal framvísað við tollafgreiðslu vörunnar og afgreiðir innheimtumaður rikissjóðs vöruna eftir því. Framleiðsluráðið getur framlengt áður gefinn gjaldfrest á öllu gjaldinu eða hluta þess, þegar sérstaklega stendur á t. d. vegna nauðsynlegrar birgðasöfnunar á svæðum þar sem hafishætta er eða þar sem sérstök harðindi stöðja að, sem valda því að rétt þykir að hafa sérstakar birgðir af kjarnfóðri.



Innflutningsaðili skal mánaðarlega sanna fyrir Framleiðsluráði landbúnaðarins að fyrir liggja birgðir af óseldu kjarnfóðri, sem skuldaviðurkenning hefur verið gefin fyrir og fallin er í gjalddaga, til að fá rétt til framhaldsgjaldfrests.

Verði vanskil á greiðslu skuldaviðurkenningar, skal Framleiðsluráði heimilt að svipta viðkomandi innflytjanda rétti til frekari greiðslufrests, þar til skil hafa verið gerð. Verði um ítrekuð vanskil að ræða, er Framleiðsluráði heimilt að svipta viðkomandi aðila rétti til greiðslufrests að fullu. Framleiðsluráð skal tilkynna viðkomandi innheimtumönnum ákvörðun sína um sviptingu á greiðslufresti.

Að því leyti, sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari varðandi vörflokkun, innheimtu o. fl., skulu gilda eftir því sem við getur átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolfertilit með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Þeir aðilar, sem versla með kjarnfóður í smásölu, skulu mánaðarlega senda skýrslu til Framleiðsluráðs um kjarnfóðurkaup og -sölu hvers mánaðar.

## 2. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera skil á innheimtu kjarnfóðursgjalds samkvæmt reglugerð þessari, eftir fyrirmælum þeim, sem fjármálaráðuneytið hefur sett um skil innflutningsgjalda sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975.

Þeir, sem framleiða fóðurmjöl innanlands, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skál þar tilgreint hverjir hafa keypt vöruna, heildarsölu magn til hvers kaupanda og einingarverð.

Fulltrúafundur Stéttarsambands bænda skal árlega gera tillögur til landbúnaðarráðherra um gjalddöku af innfluttu kjarnfóðri.

## 3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sker úr, verði ágreiningur um gjaldskyldu og framkvæmd reglugerðarinnar.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 15 18. apríl 1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sbr. lög nr. 45 29. maí 1981 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 457, 29. ágúst 1980.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. september 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

## REGLUGERÐ

um riðunefndir og viðnám gegn riðuveiki fyrir svæðið frá Jökulsá í Öxarfirði, austur um land til Hornafjarðarfljóta og fyrir Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppa, Rangárvallasýslu.

### 1. gr.

Riðunefnd skal vera í hverju því sveitarfélagi, sem Sauðfjársjúkdómanefnd og héraðsdýralæknir telja þörf á.

Í riðunefnd skulu vera minnst 3 menn, skipaðir af sveitarstjórn til 4 ára í samráði við héraðsdýralækni. Riðunefndarmenn starfa undir leiðsögn héraðsdýralæknis. Riðunefnd fer með framkvæmdavald vegna viðnáms gegn riðuveiki í umboði sveitarstjórnar. Greiða skal úr sveitarsjóði kostnað við störf riðunefndar og þóknun fyrir störf riðunefndarmanna, eftir úrskurði sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn er ábyrg fyrir framkvæmd verkefna, sem getið er í 2. grein, þar til riðunefnd hefur verið skipuð.

### 2. gr.

**Hlutverk riðunefndar er:** — að leggja á ráð um riðuvarnir, — að hafa samvinnu við riðunefndir í nærsveitum, — að vaka yfir vörnum sveitarinnar gegn riðuveiki og — að fylgja því eftir að ákvæði reglugerðar þessarar séu haldin.

Riðunefnd er heimilt að hlutfast til um hvaðeina, sem hún telur skipta máli vegna riðuvarna, meðal annars þetta:

- 1) Einangrun, lógun og sýnataka úr grunsamlegum kindum og flækingsfé.
- 2) Hindrun á samgangi fjár og samvist grunsamlegra kindna með ósýktu fé.
- 3) Eftirlit með líffjárflutningum og takmörkun á þeim innan sveitar og utan.
- 4) Skoðun á fé og eftirlit með fjárhúsum, réttum, girðingum og flutningstækjum.
- 5) Eftirlit með merkingu og skráningu á fé.
- 6) Varnargirðingar á sveitarmörkum eða annars staðar.
- 7) Endurskoðun á framkvæmd afréttarmála, fjallskila og smölunar heimalanda.
- 8) Sóttvarnir við gripaflutninga, sláturúrþeng, heimaslátrun og hræ.
- 9) Varnir gegn smitburði með dauðum hlutum, fóðri, túnþökum, skepnum og fólki.

Riðunefnd skal gera sveitarstjórn grein fyrir störfum sínum þegar þess er óskað. Hún skal halda gjörðabók um störf sín og reynslu af baráttu við veikina. Hún skal varðveita skýrslur um fjárflutninga og önnur gögn um riðuvarnir sveitarinnar og safna upplýsingum manna, sem búið hafa við veikina.

### 3. gr.

Óheimilt er að láta riðukindur ganga með öðru fé. Umráðamaður skal kalla til héraðsdýralækni eða tvo riðunefndarmenn, ef hann grunar riðu í kind. Þeir úrskurða, hvort lóga beri kindinni gegn bótum og gera skýrslu um kindina, sem héraðsdýralæknir staðfestir. Riðunefnd skal fylgja því eftir, að riðuveikar og grun-

samlegar kindur séu einangraðar hvar og hvenær sem þeirra verður vart, skoðaðar af dýralækni, lógað og sýni tekin allt eftir því sem ákveðið er og að hræjum sé eytt tafarlaust. Riðunefnd fylgir því eftir að flökkufé sé ráðstafað eftir ákvörðun, sbr. 8. gr. Riðunefnd leggur á ráð um riðuvarnir á nýjum stöðum og leitar eftir samkomulagi við eigendur um lógun kinda, sem eru í sérstakri hættu að fá riðuveiki vegna skyldleika við riðukindur eða náinna samvista. Héraðsdýralæknir skal skoða allar vafakindur. Sýni skal taka þegar ástæða er til og alltaf úr fyrstu kind á bæ, þar sem veikin hefur ekki verið staðfest.

#### 4. gr.

Aðilum er skylt að tilkynna riðunefnd um alla flutninga á fé milli bæja og svæða til lífs og dvalar eða breytingu á upprekstri innan sveitar. Óheimilt er án leyfis riðunefndar að flytja til sveitarinnar eða milli bæja hey, túnþökur, húsdýra-áburð og sláturúrgang; ennfremur óhreina ull til geymslu eða flokkunar, svo og umbúðir og annað, sem óhreinkast hefur af sauðfé.

Riðunefnd er heimilt að stöðva flutninga og notkun tækja í þessu skyni. Jafnframt er riðunefnd heimilt, að höfðu samráði við Sauðfjárveikivarnir, að láta flytja til baka eða lóga fé, sem þannig hefur verið flutt án leyfis. Nefndin getur leitað fulltingis hreppstjóra, héraðsdýralæknis og Sauðfjárveikivarna, sé þörf á því. Aðilar geta einnig leitað til þeirra, finnst þeim riðunefnd ganga á hlut sinn. Náist ekki samkomulag, sker sauðfjársjúkdómanefnd úr í samráði við yfirdýralækni.

#### 5. gr.

Riðunefnd skal hlutast til um að litið sé eftir grunsamlegu fé í göngum, rekstrum og réttum og að fé sé skoðað á húsi a. m. k. einu sinni á ári og að fjáreigendur fái leiðbeiningar um það, hvernig best verði fylgt reglum um riðuvarnir. Riðunefnd skal fylgjast með aðstöðu í og við hús, réttir og girðingar.

#### 6. gr.

Merkja skal allt fé á riðubæjum með löggiltum lituðum eyrnamerkjum. Litinn ákveða Sauðfjárveikivarnir. Hyrndar kindur skal brennimerkja á bæði horn. Ærbók skal halda á riðubæjum vegna skráningar á ættum. Merkja skal lömb með sömu númerum og mæður á meðan skráning á ættum er ekki fullkomin. Á grunuðum bæjum skal merkja fé samkvæmt ákvörðun Sauðfjárveikivarna. Sama gildir um einstakar varasamar kindur eða hópa.

Nægilega örugg merking og skráning að mati héraðsdýralæknis og riðunefndar er skilyrði fyrir bótum. Dragi menn að láta vita um grunsamlega kind eða brjóti á annan hátt gegn varúðarreglum geta þeir misst bótarétt.

#### 7. gr.

Á riðubæjum er bónda skylt að tilkynna um smithættuna þeim sem þar koma í fjárhús frá ósýktum eða minna sýktum stöðum, og hafa tiltek stígvél eða hlífðarskó (plastpoka) og sóttthreinsiefni handa gestum. Riðunefnd festi upp, í samráði við héraðsdýralækni og húsráðendur, viðvörunar- og leiðbeiningarskilti á sérstöku hættustöðum eftir því sem við á, t. d. fjárhús, sjúkradilka í rétt, flutningstæki, sláturfjarrétt o. fl. Riðunefnd hlutast til um útvegum á sóttthreinsiefni og varnarbúnaði í samráði við héraðsdýralækni. Varað er við sameiginlegri notkun véla, tækja og annars, sem snert hefur fé eða saurgast á sýktum svæðum. Óheimilt er að flytja nokkuð slíkt á ósýkta bæi frá riðubæjum án sóttthreinsunar, sem héraðsdýralæknir samþykkir.

## 8. gr.

Alls ekki skal hýsa fé af öðrum bæjum í fjárhúsum né fódra eða brynna með heimafé, hvorki við fjárrag á haustin né á öðrum tímum. Ef hýsing er óumflýjanleg skal nota til þess hús þar sem fé hefur ekki verið geymt, þó ekki hlöður eða fjós. Lóga skal kindum frá ósýktum bæjum, sem hýstar hafa verið eða lent í þröngbýli við fé á riðubæjum nema riðunefnd ákveði annað. Fé sem kemur fyrir að hausti fjarri eiginlegum sumarhögum skal lóga. Riðunefnd ákveður, í samráði við sveitarstjórn og héraðsdýralækni, hvernig þau mörk skuli dregin. Sauðfjárveikivarnir staðfesta þessa ákvörðun og samræma á milli sveita, sé þess þörf. Riðunefnd má senda til slátrunar annað varasamt fé að fengnu samþykki Sauðfjárveikivarna.

Samræma skal lögboðnar smalanir innan sveitar og milli sveita. Við allar lög-réttir og skilaréttir (aukaréttir) skal vera aðstaða til einangrunar veikra kinda. Fé, sjúkt af riðu eða öðru smitnæmu, línubróta og annað fé, sem vekur grunsemdir í göngum, rekstrum og fjársafni má alls ekki færa með líffé til nátt Haga, réttar eða heim til sín, eftir að það hefur verið handsamað. Það skal einangrað án tafar og sent beint til slátruhúss eða lógað á staðnum á ábyrgð rétts aðila, ef ekki er annars kostur vegna fjarlægðar og dýraverndar. Alltaf skal taka til rannsóknar og staðfest-ingar hausinn og önnur sýni eftir einkennum samkvæmt áður fengnum leiðbein-ingum héraðsdýralæknis. Til að minnka fyrirferð má saga af horn og snoppu til augna og leggja með sýni. Hraeið skal grafa djúpt eða urða rækilega. Eiganda og héraðsdýralækni skal tilkynnt um slíka lögum við fyrsta tækifæri. Þegar lógað er fé frá þekktum riðubæjum að viðstöddum eiganda eða riðunefnd fer um sýnatöku eftir ákvörðun héraðsdýralæknis.

Skylt er að fara vel og varlega með fé af riðubæjum og sérmerkt fé og láta það njóta forgangs við flutning og við sundurdrátt hvar sem réttað er. Það skal draga í sérstakan dilk annan en sjúkradilk.

Varast skal að láta líffé frá mörgum bæjum til dvalar í þröng beitarhólf við réttir sem annars staðar.

Ábyrgð samkvæmt þessari grein hera fjallkóngar, réttarstjórar og hreppstjórar og bændur almennt við smölun heimalanda sinna, sbr. lög um fjallskil o. fl. og lög um sauðfiársjúkdómavarnir. Við sérstakar aðstæður má víkja frá ákvæðum 8. greinar, ef Sauðfjárveikivarnir og héraðslæknir samþykkja.

## 9. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir fé, sem lógað er skv. reglugerð þessari. Sýslusjóður greiðir 1/6 hluta, sveitarsjóður greiðir 1/6 hluta þeirra en ríkis-sjóður 2/3 hluta. Sending sýna og greinargerð vegna bótaskylds fjár er skilyrði fyrir bótum.

## 10. gr.

Endurskoða skal reglugerð þessa innan tveggja ára frá gildistöku.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23/1956 og breytingu við þau lög nr. 12/1967 og lög nr. 42/1969, og öðlast hún þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. september 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

## AUGLÝSING

um endurgreiðslu sölugjalds af vogum til notkunar í fiskiðnaði og rafeindabúnaði í fiskflokkunarvélar.

### 1. gr.

Sölugjald, sem innheimt hefur verið eftir 31. maí 1981 við sölu á vogum í tnr. 84.20.10 til notkunar í fiskiðnaði svo og rafeindatækjum í tnr. 90.28.39, sem tengdar eru fiskflokkunarvélum til mælinga eða flokkunar fisks, skal endurgreitt eftir á enda sæki endanlegur kaupandi vörunnar um endurgreiðslu til viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs (sýslumanns eða bæjarfógeta, í Reykjavík tollstjóra) að uppfylltum skilyrðum 2. gr.

### 2. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal borin fram í þrítíti á sérstöku eyðublaði, sem fjármálaráðuneytið lætur gera í þessu skyni. Skal umsókn fylgja frumrit og eitt afrit af reikningi yfir hina keyptu vöru, sem auk þess að tilgreina tollskrárnúmer viðkomandi vöru heri greinilega með sér að sölugjald hafi verið greitt. Sé um vöru að ræða, sem sölugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu hennar, skal við sölu jafnframt tilgreina tollafgreiðslunúmer viðkomandi vörusendingar. Umsókn skal m. a. tilgreina eftirfarandi:

- a) Tollskrárnúmer vörunnar og vörulýsingu.
- b) Kaupverð vörunnar og fjárhæð greidds sölugjalds.
- c) Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu.
- d) Yfirlýsingu umsækjanda um að varan sé ætluð til eigin nota við framleiðslu fiskafurða.

### 3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu samkvæmt 1. gr. skal hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan 6 mánaða frá sölu til þess aðila er sækir um endurgreiðslu og nema minnst 1 000 nýkr. til þess að vera endurgreiðsluhæf. Heimilt er að leggja saman reikninga til þess að lágmarksfjárhæð náist.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar og umsókn undirrituð af umsækjanda.

### 4. gr.

Viðkomandi innheimtumaður skal við endurgreiðslu gjalda halda eftir kvittuðu frumriti umsóknar um endurgreiðslu, sem gefið skal afgreiðslunúmer í hlaupandi númeraröð miðað við almanaksár, ásamt afriti reiknings. Skjöl þessi skulu send ríkisbókhaldi með mánaðarskilagrein. Fyrsta afrit umsóknar skal senda skattstofu í því umdæmi þar sem umsækjandi hefur aðsetur, en annað afrit umsóknar ásamt frumriti reiknings með áritun um endurgreiðslu skal afhenda viðkomandi umsækjanda.

Aðili, sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar, skal tilgreina endurgreidd gjöld sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar.

### 5. gr.

Reglum þessum getur fjármálaráðuneytið breytt án fyrirvara.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi, sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

## 6. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreitt sölugjald samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m. a. varðað við 21. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brota á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er skv. heimild í l. nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum sbr. l. nr. 41/1981, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 14. september 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

11. september 1981.

Nr. 494.

## GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögn skipa við Ísland.

## 1. gr.

Gjald fyrir leiðsögn skips er miðuð við brúttórúmllestastærð þess, og þá vegalengd, sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílu að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrir skip allt að 500 br. rúml. ....	kr. 44,00
Fyrir skip frá 500— 1 000 br. rúml. ....	— 46,00
Fyrir skip frá 1 000— 1 500 br. rúml. ....	— 48,00
Fyrir skip frá 1 500— 2 000 br. rúml. ....	— 50,00
Fyrir skip frá 2 000— 3 000 br. rúml. ....	— 53,00
Fyrir skip frá 3 000— 4 000 br. rúml. ....	— 56,00
Fyrir skip frá 4 000— 5 000 br. rúml. ....	— 60,00
Fyrir skip frá 5 000—10 000 br. rúml. ....	— 65,00
Fyrir skip frá 10 000—15 000 br. rúml. ....	— 72,00
Fyrir skip frá 15 000—20 000 br. rúml. ....	— 78,00
Fyrir skip frá 20 000—30 000 br. rúml. ....	— 84,00
Fyrir skip frá 30 000 og þar yfir .....	— 88,00

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áðurnefndar 10 sjómílu skal vera:

Fyrir skip allt að 500 br. rúml. ....	kr. 10,00
Fyrir skip frá 500— 5 000 br. rúml. ....	— 12,00
Fyrir skip frá 5 000—10 000 br. rúml. ....	— 14,00
Fyrir skip frá 10 000 og þar yfir .....	— 16,00

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 400,00.

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 110,00 fyrir skip allt að 500 br. rúml., og kr. 10,00 fyrir hverjar 100 br.rúmllestir skipsins þar yfir.

**2. gr.**

Fari viðstaða skipsins í höfn eða á viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað. Skulu biðpeningar greiddast með kr. 51,00 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni fritt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmann.

**3. gr.**

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands og ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða burtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 51,00 pr. klst., þó aldrei meir en 8 klst. á sama sólarhring (frá 00:00—24:00).

**4. gr.**

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars og skal vera 1/3 hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland, nr. 183, 6. mars 1980.

*Samgönguráðuneytið, 11. september 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ****um gatnagerðargjöld í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.****1. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð, njóti það sömu réttinda.

**2. gr.**

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A- gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu, og B- gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að leggja bundið slitlag á götu og ganga endanlega frá gangstétt.

**3. gr.**

A- gjald vegna nýbygginga og viðbygginga við eldri hús skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands hverju sinni, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	2.25%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð .....	1.80%
Tveggja hæða fjölbýlishús .....	1.35%
Fjölbýlishús, 3 hæðir eða meira .....	0.90%
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	2.25%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði ....	0.90%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnureksturs, svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálf gald.

Gjald skal miða við brúttórúmmál húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti. Rúmmál skal reikna samkvæmt IST 50. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir. Sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldir lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bifreiðageymslu .....	500m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús: Hver íbúð .....	400m <sup>3</sup>
Fjölbýlishús .....	300m <sup>3</sup>

Í atvinnuhúsnaði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miða við lofthæð 3.3m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað að því er til stækkunar tekur.

#### 4. gr.

B- gjald til að ljúka frágangi götu umfram það er segir í þriðju grein, þ. e. til að leggja bundið slitlag og gangstétt, nær einnig til eldri húsa, sem ekki hafa áður greitt gatnagerðargjald.

Það skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands hverju sinni svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	2.25%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð .....	1.80%
Tveggja hæða fjölbýlishús .....	1.35%
Fjölbýlishús, 3 hæðir eða meira .....	0.90%
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	2.25%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnaði ....	0.90%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjald kr. 1.30 af hverjum fermetra lóðar. Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar, svo og bifreiðageymslum skal greiða hálf gald.

#### 5. gr.

Gjöld samkvæmt þriðju og fjórðu grein breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana í þriðju og fjórðu grein hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Sveitarstjórn hefur fulla heimild til þess að endurskoða flokkun húsa í gjaldstuðla, sbr. þriðju og fjórðu grein, svo og gjöld einstakra gjaldenda, ef sérstakar ástæður eru til.

#### 6. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalds, samkvæmt þriðju grein, skal vera þegar byggingarleyfi er veitt. Sveitarstjórn er þó heimilt að veita gjaldfrest á hluta gjaldsins þar til byggingarframkvæmdir hefjast, eða í allt að tvo mánuði.

#### 7. gr.

Gatnagerðargjald, samkvæmt fjórðu grein, miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald samkvæmt fjórðu grein af fasteignum við götu þar sem þegar hefur verið lagt bundið slitlag og/eða gangstétt, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er á hverjum tíma.



## 8. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald eða gangstéttargjald verið greitt af lóð og skal það þá gilda sem greiðsla á A- gjaldi.

## 9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt fjórðu grein greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldanda.

## 10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er kann að rísa um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Nesjahrepps A-Skaftafellssýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1981.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt nr. 615 frá 1980 fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

2. másl. 1. mgr. 29. gr. hljóði þannig:

„Ennfremur skal fundurinn kjósa löggiltan endurskoðanda.”

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h.f. hinn 28. mars 1981.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h.f.,

Gunnar J. Friðriksson. Sveinn S. Valfells. Gunnar Guðmundsson.

Kjartan Ólafsson. Sigurður Magnússon.

Framangreind breyting staðfestist hér með.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1981.*

Hjörleifur Guttormsson.

*Jafet S. Ólafsson.*

# REIKNINGUR

## Fiskveiðasjóðs Íslands.

### Rekstrarreikningur 31. desember 1980.

#### Tekjur:

1. Yfirfært frá fyrra ári .....	kr.	6 823 844
2. Af útflutningsgjaldi .....	—	2 951 601 154
3. Mótframlag ríkissjóðs vegna útflutningsgjalda .....	—	1 681 252 846
4. Framlag ríkissjóðs .....	—	35 000 000
5. Vextir innheimtir á árinu .....	—	10 346 388 617

---

kr. 15 021 066 461

#### Gjöld:

1. Kostnaðarreikningur:		
a) Tölvuvæðing .....	kr.	118 948 354
b) Annar kostnaður .....	—	439 798 430
		<hr/>
2. Vextir greiddir á árinu .....	kr.	558 746 784
3. Lagt í Stofnsjóð .....	—	8 962 371 232
4. Lagt í afskriftarreikning .....	—	4 600 000 000
5. Lagt í Varasjóð .....	—	390 000 000
6. Yfirfært til næsta árs .....	—	500 000 000
		<hr/>
	kr.	9 948 445

---

kr. 15 021 066 461

### Efnahagsreikningur 31. desember 1980.

#### Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánunum út á:		
a) Fiskiskip .....	kr.	82 412 502 992
b) Hraðfrystihús .....	—	9 065 606 632
c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur .....	—	1 289 518 862
d) Aðrar fiskvinnslustöðvar .....	—	1 506 144 264
e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir .....	—	84 015 878
f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o.fl.) .....	—	614 670 353
2. Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs 1975 fyrir lánunum út á:		
a) Fiskiskip .....	—	257 065 547
b) Fasteignir .....	—	329 252 331
3. Hagræðingarlán .....	—	2 832 077 191
4. Fyrirframgreiðslur vegna innlendrar skipasmíði o.fl. ....	—	1 813 327 099
5. Verðbréf .....	—	81 297 825
6. Ýmsir skuldunautar .....	—	202 390 955
7. Bankainnstæður:		
a) Fiskveiðasjóður .....	kr.	(977 329 926)
b) Stofnfjár sjóður .....	—	2 009 051 330
c) Gengisjöfnunarstyrkur .....	—	55 962 392
d) Hagræðingarlán .....	—	131 897 058
		<hr/>
	—	1 219 580 854

---

kr. 101 707 450 783

## Skuldir :

1. Skuldir við innlenda banka .....	kr. 10 585 270 593
2. Skuldir í erlendri mynt .....	— 38 614 909 187
3. Framlagsreikningur Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka .....	— 175 393 000
4. Skuldir við innlenda banka vegna lausaskuldalána .....	— 583 165 849
5. Skuld við Hagræðingarsjóð .....	— 2 963 974 249
6. Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa ..	— 24 277 936 878
7. Stofnfjár sjóður fiskiskipa .....	— 2 009 051 330
8. Viðskiptamenn .....	— 312 094 679
9. Sumarsíldveiðar 1968 lög nr. 79/1968 17. gr. B .....	— 2 499 242
10. Gengisjöfnunarstyrkur lög nr. 79/1968 17. gr. A .....	— 4 239 742
11. Gengisjöfnunarstyrkur 1974, 1975 og 1978 lög nr. 106/1974, 55/1975 og 2/1978 .....	— 55 962 392
12. Eigið fé:	
a) Stofnsjóður .....	kr. 15 800 000 000
b) Afskriftarreikningur .....	— 1 090 000 000
c) Varasjóður .....	— 1 600 000 000
d) Verðtrygging eigin fjár .....	— 3 623 005 197
e) Yfirfært til næsta árs .....	— 9 948 445
	— 22 122 953 642
	<hr/>
	kr. 101 707 450 783

Reykjavík, 17. febrúar 1981.

## FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS.

Sverrir Júlíusson. Svavar Ármannsson. Gunnar R. Ívarsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 16. febrúar 1981.

Birgir Finnsson. Ásmundur B. Olsen.

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1980 rétta.

Reykjavík, 24. febrúar 1981.

Davíð Ólafsson. Árne Benediktsson. E. Ísfeld Eyjólfsson.  
Á. Jakobsson. Ingólfur Falsson. Björn Guðmundsson.  
Björgvin Vilmundarson.

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1980 hér með staðfestir.

Reykjavík, 14. apríl 1981.

Steingrímur Hermannsson.

**REIKNINGUR**

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1980.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1980.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum ..... kr. 184 571

kr. 184 571

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld ..... kr. 184 571

kr. 184 571

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1980.

Eignir:

Bankainnstæður ..... kr. 756 550

kr. 756 550

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:

Hrein eign pr. 1. jan. 1980 ..... kr. 571 979

Hreinar tekjur árið 1980 ..... — 184 571 kr. 756 550

kr. 756 550

*Samgönguráðuneytið, 3. júní 1981.*

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 499.

**REIKNINGUR**

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningar fyrir árið 1980.

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld ..... kr. 71 300 137

Annar rekstrarkostnaður ..... — 21 808 305

Gjaldfærð fjárfesting ..... — 988 850

kr. 94 097 292

Rekstrartekjur:

Innheimtuþóknun ..... kr. 2 329 029

Lögtakskostnaður ..... — 9 368 496

Vextir ..... — 42 715 512

kr. 54 413 037

Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ..... — 39 684 255

kr. 94 097 292

**Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1980.****Eignir :**

Óinnheimtar kröfur .....		kr. 5 791 655 647
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar .....	—	39 684 255
Sjóður .....	—	23 001 112
Inneign á hlr. nr. 333 í Útvegsbanka Íslands .....	—	85 208 402
		<hr/>
		kr. 5 939 549 416

**Skuldir :**

Tryggingastofnun ríkisins .....	kr. 3 778 512 232	
Ógreiddur kostnaður .....	—	721 528
	<hr/>	
		kr. 3 779 233 760
Framlag Jöfnunarsjóðs .....		— 2 160 315 656
		<hr/>
		kr. 5 939 549 416

Reykjavík, 4. ágúst 1981.

**Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga:**

Guðm. Vignir Jósefsson, form.      Alexander Stefánsson.      Hallgrímur Dalberg.  
 Árni Guðjónsson.

Nr. 500.

**REIKNINGUR****Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1980.****Rekstrarreikningur fyrir árið 1980.****Tekjur :**

Vextir af bankainnstæðum .....		kr. 99 436
		<hr/>
		kr. 99 436
	<b>Gjöld :</b>	
Tekjur umfram gjöld .....		kr. 99 436
		<hr/>
		kr. 99 436

**Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1980.****Eignir :**

Bankainnstæður .....		kr. 408 344
		<hr/>
		kr. 408 344

**Skuldir :**

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1980 .....	kr. 308 908	
Hreinar tekjur árið 1980 .....	— 99 436	kr. 408 344
		<hr/>
		kr. 408 344

Samgönguráðuneytið, 3. júní 1981.

**Brynjólfur Ingólfsson.**

**REIKNINGUR**

fyrir Minningarsjóð hjónanna Áslaugar Eyjólfsdóttur og Guðmundar Eyjólfssonar frá Miðbæ í Vestmannaeyjum.

Efnahagur pr. 1. janúar 1981.

**Eignir :**

Spariskírteini rikissjóðs:

Flokkur 1972 — 2 nr. C 02661-2 .....	nafnverð kr. 100 000	gkr. 2 480 700
Flokkur 1979 — 1 nr. B 01701-8 .....	nafnverð kr. 80 000	— 188 904
Flokkur 1979 — 1 nr. D 03901-5 .....	nafnverð kr. 500 000	— 1 180 650
Flokkur 1980 — 1 nr. D 01532-3 .....	nafnverð kr. 200 000	— 275 000
Flokkur 1980 — 1 nr. C 01015 .....	nafnverð kr. 50 000	— 68 750

Samtals gkr. 4 194 004

Nýkrónur 41 940 04

Ég hefi kannað að ofangreindar eignir eru fyrir hendi í vörslu gjaldkera sjóðsins og að verðgildi þeirra er metið samkvæmt tilkynningu Seðlabanka Íslands, dags. janúar 1981.

Vestmannaeyjum, 8. maí 1981,

Atli Aðalsteinsson,  
endurskoðandi reikninga Sjómannaáðagsráðs Vestmannaeyja.

Nr. 502.

**REIKNINGUR**

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1980.

**A. Rekstrarreikningur.****Gjöld :**

Almenn framlög til sveitarfélaga skv. 13. gr. ....	kr. 12 147 658 401
Aukaframlög til sveitarfélaga skv. 15. gr. ....	— 701 286 000
Fólksfækkunarframlög til sveitarfélaga skv. 16. gr. ....	— 170 880 000
Samband ísl. sveitarfélaga, framlag .....	— 142 784 064
Landshlutasamtök sveitarfélaga, framlag .....	— 142 784 064
Lánasióður sveitarfélaga, framlag .....	— 713 932 420
Húsfriðunarsjóður, framlag .....	— 23 465 934
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframlag .....	— 39 684 255
Afskrifaðar kröfur vegna barnameðlaga .....	— 10 472 156
Afgangur fluttur á höfuðstól .....	— 185 701 114

Alls kr. 14 278 648 408

**Tekjur:**

Sölugjald, hluti sjóðsins í álagningu .....		kr. 10 138 498 544
Aðflutningsgjöld, hluti sjóðsins í álagningu .....		— 2 331 292 892
<b>Landsútsvör:</b>		
Bankar .....		— 185 343 736
Aðrir .....	kr. 2 163 481 902	
÷ hluti sveitarfélaga .....	— 540 326 044	
		— 1 623 155 858
<b>Sérstakur tekjuskattur:</b>		
Kísildían h.f. og Johns Manville .....	kr. 85 760 761	
÷ til Húsavíkurkaupstaðar .....	— 48 312 439	
÷ til Skútustaðahrepps .....	— 37 332 944	
		— 115 378
	<b>Samtals</b>	kr. 14 278 406 408
Vaxtatekjur .....		— 242 000
	<b>Alls</b>	kr. 14 278 648 408

**B. Efnahagsreikningur.****Eignir:**

<b>Greiðslufjárreikningar:</b>		<b>2 071 264 044</b>
Óinnheimtar tekjur hjá gjaldendum ríkissjóðs .....	kr. 1 577 302 944	
Ríkissjóður, viðskiptareikningar .....	— 486 795 735	
Sveitarfélög, viðskiptareikningar .....	—	
Landsblutasamtök sveitarfélaga .....	—	
Landsútsvar Ríkisprentsm. Gutenberg .....	— 1 397 000	
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík .....	— 5 768 365	
<b>Lánareikningar:</b>		<b>2 161 265 565</b>
Innheimtustofnun sveitarfélaga .....	kr. 2 160 315 656	
Síslufjárðarkaupstaður .....	—	
Skútustaðahreppur .....	— 950 000	
	<b>Alls</b>	kr. 4 232 529 700

**Skuldir:**

<b>Greiðslufjárreikningar:</b>		<b>3 513 706 695</b>
Samband íslenskra sveitarfélaga .....	kr. 6 435 117	
Lánasjóður sveitarfélaga .....	— 15 604 329	
Innheimtustofnun sveitarfélaga .....	— 39 684 255	
Landsblutasamtök sveitarfélaga .....	— 1 856 720	
Sveitarfélög, viðskiptareikningar .....	—	
Ríkissjóður .....	— 5 652 987	
<b>Framlagsfé til sveitarfélaga:</b>		
Af óinnheimtum tekjum:		
í ársbæturum .....	kr. 903 009 954	
Af rekstrarreikningi 1980 .....	— 674 292 990	
		kr. 1 577 302 944

## Af innheimtum tekjum:

Í ársbyrjun .....	kr. 1 729 902 492
Af rekstrarreikningi 1980 .....	— 12 345 531 411

Samtals kr. 14 075 433 903

Úthlutað á árinu 1980 ..... — 12 208 263 560

— 1 867 170 343

## Eiginfjárreikningar:

Höfuðstóll í ársbyrjun .....	kr. 533 121 891
Tekjuafgangur .....	— 185 701 114

Alls kr. 4 232 529 700

Reykjavík, 1. júlí 1981.

Hallgrímur Dalberg.

*Lára Hafliðadóttir.*

Nr. 503.

## REIKNINGUR

Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árið 1978.

## Gjöld:

Launakostnaður .....	kr. 1 932 369
Annar kostnaður .....	— 832 414

kr. 2 764 783

## Vextir af innstæðufé:

Aðaldeild .....	kr. 11 637 061
Erfingjarentudeild .....	— 1 557 798
Útborgunardeild .....	— 1 269 746

kr. 14 464 605

Tekjuafgangur til varasjóðs .....	— 412 652
-----------------------------------	-----------

kr. 17 642 040

Samtals kr. 17 642 040

## Tekjur:

Dráttarvextir .....	kr. 700 351
Lántökugj. o.fl. ....	— 725 291

kr. 1 425 642

## Vaxtatekjur:

Ógreiddir vextir 31/12 1978 .....	kr. 9 042 845
Ógreiddir vextir 31/12 1977 .....	— 6 260 073

kr. 2 782 772

Innborgaðir vextir .....	— 13 433 626
--------------------------	--------------

kr. 16 216 398

kr. 17 642 040

Samtals kr. 17 642 040



## Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1978.

Eignir:	
Veðskuldabréf .....	kr. 61 409 480
Vaxtabréf .....	— 5 375 000
	<hr/>
	kr. 66 784 480
Bankainnstæður:	
Vaxtaaukareikn. ....	kr. 8 066 313
Viðskiptareikn. ....	— 5 358 381
	<hr/>
	kr. 13 424 694
Sjóðseign .....	— 851 550
Óinnheimtir vextir .....	— 9 042 845
Skrifstofugögn .....	— 810 221
	<hr/>
	kr. 24 129 310
	<hr/>
	kr. 90 913 790

Samtals kr. 90 913 790

Innstæður í deildum:		Skuldir:	
Aðaldeild .....	kr. 65 382 254		
Erfingjarentudeild .....	— 8 312 280		
Útborgunardeild .....	— 7 314 797		
	<hr/>		
		kr. 81 009 331	
Vextir, geymdir til útb. ....	— 2 458 660		
Gevmslufé .....	— 832 691		
Varasí. 31/12 1977 .....	kr. 6 200 456		
Tekjuafg. 1978 .....	— 412 652		
	<hr/>		
		— 6 613 108	
		<hr/>	
		kr. 90 913 790	

Samtals kr. 90 913 790

Reykjavík, 27. febrúar 1979.

Með tilvísun til skýrslu endurskoðanda staðfestir stjórn Söfnunarsjóðsins reikninginn.

Sigurður J. Briem.

Alvar Óskarsson.

Jóna Guðjónsdóttir.

Nr. 504.

## REIKNINGUR

## Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árið 1979.

Gjöld:	
Launakostnaður .....	kr. 2 847 902
Annar kostnaður .....	— 1 064 680
	<hr/>
	kr. 3 912 572
Vextir af innstæðufé:	
Aðaldeild .....	kr. 16 379 041
Erfingjarentudeild .....	— 2 078 096
Útborgunardeild .....	— 1 801 595
	<hr/>
	— 20 258 732
Tekjuafgangur til varasjóðs .....	— 804 075
	<hr/>
	kr. 24 975 379

Samtals kr. 24 975 379

**Tekjur :**

Dráttarvextir .....	kr. 1 352 263	
Lántökugjöld o.fl. ....	— 1 629 335	
Bankavextir .....	— 3 350 680	
		kr. 6 332 278
<b>Vaxtatekjur af lánum:</b>		
Ógreiddir vextir í árslok 1979 .....	kr. 11 350 995	
Ógreiddir vextir í árslok 1978 .....	— 9 042 845	
		kr. 2 308 150
Innborgaðir vextir á árinu .....	— 16 334 951	
		— 18 643 101
		<b>Samtals kr. 24 975 379</b>

**Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1979.****Eignir :**

Veðskuldabréf .....	kr. 72 126 467	
Vaxtabréf .....	— 3 914 000	
Vaxtaaukareikningur .....	— 13 416 993	
		kr. 89 457 450
Bankainnstæður .....	kr. 7 106 012	
Óinnheimtir vextir .....	— 11 350 995	
Skrifstofugögn .....	— 810 221	
Sjóðseign .....	— 961 993	
		— 20 229 221
		kr. 109 686 681
		<b>Samtals kr. 109 686 681</b>

**Skuldir :**

<b>Innstæður í deildum:</b>		
Aðaldeild .....	kr. 79 423 366	
Erfingjarentudeild .....	— 9 510 956	
Útborgunardeild .....	— 8 947 937	
		kr. 97 882 259
Vextir, geymdir til útborgunar .....	kr. 3 671 140	
Geymslufé .....	— 716 099	
		— 4 387 239
Varasjóður 31. des. 1978 .....	kr. 6 613 108	
Tekjuafgangur 1979 .....	— 804 075	
		— 7 417 183
		kr. 109 686 681
		<b>Samtals kr. 109 686 681</b>

Með tilvísun til skýrslu endurskoðanda staðfestir stjórn Söfnunarsjóðsins reikninginn.

Reykjavík, 25. febrúar 1979.

**Sigurður J. Briem.**

**Alvar Óskarrson.**

**Jóna Guðjónsdóttir.**

**REIKNINGUR****Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árið 1980.****Gjöld :**

Launakostnaður .....	kr. 4 171 100	
Annar kostnaður .....	— 2 014 822	
	<hr/>	kr. 6 185 922
Vextir af innstæðufé:		
Aðaldeild .....	kr. 26 700 453	
Erfingjarentudeild .....	— 3 187 054	
Útborgunardeild .....	— 3 006 500	
	<hr/>	— 32 894 007
Afskrifað v/skrifstofubúnaður .....	— 10 221	
Tekjuafgangur til varasjóðs .....	— 59 780	
	<hr/>	kr. 39 149 930
		<hr/>
		Samtals kr. 39 149 930

**Tekjur :**

Dráttarvextir .....	kr. 1 411 815	
Lántökugjöld o.fl. ....	— 358 000	
Bankavextir .....	— 10 628 459	
	<hr/>	kr. 12 398 274
Vaxtatekjur af lánnum:		
Ógreiddir vextir í árslok 1980 .....	kr. 15 451 011	
Ógreiddir vextir í árslok 1979 .....	— 11 350 995	
	<hr/>	kr. 4 100 016
Innborgaðir vextir á árinu .....	— 22 641 330	
	<hr/>	kr. 26 741 346
Vaxtatekjur frá fyrra ári .....	— 10 310	
	<hr/>	Samtals kr. 39 149 930

**Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1980.****Eignir :**

Veðskuldabréf .....	kr. 809 702,33	Nýkr.
Vaxtabréf .....	— 34 450,00	
Vaxtaaukareikningur .....	— 354 527,99	
	<hr/>	kr. 1 198 680,32
Bankainnstæður .....	kr. 35 253 24	
Óinnheimtir vextir .....	— 154 510,11	
Skrifstofugögn .....	— 8 000,00	
Sjóðseign .....	— 33,99	
	<hr/>	— 197 797,34
	<hr/>	Samtals kr. 1 396 477,66

**Skuldir:**

<b>Innstæður í deildum:</b>	
Aðaldeild .....	kr. 1 027 361,89
Erfingjarentudeild .....	— 113 829,60
Útborgunardeild .....	— 119 904,45
	<hr/>
Vextir, geymdir til útborgunar .....	kr. 1 261 095,94
Geymslufé .....	— 54 921,80
Varasjóður 31. des. 1979 .....	— 5 690,29
Tekjuafgangur 1980 .....	kr. 7 417 183
	— 59 780
	<hr/>
	— 74 769,63
	<hr/>
	Samtals kr. 1 396 477,66

Með tilvísun til skýrslu endurskoðanda staðfestir stjórn Söfnunarsjóðsins reikninginn.

Reykjavík, 27. febrúar 1979.

Sigurður J. Briem.

Jóna Guðjónsdóttir.

Gunnlaugur J. Briem.

Nr. 506.

**REIKNINGUR**

Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

**Rekstrarreikningur fyrir árið 1980.****Tekjur:**

Vextir af bankainnstæðum .....	kr. 1 008 235
Aðrar tekjur:	
Húsaleiga	
a) stærri íbúðin .....	kr. 360 000
b) minni íbúðin .....	— 240 000
	<hr/>
	kr. 600 000
	<hr/>
	kr. 1 608 235

**Gjöld:**

<b>Gjöld skv. rekstrarreikningi:</b>	
Fasteignagjöld 1980 .....	kr. 262 058
Tekjur umfram gjöld .....	— 1 346 177
	<hr/>
	kr. 1 608 235

**Efnahagsreikningur 31. desember 1980.****Eignir:**

Bankainnstæður .....	kr. 3 817 252
Aðrar eignir:	
Hluti af Hagamel 21	
Húsamat .....	kr. 45 587 000
Lóðamat .....	— 7 269 000
	<hr/>
	— 52 856 000
	<hr/>
	kr. 56 673 252

**Skuldir:****Höfuðstólsreikningur:**

Hrein eign pr. 1/1 1981 .....	kr. 36 631 075	
Hækkað mat á fasteign .....	— 18 696 000	
Hreinar tekjur árið 1980 .....	— 1 346 177	
		kr. 56 673 252

---

kr. 56 673 252

Reykjavík, 11. mars 1981.

Sigurður J. Briem.

Reikningsskil þessi höfum við endurskoðað með tilliti til skipulagsskrár sjóðsins. Eignir sjóðsins eru fyrir hendi.

Kristján Einarsson.

Nr. 507.

**REIKNINGUR****Lífeyrissjóðs bænda.****Efnahagsreikningur 31. desember 1980.****Veltufjármunir:**

Handbært fé, bankainnstæður .....	kr. 522 262 735
Skammtímakröfur .....	kr. 561 371 639
Útistandandi iðgjöld skv. áætlun stjórnar .....	kr. 493 032 300
Ríkissjóður Íslands, viðskiptareikningur .....	— 51 768 340
Umsjónarnefnd eftirlauna, viðskiptareikningur .....	— 16 570 999

---

Veltufjármunir kr. 1 083 634 374

**Fastafjármunir:**

Langtímakröfur og áhættufjármunir .....	kr. 7 097 285 382
Skuldabréf m/byggingavísitölu, nafnverð .....	kr. 1 156 973 663
Skuldabréf, áfallin vísitala .....	— 1 861 398 415
Skuldabréf m/lánskjaravísitölu, nafnverð .....	— 2 350 000 000
Skuldabréf, áfallin vísitala .....	— 259 888 305
Skuldabréf, óverðtryggð .....	— 1 157 924 999
Verðtryggð spariskirteini ríkissjóðs .....	— 311 100 000

---

Varanlegir fjármunir .....

Skrifstofuáhöld og húsgögn .....	kr. 1 909 633
Fyrningar .....	— 348 976

---

Fastafjármunir kr. 7 098 846 039

---

Eignir samtals kr. 8 182 480 413

## Skuldir og eigið fé:

## Eigið fé:

Höfuðstóll 1. janúar 1980 .....	kr. 4 467 265 466
Tekjuafgangur 1980 til ráðstöfunar .....	— 3 715 214 947

---

Eigið fé samtals kr. 8 182 480 413

## Tekju- og gjaldareikningur 1980.

Iðgjöld .....	kr. 2 473 658 507
---------------	-------------------

Iðgjöld framleiðenda 1980 skv. áætlun .....	kr. 672 631 000
Iðgjöld neytenda 1980 skv. áætlun stjórnar .....	— 1 241 781 000
Iðgjöld framleiðenda, tilfærsla v/1979 .....	— 20 466 938
Eldri iðgjöld .....	— 970 995
Iðgjöld launþega .....	— 587 867
Iðgjöld vinnuveitenda .....	— 1 132 177
Réttindaflutningur .....	— ÷2 768 185
Endurgreidd iðgjöld .....	— ÷102 094
Framl. Ríkissjóðs Íslands v/lífeyrisgr. ....	— 336 798 912
Framl. Stofnlánad. landbún. v/lífeyrisgr. ....	— 202 159 897

Lífeyrisgreiðslur .....	kr. 1 409 150 587
-------------------------	-------------------

Iðgjöld — lífeyrisgreiðslur .....	kr. 1 064 507 920
-----------------------------------	-------------------

Framlag Umsjónarnefndar eftirlauna .....	kr. 487 570 999
--	-----------------

Framlag vegna eftirlauna .....	kr. 587 570 999
5% iðgjaldaframlag .....	— ÷100 000 000

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	kr. 2 193 973 803
--	-------------------

Vaxtatekjur .....	kr. 770 284 562
Innheimt vísitöluálag .....	— 183 162 477
Áfallið vísitöluálag .....	— 1 242 649 780
Fjármagnsgjöld .....	— ÷2 123 016

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	kr. 30 599 071
--	----------------

Laun .....	kr. 14 675 948
Annar kostnaður .....	— 15 923 123

Afskriftir .....	kr. 238 704
------------------	-------------

Tekjuafgangur til ráðstöfunar .....	kr. 3 715 214 947
-------------------------------------	-------------------

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyris-sjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan tekju- og gjaldareikning 1980 og efnahagsreikning 31. desember 1980, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins.

Tilgreind verðbréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 5. mars 1981.

Vígfús Gunnarsson, lögg. endurskoðandi.

Einar Sværissón.

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Garðabæ.

#### 1. gr.

Hundahald er bannað í Garðabæ.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í bænum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem ávallt skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarráð ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við hundahaldið og skal upphæð þess við það miðuð, að bæjarsjóður beri ekki kostnað af hundahaldinu. Innifalið í leyfisgjaldinu er ábyrgðartryggingariðgjald og hreinsunargjald. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í bænum, eru undanþegnir leyfisgjaldinu, en greiða ber ábyrgðartryggingariðgjald og hreinsunargjald vegna þeirra.
- c. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi heldur vera í taum í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- d. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara til óþæginda.
- e. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða, þar á meðal um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, svo og fyrir-mælum sem heilbrigðisnefnd setur. Leiði brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds af sér kostnað fyrir bæjarsjóð ber viðkomandi hundeiganda að greiða þann kostnað.

Gjaldið innheimtist af hundaeftirlitsmanni bæjarins og rennur það í bæjarsjóð.

Þurfi eftirlitsmaður að koma hundi fyrir í geymslu í lengri eða skemmri tíma vegna þess að ekki hefur reynst unnt að ná í eiganda hundsins greiðir eigandi allan kostnað vegna þess.

Við ítrekuð brot og alvarleg afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

#### 3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Garðahreppi nr. 258/1973.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júlí 1981.*

F. h. r.  
Jón Sigurðsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

**SAMPYKKT****um hundahald á Grenivík.****1. gr.**

Hundahald er bannað á Grenivík í Grýtubakkahreppi.

**2. gr.**

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum á Grenivík undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta ól, sem jafnan skal vera um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýnir að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í verslanir né aðra opinbera staði.
- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda) svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.
- f) Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er leyfilegt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

**3. gr.**

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins skal þá leysa hann út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum telji hún þess þörf.

**4. gr.**

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Grýtubakkahrepps staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júlí 1981.*

**F. h. r.**

**Ingimar Sigurðsson.**

*Fjóla Haraldsdóttir.*



**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Borgarnesi nr. 103 2. apríl 1976.

9. gr. orðist svo:

„Gatnagerðargjöld samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldþagi afborgana er 1. júlí. Lánskjör skulu vera hin sömu og á lánum Byggðasjóðs til gatnagerðar hverju sinni.“

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. ágúst 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 511.

5. október 1981.

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 519 14. desember 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

1. gr.

Aftan við 2. málsg. 5. gr. komi ný málsg. svohljóðandi:

Ekki skal innheimta gjald af leyfum fyrir fiskiskipum sem teljast til tollskrár nr. 89.01.51 — 89.01.59.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 63, 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 5. október 1981.*

**Tómas Árnason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 46 — 1981

21. ágúst 1981.

803

Nr. 512.

## GJALDSKRÁ fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 2,56 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 669,00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

#### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " .....	kr. 22,00
b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" .....	— 50,00
c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri .....	— 99,00

B 101

## 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðamót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 58,00.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

(utanmál) m<sup>3</sup>

Heimæðgjald

Allt að 400 10 149,00 kr.

400 — 2000 10 149,00 — fyrir 400 m<sup>3</sup> + 8,13 kr/m<sup>3</sup> þar yfir

2000 — 6000 23 157,00 — fyrir 2000 m<sup>3</sup> + 6,92 kr/m<sup>3</sup> þar yfir

6000 — 10000 50 837,00 — fyrir 6000 m<sup>3</sup> + 6,08 kr/m<sup>3</sup> þar yfir

Meira en 10000 75 157,00 — fyrir 10000 m<sup>3</sup> + 5,35 kr/m<sup>3</sup> þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 218,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 1,90 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 0,285 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 940,40. Notað afl telst vera meðalág á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 0,285 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 889,80 hvert kW. í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 940,40 kW. á ári.

b) Af allri notkun kr. 0,285 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósa kr. 14,93 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 4,97 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfiit er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 8,19 á hvern fermetra á ári.

#### D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 0,350 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,214 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 0,214 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 177,71 hvert kW.

b) Ef ekki eru tók á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0,104 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

#### Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahtunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.



- c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði þá samkv. gjaldskrá.
- d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveittunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fastengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
- e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

### E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1,020 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðu-tæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 1,80.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0,305 hverja kWst. ef straumur er röfinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,245 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 0,775 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 1 005 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveittustjóri þá að tilskildu samþykki rafveittustjórna veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (háðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveittunnar.

### F. Mælaleigur.

Rafveittustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- |  |                   |
|--|-------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....  | kr. 5,00 pr. mán. |
| 2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....  | — 5,90 pr. mán.   |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. .... | — 14,95 pr. mán.  |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ....   | — 22,35 pr. mán.  |
| 5. Af álagsstýringarliðum .....          | — 22,35 pr. mán.  |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveittustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafi kVA	Heimtaugargjald kr.
1. ....	3×60	22	4 280,00
2. ....	3×100	38	6 240,00
3. ....	3×200	75 sp.	12 351,00
4. ....	3×350	132 sp.	20 486,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlinuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa .....	kr. 961,00
Fyrir 60 amp. þrifasa .....	— 1 350,00
Fyrir 100 amp. þrifasa .....	— 1 432,00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 122,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 122,00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 448 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 386 20. júní 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Guðrún Skúladóttir.*

B 107

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

#### Raforka:

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

#### Lýsing.

1. Um kWst. mæli á kr. 3,411 hver kWst.
2. Um kWst. mæli á kr. 1,411 hver kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 14,94 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5,00 af fermetra á ári.

#### 2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 0,856 hver kWst.

#### 3. Vélanotkun.

1. Um kWst. mæli á kr. 1,900 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 940,43 á hvert uppsett kW. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 1,530 hver kWst.
4. Um mæli á kr. 940,43 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalálág og auk þess kr. 0,284 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 13,93 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h. en kr. 4,96 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 8,19 annars staðar.

#### 5. Hitun.

1. Um kWst. mæli á kr. 0,216 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst. mæli á kr. 0,100 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWst. mæli á kr. 0,355 hver kWst. án rofs.

#### Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustj.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

#### 6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1,017 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar meðan á framkvæmdum stendur, um kWst.-mæli á kr. 1,734 hver kWst.
3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0,246 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8,30 og kr. 0,777 hver kWst. á tímanum frá kl. 8,30 til 22.

4. 4 003,00 kr/kW á ári í uppsettu afli úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði Rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhalds-kostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal selja eftir gjaldskrárlíði 1—1.

### 7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 6,65
Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	— 18,40
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp. ....	— 27,10
Af mesta straumsmæli .....	— 80,30
Af liða fyrir álagsstýringu .....	— 22,30

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### 8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 84,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 84,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforknotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggja við.

### 9. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja hú sveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflum.

1. 63 A 1 fasa .....	kr. 5 429,00
2. 63 A 3 fasa .....	— 5 859,00
3. 200 A 3 fasa .....	— 11 240,00
4. 300kVA 3 fasa .....	— 32 699,00

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, styðstu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald sam-

kvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3 x 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur	Stofngjald
63 A 1 fasa	964,00
63 A 3 fasa	1 351,00
100 A 3 fasa	1 433,00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t.d. fyrir lengri tíma kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

#### 10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 23.5%, 19% verðjöfnunargjald, samtals 42.5% eru talin í upphæð þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari nema í töxtum 5—1 5—2 5—3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 448, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreyttni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 387 28. maí 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Guðrún Skúladóttir.*

## G J A L D S K R Á

### Rafveitu Vestmannaeyja.

#### 1. RAFORKA.

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

##### A. Lýsing.

A1 Um kWh.-mæli á au. 114,2 hver kWh.

A2 Um kWh.-mæli á au. 81,4 hver kWh. Auk fastagjalds af gólfleti er nemi kr. 4,56 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa á.

A3—6 Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWh.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWh.-gjaldi samkv. A1 og kWh.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

### B. Almenn heimilisnotkun.

B1 Um kWh.-mæli þannig reiknað:

- a. Orkugjald au. 81,4 hver kWh.
- b. Grunnjald (mælisteiga innifalin).  
Af einfasamælum kr. 68,30 á ári.  
Af þrífásamælum kr. 136,60 á ári.
- c. Herbergisgjald kr. 68,30 á ári.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.

Herbergi, sem eru minni en 5 ferm. skal reikna sem hálf, en stærra en 25 ferm., sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm., hálfu herbergi.

### C. Vélanotkun.

C1 Um kWh.-mæli á au. 114,2 hver kWh. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWh. á ári á hvert kW í málraun véla.

C2 Um kW/kWh.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

- a. Aflgjald af mældu afli kr. 1 241,00 á hvert kW á ári.

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalalag ársins. Á tímabilinu 16. maí til 15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

b. Orkugjald:

- 0—2500 kWh/kW au. 39,6 hver kWh.
- 2500—4000 kWh/kW au. 32,8 hver kWh.
- Yfir 4000 kWh/kW au. 11,4 hver kWh.

C3 Um kWh.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

- a. Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 1 176,00 á hvert kW í málraun véla.

b. Orkugjald:

- 0—2500 kWh/kW au. 39,6 hver kWh.
- 2500—4000 kWh/kW au. 22,8 hver kWh.
- Yfir 4000 kWh/kW au. 11,4 hver kWh.

Ofangreindir taxtar C2 og C3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. 40% á taxta C2.) Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar, hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWh.-gjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hver hundr- aðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85. Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafist að fasviksstuðull spennanna sé eigi lægri en 0,85.

**D. Hitun.**

- D1 Um kWh.-mæli á au. 23,5 hver kWh. til húshitunar (án söluskatts og verðjöfnunargjalds.)
- D2 Um kWh.-mæli á au. 33,5 hver kWh. til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunargjaldi.)

**Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:**

Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostnaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mestasamtímaafli og ársorkuþörf húsrýmis þess, sem hita skal.

**F. Önnur raforkunotkun.**

- F1 Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á au. 81,4 hver kWh. enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fastfengd.
- F2 Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWh.-mæli á au. 144,4 hver kWh.
- F4 Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 5 053,00 hvert kW/ár uppsett afl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.
- F5 Til götu- og út lýsingar á kr. 2 090,00 hvert kW/ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki stjórnar veitustofnana selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

**II. MÆLALEIGA.**

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

- |   |                 |
|---|-----------------|
| 1. Af einfasa kWh.-mælum 60 A og minni .....          | kr. 56,00 á ári |
| 2. Af þrífasa kWh.-mælum 60 A og minni .....          | — 223,00 á ári  |
| 3. Af þrífasa kWh.-mælum (straumspennumælum) .....    | — 377,00 á ári  |
| 4. Af mestaafismælum 60 A og minni .....              | — 362,00 á ári  |
| 5. Af mestaafismælum yfir 100 A (straumspennumælum) . | — 570,00 á ári  |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

**III. HEIMTAUGAGJÓLD.**

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðahheimtaugar fyrir byggingastaði.

**Aðalheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald 1) kr/m
63 A einfasa	4 987,00	145,00
63 A þrífasa	5 396,00	145,00
100 A þrífasa	8 560,00	183,00
200 A þrífasa	17 880,00	215,00
315 A þrífasa	26 950,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	34 220,00	—
710 A þrífasa	60 750,00	—
1200 A þrífasa	102 700,00	—

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald 1) 2)
		Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	970,00	145,00
63 A þrífasa	1 360,00	145,00
100 A þrífasa	1 435,00	183,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnaði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnaði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádragnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðar við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.



**IV. OPNUNARGJÖLD.**

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir endurofnun kr. 123,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 123,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notenda, skal greiða gjald, kr. 123,00.

**V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ.**

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

**VI. ÝMIS ÁKVÆÐI.**

23.5% söluskattur, ásamt 19% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 448, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 388 frá 28. maí 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## G J A L D S K R Á

## Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald- skrárl.	Heiti gjaldskrárlíða	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í krónum	
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur
<b>A-LÝSING</b>				
A.1.	Með fastagjaldi .....	0.881	0.039	14.25/m <sup>2</sup>
A.2.	Án fastagjalds .....	2.335		
<b>B-HEIMILISN. OG FL.</b>				
B.1.	Heimilisnotkun .....	0.663	0.155	56.58/herb.
B.2.	Mannvirkjagerð Akraneshöfn .....	1.357		
<b>C-VÉLANOTKUN</b>				
C.1.	Með fastagjaldi .....	0.881	0.515	187.97
C.2.	Með rofi 1.5 klst. á dag .....	0.663		
C.3.	Stórnotkun (Aftaxti) .....	0.212	2.127	776.35
<b>D-HÚSHITUN</b>				
D.1.	Án rofs .....	0.449		
D.2.	Með rofi 1 1/2 klst. á dag .....	0.251		
D.3.	Með rofi 2 1/2 klst. á dag .....	0.231		
D.4.	Með rofi 4 1/2 klst. á dag .....	0.185		
D.5.	Með rofi 14 1/2 klst. á dag .....	0.131		
D.6.	Sumarhitun með rofi 3. klst. á dag .....	0.152		
<b>E-ANNAÐ</b>				
E.1.	Sérsamningar .....			
E.2.	Gatna- og hafnarlýsing .....			
E.3.	Lokun og enduropnun veitu .....		113.00	
<b>MÆLA- OG ROFALEIGA</b>				
10	Einfasa .....		0.119	43.43
11	Einfasa með rofa .....		0.652	237.98
20	Prífasa .....		0.476	173.74
21	Prífasa með rofa .....		1.009	368.28
24	Prífasa með 2 rofum .....		1.247	455.15
30	Prífasa með aflmæli .....		0.771	281.41

## Ákvæði og skýringar með töflu I.

## A. Lýsing.

- A. 1 Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfflatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálf fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.
- A. 2 Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

**B. Heimili og vinnuljós.**

- B. 1 Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m<sup>2</sup> reiknast sem hálf. Ef herbergi er stærra en 25 m<sup>2</sup> skal reikna hverja byrjaða 25 m<sup>2</sup> sem herbergi.
- B. 2 Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3x32 A. og 3x50 A. 220 V.

**C. Vélar.**

- C. 1 Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW. í ástimpluðu rafafla fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.
- C. 2 Til véla í matvælaíðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW. og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1200 klst. á hvert uppsett kW. þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsúðu málma.
- C. 3 Til atvinnutækja með meira en 40 kW. ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafi í 15 mín.

**E. Annað.**

- E. 1 Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E. 2 Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitu Rafveitunefndar.
- E. 3 Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

**Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).**

Gjaldskrárliður nr.	Málstraumur aðalvara		Flutningsgeta miðað við stærð aðalvara KVa.	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr
	220 V. kerfi	380 V. kerfi		
2.01	2x35	1x35	7	1 823,00
2.02	2x60	1x60	13	2 188,00
2.03	3x60		22	2 733,00
2.04	3x100	3x60	38	3 703,00
2.05		3x100	66	5 402,00
2.06	2x200		76	6 007,00
2.07	3x350	3x200	132	9 403,00
2.08		3x350	231	15 407,00
2.09	Bráðabirgðaheimt. 1x35 Amp.			677,00
2.10	Bráðabirgðaheimt. 3x35 Amp.			1 353,00
2.11	Bráðabirgðaheimt. 3x60 Amp.			2 320,00
2.12	Tenging við Akraneshöfn			87,00

**Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).**

Gjaldskrárlíður nr.	Stærð spennis kVa.	Tengigjald kr.
3.01 .....	150	12 672,00
3.02 .....	300	25 348,00
3.03 .....	500	36 967,00
3.04 .....	600	40 322,00
3.05 .....	800	59 148,00

**Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.**

- Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hú sveitu.
- Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stig eða götu stystu greiðfæru leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m. þannig:  $Y_j = (83,00 + 0,17 \times \text{kVA})$  kr/m. og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana  $Y_j = (55,50 + 0,12 \times \text{kVA})$  kr/m. að viðbættum kr. 986,00 á hvern stólpa í umframlínu.
- Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvoru- tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.
- Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

**Mæla- og rofaleiga.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,9 miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (V. A.). Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

**D. Hitun.**

- Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.
- Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
- Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.

- c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð diselöflu á hverjum tíma.
- d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
- e. Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
- f. Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D. 1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D. 1.
- g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár liða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

### Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun), sem eru undanþegnir gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 448, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 389 20. júní 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Sauðárkróks.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1	Orka til almennrar lýsingar .....	kr.	1,50 kWh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
A—2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW.) .....	—	2 350,00 árskW.
Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana .....	—	0,81 kWh.
	Lágmarksgjald .....	—	11,95 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.		

Taxti C—1	Orka til véla og mannvirkjagerðar .....	kr.	1,50 kWh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalafismælingu ..	—	0,26 kWh.
	+ aflgjald (lágmark 20 kW.) .....	—	1 062,00 árskW.
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málaun véla.		
Taxti D—1	Orka til húshitunar, roftími 2x1,5 klst. á dag án söluskatts .....	—	0,19 kWh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—2	Önnur hitanotkun, roftími 2x1,5 klst. á dag	—	0,26 kWh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—3	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring .....	—	0,21 kWh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.		

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:  
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWst.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, linur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

### II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 amp. og minna ..... kr. 3,90 á mán.
- Af þrifasa mælum 50 amp. og minna ..... — 6,60 á mán.
- Af þrifasa mælum 50—100 amp. .... — 9,25 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 1,5 m. skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa .....	3 985,00	127,00
63 A 3-fasa .....	4 720,00	127,00
100 A 3-fasa .....	6 150,00	175,00
125 A 3-fasa .....	7 690,00	195,00
200 A 3-fasa .....	12 025,00	264,00
300 A 3-fasa .....	17 380,00	478,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðist skv. kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m. frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlýta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu söðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umræða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilvikum og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði augin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 53,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 53,00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds, til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% er talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 448, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 390 20. júní 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**G J A L D S K R Á****Rafveitu Reyðarfjarðar.****I. GJALDSKRÁRLIÐUR.****1. Lýsing.**

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir:

1.1	Fast gjald	.....	F1
	Orkugjald	.....	2,26 kr. á kWst.
1.2	Fast gjald	.....	F1+F2
	Orkugjald	.....	104,5 aur. á kWst.

**2. Notkun til heimilisþarfa.**

2.1	Fast gjald	.....	F1+F3
	Orkugjald	.....	66,9 au. á kWst.

**3. Vélanotkun.**

3.1	Fast gjald	.....	F1+F2
	Orkugjald	.....	128,2 aur. á kWst.
	Lágmarksgjald	.....	18×F1 á ári
3.2	Aflgjald lágmark 3 kW	.....	2 785,46 kr. á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	.....	943,68 kr. á kW á ári
	Fast gjald	.....	F1+F3
	Orkugjald	.....	31,97 aur. á kWst.
3.3	Aflgjald umfram 5 kW	.....	835,64 kr. á kW á ári
	Fast gjald	.....	F1+F3
	Orkugjald	.....	26,50 aur. á kWst.
3.4	Til súgþurrkunar	.....	
	Fast gjald	.....	F1
	Orkugjald	.....	31,97 aur. á kWst.

**4. Húshitun.**

4.1	Fast gjald	.....	F1+F4
	Orkugjald	.....	50,15 aur. á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2	Fast gjald	.....	F1+F4
	Orkugjald	.....	21,57 aur. á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3	Fast gjald	.....	F1+F4
	Orkugjald	.....	11,50 aur. á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

**5. Utanhússlýsing.**

5.1	Fast gjald	.....	F1
	Orkugjald	.....	66,90 aur. á kWst.

**Skilgreiningar og ýmis ákvæði.****Föst gjöld.**

F1	.....	15,80 kr. á mán.
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ....	49,7 aur. á m <sup>2</sup> mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h. ....	26,1 aur. á m <sup>2</sup> mán.
F3	.....	5,04 kr. á gj.e. mán.



**Gjaldeiningar eru:**

- a) Fyrir fjölskylduheimili.  
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu.  
Herbergi 5m<sup>2</sup> eða minna reiknast hálf, 25 m<sup>2</sup> eða stærra tvö.
- b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m<sup>2</sup> mælt innan útveggja.
- c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m<sup>2</sup> fyrir vinnslurúm, 40 m<sup>2</sup> fyrir geymslurúm.
- d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m<sup>2</sup> eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m<sup>2</sup> ein gjaldeining.

F4 Hvert uppsett kW ..... 65,85 kr. kW á ári.

**6. Hitun.***Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir herra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0,8.

**II. OPNUNARGJÖLD.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 135,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 72,00 á skrifstofu rafveitunnar.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 27,70  
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að .... — 1 990,00

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.  
Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3×70q og skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Sölskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárlíðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku- lögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. ágúst 1981, sbr.

auglýsingu ráðuneytisins nr. 448 1981, um breytingu á gjaldskráum rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 391 20. júní 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

21. ágúst 1981.

Nr. 549.

## G J A L D S K R Á

**Rafmagnsveitna ríkisins.**

**RAFORKUVERÐ, YFIRLIT.**

Gjaldskráarliðir	Grunnverð	Verðjöfnunargj.	Sölugjald	Samtals
<b>A.1 Almenn notkun</b>				
Orkugjald ..	57,20	10,90	13,40	81,50 aur/kWh
Fast gjald F 1	277,00	54,00	65,00	396,00 kr/ári
<b>A.2 Vinnuljósanotkun</b>				
Orkugjald ..	85,80	16,30	20,20	122,30 aur/kWh
Fast gjald F 1	277,00	54,00	65,00	396,00 kr/ári
<b>A.3 Utanhússlýsing</b>				
Orkugjald ..	49,60	9,40	11,70	70,70 aur/kWh
Fast gjald F 1	277,00	54,00	65,00	396,00 kr/ári
<b>A.4 Sumarbústaðir</b>				
Orkugjald ..	37,60	0	0	37,60 aur/kWh
Fast gjald F 3	1 188,00	0	0	1 188,00 kr/ári
Fast gjald F 1	277,00	54,00	65,00	396,00 kr/ári
<b>A.5 Markaflmæling</b>				
Orkugjald ..	18,60	0	0	18,60 aur/kWh
Afl l.m. 4 kW	3 089,00	588,00	725,00	4 402,00 kr/ári
Afl 5-20 kW .	428,00	82,00	100,00	610,00 kr/kWh/ári
Orkugj. yfirn.	57,20	10,90	13,40	81,50 aur/kWh
<b>B.1 Afimæling</b>				
Orkugjald ..	22,10	4,20	5,20	31,50 aur/kWh
Aflgj. 12 kW	8 232,00	1 560,00	1 932,00	11 724,00 kr/ári
Aflgj/kW ..	686,00	130,00	161,00	977,00 kr/kWh/ári
<b>B.2 Súgþurrkun</b>				
Orkugjald ..	13,10	2,50	3,10	18,70 aur/kWh
Aflgj/kW ..	228,00	44,00	53,00	325,00 kr/kWh/ári
<b>C.1 Hitun — Íbúðarhúsnæði</b>				
Orkugjald ..	25,40	0	0	25,40 aur/kWh
Fast gjald F 3	1 188,00	0	0	1 188,00 kr/ári

Gjaldskrárlíðir	Grunnverð	Verðjöfnunargj.	Sölugjald	Samtals
<b>C.2 Hitun — íbúðarhúsnæði</b>				
Orkugjald ..	17,60	0	0	17,60 aur/kWh
<b>D.1 Hitun — annað en íb.húsn.</b>				
Orkugjald ..	37,60	0	0	37,60 aur/kWh
Fast gjald F 3	1 188,00	0	0	1 188,00 kr/ári
<b>D.2 Hitun — annað en íb.húsn.</b>				
Orkugjald ..	24,10	0	0	24,10 aur/kWh
Lokunargj. ..	151,00	0	0	151,00

Ath.: Orkugjald er í aurum en annað í krónum.

## I. SMÁSALA.

### A. GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. 1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald .....	81,50 au/kWh
Fastagjald 1×F1 .....	396,00 kr/a

#### A. 2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald .....	122,30 au/kWh
Fastagjald 1×F1 .....	396,00 kr/a

#### A. 3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald .....	70,70 au/kWh
Fastagjald 1×F1 .....	396,00 kr/a

#### A. 4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald .....	37,60 au/kWh
Fastagjald 4×F1 .....	1 584,00 kr/a

#### A. 5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW .....	4 402,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW	610,00 kr/kWh/a
Orkugjald af allri notkun .....	18,60 au/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu .....	81,50 au/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

**B. 1. Afmæling.**

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.	
Lágmarksaflgjald, 12 kW .....	11 724,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW .....	977,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	31,50 au/kW <sub>a</sub>

**B. 2. Súgpurrkun.**

Til súgpurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. okt.	
Aflgjald .....	325,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	18,70 au/kWh

**C. 1. Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald .....	25,40 au/kWh
Fastagjald 3×F1 .....	1 188,00 kr/a
Roftími er allt að 2×1½ klukkustund á dag.	

**C. 2 Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald .....	17,60 au/kWh
Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.	

**D. 1 Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald .....	37,60 au/kWh
Fastagjald 3×F1 .....	1 188,00 kr/a
Roftími er allt að 2×1½ klukkustund á dag.	

**D. 2 Hitun.**

Til hitunar á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.	
Orkugjald .....	22,00 au/kWh
Roftími allt að 15 klukkustundir á dag.	

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 151,00.

**SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.****1. Utanhússlýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

**2. Sumarbústaðanotkun.**

Orkuverð A. 4 fylgir orkuverði D. 1.

**3. Markmæling.**

Liður A. 5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgpurrkun eða húshitun.

#### 4. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda en hjá fiskibræðslum, fiskmjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B. 1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

#### 5. Véla-og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafli hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launafli sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos  $\phi$  undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinninganlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

#### 6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

#### 7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A. 4, A. 5, C. 1, C. 2, D. 1 og D. 2 og tilsvarendi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

## II. HEILDSALA.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæða þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaxsmánuðir og almanaksár.

### 2. gr.

#### Rafmagnsgjald.

Aflgjald .....	622,00 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW .....	19,9 aurar á kW
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW .....	11,4 aurar á kW
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW .....	5,7 aurar á kW

### 3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 málsþennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. gr.  
Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálags-  
toppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálág á afhendingastað.

5. gr.  
Ársnýting.

Ársnýtingartími í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh.  
deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

6. gr.  
Ákvörðun aflsgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs og er  
það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaup-  
andi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. gr.  
Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé  
ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílóvatt-  
stundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshluta-  
stig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir  
slíkt lágmark.

8. gr.  
Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við  
umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur.  
Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi  
er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir  
eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um  
hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla  
hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaup-  
anda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má  
taka lögtaki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 581, 1967.

### III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum,  
tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt  
skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir  
hverja húsveitu.
- 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir vænlegri  
raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæð-  
inu fylgi heimaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk  
er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugar-  
gjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

## 2.1 Heimtaug.

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd <sup>1)</sup>	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 einfasa .....	5 508	140	
63 þriggjafasa .....	5 935	140	
100 þriggjafasa .....	9 417	175	
200 þriggjafasa .....	18 790	205	
315 þriggjafasa .....	29 598	258	
400 þriggjafasa .....	37 602	Samkv. kostn.	
710 kVA spst. ....	66 729	—	
1200 kVA spst. ....	112 774	—	
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2) .....	1 325		

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádrægnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínu heimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leiða að varkassa.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að selja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánari samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðahús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Grunn gjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 795,00.

3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðar-áætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug, sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raun-kostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

#### IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagns úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu. Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbægingu við hús, sem er grunnjaldsskytt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera kr. 5 913.00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa. mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 493 832.00 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 493 832.00 enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspegnulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 5 913.00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Framangreint grunnjald, kr. 5 913.00, miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 626 stíg. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hver er lögð til grundvallar grunn-gjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 271 602,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 448, 1981 um breytingar á gjaldskráum rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis. nr. 392 2. júlí 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Guðrún Skúladóttir.*



## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar.

#### Raforka:

Rafveita Voga og Vatnsleysustrandar selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

#### Lýsing.

1. Um kWst. mæli á kr. 3,411 hver kWst.
2. Um kWst. mæli á kr. 1,411 hver kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 14,94 á hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur geymslur og ganga skal greiða kr. 5,00 af fermetra á ári.

#### 2 Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 0,856 hver kWst.

#### 3. Vélnotkun.

1. Um kWst. mæli á kr. 1,900 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 940,43 á hvert uppsett kW. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 1,530 hver kWst.
4. Um mæli á kr. 940,43 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalálág og auk þess kr. 0,284 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 13,93 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h. en kr. 4,96 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 8,19 annars staðar.

#### 5. Hitun.

1. Um kWst. mæli á kr. 0,216 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar. um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst. mæli á kr. 0,100 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.
3. Um kWst. mæli á kr. 0,355 hver kWst. án rofs.

#### Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

- a. Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustj.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal, þegar þess er krafist.

#### 6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gisti húsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1,017 hverja kWst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kWst. mælir kWst.-mæli á kr. 1,734 hver kWst.
3. Til böðunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0,246 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8,30 og kr. 0,777 hver kWst. á tímanum frá kl. 8,30 til 22.

4. 4 003,00 kr/kW á ári í uppsettu afli úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósabúnaði Rafveitunnar, auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal setja eftir gjaldskrárlíði 1—1.

### 7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir pr. mánuð:

Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 6,65
Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	— 18,40
Af þrífasa mælum frá 50—220 amp. ....	— 27,10
Af mestastraumsmæli .....	— 80,30
Af liða fyrir álagsstýringu .....	— 22,30

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### 8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 84,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 84,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggja við.

### 9. Heimtaugargjald.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun. Jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

1. 63 A 1 fasa .....	kr. 5 429,00
2. 63 A 3 fasa .....	— 5 859,00
3. 200 A 3 fasa .....	— 11 240,00
4. 300kVA 3 fasa .....	— 32 699,00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dregin í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa, skal greitt samkv. töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar í stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessa

kann að vera samfara, og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Málstraumur	Stofngjald
63 A 1 fasa	964,00
64 A 3 fasa	1 351,00
100 A 3 fasa	1 433,00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkv. gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð, eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t.d. fyrir lengri tíma kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulegt hverfi að ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsókn og ekki seinna en við tengingu.

#### 10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 23.5%, 19% verðjöfnunargjald, samtals 42.5% eru talin í upphæð þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari nema í töxtum 5—1 5—2 5—3.

Gjaldskrá hessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 448, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreyttni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 393 28. maí 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

ORKU- OG AFLVERÐ, FASTAGJÖLD.

#### A. Lýsing.

1.1. Fast gjald .....	kr.	25,46 á mán.
Orkugjald .....	—	3,24 á kWst.
1.2. Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Flatarmálgjald .....	—	skv. skýringu
Orkugjald .....	—	1,75 á kWst.

1.3. Útilýsing:		
Fast gjald .....	kr.	25,46 á mán.
Orkugjald .....	—	0,87 á kWst.
1.4. Útilýsing:		
Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Fast gjald á ljósker .....	—	12,73 á mán.
Orkugjald .....	—	0,41 á kWst.
1.5. Húsbyggingar:		
Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Orkugjald .....	—	1,35 á kWst.

**B. Heimili.**

2.1. Fast gjald .....	—	39,62 á mán.
Orkugjald .....	—	0,74 á kWst.
2.2. Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli.		
Markmæling:		
Aflgjald lágmark 4 kW (Fastagjald) .....	—	4 439,95 á ári
Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW .....	—	602,89 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	—	0,18 á kWst.
Orkugjald umfram aflstillingu .....	—	0,74 á kWst.

**C. Vélanotkun o. fl.**

3.1. Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Flatarmálgjald .....	—	skv. skýringu
Orkugjald .....	—	1,75 á kWst.
3.2. Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Aflgjald lágmark 3 kW .....	—	1 087,34 á kW á ári
Orkugjald .....	—	0,34 á kWst.
3.3. Súgburrkun 1. júní — 31. október:		
Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Aflgjald .....	—	338,00 á kW á ári
Orkugjald .....	—	0,14 á kWst.

**D. Húshitun.**

4.1. Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl .....	—	65,89 á kW á ári
Orkugjald .....	—	0,70 á kWst.
Enginn roftími.		
4.2. Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl .....	—	65,89 á kW á ári
Orkugjald .....	—	0,55 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.3. Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl .....	—	65,89 á kW á ári
Orkugjald .....	—	0,26 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.4. Markmæling:		
Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Aflgjald lágmark 5 kW hámark 20 kW .....	—	546,91 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	—	0,12 á kWst.
Orkugjald umfram aflstillingu .....	—	0,74 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		

**E. Sumar- og næturlitun.**

<b>4.5. Sumarhitun:</b>		
Fast gjald .....	kr.	25,46 á mán.
Orkugjald .....	—	0,15 á kWst.
<b>4.6. Næturlitun:</b>		
Fast gjald .....	—	25,46 á mán.
Aflgjald lágmark 2 kW .....	—	65,89 á kW á ári
Orkugjald .....	—	0,15 á kWst.
Roftími 14 klst. á dag.		

**F. Annað.**

5.1. Gjöld yfir lokun og enduroppnun veitu í hvert skipti .....	—	155,00
5.2. Sérsmningar.		

**1. Flatarmálgjöld.**

Taxtar 1.2. og 3.1.:

Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ....	—	0,99 á m <sup>2</sup> á mán.
Gangar, geymslur o. þ. h. ....	—	0,49 á m <sup>2</sup> á mán.

**2. Mestaafismæling.**

2.1. Afismæling miðast við 15 mín. meðalalag.

2.2. Gjaldskrárlíður 3.2.

Gjaldskilytt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibraðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskilytt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar

2.3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.

**3. Véla- og tækjaálag.**

3.1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðullinn upp í það gildi.

Notandi greiðir herra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðullinn er undir 0.8.

3.2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfínnanlegum truflunum, um lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka aflgjald af rafsuðuspennum kr. 26.50/kW á ári.

**4. Götulýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt óskum notanda, sem greiðir stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

**5. Takmörkun á vali gjaldskrárlíða o. fl.**

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilrafstöðvarsvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennuafli er takmarkað, áskilur Orkubú Vestfjarða sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárlíðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

**6. Annað.**

Söluskattur og hliðstæð gjöld 23,5% og 19% verðjöfnunargjald eru innifalín í öllum gjaldskrárlíðum nema raforku til húsahtunar og kWst.-gjaldi í gjaldskrárlíð **2.2**

Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, og/eða breytingar, sem kunna að verða gerðar á verðjöfnunargjaldi.

**7. Sérsmningar o. fl.**

- 7.1. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Orkubússtjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi Orkubúsins án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fram í samningi við áætlaða notkun tækisins.
- 7.2. Orkubúinu er heimilt að áætla notkun á notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

**8. Heimtaugagjöld í þéttbýli.**

- 8.1. Heimtaugagjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum tengd veitusvæði Orkubúsins, og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, svo sem hér segir:
- 8.2. Orkubúíð ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 8.3. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

Varstærð Amp.	Stofngjald Kr.	Gjald af yfirlengd jarðstrengur Kr./m.
63	5 986,00	168,30
100	9 496,00	210,02
200	19 751,00	244,51
300	24 834,00	307,91

Bráðabirgðaheimtaug greiðist samkvæmt kostnaði.

- 8.4. Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu greiðast skv. kostnaði.
- 8.5. Lengd jarðstrengsheimtaugar frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubús Vestfjarða um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 300 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m. í lóð. Af vegalengd umfram 125 m. í götu greiðist ekki yfirlengdargjald.
- 8.6. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubús Vestfjarða, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubú Vestfjarða að kostnaðarlausu og hlíta þer skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjòlsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim þörfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubú Vestfjarða til að kostnaðarlausu, en það sér

um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

- 8.7. Telji Orkubú Vestfjarða að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu, skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugagjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

### 9. Heimtaugargjald í sveitum.

- 9.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

- 9.2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera kr. 5 913,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 493 832,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 493 832,00, enda sé sam- anlögð lengd háspennu- og lágspegnulinu veitunnar ekki yfir 1.5 km. á hverjar 5 913,00 krónur sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum. Framangreint grunn- gjald kr. 5 913,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 626 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteigna- mat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smiðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlegt matsverð lands og húsa býlisins verði 271 602,00 kr.

Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, verksmiðja, íbúðar- húsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2.) skulu heim- taugagjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu nr. 448 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 394 2. júlí 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**G J A L D S K R Á****Rafveitu Borgarness.**

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g.

Frá og með 1. ágúst 1981 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 0,638 kr.

**Skammstafanir:**

kw = kílóvatt = afl, h = klukkustund, kwh = kílóvattstund orka, d = dagur,  
a = ár = 365 d, g = gjaldstig, kr. = krónur.

**I. KAFLI****RAFMAGNSSALA.**

Gjaldskrárlíður	Orkuverð		Aflverð og fastagjöld	
	g/kwh	kr/kwh	g/a	kr/a
A1 (Lýsing) .....	1	0,638	30	19,50 á fermetra, skilyrt notk.
A2 .....	2	1 277		lágmark 1200 kwh/a
A3 .....	3	1,915		
B1 (Heimili) ....	1	0,638	180	115,00 á herbergi, skilyrt notk.
C1 (Vélar) .....	1	0,638	600	383,00 á kw, ástimpluð
C2 .....	0,3	0,192	1600	1 022,00 á árskilóvatt
	g/kwh	kr/kwh	kr/kwh	
D1 Húshitun .....	0,603	0,385	Án rofs	, 0,550 til annarra nota
D2 — .....	0,336	0,215	Rof 1,5 h/d	, 0,306 til annarra nota
D3 — .....	0,316	0,201	Rof 2,5 h/d	, 0,287 til annarra nota
D4 — .....	0,257	0,164	Rof 4,5 h/d	, 0,234 til annarra nota
D5 — .....	0,178	0,114	Rof 14,6 h/d	, 0,162 til annarra nota

Til annarra nota en húshitunar bætist verðjöfnunar- og sölugjald við taxa D1-5, samtals 42.5%.

**E. Sérákvæði um rafmagnssölu.**

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérsökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1,3 g/kwh, sem jafngildir nú 0,60 g/kwh.

Raforka til vinnulagna fellur undir taxa A3.

**F. Mæli- og rofagjöld.**

	g/a	kr/a	kr/d
F10 Einfasa mælir .....	300	192,00	0,525
F11 Einfasa mælir m. rofa .....	300	192,00	0,525
F20 Þrifasa mælir .....	600	383,00	1,050
F21 Þrifasa mælir m. rofa .....	1200	767,00	2,100
F30 Aflmælir .....	2800	1787,00	4,896



Allir taxtar skulu ennfremur fullnægja þeim nánari skilyrðum sem tilgreind eru í skýringum hér á eftir. M. a. koma taxtar A1, A2 og B1 ekki til greina nema fullnægt sé tilgreindum skilyrðum um lágmarksnotkun.

*Skýringar á tóxtum:*

- A1: Fast árgjald reiknast 30 gjaldstig fyrir hvern fermetra gólfflatar í rými því er lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmis. Ef flatarmál er minna en 40 fermetrar og ársnotkun minni en 1200 kwh koma taxtar A2 eða A3 í stað A1. — 40 fermetrar og 1200 kwh jafngildir hér hvort 1200 gjaldstigum.
- A2: Ef ársnotkun er minni en 1200 kwh kemur taxti A3 í stað A2.
- A3: Fyrir ársnotkun minni en 1200 kwh.
- B1: Fast árgjald reiknast 180 gjaldstig fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m<sup>2</sup> reiknast sem tvö. Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald samkvæmt A1. Um stærð gólfrymis og minnstu ársnotkun gjalda sömu ákvæði og fyrir taxta A1.
- C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimplað rafafli, samanlagt reiknað í heilum kw.
- C2: Mesta ársálag mælt um mestafli-mæli.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- b) að vélaafli, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
- d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fastengdir með rofum og hitastillum.
- e) að notkun sé minnst 6000 kwh á ári.
- A-E: a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
- b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.
- c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjá aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvarar einum aukastaf fyrir aura. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug aura. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í árgreiðslur.
- d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

**II. KAFLI**

**Tengigjöld.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1	2		3	4		
Gjald- skrár- liður	Málstraumur 220 V kerfi A	stofnvara í 380 V kerfi A	Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis	Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600 + 130 \times \text{kVA}$ Gjaldstig kVA g		Tengi- gjald kr.
T1	$2 \times 60$	$1 \times 60$	$0,22 \times 60 = 13$	5 360		3 422,00
T2	$3 \times 60$		$0,38 \times 60 = 22$	6 570		4 194,00
T3	$3 \times 100$	$3 \times 60$	$0,38 \times 100 = 38$	8 730		5 574,00
T4		$3 \times 100$	$0,66 \times 100 = 66$	12 510		7 986,00
T5	$3 \times 200$		$0,38 \times 200 = 76$	13 860		8 848,00
T6	$3 \times 350$	$3 \times 200$	$0,66 \times 200 = 132$	21 420		13 674,00
T7		$3 \times 350$	$0,66 \times 350 = 231$	34 780		22 203,00
T8				300	44 100	28 152,00
T9				500	71 100	45 389,00
T10				800	111 600	71 244,00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

### Önnur ákvæði:

#### a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

$Y(J) = (200 + 3 \times \text{kVA})$  gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:  $Y(L) = (40 + 2 \times \text{kVA})$  gjaldstig á metra, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

#### b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

#### c) Almenn:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

## III. KAFLI

### Opnunargjald.

Opnunargjald nemur allt að 10 gjaldstigum, en skal standa á heilli krónu. Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduroppnun.

#### IV. KAFLI

##### Verðgildi gjaldstigs.

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá rekna eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir breytingunni. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí, nema sérstakt tilefni sé til breytinga á öðrum tíma. Verðgildi gjaldstigs reiknast í krónum með þremur aukastöfum fyrir aftan kommu, sem jafngildir heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu nr. 448/1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 395 20. júní 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir Rafveitu Grindavíkur.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

- A—1. Um kWst.-mæli á kr. 3,39 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- A—2. Um kWst.-mæli á kr. 1,40 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 14,91 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4,96 á ári af hverjum fermetra.

##### B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 0,85 hverja kWst.

**C. Vélanotkun o. fl.**

- C—1. Um kWst.-mæli á kr. 1,89 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta ársgjalds kr. 940,40.
- C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 1,89 hverja kWst.
- C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:
- Um kWst.-mæli kr. 0,28 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 940,40. Notað afl telst vera meðalálág á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.
  - Ef ekki eru tök á að mæla notað afl má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 0,28 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 889,80 kW. í málaun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00. og kl. 17.30—19.00.
- C—4. Um afl- og orkumæla:
- Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 940,40 á kW á ári.
  - Af allri notkun kr. 0,28 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 14,91 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 4,96 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka fólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 8,18 á hvern fermetra á ári.

**D. Hitun.**

- D—1. Um kWst.-mæli á kr. 0,35 hverja kWst. án rofs.
- D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,22 hverja kWst.
- D—3. Um afl- og orkumæla:
- á kr. 0,22 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 177,60 hvert kW.
  - ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
- D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0,10 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.*

- Af aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði af þeim samkv. gjaldskrá.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
- Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem sett verða upp.

**E. Önnur raforkusala.**

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1,02 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnuagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 1,81.

Til hökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0,31 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,25 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 0,78 hver kWst. frá 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 1,01 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (háðir meðtaldir) á orku sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

## II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbundin fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 5,05
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	— 5,90
3. Af þrífasamælum 50—200 amp. ....	— 14,90
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 22,35
5. Af álagsstýringarliðum .....	— 22,35

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafli kva	Heimtaugargjald kr.
1. ....	3×60	22	4 281,00
2. ....	3×100	38	6 242,00
3. ....	3×200	75 sp.	12 352,00
4. ....	3×350	132 sp.	24 665,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húsigandi sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa .....	kr. 963,00
Fyrir 60 amp. þrífasa .....	— 1 351,00
Fyrir 100 amp. þrífasa .....	— 1 433,00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útvinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnað).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduröfnun kr. 120,00.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 120,00 fyrir enduröfnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 42,5% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds, nema hitatöxtum vegna húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 448/1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 396 2. júlí 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð kirkjugarðanna á Staðarfelli í Dölum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. ágúst 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð kirkjugarðanna á Staðarfelli.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður kirkjugarðanna á Staðarfelli í Dölum.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi að upphæð kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund krónur — frá systkinunum Áskeli Jóhannssyni, Jóni Jóhannssyni, Jóhönnu Jóhannsdóttur, Guðbjörgu Jóhannsdóttur, Eysteini Jóhannssyni og Solveigu Jóhannsdóttur til minningar um systur þeirra og foreldra: Salbjörgu Jóhannsdóttur, Margréti Júlíönu Sigmundsdóttur og Jóhann Jónasson.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er umhirða kirkjugarðanna á Staðarfelli.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir og vextir.

### 5. gr.

Árlega skal verja 4% af vöxtum sjóðsins til umhirðu kirkjugarðanna á Staðarfelli, en 96% leggjast við höfuðstól.

Umsjón framkvæmda annast sóknarnefnd Staðarfellskirkju.

### 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á verðtryggðu spariskírteini hjá ríkisbanka.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins er sóknarnefnd Staðarfellskirkju.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Nr. 555.

## REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1980.

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsbók nr. 12445 .....	kr.	165 519
Vextir af vaxtaukareikningi nr. 1255 .....	—	660 442
		<hr/>
	kr.	825 961

**Gjöld :**

Tekjuafgangur .....	kr. 825 961
	<hr/>
	kr. 825 961

**Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1980.****Eignir :**

Sparisjóðsbók nr. 12445 Lb. ....	kr. 1 322 519
Vaxtaaukareikningur nr. 1255 .....	— 1 469 010
	<hr/>
	kr. 2 791 529

**Skuldir :**

Höfuðstóll .....	kr. 1 000 000
Tekjuafgangur f.f. árum .....	kr. 965 568
Tekjuafgangur frá 1980 .....	— 825 961
	<hr/>
	— 1 791 529
	<hr/>
	kr. 2 791 529

Selfossi, 11. febr. 1981.

F.h. Kvenfélags Selfoss,  
Arndís Þorbjarnardóttir,  
vörslum. sjóðsins.

Nr. 556.

**REIKNINGUR****sjóðsins Gerðuminning 1980.**

Allar fjárhæðir í gömlum krónum.

**Tekjur :**

1. Eignir sjóðsins 1/1 1980:	
a) Innstæða í Landsbanka Íslands .....	kr. 129 107
b) Vextir af sama .....	— 45 882
	<hr/>
	kr. 174 989
2. Spariskírteini ríkissjóðs, nafnverð .....	— 160 000
3. Happprættislán ríkissjóðs .....	— 1 000
	<hr/>
	kr. 335 989

**Gjöld :**

1. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	kr. 173 889
2. Leiga á bankahólfi .....	— 1 100
3. Spariskírteini ríkissjóðs .....	— 160 000
4. Happprættislán ríkissjóðs .....	— 1 000
	<hr/>
	kr. 335 989

Reykjavík, 14. febrúar 1981.

Ólöf Sigurjónsdóttir.



Við undirritaðar höfum lesið reikninginn og teljum hann rétt færðan. Innstæða og verðbréf eru fyrir hendi.

Reykjavík, 14. febrúar 1981.

Vigdís Jónsdóttir. Guðrún Markúsdóttir.

Nr. 557.

## REIKNINGUR

### Þjóðhátíðarsjóðs.

Reikningsyfirlit frá 1/1 1980 til 31/12 1980.

Allar fjárhæðir í gömlum krónum.

#### Eignir:

Spariskírteini ríkissjóðs .....	kr. 673 853 000
Innstæða á hlr. 40091 í Seðlabanka .....	— 258 772 451
	<hr/>
	kr. 932 575 451

#### Skuldir:

Ógreiddir styrkir frá 1978 .....	kr. 2 060 000
Ógreiddir styrkir frá 1979 .....	— 11 000 000
Ógreiddir styrkir frá 1980 .....	— 4 000 000
Höfuðstóll hinn 31/12 1979 .....	kr. 558 193 350
Ný framlög frá Seðlabanka .....	— 144 067 355
Tekjur umfram gjöld .....	— 213 254 746
	<hr/>
	— 915 515 451
	<hr/>
	kr. 932 575 451

#### Tekjur:

Vextir af hlr. 40091 .....	kr. 92 853 061
Verðhækkun spariskírteina .....	— 246 244 165
	<hr/>
	kr. 339 097 226

#### Gjöld:

Styrkveitingar 1980 .....	kr. 120 000 000
Gjöf til Þjóðminjasafns .....	— 5 000 000
Ýmis kostnaður .....	— 842 480
Tekjur umfram gjöld .....	— 213 254 746
	<hr/>
	kr. 339 097 226

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 6. mars 1981.

Halldór V. Sigurðsson.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

Björn Bjarnason. Jóhannes Nordal. Eysteinn Jónsson.

Árni Björnsson. Gísli Jónsson.

## REGLUGERÐ

### um iðnfræðslu

#### A. NÁM Í VERKSMÍÐJUIÐNAÐI

##### I. KAFLI

##### Skipulag og framkvæmd.

###### 1. gr.

Heimilt er að efna til fræðslu í verksmiðjuíðnaði samkvæmt ákvörðun ráðherra að fengnum tillögum samtaka iðnrekenda og verksmiðjufólks.

###### 2. gr.

Ákveði menntamálaráðuneytið að koma á fót kennslu í verksmiðjuíðnaði skal Iðnfræðsluráð skipa fræðslunefnd kunnáttumanna í greininni. Sjá 11. grein laga um iðnfræðslu nr. 68/1966 og samanber 8. grein þessarar reglugerðar.

Fræðslunefndin gerir tillögur um allt skipulag námsins í samráði við viðkomandi samtök vinnumarkaðarins og leggur þær fyrir Iðnfræðsluráð.

Stefna ber að því að ein fræðslunefnd sé í hverri starfsgrein iðnaðarins hvort sem um er að ræða verksmiðjuíðnað eða handiðnað.

###### 3. gr.

Nám í verksmiðjuíðnaði skal skipulagt á grundvelli menntunarþarfa greinarinnar. Heimilt er að skipuleggja námið á námsbraut þar sem neminn lýkur ákveðnum einingum í einu og fær þær metnar (hæfnismat). Slík þrepamenntun skal vera í samræmi við starfsskiptingu í þeirri grein verksmiðjuíðnaðar sem um er að ræða. Í námsreglum skal segja fyrir um störf þau er neminn skal hljóta æfingu í á hverju námstímabili. Í námsskrá skal segja fyrir um bóklegt og verklegt nám í skóla.

Námið skal allt skipulagt í einingum og fyrir hverja einingu skal skilgreina þá færni sem nemi skal hafa tileinkað sér er hann hefur lokið námseiningunni.

###### 4. gr.

Náminu skal ljúka með hæfnismati (verklegu og skriflegu) á vegum viðkomandi fræðslunefnda. Markmið matsins er að sannreyna hvort neminn hefur tileinkað sér, svo fullnægjandi sé, þá færni sem nauðsynleg er talin til starfa í þeirri grein verksmiðjuíðnaðar sem um er að ræða.

Á skírteini sem Iðnfræðsluráð gefur út skal greina heiti þeirrar greinar verksmiðjuíðnaðar sem um er að ræða, nafn nemans, fæðingardag hans og nafnnúmer, innihald námsins og árangur.

**B. IÐNNÁM****II. KAFLI****Iðngreinar.**

## 5. gr.

Skylt er að halda uppi iðnfræðslu til sveinsprófs og meistaraþrófs í þeim iðngreinum sem löggiltar eru samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

## 6. gr.

Löggiltar iðngreinar eru þessar:

bakaraíðn	leirkerasmíði	útlarpssvið
beykisiðn	leturgröftur	rafmagnsiðn:
bifreiðasmíði	ljósmyndun:	rafvirkjun
bifvélavirkjun	almenn ljósmyndun	rafvélavirkjun
bílamálun	persónuljósmyndun	reiða- og seglasaumur
blikksmíði	málaraiðn	reiðtygja- og aktygjasmíði
bókband	málmsteypa	rennismíði
eirsmíði	mjólkuriðn	skipa- og bátasmíði
feldskurður	matreiðsla	skósmíðaiðn:
flugvélavirkjun	mótasmíði	skóviðgerð
framreiðsluiðn	múraraíðn	skósmíði
gaslagning	myndskurður	skrúðgarðyrkja
glerslípun og speglagerð	netagerð	stálsmíði:
gull- og silfursmíði	offsetiðn:	stálskipasmíði
hattasaumur	offsetljósmyndun	stálvirkjasmíði
hárgreiðsluiðn	offsetprentun	steinsmíði
hárskera- og rakaraíðn	offsetskeyting	sútaraiðn
hljóðfærasmíði	pípulögn	tágariðun
húsasmíði	prentiðn:	tannsmíði
húsgagnabólstrun	prentun	úrsmíði
húsgagnasmíði	setning	vagnasmíði
járnsmíði	prentmyndaiðn:	veggfóðrun
kjólasaumur	prentmyndaljósmyndun	vélsmíði:
kjötiðn	prentmyndasmíði	vélvirkjun
klæðasaumur:	rafeindavirkjun:	aflvélar
karla	fjarskiptasvið	frystivélar
kvenna	tölvusvið	loft- og vökvastýringar
kökugerð		

## 7. gr.

Nú kemur til álita að starfsgrein, sem ekki er talin upp í 6. grein í þessari reglugerð, geti fallið undir iðnað og skulu þá hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda, senda ráðuneytinu erindi um að starfsgreinin verði viðurkennd sem iðngrein og leggja jafnframt fyrir það tillögur um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma, kunnáttu og prófkröfur.

Ráðuneytið leitar umsagnar Iðnfræðsluráðs um erindið.

Fallist ráðuneytið á að gera starfsgreinina að iðngrein breytir það þessari reglugerð í samræmi við það og setur, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, reglur um veitingu starfs-

réttinda í hinni nýju iðngrein, en þangað til verði fylgt almennum ákvæðum í reglugerð þessari. Samsvarandi vinnubrögð skal viðhafa þegar eldri iðngreinum er skipt eða þær eru sameinaðar, svo og þegar sérgreinar eru stofnaðar.

#### 8. gr.

Iðnfræðsluráð skipar fræðslunefndir fyrir hverja löggilta iðngrein. Leitað skal tilnefninga frá aðilum vinnumarkaðarins um tvo nefndarmenn en Sambandi iðnfræðsluskóla um hinn þriðja. Iðnfræðsluráð leggur fræðslunefndum til starfslið og sérfræðipjónustu.

Hlutverk fræðslunefnda er að gera áætlanir um námsskrár- og námsgagnagerð fyrir greinina og að láta vinna tillögur að námsskrám og námsgögnum fyrir greinina undir yfirstjórn Iðnfræðsluráðs.

Fræðslunefndir skulu hafa samráð við viðkomandi aðila vinnumarkaðarins að því er varðar gerð námsskráa og námsgagna. Sjá nánar um námsreglur í 33. grein námsskrár, í 71. grein, reglur um aðstöðu og tækjapörf á skólaverkstæðum; reglur um löggildingu iðnfyrirtækja og meistara, sbr. 17. og 18. grein, reglur um framkvæmd samræmdra sveinsprófa og val á prófstöðum fyrir þau. Fræðslunefndir eru einnig umsagnaraðilar fyrir stjórnvöld um mál er varða iðngreinina.

Iðnfræðsluráð lætur í té upplýsingar og fræðslu fyrir fræðslunefndir og starfslið þeirra eftir nánari ákvörðun hverju sinni. Iðnfræðsluráð setur fræðslunefndum nánari starfsreglur með erindisbréfi.

### III. KAFLI

#### Námstími og námssamningar.

#### 9. gr.

Endurskoða skal námstíma í einstökum iðngreinum jafnskjótt og reynsla af verknámsbrautum, vinnubókum og sveinsprófum er orðin nægjanleg að mati viðkomandi fræðslunefndar.

#### 10. gr.

Námstími í einstökum iðngreinum skal vera svo sem greint er hér á eftir. Námstímanum er skipt í skólatíma og starfstíma. Til þess að iðnnemi teljist hafa lokið iðnnámi skal hann hafa lokið bóknámi á iðnnámsbraut og starfstíma í iðninni töldum í vinnuvikum eins og nánar er sagt hér á eftir.

Hver námsönn í skóla skal reiknast 16 vikur.

Vinnuvikan telst vera 40 klukkustundir í dagvinnu og skal reikna með fjarveru vegna lögákveðinna og samningsbundinna sumarleyfa. Ekki skal reikna til styttingar unnin sumarleyfi. Þá skal einnig reikna með í starfstíma fráveru vegna slysa og veikinda allt að 6 mánuði á samningstímanum. Hið sama gildir um allt að þriggja mánaða barnsburðarleyfi námsstúlku enda taki hún eigi laun þann tíma. Reikna skal til styttingar viðurkennt nám sem nemi hefur lokið áður samkvæmt nánari reglum sem Iðnfræðsluráð setur.

Ekki skal stytta starfstímann vegna starfs í iðngreininni áður en samningur var gerður.

Par sem í athugasemdadálki í upptalningunni hér á eftir er merkt <sup>1)</sup> skal því aðeins heimilt að taka nema til náms í greininni að Iðnfræðsluráð leyfi að gerður sé námssamningur og ákveði námstíma hverju sinni.

Par sem merkt er <sup>2)</sup> í athugasemdadálki eru í gildi sérreglur um námsfyrirkomulag sem geta skal um í námssamningi.

Iðngreinar:	Námstími:			Alls Ár	Aths.
	Skólatími Annir/Vikur	Starfstími Vikur			
<b>bókaiðnaður (grafísk fög)</b>					
bókbandsiðn	3	48	160	4	
ljósmyndaiðn:					
almenn ljósmyndun	3	48	160	4	
persónuljósmyndun	3	48	160	4	
offsetiðn:					
offsetljósmyndun	3	48	160	4	
offsetprentun	3	48	160	4	
offsetskeyting	3	48	160	4	
prentiðn:					
prentun	3	48	160	4	
setning	3	48	160	4	
prentmyndaíðn:					
prentmyndaljósmyndun	3	48	160	4	
prentmyndasmíði	3	48	160	4	
<b>byggingariðnaður</b>					
húsasmíði	3	48	160	4	
málaraiðn	3	48	160	4	
múraraíðn	3	48	160	4	
pípulagnir	3	48	160	4	
skrúðgarðyrkja	3	48	108	3	
steinsmíði	3	48	160	4	1)
veggfóðrun	3	48	160	4	
<b>fata-, skinn- og leðuriðnaður</b>					
feldskurður	3	48	160	4	1)
hattasaumur	3	48	108	3	1)
kjólasaumur	3	48	108	3	1)
klæðasaumur karla	3	48	160	4	1)
klæðasaumur kvenna	3	48	108	3	1)
netagerð	3	48	108	3	
reiða- og seglasaumur	3	48	108	3	1)
reiðtygja og aktygjasmíði	3	48	160	4	1)
skósmíðaiðn:					
skóviðgerð	3	48	108	3	
skósmíði	3	48	108	3	
sútaraiðn	3	48	160	4	1)
<b>matvælaíðnaður</b>					
bakaraíðn	3	48	160	4	
kjötiðn	3	48	160	4	
kökugerð	3	48	160	4	
matreiðsla	3	48	160	4	
mjólkuriðn	3	48	160	4	2)
<b>málmíðnaður</b>					
bifreiðasmíði	3	48	160	4	
bifvélavirkjun	3	48	160	4	
bílamálun	3	48	160	4	
blikksmíði	3	48	160	4	
eirsmíði	3	48	160	4	1)
flugvélavirkjun	3	48	160	4	1) og 2)
gaslagning	3	48	160	4	1)
gull- og silfursmíði	3	48	160	4	
járnsmíði	3	48	160	4	

Iðngreinar:	Námstími:			Alls Ár	Aths.
	Skólatími Annir/Vikur	Starfstími Vikur			
leturgröftur .....	3	48	160	4	
málmsteypa .....	3	48	160	4	
mótasmíði .....	3	48	160	4	
rennismíði .....	3	48	160	4	
skipa- og bátasmíði .....	3	48	160	4	
stálsmíði:					
stálskipasmíði .....	3	48	160	4	
stálvirkjasmíði .....	3	48	160	4	
vélsmiði:					
vélvirkjun .....	3	48	160	4	
aflvélar .....	3	48	160	4	
frystivélar .....	3	48	160	4	
loft- og vökvastýringar .....	3	48	160	4	
úrsmíði .....	3	48	160	4	2)
<b>rafmagnsiðnaður</b>					
rafeindavirkjun:					
fjarskiptasvið .....	3	48	160	4	
tölvusvið .....	3	48	160	4	
útvarpssvið .....	3	48	160	4	
rafmagnsiðn:					
rafvélavirkjun .....	3	48	160	4	
rafvirkjun .....	3	48	160	4	
<b>tréiðnaður</b>					
beykisiðn .....	3	48	160	4	1)
hljóðfæraðsmíði .....	3	48	160	4	1)
húsasmíði .....	3	48	160	4	
húsgagnabólstrun .....	3	48	160	4	
húsgagnasmíði .....	3	48	160	4	
myndskurður .....	3	48	160	4	1)
vagnasmíði .....	3	48	160	4	1)
<b>þjónustuiðnaður</b>					
framreiðsluðn .....	3	48	108	3	
hárgreiðsla .....	3	48	134	3½	
hárskurður .....	3	48	134	3½	
<b>annar iðnaður</b>					
glerslípun og speglagerð .....	3	48	160	4	1)
leirkerasmíði .....	3	48	160	4	1)
tágariðun .....	3	48	160	4	1)
tannsmíði .....	3	48	160	4	

## 11. gr.

Nú óskar meistari eða iðnfyrirtæki að gera námssamning í sérgrein innan löggiltra iðngreinar og getur þá Iðnfræðsluráð heimilað staðfestingu slíks samnings ef fyrir liggur álit fræðslunefndar iðngreinarinnar um að edli sérgreinarinnar leyfi sjálfstætt nám og próftökur og að nefndin mæli með að slíkt sérnám eigi sér stað.

Iðnfræðsluráð ákveður, að fengnum tillögum fræðslunefndar, lengd námstíma en aldrei getur námstími þó orðið skemmri en sem nemur hálfum námstíma hlutaðeigandi iðngreinar.

Nám í þessari sérgrein hefur verið heimilað:

Rafsuða, sérgrein í stálsmíði, námstími 2 ár, skólatími 1 önn, 16 vikur, starfstími 88 vikur.

12. gr.

Á stöðum, þar sem ekki er unnt að hafa samfellda vinnu allt árið í einhverri iðn og neminn getur fengið aðra atvinnu nokkurn hluta ársins, má dreifa náminu á fleiri ár, þó svo að samanlagður mánaðafjöldi við námið samsvari þeim árafjölda er að framan greinir.

Þetta skal þó aðeins gert séu hlutaðeigendur því samþykkir, enda komi samþykki Iðnfræðsluráðs til. Vinna við iðnnámið má þó aldrei standa skemur en 6 mánuði á ári. Sama gildir ef nemi stundar annað framhaldsnám jafnhliða iðnnámi.

13. gr.

Nú hefur nemi áður stundað verknám á öðrum skólastigum eða á verklegu námskeiði og ákveður Iðnfræðsluráð þá styttingu námstíma eftir því sem efni er til, enda hafi námsefni og námstílhögun í slíku verknámi verið samþykkt af Iðnfræðsluráði áður en kennsla hefst. Nemar, sem lokið hafa fullnaðarprófi af verknámsbraut, skulu þó ávallt eiga rétt til styttingar á námstíma sínum ef þeir ráðast í iðnnám hjá meistara eða iðnfyrirtæki sem því svarar að átta mánaða verknámsbraut stytti iðnnám samkvæmt námssamningi um 12 mánuði. Iðnfræðsluráð getur sett nánari reglur um styttingu námstíma samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum viðkomandi fræðslunefnda.

14. gr.

Iðnaðarmaður, sem lokið hefur námi og staðist sveinspróf í einhverri iðngrein og gerist nemi í annarri skyldri iðngrein, skal eiga þess kost að fræðslunefnd meti hvaða námsefni hann þurfi að tileinka sér til viðbótar og hversu langan námstíma skuli ætla til viðbótarnámsins.

Heimilt er að hliðstætt mat fari fram þegar iðnnemi, sem ekki hefur lokið námi, skiptir um iðngrein.

Nú fer fram mat það sem getið er um í fyrstu málsgrein þessarar greinar og skal þá námstími í hinni skyldu iðngrein vera hálfur námstími þeirrar greinar.

Eingöngu skal meta til styttingar námstíma á námssamningi eða starfsreynslutíma á vegum iðnfræðsluskóla.

15. gr.

Nú hefur maður starfað í þeirri iðngrein sem sérgrein hans heyrir undir jafnlangan tíma og nemur námstíma í iðngreininni og er honum þá heimilt að fengnu leyfi Iðnfræðsluráðs að þreyta sveinspróf í iðngreininni, enda hafi hann áður lokið burtfararprófi af iðnnámsbraut.

Vottorð meistara eða iðnfyrirtækis skal vera til staðfestingar starfstíma samkvæmt ákvæði þessarar greinar.

Heimilt er þeim sem lokið hefur sveinsprófi í sérgrein að stunda nám á iðnnámsbraut sem væri hann nemi í iðngrein þeirri sem sérgreinin fellur undir, enda fullnægi hann inn-tökuskilyrðum á iðnnámsbraut.

16. gr.

Hafi nemi áður stundað nám hjá öðrum meistara í sömu iðngrein, en slitið náms-samningi við hann á löglegan hátt skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari, nema telja megi að neminn hafi eigi notið þeirrar kennslu sem eðlilegt er með tilliti til hversu langt er liðið á námstímann.

## IV. KAFLI

**Löggilding — Námssamningar.**

## 17. gr.

Iðnfræðsluráð löggildir iðnmeistara með sjálfstæðan atvinnurekstur, sem það telur hæfa til að taka nema til iðnnáms og ákveður hversu marga nema meistari megi hafa út frá því sjónarmiði einu, að nemi fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal löggilda iðnfyrirtæki sem hafa meistara í þjónustu sinni.

Við ákvarðanir sínar í þessu efni skal Iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustað, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

Fræðslunefndir viðkomandi iðngreina skulu skilgreina lágmarkskröfur samkvæmt þessari málsgrein.

Óski viðkomandi aðilar vinnumarkaðarins þess sameiginlega, getur Iðnfræðsluráð ákveðið að því aðeins skuli löggilda iðnmeistara eða iðnfyrirtæki að það hafi að staðaldri einn eða fleiri starfandi sveina í þjónustu sinni. Löggilding til að taka nema gildir að hámarki 5 ár og ber við endurnýjun að krefjast samsvarandi upplýsinga frá meistara eða iðnfyrirtæki og þegar sótt er um í fyrsta sinn.

Iðnfræðsluráð getur fellt löggildingu fyrirvaralaust úr gildi ef það telur brostnar forsendur þær sem um ræðir í þessari grein.

## 18. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki sem vill taka nema til iðnnáms skal senda skriflega umsókn um löggildingu til Iðnfræðsluráðs ásamt þeim gögnum sem áskilin eru á hverjum tíma.

Iðnfræðsluráð skal að lokinni athugun gefa út löggildingu til að taka nema þar sem skilgreint er hversu marga nema viðkomandi megi hafa í námi á sama tíma og á sama námsári.

Samsvarandi vinnubrögð skal viðhafa ef meistari eða iðnfyrirtæki vill fá heimild til að fjölga nemum.

Meistara eða iðnfyrirtæki er ekki heimilt að taka nema til reynslu fyrr en að fenginni löggildingu. Iðnfræðsluráði er heimilt að setja sérstakar reglur um löggildingu og nematöku fyrir einstakar iðngreinar í samráði við samtök launþega og vinnuveitenda í þeirri iðngrein sem um er að ræða.

## 19. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Meistari skal hafa fullgild meistararéttindi samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 og/eða hafa staðist meistarapróf samanber 43. grein laga um iðnfræðslu nr. 68/1966 í þeirri iðngrein sem hann hyggst kenna. Á sama hátt skal iðnfyrirtæki hafa meistara í þjónustu sinni með þau réttindi er að framan greinir.
2. Meistari eða iðnfyrirtæki skal hafa starfrækt atvinnurekstur í viðkomandi iðngrein í a. m. k. eitt ár áður en löggilding er veitt.
3. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa öðlast sérstaka löggildingu viðkomandi yfirvalda (bygginganefnda, rafveitna, vatns- og hitaveitna, o. s. frv.) sé hennar krafist í viðkomandi iðngrein.
4. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa með höndum nægilega fjölþætt verkefni í iðn sinni til að geta látið í té fullnægjandi kennslu samkvæmt námsreglum iðngreinarinnar eða að mati Iðnfræðsluráðs séu slíkar reglur ekki fyrir hendi.
5. Nú telst iðnfyrirtæki eða meistari ekki hafa nægilega fjölþætt verkefni svo að unnt sé að kenna iðnina fullkomlega og getur Iðnfræðsluráð þá heimilað frávik, þannig að nemi hljóti þjálfun að hluta hjá öðru iðnfyrirtæki eða meistara. Geta skal slíks fráviks í



samningi og leggja fram með námssamningi samþykki allra aðila um hvernig nemi fái þjálfun hjá hvorum vinnuveitanda.

6. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa yfir að ráða vinnustöð eða verkstæði með fullnægjandi aðstöðu ásamt vélum, tækjum, áhöldum og búnaði sem iðngreinin útheimtir.

20. gr.

Við útgáfu löggildingar meistara og iðnfyrirtækja til nematöku skal að jafnaði ekki heimila fleiri nema, miðað við fullgilda iðnaðarmenn, sem eru í þjónustu meistara eða iðnfyrirtækis, en sem svarar einum nema á hverja tvo iðnaðarmenn í starfi að staðaldri. Þegar námið fer fram á föstum vinnustað (verkstæði) getur Iðnfræðsluráð heimilað herra hlutfall nema miðað við starfandi iðnaðarmenn, þó aldrei fleiri en svo að einn iðnaðarmaður komi á móti hverjum nema.

21. gr.

Enginn má hefja iðnnám yngri en 16 ára. Í iðngreinum, þar sem vinnuhættir, vinnuskilyrði, vinnutími eða önnur atvik gera slíkt nauðsynlegt, getur Iðnfræðsluráð áskilið herra aldursmark. Leita skal álits embættislæknis eða þeirra sem fara með vernd barna og unglinga áður en slík ákvörðun er tekin.

Óheimilt er að gera námssamning við unglings, nema hann hafi lokið grunnskólaprófi með einkunn er nægir til inngöngu í framhaldsskóla eða öðru prófi jafngildu, með þeim lágmarkseinkunnum sem ráðuneytið kann að áskilja.

Iðnfræðsluráði er heimilt að gera próf úr verknámsskóla (1. ár í verknámi) að skilyrði fyrir gerð námssamnings ef fyrir liggur samþykkt um slíkt frá aðilum vinnumarkaðarins í iðngreininni. Óheimilt er að gera námssamning í sérgrein, nema neminn uppfylli þau skilyrði sem sett eru fyrir námi í viðkomandi grein.

22. gr.

Um leið og meistari eða iðnfyrirtæki tekur nema til iðnnáms, þ. e. strax á fyrsta mánuði reynslutíma, skal gera um það skriflegan námssamning í þremur eintökum. Fær hvor samningsaðili sitt eintak að lokinni staðfestingu en Iðnfræðsluráð heldur hinu þriðja. Áður en samningar eru lagðir inn til staðfestingar hjá iðnfulltrúa eða Iðnfræðsluráði skal greiða gjald vegna þeirra inn á pósthólfreikning Iðnnemasambands Íslands. Gjald þetta skal vera  $1\frac{1}{2}$  % af fyrsta árs launum rafvirkjanema eins og þau eru hverju sinni. Meistari eða iðnfyrirtæki skal greiða  $\frac{2}{3}$  hluta gjaldsins en nemi  $\frac{1}{3}$  hluta. Gjald þetta rennur til fræðslustarfsemi Iðnnemasambands Íslands um iðnfræðslulöggjöfina. Menntamálaráðuneytið annast eftirlit með notkun fjáris.

Iðnfulltrúi skal staðfesta námssamninga með áritun sinni og eru þeir ógildir ella. Synji iðnfulltrúi um staðfestingu námssamnings má áfrýja til Iðnfræðsluráðs.

23. gr.

Iðnfræðsluráð leggur til ókeypiss eyðublöð undir námssamninginn og ræður gerð hans og eru námssamningar gerðir á önnur eyðublöð ógildir.

Á samningseyðublöðum skal hafa eyðu fyrir nafn þess iðnfræðsluskóla sem neminn á að sækja.

Iðnfræðsluráð skal senda greinargerð reglulega til viðkomandi iðnfræðsluskóla um hverjir hafi látið skrá sig til skólans. Iðnfræðsluráð skal halda skrá um þá námssamninga sem í gildi eru á hverjum tíma og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá ef óskað er.

24. gr.

Námstíminn telst frá dagsetningardegi námssamnings sem staðfestingu hlýtur, enda hafi nemi þá byrjað nám sitt.

Námssamning skal senda Iðnfræðsluráði eða iðnfulltrúa til staðfestingar innan eins

mánaðar frá dagsetningardegi og er við áritun Iðnfræðsluráðs eða iðnfulltrúa heimilt að breyta byrjunartíma námsins ef samningur berst eigi innan þess tíma.

#### 25. gr.

Nú fer meistari sá, sem skráður er í námssamningi sem lærimeistari nemanda, úr þjónustu iðnfyrirtækis sem löggildingu hefur hlotið, sbr. 18. grein í þessari reglugerð, og ber þá iðnfyrirtækinu að sjá nema fyrir öðrum hæfum lærimeistara í iðninni.

Iðnfyrirtækið skal þegar tilkynna Iðnfræðsluráði meistaraskipti, sem skráir þau á námssamninginn.

#### 26. gr.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar, vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum og getur þá Iðnfræðsluráð svipt hlutaðeigandi rétti til að hafa nema tiltekinn tíma eða að fullu.

Úrskurð Iðnfræðsluráðs má þó bera undir dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn var birtur aðilum.

### V. KAFLI

#### Vinnutími, orlof, slysa- og sjúkdómstílfelli.

#### 27. gr.

Iðnnemar skulu ganga til þeirra verka er þeim er skipað til. Þeir skulu vera ástundunarsamir og trúir í starfi. Daglegur vinnutími nema skal vera hinn sami sem sveins í hlutaðeigandi iðngrein samkvæmt kjarasamningi, sbr. þó 28. grein.

Nú er svo ástatt í einhverri iðngrein að ekki er fyrir hendi samningur um vinnutíma sveina og getur þá Iðnfræðsluráð ákveðið hámarksvinnutíma nema í iðngreininni með hliðsjón af vinnutíma í skyldum iðngreinum. Iðnnemum er ekki skylt að inna af hendi eftirvinnu eða helgidagavinnu og ekki má setja þá til neinnar þeirrar vinnu sem ekki lýtur að námi þeirra, er þeim um megn eða skadleg getur talist heilsu þeirra.

Kaup og kjör skulu vera samkvæmt kjarasamningum hverju sinni.

Iðnnemi skal hefja nám við iðnfræðsluskóla við upphaf námsannar og störf hjá meistara eða fyrirtæki að loknu síðasta prófi á viðkomandi námsönn. Nemandi skal, ef hann æskir þess, fá leyfi frá störfum til að vera við skólauppsögn og taka við einkunnum sínum.

#### 28. gr.

Þegar kennsla í iðnfræðsluskóla fer fram í dagskóla með fullum kennslustundafjölda skal neminn að öðru jöfnu halda kaup sínu en mæta ekki til vinnu. Verði samkomulag um að kaup sé ekki greitt meðan á skólatíma stendur greiðist samsvarandi herra kaup þann tíma sem unnið er.

Fari kennsla í iðnfræðsluskóla að hluta eða öllu leyti fram í kvöldskóla með samþykki menntamálaráðuneytisins og Iðnfræðsluráðs skal nemi, þá daga sem skóli stendur, ljúka störfum á vinnustað 2 stundum áður en skóli hefst.

Nú stundar nemi nám í iðnfræðsluskóla utan samningsbundins dagvinnutíma og getur þá Iðnfræðsluráð stytt námstíma samkvæmt samningi er svarar til þess tíma sem ella hefði dregist frá vinnutíma vegna skólanáms.

#### 29. gr.

Um orlof iðnnema fer samkvæmt lögum um orlof og ákvæði þar að lútandi í kjarasamningum

## 30. gr.

Í slysa- og sjúkdómstilfellum skal iðnnemi hjá meistara eða iðnfyrirtæki njóta sömu réttinda og gert er ráð fyrir í lögum sem gilda á hverjum tíma, svo og þeirra fríðinda umfram lög sem felast í kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Skylt er nema að leggja fram læknisvottorð í slysa- og sjúkdómstilfellum og getur meistari eða iðnfyrirtæki vísað á sérstakan trúnaðarlækni í þessu sambandi.

## 31. gr.

Heimilt er námssúlku er vera fjarverandi í allt að 3 mánuði á námstímanum vegna barnsburðar og er slíkt ekki grundvöllur samningsslita, enda hafi kaup ekki verið greitt fyrir þann tíma.

Nú hefur nemi verið fjarverandi vegna veikinda og annarra forfalla meira en 6 mánuði samtals á námstímanum og getur þá Iðnfræðsluráð ákveðið að námstíminn framlengist hæfilegan tíma.

## VI. KAFLI

**Verklegt nám á vinnustað.**

## 32. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki skal veita nema sínum kennslu í námsgreininni og sjá svo um að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum störfum er iðngreinin tekur til venju samkvæmt og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu þeirra áhalda sem notuð eru í iðngreininni. Þetta skal vera hægt að staðfesta að hafi verið gert með færslum í vinnubók.

## 33. gr.

Iðnfræðsluráð skal setja námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðslunefndar, þar sem sagt er fyrir um störf þau er nemar skulu hljóta æfingu í á námstímanum. Jafnframt skulu útbúnar vinnubækur er byggji á starfsgreiningu námsreglnanna.

## 34. gr.

Iðnnemi skal færa vinnubækur reglulega og skulu þær staðfestar jafnóðum af vinnuveitanda eða fulltrúa hans.

Vinnubókin skal hönnuð þannig að iðnnemi geti auðveldlega skráð vinnutímann í hverju starfi. Þá skal í vinnubókum ætla pláss fyrir lýsingu á einstökum verkum er nemi vinnur, en fræðslunefnd ákveður hve oft á námstímanum skuli skrá slíkar verklýsingar. Iðnfræðsluráð annast útgáfu vinnubókanna.

Iðnnemi skal framvísa vinnubók sinni árlega hjá iðnfulltrúa eða eftirlitsmanni sem Iðnfræðsluráð tilnefnir. Þeir ganga úr skugga um hvort störf nemans séu í samræmi við námsreglur hlutaðeigandi iðngreinar. Ef misbrestur reynist á færslu vinnubókar eða störf nemans ekki í samræmi við námsreglur hlutast þeir til um að úr verði bætt.

## 35. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni og fylgjast með að námsreglum sé framfylgt. Í þessu skyni geta þeir lagt fyrir aðila að framvísa vinnubókum hvenær sem er og heimsótt vinnustöðvar er nemar eru að verki.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir eða eftirlitsmenn er Iðnfræðsluráð skipar sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir nánari ákvörðun Iðnfræðsluráðs hverju sinni.

Iðnfulltrúar geta látið fara fram skyndipróf í samráði við prófnefndir hvenær sem er á námstímanum í því skyni að kanna hæfni nema.

Hafi nemi eigi hlotið fullnægjandi fræðslu og æfingu, miðað við námsáætlun og hve langt er liðið á námstímann, geta iðnfulltrúar lagt fyrir meistara og iðnfyrirtæki að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir úrskurð Iðnfræðsluráðs.

### 36. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustað þar sem nemi stundar nám sitt og skal hann þá eigi taka þátt í framleiðslustörfum. Aftur á móti er nema skylt að mæta til æfingar og meðferðar véla og verkfæra á vinnustað þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi að telja má að nemi missi verulega úr verklegu námi hennar vegna og getur þá Iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

## VII. KAFLI

### Prófnefndir.

### 37. gr.

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreininar á þeim stöðum sem hafa fullnægjandi aðstöðu.

Iðnfræðsluráð setur prófnefndum starfsreglur samkvæmt tillögum fræðslunefnda. Í starfsreglum skal kveðið á um framkvæmd prófa, aðstöðu, einkunnagjöf, notkun samræmdra prófa og prófbanka.

Komi fram ósk frá samtökum vinnumarkaðarins í iðngreininni um samræmt sveinspróf er heimilt að skipa yfirprófnefnd til að annast framkvæmd sveinsprófsins.

### 38. gr.

Verkefni prófnefnda er að annast framkvæmd sveinsprófa og að dæma þau í samræmi við starfsreglur.

Þar til próf hafa verið samræmd skulu prófnefndir semja sveinspróf, sjá um framkvæmd og prófdóma, svo sem tíðkast hefur. Ennfremur annast prófnefndir eftirlit með iðnnámi eftir nánari ákvörðun Iðnfræðsluráðs hverju sinni.

### 39. gr.

Í prófnefnd skulu vera þrír menn að jafnaði bæði meistarar og sveinar og skulu þeir skipaðir af Iðnfræðsluráði til þriggja ára í senn. Jafnmargir skulu skipaðir til vara séu þeir til á staðnum. Tveir prófnefndarmenn skulu skipaðir að fengnum tillögum hlutadeigandi iðnráðs eða iðnaðarmannafélags þar sem iðnráð er ekki til, enda hafi það ráðfært sig við hlutadeigandi iðnfélög séu þau til á staðnum, en ella samiðnaðarmenn á viðkomandi stað. Hinn þriðja skipar Iðnfræðsluráð án tilnefningar og skal hann vera formaður prófnefndar.

Nú er hvorki til iðnráð né iðnaðarmannafélag á staðnum og getur þá Iðnfræðsluráð ráðfært sig við iðnaðarmenn á staðnum um skipun prófnefndar.

Iðnfræðsluráð skipar formann og aðra prófnefndarmenn. Það sendir prófnefndarmönnum skipunarbréf og reglugerð þessa ásamt öðrum upplýsingum um framkvæmd sveinsprófa. Varamönnum skal einnig senda skipunarbréf prófnefndar.

Iðnfræðsluráð heldur námskeið fyrir prófnefndarmenn. Á námskeiðum skal farið yfir helstu þætti við framkvæmd prófa, skyldur prófnefndarmanna og notkun samræmdra prófa og prófbanka.

## 40. gr.

Nú er á einhverjum stað ekki til prófnefnd og ber þá meistara eða iðnfyrirtæki að snúa sér til Iðnfræðsluráðs sem bendir á prófstað í samráði við fræðslunefnd.

Nú er prófstaður ákveðinn í öðru byggðarlagi og greiðir þá meistari eða iðnfyrirtæki þann kostnað er hlýst af ferðum og dvöl próftaka á prófstað.

## 41. gr.

Prófnefndarmaður viku úr sæti í prófnefnd, ef hann er meistari nema eða hefur verið kennari hans á verksskólabraut, skyldur honum að feðgatali eða niðja, eða öðrum lið til hliðar, maki hans, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Ennfremur skal prófnefndarmaður vikja úr sæti sé hann starfsmaður hjá meistara þeim eða iðnfyrirtæki er próftaki stundar nám hjá. Prófnefndarmaður viku í slíkum tilfellum úr prófnefnd og tekur varamaður þá sæti í prófnefndinni. Sé enginn varamaður til skal Iðnfræðsluráð skipa prófnefndarmann hverju sinni. Aldrei mega tveir menn frá sama iðnfyrirtæki vera prófdómendur samtímis.

## 42. gr.

Iðnfræðsluráð getur vikið prófnefndarmanni úr starfi ef hann vanrækir starf sitt eða brýtur af sér á annan hátt að mati Iðnfræðsluráðs. Verði ágreiningur milli prófnefndar og próftaka eða meistara hans skal honum vísað til úrskurðar Iðnfræðsluráðs.

Getur Iðnfræðsluráð tilnefnt sérstaka trúnaðarmenn til að fjalla um ágreininginn. Skyll er prófnefnd að varðveita öll gögn er ágreininginn varða og afhenda þau Iðnfræðsluráði eða fulltrúum þess, þar með talið prófverkið sjálft eins og próftaki skilaði því, eftir því sem við verður komið.

Þegar notuð eru samræmd sveinspróf skal leitað álits viðkomandi fræðslunefndar um ágreiningsatriðin áður en Iðnfræðsluráð sker úr ágreiningnum. Úrskurður Iðnfræðsluráðs er lokaúrskurður.

## 43. gr.

Kostnaður við prófnefndir greiðist úr ríkissjóði.

Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun prófnefndarmanna og setur reglur um uppgjör prófkostnaðar.

Viðkomandi lögreglustjóri greiðir prófnefndarmönnum þóknun fyrir prófstörfin samkvæmt reikningi þegar prófnefnd skilar sveinsbréfum til undirritunar.

## 44. gr.

Viðkomandi fræðslunefnd skal hafa eftirlit með störfum prófnefnda í sinni iðngrein. Fræðslunefndin getur falið eftirlitsmönnum að fylgjast með prófunum og meta hvort aðstaða sé fullnægjandi.

## 45. gr.

Prófnefnd skal, eftir því sem kostur er, láta prófin fara fram í aðstöðu sem próftaki þekkir. Sé nauðsynlegt að prófið fari fram á ókunnum stað, skal próftaka heimilt að kynna sér aðstaður eina viku fyrir próf. Prófnefnd skal ganga úr skugga um að öll áhöld, tæki, vélar og efni séu til staðar við próftöku og er meistara skylt að leggja til það sem prófnefnd telur nauðsynlegt.

## 46. gr.

Prófnefnd skal halda gerðabók um störf sín og ber að færa til bókar allar ákvarðanir prófnefndar varðandi undirbúning, tilhögun og framkvæmd sveinsprófa. Ennfremur nöfn próftaka og meistara, svo og einkunnir þær sem gefnar eru við próf.

Verði ágreiningur milli prófnefndarmanna eða milli þeirra og próftaka skal bóka stuttorða greinilega lýsingu á ágreiningsatriðum, svo og þá afgreiðslu sem ágreiningurinn fær sé honum ekki áfrýjað til Iðnfræðsluráðs. Iðnfræðsluráð á rétt á að kynna sér gerðabók prófnefndar sé þess óskað. Þegar gerðabók er útskrifuð ber að afhenda hana Iðnfræðsluráði til varðveislu. Þá skal prófnefnd færa lausblaðabók (sveinsprófsbók) er í sé fært nafn próftaka, nafnúmer, fæðingardagur, -ár og staður, námstími og iðn, nafn og heimili lærimeistara, prófverkefni, svo og einkunnir í einstökum greinum og aðaleinkunn er nemi fær við prófið. Nefnist sú bók prófbók og skal færast í sexriti. Skal prófnefnd að loknu sveinsprófi afhenda viðkomandi lögreglustjóra eitt eintak, Iðnfræðsluráði annað, Landssambandi iðnaðarmanna hið þriðja og Alþýðusambandi Íslands það fjórða, próftakanum hið fimmta og halda því sjötta fyrir sig.

### VIII. KAFLI

#### Áfangapróf verkleg og fagleg bóknámspróf.

47. gr.

Heimilt er Iðnfræðsluráði að mæla fyrir um próf þegar nemi hefur lokið helmingi námstímans eða meira.

Fræðslunefnd viðkomandi iðngreinar skal gera tillögur til Iðnfræðsluráðs um innihald prófsins og framkvæmd þess.

48. gr.

Tilgangur prófsins er að upplýsa nema, kennara og vinnuveitendur um stöðu nemans í náminu og hvaða þætti námsins þarf að leggja áherslu á.

49. gr.

Iðnfræðsluráð setur sérstakar reglur um framkvæmd áfangaprófa fyrir hverja iðngrein.

### IX. KAFLI

#### Um sveinspróf.

50. gr.

Heimilt er að taka hvern þann til sveinsprófs sem lokið hefur löglegum námssamningi eða iðnnámi á vegum iðnfræðsluskóla með tilskilinni starfsþjálfun þar sem það á við.

Þá er heimilt að taka þá til sveinsprófs er hafa heimild menntamálaráðuneytisins til verklegs sveinsprófs eingöngu, samanber 35. grein laga um iðnfræðslu nr. 68/1966 og 5. gr. laga nr. 18/1971.

51. gr.

Þegar námstími er á enda og nemi hefur lokið burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla skal hann ljúka samræmdu sveinsprófi er sanni hæfni hans sem fagmanns. Prófið skal vera svo marktækt og mæla svo vel þekkingu og færni að skilyrði um námstíma verði veigaminni en áður.

Inn í sveinspróf skal taka til mats öll annapróf er nemi hefur lokið í iðnfræðsluskóla.

Öll sveinspróf, hvar sem þau eru tekin á landinu, skulu vera í samræmi við ákvörðun fræðslunefndar viðkomandi iðngreinar.

Í þeim iðngreinum, sem kenndar eru í framhaldsdeildum verknámsskóla, skal haga svo til að hægt sé að tengja saman sveinspróf og lokapróf úr framhaldsdeildum á verknámsbraut.

Sveinspróf skulu fara fram á viðurkenndum prófstað, t. d. í húsnæði iðnfræðsluskóla eða öðru sambærilegu.

Standist nemi sveinspróf ber að gefa út, honum til handa sveinsprófsskírteini, undirritað af formanni prófnefndar og lögreglustjóra.

#### 52. gr.

Þá er nemi hefur lokið iðnnámi skal meistari snúa sér til formanns viðkomandi prófnefndar í iðninni með beiðni um að neminn fái að ganga undir sveinspróf. Beiðninni, sem skal vera skrifleg, skal fylgja:

1. námssamningur nema eða yfirlýsing iðnfræðsluskóla um að viðkomandi hafi lokið tilskildu námi og starfsreynslu,
2. vinnubók nemans,
3. fæðingar- og skírnarvottorð nemans,
4. burtfararprófsskírteini frá iðnfræðsluskóla,
5. greiðsla fyrir kostnað við próftöku (sjá 53. gr.).

Sá sem hefur heimild menntamálaráðuneytisins til að þreyta verklegt sveinspróf eingöngu skal leggja fram skírteini ráðuneytisins þar að lútandi ásamt:

1. fæðingar- og skírnarvottorði,
2. greiðslu fyrir kostnað við próftöku.

Nú eru, þegar sveinspróf hefst í iðninni, tveir mánuðir eða skemmri tími eftir af námstíma nema samkvæmt námssamningi og getur þá Iðnfræðsluráð heimilað nemanum að þreyta sveinspróf, enda hafi hann lokið burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla. Þó skal eigi gefa út sveinsbréf til próftaka, þótt hann standist prófið, fyrir en námstíma hans er lokið samkvæmt námssamningi og skal sveinsprófi talið lokið sama dag og námstíma lýkur.

#### 53. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki greiðir fyrir próftaka þann kostnað sem ekki greiðist af opinberu fé, svo sem efnisgjald og kaup próftaka meðan á prófi stendur þegar það á við samkvæmt samningi. Þeir sem hafa leyfi menntamálaráðuneytisins til verklegs sveinsprófs eingöngu, svo og þeir sem þreyta próf í annað og þriðja skipti, skulu greiða prófkostnað sjálfir.

#### 54. gr.

Nú háttar svo til að prófverk er smíði hlutar sem próftaki vill sjálfur eiga og er honum það þá heimilt, enda standi hann sjálfur straum af kostnaði við prófið nema sveinsprófgjaldi.

Þegar prófverkið er hluti af verkframkvæmd og greitt er fyrir það sem slíkt skal sú launagreiðsla renna til próftaka, enda greiðir meistari þá ekki laun hans á meðan á prófi stendur.

#### 55. gr.

Hafi nemi ekki staðist sveinspróf í iðninni skal hann eiga rétt á að ganga undir það á ný þegar það er næst haldið, enda sé hann sjálfráður um það hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram.

Enginn nemandi hefur rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftár en þrisvar sinnum, þó má ekki líða lengri tími en tvö ár frá því að hann þreytti próf fyrst í iðninni og þar til hann þreytir próf í þriðja sinn. Ráðherra getur þó lengt tveggja ára frestinn ef sérstaklega stendur á.

Hafi próftaki ekki staðist prófið getur hann sjálfur snúið sér til formanns prófnefndar með beiðni um að fá að ganga undir sveinspróf á ný.

## 56. gr.

Sveinspróf skal halda a. m. k. tvisvar á ári og miðast við lok anna í iðnfræðsluskólum eftir nánari ákvörðun Iðnfræðsluráðs í samráði við fræðslunefndir.

Skal auglýsa prófið með a. m. k. tveggja vikna fyrirvara.

Umsóknir um próftöku skulu komnar til formanns prófnefndar fyrir 1. þess mánaðar er próf skal fara fram í.

## 57. gr.

Prófverkefni skulu vera skrifleg, munnleg og verkleg, er prófa hæfni nemans sem væntanlegs iðnaðarmanns í samræmi við ákvörðun fræðslunefndar í umboði Iðnfræðsluráðs.

## 58. gr.

Iðnfræðsluráð setur, að fengnum tillögum fræðslunefndar, reglur um prófverkefni og tilhögun sveinsprófs í hverri iðngrein og sérgrein um sig.

Skal Iðnfræðsluráð hafa frumkvæði um að reglur þessar séu endurskoðaðar svo oft sem þurfa þykir í samráði við fræðslunefnd hlutadeigandi iðngreinar.

Iðnfræðsluráð annast samræmingu sveinsprófa og aðstöðu til próftöku um land allt í samráði við fræðslunefndir, m. a. með gerð samræmdra prófa, stofnun prófbanka og fækkun prófstaða.

Ráðið veitir tæknilega aðstoð við ákvörðun um innihald prófa og endanlega gerð þeirra, samanber 8. grein.

Iðnfræðsluráð gefur út sérstakar reglur um framkvæmd prófa að fengnum tillögum fræðslunefnda.

Ráðið setur reglur um rekstur prófbanka, endurnýjun o. fl. þess háttar. Það felur sérfróðum manni umsjón bankans, jafnframt því sem hann aðstoðar og leiðbeinir fræðslunefndum og prófnefndum eftir því sem við á.

## 59. gr.

Fræðslunefnd ákveður prófverkefni í samræmi við gildandi reglur. Ákvörðun þarf að taka svo snemma fyrir hvert sveinspróf að prófgögn berist tímanlega til prófnefnda. Fyrirmæli um framkvæmd og annað fylgi prófgögnum, svo og hlutfallslegt prófmat ásamt viðurkenndum lausnum verkefna.

## 60. gr.

Í sveinsprófi skal gefa sérstaka einkunn fyrir hvern þátt prófsins, svo og vinnuhraða og vinnubrögð.

Fyrir hvern einstakan þátt skal meta árangur próftaka í hundraðshlutum af besta mögulegum árangri. Prófnefndin skal síðan meta heildarárangur próftaka, bæði í prófinu sjálfu og í öðrum prófum er próftaki hefur lokið, samanber 51. grein. Prófnefnd ákveður vægi hinna ýmsu þátta, ef ekki er tekið fram vægið í prófreglum samanber 58. grein.

Meta skal árangur próftakans í hundraðshlutum af besta mögulegum árangri og deila í þá tölu með 10 til að fá þá einkunn er gefa skal. Sveinsprófseinkunn skal meta til flokkunar samkvæmt því sem segir í eftirfarandi töflu:

Meðaltalsárangur í hundraðshlutum	Einkunn	Flokkun
90—100	9,0—10,0	Ágætiseinkunn
73—89	7,3—8,9	1. einkunn
60—72	6,0—7,2	2. einkunn
50—59	5,0—5,9	3. einkunn



Ekki má láta neinn fá sveinsbréf sem fær minna en 5,0 í aðaleinkunn, verklegu prófi og teikningu eða minna en 4,0 í almennum greinum og 5,0 í faggreinum, sérgreinum og verklegum greinum.

## 61. gr.

Prófnefnd sendir fræðslunefnd skýrslu ef prófið fer ekki fram samkvæmt reglum.

Þegar próftaki hefur lokið prófi skal prófnefndin þegar gefa viðkomandi lögreglustjóra skýrslu um prófið á frumriti sveinsprófsbókar.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir öll sveinsbréf, útgefin í umdæmi hans. Lögreglustjóri leggur til eyðublöð undir sveinsbréfin.

Sveinsbréfin skulu gerð í bókarformi eða samanbrotin í hylki eftir nánari ákvörðun Iðnfræðsluráðs. Sveinsbréfin skulu vera af tveimur gerðum. Önnur með yfirskriftinni „SVEINSBRÉF“ og skal gefa þá gerð út til handa þeim sem lokið hafa iðnnámi og burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla. Hin gerðin skal vera með yfirskriftinni „SVEINSBRÉF, veitir ekki rétt til meistarábréfs“ og skal gefa þá gerð út til handa þeim sem lokið hafa prófi í sérgrein eða prófi í verklegum hluta sveinsprófs eingöngu.

Óski einhver iðngrein eftir að hafa sérstaka gerð á sveinsbréfinu skal það heimilt á kostnað hlutadeigandi iðngreinar en þó því aðeins að Iðnfræðsluráð samþykki útlit sveinsbréfsins.

Á sveinsbréfinu skulu eftirtalin atriði að minnsta kosti koma fram:

1. fullt nafn próftaka,
2. nafnnúmer,
3. fæðingardagsetning,
4. að viðkomandi hafi lokið sveinsprófi í iðn eða sérgrein,
5. nafn iðngreinar eða sérgreinar,
6. sveinsprófseinkunnir,
7. lýsing á prófverki,
8. nafn fyrirtækis, meistara og iðnfræðsluskóla,
9. útgáfudagsetning,
10. undirskrift formanns prófnefndar,
11. undirskrift lögreglustjóra,
12. neðanmáls skal setja flokkun einkunna samkvæmt 60. grein,
13. yfirlýsing á enskri tungu um að viðkomandi hafi staðist sveinspróf í greininni samkvæmt lögum og reglugerðum,
14. staðfesting lögreglustjóra á yfirlýsingunni.

## C. IÐNFRÆÐSLUSKÓLAR

### X. KAFLI

#### Iðnfræðsluskólar.

## 62. gr.

Iðnfræðsluskólar, sem reglugerð þessi tekur til, nefnast einu nafni eftirtaldir skólar:

- a) Iðnskólar og samsvarandi iðnbrautir fjölbrautaskóla, sbr. 65. grein, sem veita fræðslu nemendum sem nema vilja iðn til sveinsprófs, svo og bóklega fræðslu vegna náms í verksmiðjuíðnaði, í reglugerð þessari kallaðar iðnnámsbrautir.

- b) Verknámsskólar iðnaðarins, framhaldsdeildir þeirra og samsvarandi verknámsbrautir fjölbrautaskóla, sbr. 73. grein, sem veita verklega og bóklega fræðslu um iðnaðarstörf, bæði fyrir verksmiðjuíðnað og fyrir nám til sveinsprófs, í reglugerð þessari kallaðar verknámsbrautir.
- c) Sérskólar einstakra iðngreina, sbr. 85. grein, sem hafa sama markmið og skólar þeir sem nefndir eru í a) og b).
- d) Meistaraskólar, sbr. 88. grein, sem ætlaðir eru þeim sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðnaði.

## 63. gr.

Skólaumdæmi skulu vera sem hér segir og starfi a. m. k. einn iðnfræðsluskóli í hverju umdæmi:

1. Vesturlandsumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla.
2. Vestfjarðumdæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvíkurkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.
3. Norðurlandsumdæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður.
4. Norðurlandsumdæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Suður-Pingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður, Norður-Pingeyjarsýsla.
5. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður, Austur-Skaftafellssýsla.
6. Suðurlandsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnassýsla, Selfosskaupstaður.
7. Vestmannaeyjaumdæmi: Vestmannaeyjakaupstaður.
8. Reykjanesumdæmi: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður.
9. Hafnarfjarðarumdæmi: Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Kjósarsýsla.
10. Reykjavíkurborg.  
Ráðherra getur, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, gert breytingar á skólaumdæmum.  
Ennfremur getur ráðherra löggilt sérskóla einstakra iðngreina.

## 64. gr.

Ráðherra ákveður hvar skólasetur hvers skólaumdæmis samkvæmt 63. grein skuli vera, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs og sýslunefnda og bæjarstjóra í hlutaðeigandi skólaumdæmi.

Að jafnaði skal ákveða skólasetur þar sem nemendafjöldi hefur verið mestur innan hvers skólaumdæmis, miðað við næstu 5 ár á undan, enda hafi verið um samfellt skólahlad að ræða.

Við ákvörðun skólasetra skal ennfremur taka tillit til atvinnuhátta, samgangna og eðlilegra tengsla við aðrar fræðslu- og þjónustustofnanir í skólaumdæminu.

## XI. KAFLI

### Iðnnámsbrautir.

## 65. gr.

Iðnnámsbrautir veita fræðslu nemendum sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkvæmt reglugerð þessari, svo og nemendum sem stunda verklegt nám á verk-

námsbrautum eða öðrum skólavinnustöðum, eftir því sem við á og ákveðið er í reglugerð þessari. Þá veita skólar þessir fræðslu, bóklega og verklega, þeim sem stunda nám í verksmiðjuíðnaði, eftir því sem segir í námsreglum og námsskrám.

Ennfremur er sömu skólum heimilt að efna til námskeiða í bóklegum og verklegum greinum ef henta þykir, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til hverju sinni.

#### 66. gr.

Iðnfræðsluskólar skulu vera dagskólar.

Nemendum á námssamningi skal kenna á 3 námsönnum, hverri sem næst 16 kennsluvikum. Heimilt er að kenna námsefnið hvort heldur er í áfangakerfi eða bekkjarkerfi, en stefnt skal að því að hliðstætt námsefni sé kennt á hverri námsönn beggja kerfanna samkvæmt námsskrá hlutaðeigandi iðngreinar. Námsannir skulu dreifast sem jafnast á námstíma hvers nemanda. Þó er heimilt að haga náminu á annan hátt ef svo er mælt fyrir í námsreglum hlutaðeigandi iðngreinar.

Heimilt er, að fengnu samþykki Iðnfræðsluráðs og menntamálaráðuneytisins, að hafa annað fyrirkomulag á kennslunni en fyrir er mælt í fyrstu málsgrein þessarar greinar, enda verði fullum kennslustundafjöldi náð samkvæmt námsskrá.

Kennsla þeirra er stunda nám í verksmiðjuíðnaði skal fara eftir námsreglum og námsskrá, sbr. 3. grein.

#### 67. gr.

Almenn inntökuskilyrði iðnnámsbrauta eru þessi:

1. að nemandi hafi lokið grunnskólaprófi með einkunn sem nægir til inngöngu í framhaldsskóla eða,
2. að viðkomandi hafi lokið öðru prófi jafngildu með lágmarkseinkunnum sem menntamálaráðuneytið kann að áskilja.

Setja má sérstök inntökuskilyrði fyrir sérgreinar í samræmi við námsreglur og námsskrár þeirra.

#### 68. gr.

Heimilt er skólum að halda uppi fornámi fyrir þá sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi með einkunnum sem nægja til inngöngu í framhaldsskóla.

Ekki skal íþyngja þeim með námi í greinum sem þeir hafa lokið prófum í með fullnægjandi árangri.

#### 69. gr.

Innritun skal fara fram samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins hverju sinni. Strax eftir að innritun er lokið skal menntamálaráðuneytinu tilkynnt um fjölda innritaðra nemenda í hverja iðngrein og á hverja námsönn innan iðngreinar.

Menntamálaráðuneytið ákveður, að höfðu samráði við viðkomandi skólayfirvöld, hvaða iðngreinar skuli kenndar við skólann, sé um fámennari starfsgreinar að ræða. Skólinn er því aðeins skyldugur til að taka nema úr sínu umdæmi að greinin sé kennd við skólann. Skylt er að veita viðtöku nemum úr öðrum skólaumdæmum í þeim greinum sem kenndar eru við skólann ef viðkomandi sveitarfélag samþykkir greiðsluskyldu sína og unnt reynist að veita skólavist.

Nemendur skulu hafa löglegan námssamning og fullnægja öðrum settum skilyrðum. Iðnfræðsluráð tilkynnir skólunum um þá iðnnema sem innrita skal í skólann, sbr. 21. grein, samkvæmt námssamningi og skal skólinn ákveða námsferil nemandans í skólanum og tilkynna hann nema og meistara eða iðnfyrirtæki. Við slíka ákvörðun námsferils skal ætíð hafa í huga að neminn geti lokið skólanámi á samningstímanum.

Ennfremur skal senda sömu aðilum árlega tilkynningu um hvenær nemi skuli koma í skóla.

Meistarar og iðnnemar skulu tilkynna forföll, en meistarar, sem sanna ekki forföll nemenda sinna, skulu greiða fullan skólakostnað að mati skólans ef nemandinn vill halda áfram námi.

Nú getur nemandi einhverra hluta vegna ekki sótt skóla á tilsettum tíma og skal þá sækja um skólavist á öðrum tíma til skólastjórnar með a. m. k. fjögurra vikna fyrirvara.

## XII. KAFLI

### Um kennslu og námsefni á iðnnámsbrautum.

#### 70. gr.

Kennslugreinar skulu vera:

#### A. almennar greinar:

íslenska  
danska  
enska  
stærðfræði  
eðlisfræði  
efnafræði  
bókfærsla  
samfélagsfræði

#### B. faggreinar:

Skipting fag- og sérgreina í kennslu skal byggjast á tillögum fræðslunefnda og samþykktum Iðnfræðsluráðs.

Þó skal ætíð kenna þessar greinar:

hjálp í viðlögum  
öryggi á vinnustað  
áætlanagerð í iðninni  
efnisfræði iðnarinnar  
áhaldafræði iðnarinnar  
iðnfélagsfræði iðnarinnar.

#### C. ípróttir:

Kennslu skal hagað í samræmi við fyrirmæli menntamálaráðuneytisins um ípróttakennslu á framhaldsskólastigi.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um tímaskiptingu kennslugreina að fengnum tillögum fræðslunefnda og Iðnfræðsluráðs.

#### 71. gr.

Kennsla í faggreinum fer eftir námsskrám sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

Kennsla í almennum greinum fer eftir námsskrá er menntamálaráðuneytið setur.

Allt iðnnám skal sett upp í námseiningar. Í vel skipulögðu skólanámi, verklegu og bóklegu, skulu tvær kennslustundir á einni önn teljast ein námseining. Þá skal einnig meta tilskilda starfsreynslu undir umsjá meistara til námseininga. Fræðslunefnd í hverri grein gerir tillögur um lágmarksfjölda námseininga, ásamt innihaldi þeirra og röðun, sem ljúka þarf til að öðlast sveinsréttindi í iðninni.

#### 72. gr.

Lengd hverrar kennslustundar og fjölda þeirra í hverri námsgrein skal miða við að ná þeim heildarstundafjölda sem gert er ráð fyrir í námsskrá. Vikulegur kennslutími nema má

ekki fara fram úr 40 klst. á viku og að jafnaði skal ekki kenna hverjum nema lengur en 8 klst. á dag.

Óheimilt er skóla, án sérstakrar heimildar menntamálaráðuneytis, að skerða þann stundafjölda sem gert er ráð fyrir í námsskrá og verði um endurtekin forföll kennara að ræða skal skólinn bæta nemendum slík forföll.

Stjórn skólans ákveður námsefni á undirbúningsnámskeiðum að fengnu samþykki Iðnfræðsluráðs.

### XIII. KAFLI Verknámsbrautir.

#### 73. gr.

Verknámsbrautir veita fræðslu, verklega og bóklega, um undirstöðuatriði iðnaðarstarfs. Kennslan skal miða að því að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á vélum og verkfærum sem notuð eru og efnum sem unnið er úr, jafnframt því sem áhersla skal lögð á þjálfun þeirra í starfi á kerfisbundinn hátt með það að markmiði að nemendur verði sem hæfastir til starfs í starfsgrein sinni að námi loknu.

#### 74. gr.

Inntökuskilyrði verknámsbrauta skulu vera:

1. að nemandi hafi lokið grunnskólaprófi með einkunn sem nægir til inngöngu í framhaldsskóla eða,
2. að viðkomandi hafi lokið öðru prófi jafngildu með þeim árangri sem menntamálaráðuneytið kann að áskilja.

#### 75. gr.

Verknámsbrautir skulu að jafnaði starfa frá 1. september til 31. maí ár hvert. Heimilt er þó að víkja frá þessu með samþykki menntamálaráðuneytisins, til dæmis með byrjunartíma að hausti eða sumarönn, enda skerðist ekki heildarnámstíminn.

Náminu skal skipt á 2 námsannir hvorri með sjálfstæðu námsmati og sjálfstæðum prófum í bóknámsgreinum og verknámsgreinum.

#### 76. gr.

Kennslu á verknáms- og framhaldsbrautum skal hagað samkvæmt námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs og viðkomandi fræðslunefnda.

#### 77. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, að starfrækja skuli framhaldsbrautir verknámsbrauta, sbr. 82. grein, í iðngreinum þar sem erfitt er að koma við námi á vinnustað. Má á sama hátt ákveða að námið fari að öllu leyti fram á verknámsbraut með framhaldsbraut, enda hafi skólinn hæfa meistara með kennslufræðimenntun í þjónustu sinni (sbr. lög nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra).

Í þessum tilvikum ber skólanum að sjá svo um að nemandinn hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum störfum er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhaldna sem notuð eru í greininni. Um námstíma á framhaldsbrautum, námsefni og námstilhögun gilda ákvæði 82. greinar.

Inntökuskilyrði á framhaldsbrautir er að nemandi hafi áður lokið námi með fullnægjandi árangri á verknámsbraut viðkomandi iðngreinar. Iðnfræðsluráði er þó heimilt að setja sérstakar reglur um inngöngu á framhaldsbraut að fengnum tillögum viðkomandi fræðslunefndar. Slíkar reglur skulu hljóta samþykki menntamálaráðuneytisins.

## 78. gr.

Ráðherra ákveður, að fenginni umsögn Iðnfræðsluráðs, hvaða verknám megi starfrækja við hinar ýmsu skólastofnanir. Hið sama gildir um framhaldsbrautir verknámsbrauta.

Óheimilt er að hefja kennslu í nýjum verknámsgreinum án umsagnar Iðnfræðsluráðs og heimildar ráðherra.

Áður en Iðnfræðsluráð gengur frá tillögum sínum skal liggja fyrir álit samtaka launafólks og vinnuveitenda í viðkomandi starfsgreinum í skólaumdæminu.

## 79. gr.

Pegar um er að ræða verkskólabrautir fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins skulu gilda sömu inntökuskilyrði og getið er um í 74. grein. Til stofnunar og starfrækslu þarf sömu heimildir og getið er um í 78. grein en heimilt er að víkja frá hlutfalli milli bóklegrar og verklegrar kennslu verknámsbrauta með heimild Iðnfræðsluráðs og menntamálaráðuneytisins.

## 80. gr.

Nemendur, sem lokið hafa fullnaðarprófi af verknámsbraut, skulu eiga rétt til styttingar á námstíma sínum ef þeir ráðast í iðnnám hjá meistara eða iðnfyrirtæki (sbr. 13. grein).

## XIV. KAFLI

**Um kennslu og námsefni í verknámsskóla.**

## 81. gr.

Verkleg kennsla fer fram samkvæmt námskrá sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs og umsögn viðkomandi fræðslunefndar.

## 82. gr.

Nú heimilar ráðuneyti, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, að skólastofnun starfræki framhaldsbrautir og skal þá því aðeins leyfa að iðnnám til sveinsprófs fari fram að fullu á vegum viðkomandi skólastofnunar að starfsreynsla í atvinnulífi samkvæmt námsreglum sé minni en 1 ár og sérstakt leyfi Iðnfræðsluráðs komi til.

## 83. gr.

Á verknámsbrautum skal lögð áhersla á að kynna nemendum gildandi reglur um öryggi og slysavarnir á vinnustað.

## 84. gr.

Iðnfræðsluskóli leggur nemendum til efni og verkfæri til verknámsins. Nemendur leggja sér til vinnuklæði í samræmi við þær reglur sem skólinn setur.

Munir og önnur verðmæti, sem framleidd eru í vinnustofum skólanna, eru eign þeirra en heimilt skal nemendum að eignast þá muni, sem þeir gera sjálfir, gegn greiðslu efniskostnaðar. Á þetta einkum við um verkfæri sem nemendur hafa gert og geta haft þýðingu fyrir áframhaldandi starf þeirra.

Að öðru leyti ráðstafar stjórn skólanna því sem nemendur hafa unnið. Iðnfræðsluskóli greiðir slysatryggingagjald fyrir þá nemendur sína sem ekki eru á námssamningi hjá meistara.

## XV. KAFLI

### Sérskólar einstakra iðngreina.

85. gr.

Sérskólar teljast þeir skólar sem ráðuneytið viðurkennir, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs, til þess að veita fræðslu, bóklega og verklega, nemendum einstakra iðngreina.

86. gr.

Um inntökuskilyrði, námsefni, námsskrá, próf og aðra tilhögun námsins gilda ákvæði reglugerðar þessarar, eftir því sem við á.

87. gr.

Þessir skólar eru viðurkenndir:

- a) Hótel- og veitingaskóli Íslands, fyrir nemendur í matreiðslu og framreiðslu. Sjá enn fremur lög nr. 66/1971.
- b) Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi, fyrir nemendur í skrudgarðyrkju.
- c) Vélskóli Íslands, fyrir nemendur í málmiðnaðargreinum, sbr. reglugerð um vélstjóránám nr. 200/1974.

## XVI. KAFLI

### Meistaraskólar.

88. gr.

Markmið meistaraskóla er að veita fræðslu og þjálfun þeim sem lokið hafa sveinsprófi svo að þeir geti staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði.

89. gr.

Þeim einum, sem lokið hafa fullgildu sveinsprófi og unnið undir stjórn meistara í a. m. k. 1 ár, skal leyft að hefja nám í meistaraskóla. Krefjast má ákveðinnar lágmarks-einkunnar úr iðnfræðsluskóla og á sveinsprófi. Lágmarkseinkunn, sé hennar krafist, skal ákveðin af ráðherra að fengnum tillögum viðkomandi fræðslunefndar og að fenginni umsögn Iðnfræðsluráðs.

90. gr.

Kennslugreinum meistaraskóla er skipt í fjóra höfuðflokka og eru þeir þessir:

1. rekstrarfræði,
2. verkfyrirsögn og verkkennsla,
3. bókleg iðnfræði, sérhæfð fyrir hverja iðngrein,
4. verkleg iðnfræði, sérhæfð fyrir hverja iðngrein.

Í námsskrám skal tilgreina einstakar námsgreinar og innihald þeirra.

## 91. gr.

Námsskrár skulu settar sameiginlega fyrir allar iðngreinar eða hóp iðngreina í rekstrarfræðum, verkfyrirsögn og verkkenndu. Fræðslunefnd hværrar iðngreinar skal gera tillögur til Iðnfræðsluráðs um námsskrá í bóklegri og verklegri iðnfræði viðkomandi iðngreinar.

Námsskrár skulu vera skiptar í námsgreinar innan höfuðflokka (sjá 90. grein). Hverri námsgrein skal vera skipt í hæfilega áfanga svo að unnt verði að kenna námsefni meistarskóla í áfangakennslu.

## 92. gr.

Meistaraskóla, námsbraut fyrir iðnmeistara, má starfrækja við þær stofnanir sem menntamálaráðherra heimilar að fenginni umsögn Iðnfræðsluráðs.

Heimildina má binda við höfuðflokka (sbr. 90. grein) eða tiltekna iðngreinar.

## 93. gr.

Iðnfræðsluráð lætur útbúa prófbanka og samræmd próf fyrir einstakar námsgreinar í meistarskóla.

Skólastofnun, er starfrækir meistrabraut, skal við upphaf kennslu tilkynna Iðnfræðsluráði í hvaða höfuðflokkum og/eða iðngreinum kennt verður, svo og próftíma og nemendafjölda. Iðnfræðsluráð leggur til námsmatsgögn og skráir einkunnir hvers próftaka í spjaldskrá meistrabrautar samkvæmt upplýsingum skólans.

Iðnfræðsluráð getur sett nánari reglur um framkvæmd samræmingarinnar.

Pegar nemi hefur lokið öllum áföngum, sem tilskildir eru fyrir viðkomandi iðngrein, skal gefa út honum til handa skírteini um meistaraþróf.

## 94. gr.

Um veitingu meistaraþréfs fer samkvæmt lögum nr. 42/1978.

## XVII. KAFLI

**Um námsmat.**

## 95. gr.

Tilgangur námsmatsins er:

- a) að veita nemendum upplýsingar um gengi þeirra í náminu;
- b) að örva nemendur til að leggja sig fram við námið;
- c) að veita kennurum og nemendum upplýsingar um ýmsa þætti kennslunnar sem hafa má að leiðarljósi við frekari skipulagningu námsins;
- d) að veita kennurum, foreldrum eða forráðamönnum nemenda upplýsingar um námsárangur;
- e) að veita öðrum skólum á framhaldsskólastigi, sveinsprófsnefndum, háskólum og atvinnulífi (stéttarfélögum og vinnuveitendum) upplýsingar um árangur nemenda.

## 96. gr.

Í öllum iðnfræðsluskólum skal fara fram leiðbeinandi námsmat eftir því sem kennslu miðar áfram í hverri námsgrein. Námsmat og kennsla skulu mynda órofa heild, þ. e. að árangur nemenda skal metinn reglulega og fái nemendur að vita um hann.

Í verknámsgreinum skal meta hvern þátt jafnóðum og tjá nemanda árangur hans í einstökum verkum. Niðurstöður þessa námsmats er heimilt að nota til að gefa nemendum einkunn í lok kennslutímabils. Í upphafi kennslutímabils skal kynna nemendum fyrirkomulag námsmatsins. Gefa skal nemendum upp árangur þeirra og meðaltalsárangur annarra sem ganga undir námsmat á sama tíma.



## 97. gr.

Í iðnfræðsluskólum skal halda próf í öllum námsgreinum sem kenndar eru á önn. Skólanum er heimilt að ákveða um prófgerð. Prófin skal halda í lok námsannar. Skóla er heimilt að fella niður próf í verklegum greinum og nota niðurstöður úr leiðbeinandi námsmati (sbr. 96. grein). Ef heimildin er notuð skal tilkynna viðkomandi nemendum að svo verði gert í upphafi námsannar.

## 98. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður hvenær og í hvaða almennum námsgreinum skuli haldin samræmd próf en Iðnfræðsluráð í faggreinum, sérgreinum og verklegum greinum, sbr. 70. grein.

## 99. gr.

Kennari metur árangur nemenda í prófum og skal nota til þess prófmatsreglur sem lagðar hafa verið fyrir skólastjóra til samþykktar með prófinu sjálfu (sbr. 97. grein). Í prófmatsreglum skal m. a. taka fram um stig fyrir réttar úrlausnir, aðrar matsreglur og fallmörk. Mat þetta nefnist prófmat.

Á sama hátt skal kennari meta kunnáttu nemandans, framfarir og afköst á námsönninni. Til grundvallar leggur kennarinn leiðbeinandi námsmat (sbr. 96. grein), heimavinnu nemanda, verkefni, svo og aðrar athuganir sem hann hefur gert. Mat þetta nefnist annarmat. Kennari metur að lokum, á grundvelli prófmats og annarmats, heildarárangur nemandans.

Tilkynna skal nemendum í upphafi námsannar hlutfall milli prófmats og annarmats.

## 100. gr.

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir í þeim áföngum sem þeir hafa valið sér og koma stundvíslega til kennslu. Hið sama gildir um nemendur bekkjarkerfisskóla.

Sé nemandi fjarverandi úr kennslustund hlýtur hann tvö fjarvistarstig. Komi nemandi of seint til kennslu hlýtur hann eitt fjarvistarstig fyrir. Langvarandi og þrálát veikindi skal staðfesta með læknisvottorði. Niðurfelling fjarvistarstiga vegna veikinda eða annarra forfalla getur ekki breytt skólasóknarreglum á þann veg að nemandi hljóti einingu fyrir.

Heimilt er að vísa nemanda frá námi og prófum á áfanga ef fjarvistarstig hans eru fleiri en 10 í einnar námseiningar áfanga, fleiri en 20 í tveggja eininga áfanga og fleiri en 30 í þriggja eininga áfanga. Hliðstæðar reglur gilda um bekkjarkerfisskóla.

Fjarvistarstig nemenda í fullu námi ráða skólasóknareinkunn sem hér segir:

0— 50 fjarvistarstig	einkunn 10	1 eining
51—100 fjarvistarstig	einkunn 9	0 eining
101—150 fjarvistarstig	einkunn 7	−1 eining
151—200 fjarvistarstig	einkunn 5	−2 einingar
201 fjarvistarstig	einkunn 3	Nemandi er fallinn á önninni.

## 101. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 1—10. Ekki skal reikna meðaleinkunn.

Lágmarkseinkunn í áfangagrein er 4 og heimilar hún framhald náms í næsta áfanga, sjá þó 60. gr.

## 102. gr.

Þegar prófum, mati á þeim og einkunnagjöf er lokið, skal skóli gefa nemendum kost á að skoða próflausnirnar, mat kennara og einkunnagjöf.

Nú kemur fram skekkja í mati eða einkunnagjöf og skal slíkt þá leiðrétt.

Nú sættir nemandi eða forráðamaður nemanda sig ekki við einkunnagjöf og skal þá viðkomandi kæra slíkt til skólastjóra innan þriggja daga frá prófsýnidegi.

Skólastjóri hlutast þá til um að skipaður verði prófdómari er endurmetur úrlausnir nemandans á prófum, fer yfir annarmat kennara, heildarmat og einkunnagjöf. Prófdómari skal eiga aðgang að gögnum allra þeirra nemenda er tóku próf á sama tíma.

Prófdómari úrskurðar um heildarmat og einkunnagjöf kæranda.

#### 103. gr.

Við skrifleg próf má nota þau gögn ein sem kennari leyfir í samráði við skólastjóra. Nemendur sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða hafa rangt við í prófum hafa fyrirgert rétti til þess að ljúka prófi í það sinn. Skal minna nemendur á þetta ákvæði áður en próf hefst.

#### 104. gr.

Þegar próf eru samræmd af menntamálaráðuneytinu eða Iðnfræðsluráði fer um ákvörðun prófverkefna, mat á prófum og einkunnagjöf eftir sérstökum reglum, gefnum út af viðkomandi aðilum.

Þegar próf eru ekki samræmd semur kennari prófverkefni og ákvarðar prófmatsreglur. Þegar prófverkefni er hluti af sveinsprófi skal formaður sveinsprófsnefndar ásamt kennara semja prófverkefni og ákveða prófmatsreglur.

#### 105. gr.

Í hverjum iðnfræðsluskóla skal vera spjaldskrá er geymir persónulegar upplýsingar um nemandann, svo og einkunnir í öllum námsgreinum á hverri önn þegar nemandinn hefur verið í skóla. Einnig skal skrá skólasóknareinkunn.

#### 106. gr.

Þegar lokið er einkunnagjöf á önn skal afhenda nemanda prófskírteini þar sem tilgreind er námsbraut hans, einkunnir hans í þeim námsgreinum og áföngum sem hann hefur stundað nám í og einkunn fyrir skólasókn.

Prófskírteini skal sýna námsgreinar og áfanga sem nemandi á ólokið á námsbrautinni.

#### 107. gr.

Nú stenst nemandi ekki próf í námsgrein á námsönn og skal hann þá ljúka endurtökuprófi með árangri áður en hann heldur áfram námi í greininni.

Ekki má hann heldur hefja nám í öðrum námsgreinum ef sú námsgrein, er hann féll í, telst vera undirstöðugrein fyrir þær námsgreinar. Endurtökupróf skal halda á þeim tíma sem ákveðinn er af skóla með samþykki menntamálaráðuneytis.

#### 108. gr.

Skylt er iðnfræðsluskólum að halda sjúkrapróf fyrir þá sem ekki geta mætt í reglulegum prófum vegna veikinda. Veikindi skal sanna með læknisvottorði. Sjúkrapróf skal halda svo snemma að nemandi tefjist ekki í áframhaldandi námi ef hann stenst prófið.

#### 109. gr.

Nú kemur nemandi til burtfararprófs og hefur próf frá öðrum skóla, en sýnir eins mikla eða meiri kunnáttu í einni eða fleiri prófgreinum en krafist er til prófsins og er þá heimilt að sleppa honum við próf í þeim greinum og telja einkunnir hans í hinu fyrra prófi til burtfararprófsins.

#### 110. gr.

Nú vill nemandi þreyta próf við iðnfræðsluskóla án þess að hafa stundað þar nám og skal hann þá, áður en til prófs kemur, færa sönnur á að hann hafi að mati skólans lært allt það

sem námsskrá mælir fyrir um og gera grein fyrir hvernar kennslu hann hafi notið. Á teikningum og öðrum verklegum æfingum skal ekki krafist síðri frágangs en af reglulegum nemendum skólans. Utanskólanemendur skulu greiða prófgjöld sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Renna þau í ríkissjóð.

### XVIII. KAFLI Um aga og reglur.

#### 111. gr.

Iðnfræðsluskólar skulu hafa sérstakar skólareglur.

Tillögur um skólareglur skulu gerðar af skólanefnd og skólastjóra. Þær skulu lagðar fyrir Iðnfræðsluráð til umsagnar, og menntamálaráðuneytið skal staðfesta þær.

### XIX. KAFLI Um skólastjóra og kennara.

#### 112. gr.

Tala fastra kennara fer eftir ákvæðum laga, en vinnutími þeirra og launakjör eftir gildandi kjarasamningi opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

#### 113. gr.

Ráðherra ákveður starfsskipulag skóla að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar, einnig fjölda deildarstjóra og yfirkennara og afslátt á kennsluskyldu fyrir störf þeirra. Þá skal ráðherra heimilt, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra, að heimila ráðningu rekstrarstjóra er sjái um allt er lýtur að fjármálum skólans.

#### 114. gr.

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

Ráðherra setur skólastjórum og kennurum erindisbréf þar sem kveðið skal á um starfs svið þeirra, réttindi og skyldur.

#### 115. gr.

Um menntun skólastjóra og kennara og embættisgengi þeirra gilda lög nr. 51/1978.

#### 116. gr.

Fela má fastráðnum kennurum aukastörf í þágu skólans eftir nánara samkomulagi við skólastjóra, svo sem umsjón með söfnum skólans, eftirlit með nemum í frímínútum og á samkomum nema og aðstoð við félagsstarfsemi í skólanum. Heimilt er skólastjóra með samþykki menntamálaráðuneytisins að fækka skyldustundum kennara ef slík aukastörf verða mikil og koma misjafnt niður.

Þá má fela kennurum störf við námsskrár- og námsgagnagerð á vegum Iðnfræðsluráðs og menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að vinna slíkt sem hluta úr starfi.

#### 117. gr.

Ráðherra ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

118. gr.

Komi fram ósk um að mynda kennararáð við iðnfræðsluskóla skal gengið frá reglum um skipan þess og starfssvið. Reglur þessar skulu samþykktar af menntamálaráðuneytinu.

## XX. KAFLI

### Um skólanefndir og stjórn iðnfræðsluskóla.

119. gr.

Skipulag skólastjórnar.

Séu iðnfræðsluskólar reknir á grundvelli laga um fjölbrautaskóla fer um stjórn þeirra samkvæmt þeim lögum.

Aðrir iðnfræðsluskólar skulu hafa skólanefndir svo sem fyrir er mælt í lögum um iðnfræðslu og skal hún skipuð 5 mönnum.

120. gr.

Ráðherra skipar skólanefnd til fjögurra ára í senn, nema fulltrúa nemenda til tveggja ára. Skulu þrír skipaðir eftir reglum sem ráðherra setur samkvæmt tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda sem aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmisins.

Fulltrúi nemenda skal skipaður að fengnum tillögum Iðnnemasambands Íslands, sem leita skal samráðs við félög nemenda á hlutaðeigandi stað. Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn þrjá skólanefndarmenn. Sama gildir annars staðar er eitt sveitarfélag stendur að rekstri skóla. Að minnsta kosti tveir þeirra sem sveitarfélög tilnefna í skólanefnd skulu vera iðnlærðir.

121. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skóla, hefur umsjón með kennslu, aga, umgengni og sér um eignir skólans. Kennarar skólans skulu vera honum til aðstoðar í starfi hans eftir því sem aðstæður leyfa.

## XXI. KAFLI

### Um fjármál.

122. gr.

Um stofnkostnað og rekstrarkostnað einstakra iðnfræðsluskóla fer eftir lagaákvæðum viðkomandi skóla.

## XXII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

123. gr.

Fatlist iðnnemi andlega eða líkamlega á námstíma eða hafi fatlast áður, þannig að hann telst ekki fær um að ljúka iðnskólanámi, getur Iðnfræðsluráð að fengnum tillögum fulltrúa viðkomandi iðngreinar og álitni trúnaðarlæknis, heimilað hlutaðeigandi að þreyta verklegt próf án réttar til meistarabréfs.

Nú sækir maður sem ekki hefur iðnréttindi um starfsréttindi í iðngrein og getur þá menntamálaráðuneytið veitt heimild til að umsækjandi fái að ganga undir verklegt sveinspróf eingöngu án þess að ljúka burtfararprófi frá iðnskóla, enda liggja fyrir:

- a) umsögn sveinafélags í iðngreininni á búsetusvæði umsækjanda, ef það er ekki fyrir hendi þá umsögn viðkomandi landsamtaka,
- b) umsögn Iðnfræðsluráðs,
- c) umsögn meistara í iðninni sem umsækjandi hefur starfað hjá,
- d) vottorð, sem sanni að umsækjandi hafi unnið við iðnina í a. m. k. 10 ár.

Ef umsækjandi stenst prófið skal gefa út honum til handa sveinsbréf sem ekki veitir rétt til meistarabréfs síðar.

#### 124. gr.

Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt lögum:

1. að taka nema til náms gagnstætt ákvæðum laga um iðnfræðslu nr. 68/1966 með áorðnum breytingum og reglugerðar þessarar,
2. að brjóta gegn ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar þessarar um daglegan vinnutíma nema,
3. að vanrækja að láta nema stunda skólanám,
4. að koma ósæmilega fram við nema,
5. að óhlýðnast fyrir mælum iðnfulltrúa eða Iðnfræðsluráðs um kennslu nema.  
Sektir skulu renna í ríkissjóð.  
Mál út af brotum þessum skulu rekin að hætti opinberra mála.

#### 125. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 68/1966, nr. 18/1971 og nr. 68/1972 um iðnfræðslu og lögum nr. 14/1973, nr. 21/1977 og nr. 40/1980 um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um iðnfræðslu nr. 554/1975 svo og reglugerð nr. 255/1979.

*Menntamálaráðuneytið, 25. ágúst 1981.*

**Ingvar Gíslason.**

Birgir Thorlacius.

## REGLUGERÐ

**fyrir Hitaveitu Eyra.**

#### 1. gr.

#### **Stofnun og stjórn.**

Eyrbakkahreppur og Stokkseyrarhreppur eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Eyra, hér eftir nefnd hitaveitan.

Hitaveitan er stofnuð með samningi milli aðila frá 13. janúar 1980, þar sem kveðið er á um stjórn hennar og skipulag.

Hitaveitan er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Lögheimili hitaveitunnar og varnarþing er í Árnessýslu. Stjórn hitaveitunnar ræður umsjónarmann sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar.

2. gr.

**Gildissvið.**

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði hitaveitunnar. Veitusvæði hitaveitunnar eru Eyrabakka- og Stokkseyrarhreppur eins og veitukerfi hitaveitunnar nær til.

3. gr.

**Bókhald og fjárreiður.**

Skrifstofa hitaveitunnar annast bókhald og fjárreiður hennar og sér um innheimtu hitaveitugjalda.

4. gr.

**Verkefni hitaveitunnar.**

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og aðra orkugjafa, eða afla með öðru móti orku til húshitunar og annarra nota á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Ennfremur er hitaveitunni ætlað að leggja aðveituæðar frá virkjunarstöðum, leggja dreifikerfi um byggðir hreppanna eftir því sem hagkvæmt þykir og annast sölu á heitu vatni til notenda.

5. gr.

**Hitaveitugjöld.**

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld svo sem orkugjald og heimædagjald samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá. Stefnt skal að því að tekjur skv. gjaldskrá standi undir reksturskostnaði og fjármagnskostnaði hitaveitunnar.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 21 dags frá gjaldddaga.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, en henni ber að tilkynna fyrirætlun um lokun með 5 daga fyrirvara.

Kostnað af opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, samkvæmt gjaldskrá. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

6. gr.

**Einkaleyfi hitaveitunnar.**

Hitaveitan hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu og dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu sbr. 2. gr.

7. gr.

**Lagnir veitukerfis.**

Hitaveitan lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að mælagrundum ásamt grindunum sjálfum með tilheyrandi búnaði. Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin.

8. gr.

**Kvöð um tengingu við hitaveitu.**

Þeim sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt kranavatn við hita-

veituæðina. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Á öllum húskerfum tengdum hitaveitu skulu vera einstreymislokar og öryggisbúnaður skv. fyrirmælum hitaveitunnar.

## 9. gr.

**Eignarréttur hitaveitu og viðhaldsskylda.**

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á aðveituæðum, stofnæðum, dreifiæðum og götuæðum veitunnar svo og heimæðum og lögnum innanhúss að og með mælagrindum, ásamt tilheyrandi búnaði, er tengja vatnskerfi hússins við veituna, og telst dreifikerfið ná þangað. Tengingu vatnshitunarkerfi húss við mælagrind svo og nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum og hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

## 10. gr.

**Ábyrgð og skyldur hitaveitunnar.**

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

## 11. gr.

**Afnot varmaorku.**

Varmi sá, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á mælagrind sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

## 12. gr.

**Afrennslisvatn frá húskerfum.**

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o. s. frv. en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Skal húsráðandi annast og kosta að leiða afrennslisvatnið í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40°C.

Ef húseigendur nota hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o. s. frv. og hitunarkerfin eru beint tengd veitunni, þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

## 13. gr.

**Uppdrættir og réttur til að annast hitalagnir og gerð uppdrátta.**

Uppdráttur skal gerður í samræmi við lög og reglur um byggingamál. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir áður en bygging húss er hafin. Ef umsýjarnamaður hitaveitu telur ástæðu til, getur hann krafist þess að útreikningar verði lagðir fram.

Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdrætti eða annast hitalagnir hafa þeir einir, er til þess hafa menntun og rétindi eins og almennt er krafist.

14. gr.

#### **Tenging við hitaveituna.**

Áður en hitunarkerfi húss eða lagnir fyrir heitt kranavatn eru tengdar hitaveitukerfinu skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af hitaveitunni og gildir það jafnt um þegar gerðar lagnir, sem nýlagnir og viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum þá getur hitaveitan krafist þess að þeir séu þegar gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu.

Ef inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk, sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema að fengnu leyfi hitaveitunnar.

15. gr.

#### **Eftirlit.**

Hitaveitan skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykta uppdrætti, reglugerð um hitalagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Alíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum reglugerðar um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

16. gr.

#### **Mælar.**

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæla, sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa, sem tengd eru kerfi veitunnar og innsigla þá. Mælar þessir eru í eigu og umsjá hitaveitunnar.

Ef maður rýfur innsigli mælis eða breytir rennsli um hann, varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum.

Notandi mælis er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir. Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálfmánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun að mesta skekkja sé innan við 5%, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda, í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minna vatn, en um var samið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 4 mánuði, nema sannað sé að skekkjan hafi verið í lengri tíma.

Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin um mæla, skulu gilda jafnt um hemla, ef selt er samkvæmt hemilstaxta.

Starfsmenn hitaveitu skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum bæði innan húss og utan. Húsráðanda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar, sem máli geta skipt um hitun hússins og heitt kranavatn.

17. gr.

#### **Skyldur húseiganda og ábyrgð.**

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum sem hitaveitan setur, um gerð og búnað neysluvatnslagna og hitunarkerfis hússins.



Húsráðandi ber ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss, sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, er vart verður bilunar á búnaði og tækjum, og skal hann hlíta fyrir mælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu.

Nú verða tæki eða annar búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

18. gr.

#### **Viðurlög við brotum.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað eiganda. Kostnaðinn má innheimta hjá eiganda með lögtaki ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. október 1981.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

*Páll Flygenring.*

## **GJALDSKRÁ**

**fyrir Hitaveitu Eyra.**

### **I. KAFLI**

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

### **II. KAFLI**

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 10,00 fyrir hvern rúm-metra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

## 4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) fyrir mæla til og með 3/4" .....	kr. 70,00
b) fyrir mæla 1" til 2" .....	kr. 140,00
c) fyrir mæla 3" eða stærri .....	kr. 280,00

## 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 50,00.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 500 m <sup>3</sup>	kr. 7 500+15,00 kr/m <sup>3</sup>
500—2000 m <sup>3</sup>	kr. 15 000 fyrir 500 m <sup>3</sup> +10,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
2000—6000 m <sup>3</sup>	kr. 30 000 fyrir 2000 m <sup>3</sup> +7,50 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
Meira en 6000 m <sup>3</sup>	kr. 60 000 fyrir 6000 m <sup>3</sup> +6,00 kr/m <sup>3</sup> þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1400 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1981 (739 stig).

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkraft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, kr. 100,00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. október 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## REGLUGERÐ

## fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar.

## 1. gr.

Seyðisfjarðarkaupstaður rekur fyrirtæki sem nefnist Hitaveita Seyðisfjarðar og á heimili og varnarþing í Seyðisfjarðarkaupstað.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Veitusvæði fyrirtækisins tekur yfir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins og gildir reglugerð þessi um allt veitusvæðið, nema annars sé sérstaklega getið. Bæjarráð Seyðisfjarðar fer á hverjum tíma með stjórn Hitaveitu Seyðisfjarðar.

## 2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði fyrirtækisins.

Stjórn fyrirtækisins getur þó heimilað einstaklingum og félögum fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

## 3. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar. Haft skal samráð við bæjarstjórn um skipulag dreifikerfis og leitað staðfestingar hennar á staðsetningu lagna. Í húsum leggur hitaveitan lagnir inn fyrir mælagrind.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallara laust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og mælir eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin.

#### 4. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á lögnum, sem hún lætur leggja. Hitaveitan getur endurkrafið húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða tækjum eftir almennum skaðabótareglum.

#### 5. gr.

Af húsnæði sem tengist Hitaveitu Seyðisfjarðar fellur heimæðagjald í gjalddaga þegar tengingu heimæðar er lokið, sbr. þó 6. gr. gjaldskrár fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna- eða rafgeislahitun er heimilt að veita 50% afslátt af gildandi heimæðagjaldi enda tengist viðkomandi hús veitunni innan 5 ára frá lagningu stofnæðar í viðkomandi götu.

#### 6. gr.

Sú hitaorka sem hitaveitan lætur í té er ætluð til upphitunar húsa og neysluvatns.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitustjórnar.

#### 7. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaorku skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiað sé ávallt nægilegur.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar, vegna viðhalds og tenginga, skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

#### 8. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfar. Um slíkt skal tilkynna eins fljótt og unnt er.

#### 9. gr.

Aðrennslisvatn skal að öllu jöfnu vera 80°C og bakrennslisvatn 40°C. Hitaveitunni er heimilt að lækka hitastig aðrennslisvatns að sumarlagi.

#### 10. gr.

Áður en ný kerfi eru lögð eða eldri kerfum breytt, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra eða umboðsmanns hans, og skulu teikningar fylgja.

Umsókn skal rituð á eyðublað sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast. Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þríriti.

#### 11. gr.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi eða tæknifræðingi. Ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingamál.

Stjórn Hitaveitu Seyðisfjarðar getur heimilað öðrum aðilum að gera uppdrætti með sömu skilmálum. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir áður en bygging húss er hafin.

## 12. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frágengnir, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera skv. íslenskum staðli IST 1, þó ekki stærri en A1. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn skv. íslenskum staðli IST 24.

Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafist þess að útreikningar verði lagðir fram.

## 13. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum sem breyta á getur hitaveitustjóri krafist þess, að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

## 14. gr.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita 2 eintök hans. Annað eintakið skal varðveita í skjalasafni bæjarins og hitt skal afhent umsækjanda.

Sá er verkið á að vinna skal áður en hann hefst handa rita nafn sitt á það eintak, er varðveitt verður í skjalasafninu. Áritaður uppdráttur skal jafnan vera tiltækur á vinnustað. Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða kerfið sé rétt útreiknað.

## 15. gr.

Um rétt manna til að annast hitalagnir fer eftir iðnaðarlögum. Þeir, sem leggja hitalagnir, bera ábyrgð á að þær séu allar í samræmi við reglugerð þessa og samþykta uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Ef skipt er um ábyrgðarmenn meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er.

Oheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með full starfsréttindi hefur tekið við verkinu.

Hitaveitustjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum skv. reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eda rafsúðu.

Engir aðrir en þeir, sem full réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningameistari fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum sem hann ber ábyrgð á og getur þá hitaveitustjórn veitt honum áminningu. Ennfremur getur hitaveitustjórn samþykkt, að hann fái ekki að annast tengingu ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

## 16. gr.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykta uppdrætti og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur, þegar vatni er hleypt á hitakerfi, og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslshitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum. Einnig skal tryggja að stjórnþæki starfi eðlilega.

Áliti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

## 17. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun heita vatnsins.

## 18. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni ber húseiganda að hafa á hitakerfinu sjálfvirkna loka sem tryggir að þrýstingur á húskerfinu verði ekki of mikill og að nýting vatnsins verði nægjanleg.

Þrýstiprófa skal hitalagnir veitunnar fyrir 8 kg/cm<sup>2</sup> áður en þær eru teknar út. Hitaveitustjórn er heimilt að ákveða lægri þrýsting á eldri lögnum.

## 19. gr.

Stjórn Hitaveitu Seyðisfjarðar setur hitaveitunni gjaldskrá og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

Heimædagjöld verða gjaldkræf eftir því sem segir í 5. gr. en neyslugjöld eftir ákvæðum gjaldskrár.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Reikninginn ber gjaldanda að greiða þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka aðrennsli að húsi sem vangreitt er af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Sá sem vanskilum veldur greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný, samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

## 20. gr.

Hitaveitustjóri ákveður stærð og gerð mælagrinda sem nota skal og lætur setja þær á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar og innsiglar þær. Mælagrindur þessar eru í eigu og umsjá veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust ef vart verður bilana á þeim.

Nú verður mælagrind fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun. Sama gildir ef mælagrind eyðileggst af völdum frosta.

Ef maður rýfur innsigli mælagrindar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Notandi mælagrindar er sá sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælagrindin er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælagrindinni svo og vatnsrennsli um hana þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt hitaveitunni upp eða tilkynnt flutning. Uppsögn eða flutning skal tilkynna innheimtuskrifstofu með hálf mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælis að mesta skekkja sé  $\pm 5\%$  eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minna vatn en mældist, þó ekki fyrir lengra tímabil en 2 mánuði, nema sannað sé að skekkjan hafi verið í lengri tíma.

## 21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 5000,00 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er hitaveitustjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur, sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. október 1981.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

Pétur Thorsteinsson.

## GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar.

## I. KAFLI

## 1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

## II. KAFLI

## 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,22 fyrir hverja kíló-wattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 1,99 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 13.25.

Þessi gjöld eru miðuð við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. ágúst 1981.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

## 4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reikninga eða tilkynningar um reiknings-upphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

## 5. gr.

Heimædagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

a) Af öllu húsnæði sem tengist hitaveitu fyrir árslok 1981 og tilheyrir I. áfanga verksins og það húsnæði fyrirhugaðs II. áfanga sem tengist eigi síðar en 6 mán. frá verklokum hans, greiðist heimædagjöld, sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis .....	kr. 8 275,00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 .....	kr. 10,53

b) Af öllu húsnæði sem síðar tengist viðkomandi áföngum sbr. a) lið greiðist heimædagjöld, sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis .....	kr. 11 435,00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 .....	kr. 15,65

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemnum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 300 m<sup>3</sup>.

## 6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á hluta heimæðargjalds ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## 7. gr.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 180,00

Heimilt er Hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

## 8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. okt. 1981 (811 stig). Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að hækka orkutaxta í 3. gr. skv. hækkun á rafhitunartaxta c. 1 í gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. ágúst 1981. Allar taxa- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

## III. KAFLI

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

## 10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum



hæmum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

#### IV. KAFLI

##### 11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. október 1981.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

### um hækkun hafnargjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr. sbr. 12. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast þegar gildi 17% hækkun á gildandi gjaldskráum eftirtalinna hafnasjóða:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975, sbr. reglugerðir nr. 61/1977, nr. 336/1977 og 397/1981.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 398/1981.
3. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975 sbr. reglugerð nr. 399/1981.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurhrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð nr. 400/1981.
5. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 401/1981.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 402/1981.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknarfjarðarhafnar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 403/1981.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskaupþúns, nr. 217/1976, sbr. 404/1981.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkaupþúns, nr. 179/1976, sbr. 405/1981.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Flateyrarkaupþúns, nr. 134/1975, sbr. 406/1981.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkaupþúns, nr. 211/1976, sbr. 407/1981.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkur, nr. 138/1975, sbr. reglugerð nr. 408/1981.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðar kaupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 409/1981.
14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur, nr. 406/1975, sbr. reglugerð nr. 410/1981.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkurkaupþúns, nr. 192/1975, sbr. reglugerð nr. 411/1981.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 412/1981.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóss, nr. 263/1975, sbr. reglugerð nr. 413/1981.
18. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 414/1981.

19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 265/1975, sbr. reglugerð nr. 415/1981.
  20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 416/1981.
  21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 417/1981.
  22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1975, sbr. reglugerð nr. 418/1981.
  23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 419/1981.
  24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Svalbarðseyrar við Eyjafjörð, nr. 70/1981, sbr. reglugerð nr. 420/1981.
  25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar, nr. 190/1975, sbr. reglugerð nr. 421/1981.
  26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 422/1981.
  27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Kópaskerskaupstúns, nr. 166/1977, sbr. reglugerð nr. 423/1981.
  28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 424/1981.
  29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 425/1981.
  30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110/1975, sbr. reglugerð nr. 426/1981.
  31. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126/1975, sbr. reglugerð nr. 427/1981.
  32. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 428/1981.
  33. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 430/1981.
  34. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 429/1981.
  35. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reyðarfjarðarkauptúns, nr. 197/1975, sbr. reglugerð nr. 431/1981.
  36. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkauptúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 432/1981.
  37. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Breiðdalsvíkur, nr. 140/1975, sbr. reglugerð nr. 433/1981.
  38. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogs, nr. 215/1976, sbr. reglugerð nr. 434/1981.
  39. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkauptúns í Hornafirði, nr. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 435/1981.
  40. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 436/1981.
  41. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerðir nr. 334/1977 og nr. 437/1981.
  42. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 438/1981.
  43. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 439/1981.
  44. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 128/1975, sbr. reglugerð nr. 440/1981.
  45. Gjaldskrá fyrir Vogahöfn í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 441/1981.
  46. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 442/1981.
- Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrá.

*Samgönguráðuneytið, 19. október 1981.*

F. h. r.  
**Ólafur St. Valdimarsson**

*Birgir Guðjónsson*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 169/1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðarinnar (sbr. 1. gr. rgl. nr. 427/1980) orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 77/1980 um vörugjald með áorðnum breytingum sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær heldur ekki til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis þó það sé ekki gjaldskyld samkvæmt lögum um vörugjald.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 9. október 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Árni Kolbeinsson.*

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Nesjahreppi A-Skaftafellssýslu.

#### 1. gr.

Hundahald er óheimilt í Nesjahreppi nema með leyfi sveitarstjórnar.

#### 2. gr.

Leyfi til hundahalds í hreppnum er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins. Þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi hefur verið veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skal upphæð þess við það miðuð. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hunds til n. k. júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hundar, sem notaðir eru á lögbýlum í hreppnum við búrekstur eru undanþegnir þessu gjaldi en hlíta samþykkt þessari að öðru leyti.
- c) Skyld er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýnir að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski ekki ró hreppsþúa og séu hvorki þeim né öðrum til óþæginda og valdi ekki óróa né skaða í búfénaði. Skyld er hundeiganda í þéttbýli að láta hunda sína ekki ganga lausa utan eigin lóðar. Jafnframt er eigendum þarfahunda á lögbýlum skyldt að sjá til þess að hundar þeirra flækist ekki um lausir í hreppnum.
- e) Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúar samþykki slíkt og skal leggja

fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds. Gildir það þar til sveitarstjórn berst skriflegt afturköllun frá einhverjum íbúa hússins.

- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

### 3. gr.

Við brot gegn skilyrðum á samþykkt þessari skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir í vörslu sé um minniháttar brot að ræða. Skal eigandi hunds þá leysa hann út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds.

Hreppsnefnd er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

### 4. gr.

Hundar úr nærliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðrir ómerktir hundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram eða vitji hans innan tveggja sólarhringa hefur lögreglan heimild til að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra ekki innan eins sólarhrings og svara ekki til saka fyrir brot á samþykkt þessari hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og þeim lógað þegar í stað.

### 5. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skulu þeir tilkynna sveitarstjóra tafarlaust um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

### 6. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Nesjahrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, og lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. september 1981.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson**

*Ingimar Sigurðsson.*

30. september 1981.

Nr. 566.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir útgáfuna Skálholt, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 30. september 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir útgáfuna Skálholt.

Kirkjuráð þjóðkirkju Íslands stofnar hér með til sjálfseignarstofnunar með eftirfarandi skipulagsskrá:

## 1. gr.

Stofnunin heitir Útgáfan Skálholt og er sjálfseignarstofnun, sett á fót að frumkvæði Kirkjuráðs og Þjóðkirkju Íslands.

## 2. gr.

Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

## 3. gr.

Kirkjuráð leggur stofnuninni til sem stofnfé 50 000 krónur.

Enn fremur leggur Kirkjuráð til stofnunarinnar firmaheitið Skálholt og blaðheitið Víðförla, en eigendur þessara heita gáfu þau Þjóðkirkjunni til að þau rynnu til stofnunarinnar.

## 4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er útgáfa blaðs, Víðförla, og bóka, bæklinga eða tímarita, þar sem kristin sjónarmið verða flutt og skýrð.

Ennfremur skal stofnunin hafa forgöngu um að samræma útgáfumál Þjóðkirkjunnar.

## 5. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með stofnfé og þeim eignum, sem hún kann að eignast með öðrum hætti.

## 6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa níu menn, sem kjörnir skulu til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn tilnefndir af Kirkjuráði. Þrír skulu ganga úr stjórn á ári, og kýs aðalfundur tvo í þeirra stað, en Kirkjuráð tilnefnir hinn þriðja.

Fyrir aðalfund fyrstu tvö árin skal varpa hlutkesti um, hvaða menn úr upphaflegri stjórn skulu ganga út.

Kjörtímabil nýrra stjórnarmanna hefst að loknum aðalfundi.

Stjórnin skal koma saman til fundar að minnsta kosti tvisvar á ári, auk aðalfundar.

Stjórnin markar stefnu stofnunarinnar og ber ábyrgð á henni.

## 7. gr.

Aðalfund stofnunarinnar skal halda fyrir 1. apríl ár hvert, og er hann lögmætur, ef  $\frac{2}{3}$  stjórnarmanna hið fæsta eru á fundi. Til aðalfundar skal boða bréflaga með hálfmánaðar fyrirvara hið skemmsta.

Aðalfund sitja stjórnarmenn, og hafa þeir þar einir kosningarétt. Til aðalfundar skal auk þess boða framkvæmdastjóra stofnunarinnar, ritstjóra Víðförla og formann útgáfuráðs, og hafa þeir málfrlsi og tillögurétt. Auk þess getur framkvæmdanefnd boðið öðrum til aðalfundar.

## 8. gr.

Að loknum aðalfundi skal senda ríkisendurskoðanda ársreikning stofnunarinnar. Skipun stjórnar og breytingar á henni skal auglýsa í Lögbirtingablaði.

## 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar stofnunarinnar lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar í samræmi við 15. gr.
4. Kjör tveggja manna til þriggja ára í stjórn, og tilkynning um tilnefningu eins manns af hendi Kirkjuráðs til sama tíma.

5. Kjör tveggja endurskoðenda til eins árs.
6. Tillögur til breytinga á skipulagsskrá, ef fram koma.
7. Önnur mál.

## 10. gr.

Nýkjörin stjórn kýs sér formann á fyrsta fundi sínum og ritara til eins árs, og eru þeir ekki kjörgengir til framkvæmdanefndar.

Stjórnin kýs á sama fundi úr sínum hópi þrjá menn í framkvæmdanefnd og einn til vara. Allir stjórnarmenn eiga rétt til setu á fundum framkvæmdanefndar.

## 11. gr.

Framkvæmdanefnd kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Hún ber ábyrgð á daglegu starfi stofnunarinnar. Hún hefur heimild til að taka lán fyrir hönd stofnunarinnar og veðsetja eignir hennar.

Tveir framkvæmdanefndarmenn saman skuldbinda stofnunina.

## 12. gr.

Framkvæmdanefnd skal eigi halda færri fundi en tíu árlega. Framkvæmdanefnd ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar og ritstjóra Víðförla, að fengnum tillögum stjórnar, setur þeim erindisbréf og ákveður þeim laun.

Víðförli skal vera vettvangur kristinna skoðana í umræðum líðandi stundar, flytja fréttir af kristilegu starfi innan lands og utan, auk annars efnis.

## 13. gr.

Stjórnin skipar árlega fimm menn til setu í útgáfuráði stofnunarinnar og ákveður formann ráðsins. Útgáfuráð er stjórn stofnunarinnar til ráðuneytis um val á bókum til útgáfu, og til ráðgjafar um ýmis önnur verkefni, t. d. útgáfu Víðförla, eftir því sem stjórnin óskar.

## 14. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Um bókhald stofnunarinnar og reikningsskil skal fara eftir gildandi lögum um bókhald, nú lögum nr. 51, 2. maí 1968, og góðum reikningsskilavenjum.

Ársreikningur stofnunarinnar, endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, auk endurskoðenda stofnunarinnar, skal liggja frammi til athugunar fyrir stjórnarmenn viku fyrir aðalfund.

## 15. gr.

Ef hagnaður verður af starfsemi stofnunarinnar, skal honum varið til eflingar hennar í samræmi við 4. gr.

Þó er aðalfundi heimilt að ráðstafa hagnaði til sérstaks verkefnis til eflingar kristinnar eða til styrktar einstakri starfsemi eða stofnun á vegum kirkjunnar. Slík ráðstöfun skal vera samþykkt samhljóða.

## 16. gr.

Verði ákveðið að leggja Útgáfuna Skálholt niður, skulu allar eigur stofnunarinnar renna til líknarmála á vegum Þjóðkirkjunnar eða annarra verkefna hennar eftir nánari ákvörðun stjórnar og Kirkjuráðs. Slit stofnunarinnar geta ekki átt sér stað nema með samráði stjórnar og Kirkjuráðs.

## 17. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, ef þær hljóta fylgi  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða stjórnar. Ákvæðum 15. og 16. gr. má þó ekki breyta.

Tillögur til breytinga á skipulagsskrá skulu hafa borist framkvæmdanefnd viku fyrir aðalfund og liggja frammi ásamt reikningum sjálfseignarstofnunarinnar.

## 18. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 567.

25. september 1981.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Byggingarsjóð dvalarheimilis aldraðra, Eskifirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. september 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Byggingarsjóðs dvalarheimilis aldraðra, Eskifirði.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður dvalarheimilis aldraðra, Eskifirði.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að byggingu dvalarheimilis fyrir aldraða borgara Eskifjarðar og næsta nágrennis.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00 —, tíu þúsund krónur  $\frac{00}{100}$ , sem Lionsklúbbur Eskifjarðar leggur fram.

## 4. gr.

Sjóðurinn tekur á móti minningar- og dánargjöfum svo og almennum gjöfum. Allar gjafir skal skrá í sérstaka gjafabók. Sjóðurinn má gefa út minningarspjöld.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um framlag úr sjóðnum hverju sinni.

## 6. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Sjóðinn skal ávaxta þar sem sjóðsstjórn telur arðbærast og tryggast.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og fjórir til vara. Bæjarstjórn Eskifjarðar tilnefnir einn stjórnarmann, hreppsnefnd Helgustaðahrepps einn, Lionsklúbbur Eskifjarðar einn, Kvenfélagið Döggin einn. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Þá skal heilsugæslulæknirinn á Eskifirði eiga sæti í sjóðsstjórn.

Stjórnin kys sér formann og ritara.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók.

9. gr.

Eskifjarðarkaupstaður annast reikningshald fyrir sjóðinn í umboði sjóðsstjórnar og skulu kjörnir endurskoðendur kaupstaðarins jafnframt vera endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

## AUGLÝSING

### um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands h. f., Akureyri, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. október 1981 til ársloka 1984:

Akureyri — Raufarhöfn — Akureyri

Akureyri — Þórshöfn — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

*Samgönguráðuneytið, 29. september 1981.*

**Steingrímur Hermannsson**

*Birgir Guðjónsson*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. ágúst 1981 staðfest aðalskipulagsupprátt fyrir Búðahrepp, Fáskrúðsfirði, S-Múlasýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Búðahrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir*



## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 10. ágúst til 30. september 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 10. ágúst til 30. september 1981:

Loðnumjöl, \$ 8,10 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 475,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 50% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. september 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds**

*Kristín Magnússon*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi Eskifjarðar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. ágúst 1981 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Eskifjörð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Eskifjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur fyrir Eskifjörð sem félagsmálaráðuneytið staðfesti hinn 11. desember 1964.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. ágúst 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg**

*Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1981

---

22. október 1981.

939

Nr. 572.

## REGLUR

um breyting á reglum nr. 183 frá 24. júní 1974, um tollmeðferð  
sendiferðabifreiða.

1. gr.

1. mgr. reglnanna falli brott.

2. gr.

Tollskrárnúmer 87.02.36 í 1. og 3. mgr. 1. gr. verði 87.02.41. Jafnframt orðist  
2. tl. 1 gr. svo: Að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurými með gólfleti sem sé  
95 cm eða lengri og í því engin sæti, hvorki föst né laus, eða nokkur annar umbúnaður  
ætlaður til að festa á sæti eða annan útbúnað til flutnings á fólki.

3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 22. október 1981.*

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

*Björn Hafsteinsson.*

---

Stjórnartíðindi B 48, nr. 572. Útgáfudagur 23. október 1981.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 49 — 1981

---

---

Nr. 573.

940

8. september 1981.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1981:

Fiskmjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma (skilagengi).

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. september 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

Nr. 574.

20. ágúst 1981.

## REGLUGERÐ

**um breytingar á reglugerð nr. 126 22. febrúar 1979 um vegabréf utanríkisráðuneytisins.**

1. gr.

20. töluliður 4. gr. orðist þannig:

Makar og börn þeirra, sem taldir eru hér að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

2. gr.

19. töluliður 5. gr. orðist þannig:

Makar og börn þeirra, sem taldir eru hér að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

3. gr.

Aftan við 3. mgr. 7. gr. komi ný málsgrein, er orðist þannig:

Ráðuneytið getur gert undanþágu frá aldursákvæðum 20. tl. 4. gr. og 19. tl. 5. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

20. ágúst 1981.

941

Nr. 574.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í lögum nr. 39 1971 um utanríkisþjónustu Íslands, öðlast gildi þegar í stað.

*Utanríkisráðuneytið, 20. ágúst 1981.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*

8. september 1981.

Nr. 575.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunna- og spærlingsmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. desember 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28 maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunna- og spærlingsmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. desember 1981:

Kolmunnamjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Spærlingsmjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðaskiptagengi (skilagengi), eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. september 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

22. september 1981.

Nr. 576.

## AUGLÝSING

**um afgreiðslutíma Apóteks Keflavíkur.**

Skv. heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Apóteks Keflavíkur frá og með 1. desember 1981, vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 9:00—19:00

Laugardaga, helgidaga og almenna frídaga kl. 10:00—12:00.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1981.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 374 14. október 1976 um gatnagerðargjöld á Helli í Rangárvallahreppi Rangárvallasýslu.**

2. mgr. orðist svo:

„Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir skulu vera þeir sömu og vextir Bygðasjóðs eru á hverjum tíma og greiðast eftir á á sömu gjalddögum.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 578.

7. september 1981.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjald A í Ísafjarðarkaupstað nr. 83 7. mars 1975.**

2. mgr. greinar 2. 1. orðist svo:

„Gjalddagur er því háð vísitölu byggingarkostnaðar og skal breytast ársfjórðungslega samhliða breytingum er verða á byggingarvísitölu.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 579.

15. september 1981.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Laxárdalshreppi nr. 331 25. júlí 1979.**

12. gr. orðist svo:

„Gatnagerðargjöld samkvæmt 8. grein greiðist þannig, að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 4 árum og skulu bundnar lánskjaravísitölu eða gengistryggðar og bera vexti eins og lán Bygðasjóðs til gatnagerðarframkvæmda á hverjum tíma.

Gjalddaga ákveður hreppsnefnd hverju sinni.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps, Dalasýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

**fyrir Dalvíkurkaupstað.**

### I. KAFLI

#### **Um reglu og velsæmi á almannafæri.**

##### 1. gr.

Uppþot og óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé og óþæginda fyrir umferð eða vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsnota svo sem hátíðarsvæði, leikvangar, torg og bryggjur, svo og afgreiðslustaðir bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús svo sem veitingahús og leikhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur o. s. frv. gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

##### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa og annars staðar þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

##### 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, eða hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttalag, sem raksar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá sem búa í nágrenninu.

##### 4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónáði.

##### 5. gr.

Á götum bæjarins má ekki renna sér á sledum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leik, sem hindra umferð eða hætta getur stafað af. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar.

##### 6. gr.

Eigi má skjóta af byssum eða hvers kyns skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingasvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma, þar sem lögreglustjóri ákveður eða

samþykkir. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun t. d. með því að ávarpa menn ókurteislegum eða ósæmilegum orðum, vera áberandi ölvaður eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbragð, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar, o. s. frv.

8. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

9. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum lögmætum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til geta lögreglumenn krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, en aðstoðarmenn eiga heimtingu á fullum bótum fyrir það tjón, sem þeir þá kunna að bíða á fatnaði eða limum.

## II. KAFLI

### Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

10. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi til þess leyfi slökkviliðsstjóra eða tæknideildar bæjarins.

11. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð er óheimill. Þó er heimilt að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er solumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá kl. 17.00 síðdegis til kl. 9.00 árdegis.

12. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, á lóðum, í garðshliðum eða á stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða á lóðir né fara inn í hýbýli í söluerindum án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda. Lögreglustjóra er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

13. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er hindrar umferð eða veldur hættu. Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Þó getur bærarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjarbúa. Notkun vélsleða á götum bæjarins er háð leyfi lögreglu.

14. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

15. gr.

Enginn má fleygja flöskum, glerbrotum, steinum, nöglum, ávaxtahýði, pappírslusli, fiskúrgangi eða öðru þess konar á almannafæri né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur eða veldur óþrifnaði.

## 16. gr.

Eigi má kasta á almannafæri né í fjörum, hræjum, dauðum fiski matarleifum, fisk-úrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjót, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilmæmi, óþrifnaði, tálum eða óþrýði.

## 17. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slíkt verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og sem minnstri hættu valdi og ætíð skal þess gætt að vegfarendur séu varaðir við farartálmanum með nægilega greinilegum hætti. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri aðrar þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess sem verkið átti að framkvæma.

## 18. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rífið og byggt upp að nokkru leyti, er eiganda eða þeim sem sér um verkið skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar húsagerðin er svo langt komin, að því verður við komið. Girðingar sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn og er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtæðinu að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

## 19. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmíðar eða viðgerðir á húsum skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir. Lausir stigar skulu ætíð felldir, þegar ekki er verið að nota þá.

## 20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynji, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess þegar steinveggur, tréveggur eða önnur girðing er komin að hruni eða falli.

## 21. gr.

EKKI MÁ SKEMMA Eða færa úr stað, eigi heldur ata eða rispa, tjarga, mála eða teikna á mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, sem ætlaðir eru til almenningsnota svo sem hús, minnisvarða símaklefa, biðskýli, götuljósker nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar.

## 22. gr.

Enginn má skemma girðingar, né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.



## III. KAFLI

**Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.**

23. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

24. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

## IV. KAFLI

**Um veitingahús, samkomur og almennar skemmtanir.**

26. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu eða leiktækjastofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og fellt brott leyfið telji hann ástæðu til. Unglingar undir 18 ára aldri mega ekki koma inn á knattborðsstofu og er það á ábyrgð knattborðsstofuhafa, ef út af er brugðið.

27. gr.

Allir staðir, þar sem rekin er almenn veitingasala og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa sem eru eldri en þessi samþykkt. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

28. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörðun.

29. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimil aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00 öðrum en sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds, um lengri eða skemmri tíma. Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir leyfilegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagri ábyrgð þess, er þjónustuna veitir. Handhöf-

um þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin. Aðgangur að dansleikjum eftir kl. 01.00 er óheimill nema þegar um áramótafagnað er að ræða.

30. gr.

Hver sá sem heldur dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan er skyldur að sjá um, að ekkert fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru að fara í burtu.

## V. KAFLI.

### Um hundahald.

31. gr.

Hundahald er bannað á Dalvík nema með leyfi bæjarstjórnar sbr. samþykkt um hundahald í bænum frá 28. júlí 1981.

32. gr.

Við minni háttar brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal hund eigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað, sem leiðir af brotinu. Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða skal lögreglustjóri krefjast þess við bæjarstjórn að leyfið verði afturkallað. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

## VI. KAFLI.

### Um umferð á götum o. fl.

33. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð og má ökuhraðinn aldrei verða meiri en 50 km miðað við klukkustund. Lögreglustjóri getur þó ákveðið að fenginni tillögu bæjarstjórnar, lægri ökuhraða á einstökum götum.

34. gr.

Peir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að flutningatæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutning, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

35. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð, t. d. á vorin meðan klaka leysir úr jörð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri takmarkað umferð bifreiða innanbæjar að næturlagi.

## VII. KAFLI.

### Um hreinlæti og umgengi.

36. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri má eigi hengja eða festa á annan hátt neitt, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

37. gr.

Bannað er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um, að lóðunum sé haldið hreinum og snyrtilegum.

Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka að slíkt berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að það endurtaki sig ekki.

## VIII. KAFLI

### Um búfjárhald.

#### 38. gr.

Alifugla má eigi hafa nema í tveggja metra hárrí hæsnavigirðingu eða annarri álíka girðingu, er lögreglan telur hæfa. Eigendur alifugla bera ábyrgð á, að alifuglar fari eigi inn í garða manna eða svæði, þótt ógirt séu. Nú er misbrestur á þessu, og getur lögreglustjóri þá látið slátra alifuglunum á kostnað eiganda og selt, ef kostnaðurinn er ekki tafarlaust greiddur. Einnig getur lögreglustjóri látið slátra þeim alifuglum, er hann telur vanhirta eða eru til óþrifa.

#### 39. gr.

Allur geitfénaður er bannaður á Dalvík.

Geitfé, sem hér eftir yrði flutt til lögsagnarumdæmisins, skal lóga á kostnað eigenda.

#### 40. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar í bæjarlandinu, nema maður fylgi til að gæta þeirra. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má kindurnar til lúkningar kostnaði þessum.

#### 41. gr.

Á almannaferi mega hestar ekki ganga lausir. Enginn má láta hross ganga laus í landi kaupstaðarins, nema þau séu í gripheldri girðingu. Sama gildir um nautpening.

Hesta, sem ganga lausir í bænum skal lögreglan handsama, **hýsa og fóðra**. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má hrossin til lúkningar kostnaði þessum.

#### 42. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Eyjafjarðarsýslu eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta sauðfénaðar síns, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum engjum, túnnum, ökrum, matjurtagörðum og öðrum eignum. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaða þann, er slíkur ágangur kann að valda. Að öðru leyti en fram er tekið í samþykkt þessari gilda ákvæði reglugerðar um búfjárhald í Dalvíkurkaupstað, nr. 484 5. ágúst 1981.

#### 43. gr.

Eigandi eða umráðamaður búfénaðar ber ábyrgð á öllum þeim skaða og spjöllum, sem búfé hans kann að valda.

#### 44. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu. Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til skal upptækur gerður og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

#### 45. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Bæjarsjóður greiði kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum,

sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

46. gr.

Bæjarsjóður greiðir allan kostnað sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar **og eigi verður krafist af einstökum mönnum.**

Lögreglusamþykkt þessi sem bæjarstjórn Dalvíkur hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 1, 3. janúar 1980, sbr. lög nr. 67, 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. september 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

16. september 1981.

Nr.581.

## REGLUGERÐ um búfjárhald í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að stemma stigu við óhóflegu búfjárhaldi innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróks, tryggja að gróðurlendi bæjarins verði ekki spillt og koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir bæjarbúa.

2. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita, alifugla) er óheimilt innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróks, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkv. 2. gr. skal senda um það umsókn til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað, fóðuröflun og öðru er máli kann að skipta. Leyfisveiting fyrir hesta og sauðfé er háð því að umsækjandi sé félagi í viðkomandi félagasamtökum (hestamanna eða fjáregenda) séu þau starfandi og skal vottorð þess efnis fylgja umsókninni.

4. gr.

Nú telur bæjarstjórn að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt leyfi, sem bundið er við tiltekinn hámarksfjölda. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó ekki Sauðárkróksbæ til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi handa búfé, né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Leyfið er veitt til óákveðins tíma, en er uppsegjanlegt með árs fyrirvara miðað við 1. júní ár hvert. Leyfið er háð gildandi reglugerð um búfjárhald á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi. Leyfi þetta öðlast ekki gildi fyrir en leyfisgjald hefur verið greitt.

## 6. gr.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda.

## 7. gr.

Ef leyfishafi brýtur reglugerð þessa um meðferð búfjárins, má afturkalla leyfið og getur þá umsjónarmaður hlutast til um að búféð sé tekið úr vörslu eiganda og er heimilt að selja það á opinberu uppboði, eða slátra því. Þannig má og fara með búfé sem ekki hefir verið fengið leyfi fyrir.

## 8. gr.

Enginn má hafa búfé nema hann hafi yfir það hús sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Heilbrigðisfulltrúi skal áður en leyfi er veitt, staðfesta að skepnuhús samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar.

Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumrin og fóður á veturna, svo og á allri meðferð búfjárins. Ef búfjäreigandi vill láta búpening ganga úti að vetri eða beita búfé, skal það því aðeins heimilt, að búféð sé í öruggri vörslu.

**II. KAFLI****Um sauðfjárhald.**

## 9. gr.

Félagasamtök fjäreigenda tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við umsjónarmann skal fylgjast með að leyfður fjöldi sauðfjár fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús og möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu.

## 10. gr.

Óheimilt er að hafa sauðfé neðan afréttargirðingar á tímabilinu 15. júní til 1. september, nema með sérstöku leyfi umsjónarmanns og skal slíkt leyfi vera skriflegt. Nauðsynleg skilyrði má setja í leyfið.

## 11. gr.

Heimilt er umsjónarmanni að láta smala og reka til afréttar fé, sem er neðan fjallskilagirðingar eftir 15. júní og ekki er leyfi fyrir samkvæmt 10. gr. Lausagöngufé má reka fyrr til afréttar. Eigendur slíks fjár má krefja um allan kostnað, sem af smölun hlýst.

**III. KAFLI****Um hestahald.**

## 12. gr.

Félagasamtök hestamanna tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við umsjónarmann skal fylgjast með því að leyfður fjöldi hesta fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús, möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu, svo sem beitiland.

## 13. gr.

Bæjarstjórn felur félagi hestamanna umsjón og rekstur lands þess, sem hrossum er ætlað til beitar, náist samkomulag þar um.

## 14. gr.

Félag hestamanna skal setja reglur um hagagöngu, sem bæjarstjórn staðfestir.

## IV. KAFLI

**Um byggingar peningshúsa o. fl.**

## 15. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum, sem bundin skulu í aðalskipulagi bæjarins.

## 16. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið bann við öllu búfjárhaldi innan ákveðinna svæða bæjarlandsins og geta þau náð út fyrir hin skipulögðu byggingarsvæði, ef þurfa þykir. Geymsla búfjár á erfðafestulöndum, þar sem leyft er skv. framansögðu, skal því aðeins heimil, að girðingar umhverfis þau séu örugglega fjárheldar.

## 17. gr.

Halda skal skrá um leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur stjórnna hestamanna- og fjáreigendafélaganna um leigu á löndum, sem miða að því að jafna aðstöðu félagsmanna.

## 18. gr.

Einstaklingar og félög hesta- og fjáreigenda, sem hafa lönd á leigu eða til umsjónar, skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann m. a. með því að bera á löndin eftir þörfum. Leigutaki (umsjónaraðili) skal gæta þess að löndin verði aldrei ofbeitt. Umsjónarmaður skal fylgjast með ástandi leigulanda, en getur einnig kvatt til óvilhalla menn, ef ástæða þykir til.

## V. KAFLI

**Um jarðeigna- og búfjárnefnd.**

## 19. gr.

Daglegt eftirlit með jarðeignum bæjarins og vörslu bæjarlandsins, skal vera undir stjórn umsjónarmanns eða þess sem bæjarstjórn ákveður.

## 20. gr.

Jarðeigna- og búfjárnefnd skipa 3 menn og 3 til vara, kosnir af bæjarstjórn til 4 ára í senn. Trúnaðarmenn félagasamtaka skv. 9. og 12. gr. hafa rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Með kosningu jarðeigna- og búfjárnefndar leggst landbúnaðarnefnd niður. Nefndin er ráðgefandi um málefni jarðeigna bæjarins og allt er búfjárhald varðar. Bæjarráð getur falið henni að gera tillögur til ráðsins um afgreiðslu umsókna um búfjárhald og leigu á löndum til beitar og ræktunar.

Umsjónarmaður skv. 19. gr. skal sækja fundi nefndarinnar.

## 21. gr.

Jarðeigna- og búfjárnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipan forðagæslumanna og fjallskilastjóra. Nefndin skal starfa með fjallskilastjóra og aðstoða hann eftir föngum. Meðal annars skal hún gera tillögur um fjallskilagjöld ásamt fjallskilastjóra.

## VI. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 22. gr.

Auk ákvæða reglugerðar þessarar gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar í kafla XVII um peningshús, búrekstur og skepnuhöld, ákvæði lögreglusamþykktar fyrir Sauðárkrókskaupstað í kafla IX um skepnuhald o. fl. og fjallskilareglugerð Skagafjarðarsýslu.

## 23. gr.

Umsjónarmaður skal, ásamt lögreglu, láta handsama og taka í vörslu bæjarins búfé, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem látið er ganga laust í bænum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar. Ennfremur geta þeir sem fyrir ágangi verða, látið handsama ágangs-féð, en þeir skulu skýra umsjónarmanni eða lögreglu frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun þess, fóðrun og annan kostnað sem af slíku leiðir og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því að eigandinn fékk vitneskju um hand-sömunina, eða ef eigi er vitað um eiganda innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búfjár bæta það tjón er búféð hefur valdið. Ef um ítrekað brot verður að ræða á lausagöngu fjár, varðar það sektum og leyfissviptingu.

## 24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## VII. KAFLI

**Ákvæði til bráðabirgða.**

## 25. gr.

Allir þeir, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir reglugerðina, skulu innan sex mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi ella fellur niður heimild þeirra til þess að halda búfé, sbr. þó 2. gr. laga nr. 44 23. maí 1964.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUGERÐ**  
**um gatnagerðargjöld á Blönduósi.**

## 1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Blöndu-óshreppi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

## 2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götur ásamt tilheyrandi lögum, og B-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götu og ganga frá gangstéttum.

## 3. gr.

A-gjald vegna nýbygginga og viðbygginga við eldri hús skal miðað við ákveðinn hluta

byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands á hverjum tíma, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	1,6%
Tvíbýlishús, raðhús .....	1,3%
Fjölbýlishús .....	1,0%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði og opinberar byggingar .....	1,6%
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði .....	1,0%
Gripahús .....	1,0%
Önnur hús eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar .....	1,0—1,6%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálf gald.

Gjald skal einnig greiða af óbyggðum byggingarlóðum við götur þar sem innheimt eru A- og B-gjöld.

Gjald skal miðað við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miðað við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miðað við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílageymslu .....	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggt einbýlishús .....	400 m <sup>3</sup> hver íbúð
Fjölbýlishús .....	300 m <sup>3</sup> hver íbúð
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði .....	1000 m <sup>3</sup>
Annað húsnæði .....	1500 m <sup>3</sup>

Framangreindar reglur gilda, er hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

#### 4. gr.

Gjalddagar A-gjalds skulu vera sem hér segir:

- Innan eins mánaðar frá lóðarveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi.
- Eftirstöðvar skulu greiðast áður en byggingarleyfi er veitt.

Sé greiðsla skv. a-lið ekki greidd innan tilskilins tíma er sveitarstjórn heimilt að veita öðrum lóðina.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endugreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi án vaxta eða verðbóta svo sem hér segir: 50% greiðslunnar þegar lóð er skilað og eftirstöðvar 6 mánuðum síðar.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar greiðsla skv. þeirri úthlutun fer fram.

#### 5. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla A-gjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari.

Þegar veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurnýjun húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færast í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald.

Gjaldið af hinu breytta húsnæði skal nema mismun á gatnagerðargjaldi reiknuðu fyrir og eftir breytinguna.

Sömu reglur gilda er notkun byggingarrýmis er breytt, sem felur í sér að húseignin færast í hærri gjaldflokk, þótt ekki þurfi breytinga á byggingu eða endurbyggingar við.



## 6. gr.

Lóð er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarfélagsins síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum, ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma.

## 7. gr.

B-gjald, sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera bundið slitlag og gangstéttir, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúm-  
metra, eins og hann er talinn af Hagsstofu Íslands á hverjum tíma, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	3,4%
Tvíbýlishús, raðhús .....	2,6%
Fjölbýlishús .....	1,9%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði, opinberar byggingar .....	3,4%
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði .....	1,9%
Bifreiðageymslur .....	1,9%
Önnur hús eftir ákvörðun hreppsnefndar .....	1,9—3,4%

## 8. gr.

Gjöld skv. 3. og 7. gr. breytast samkv. vísitölu byggingarkostnaðar. Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana í 3. og 7. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Sveitarstjórn hefur fulla heimil til þess að endurskoða flokkun húsa í gjaldstuðla, sbr. 3. og 7. gr., svo og gjald einstakra gjaldanda, ef sérstök ástæða er til.

## 9. gr.

B-gjald skv. 7. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verkið fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

## 10. gr.

B-gjald skv. 7. gr. greiðist þannig: 20% á framkvæmdaári með gjalddaga skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar við hverja framkvæmd. Eftirstöðvar má greiða með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum næstu fjögur árin. Gjalddagar afborgana eru 1. júlí ár hvert. Lánakjör eru hin sömu og á lánum Bygðasjóðs eins og þau eru á hverjum tíma á lánum sjóðsins til sveitarfélaga vegna gatnagerðaframkvæmda.

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign. Sveitarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 20% gjaldsins uns gangstétt hefir verið lögð við hús hans. Ef gangstétt er lögð að hluta, má halda eftir greiðslu á 10% gjaldsins.

Heimilt er að veita 10% staðgreiðsluafslátt, eftir ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum tíma. Heimilt er að veita sömu greiðslukjör á B-gjöld skv. 12. gr.

## 11. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fresta innheimtu B-gjalds ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- eða örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, ef húsnæðið er af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá. Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt að forsendur frestunar brestu.

## 12. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi skal innheimta bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Gjöld skv. reglugerð þessari af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt bundið slitlag og/eða gangstétt skulu miðuð við vísitölu eins og hún var þegar byggingarleyfi var gefið út.

13. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðar- eða atvinnuhúsnæði og byggir nýtt á sömu lóð, skal gjald skv. 2. gr. reiknað af rúmmetrum nýja hússins að frádregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlæggt er. Skal miða við rúmmetragjald nýja hússins. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslum samkv. 2. gr. og 12. gr.

14. gr.

Þegar um gjaldfrest er að ræða skv. 10. og 11. gr. hækkar gjaldið til samræmis við hækkun byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar innheimta fer fram.

15. gr.

Séu gjöld skv. reglugerð þessari ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga er sveitarstjórn heimilt að reikna á þau hæstu lögleyfða dráttarvexti nú 4.5% á mánuði.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 131 21. apríl 1976.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. september 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.***Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

22. september 1981.

Nr. 583.

## GJALDSKRÁ

**yfir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.**

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

<b>Fóðurefnagreiningar:</b>	kr.
Vatn .....	30,00
Vatn í votheyi (Touleneiming) .....	75,00
Meltanleiki in vitro .....	40,00
Protein (Kjeldhal) .....	75,00
Meltanlegt prótein .....	120,00
Tréni .....	75,00
Van Soest aðferð (Cellulósi, Hemicellulósi, lignin) .....	120,00
Fita (eter extract) .....	55,00
Brunagildi .....	100,00
Aska .....	40,00

Brennisteinn	60,00
Kalsíum	55,00
Fosfór	60,00
Magnesíum	55,00
Kalíum	55,00
Natríum	55,00
Kopar	60,00
Mangan	60,00
Zink	60,00
Járn	60,00
Bór	60,00
Joðtala	70,00
Peroxið gildi	60,00
Óbundnar fitusýrur	40,00
B <sub>1</sub> vítamín	180,00
B <sub>2</sub> vítamín	180,00
pH í votheyi	15,00
Sýrir + NH <sub>3</sub> í votheyi	105,00
Heildarrannsókn á þurrheyi <sup>1)</sup>	75,00
Heildarrannsókn á votheyi <sup>2)</sup>	180,00

**Jarðvegsgreiningar:**

Fosfór (P)	25,00
Kalíum (K)	20,00
Nítrat (NO <sub>3</sub> )	20,00
Leiðnitala (Lt)	15,00
Sýrustig (pH)	15,00
Áætluð „kalkþörf“	30,00

**Matvælaefnagreiningar:**

Prótein (Kjeldhal)	75,00
Nítrat	70,00
Nítrit	70,00
Fita (með soxhlet)	55,00
Tréni	75,00
Sykurefni	75,00
Aska	40,00
Vatn	30,00
Fitusýrugreining	900,00
Kalsíum	55,00
Fosfór	60,00
Magnesíum	55,00
Kalíum	55,00
Natríum	55,00
Járn	60,00
Salt	40,00
B <sub>1</sub> vítamín	180,00
B <sub>2</sub> vítamín	180,00
C vítamín	115,00

**Plöntusjúkdómar og meindýr:**

Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum .....	40,00
Umfangsmeiri greiningar á skaðaorsökum .....	75,00
Útgáfa heilbrigðisvottorða eða stimplun vegna inn- og útflutnings plantna .....	30,00

## 2. gr.

Aðrar rannsóknir eru unnar í tímavinnu samkvæmt fyrirfram áætlaðri tímaþörf.

## 3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt, hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. september 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

6. október 1981.

Nr. 584.

**REGLUGERÐ**  
**um vistun fanga að Bitru í Hraungerðishreppi.**

## 1. gr.

Að Bitru í Hraungerðishreppi, Árnessýslu, er heimilt að vista kvenfanga.

## 2. gr.

Fangar skulu sæta þeim kjörum sem reglugerð um fangavist nr. 260/1957 segir til um.

## 3. gr.

Um vistun kvenfanga að Bitru að öðru leyti gildir sérstakt samkomulag dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og forráðamanns að Bitru gert í október 1981.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. sbr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 og öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. október 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Jón Thors.*

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Veidifélag Dunkár, Hörðudalshreppi, Dalasýslu.

1. Félagið heitir Veidifélag Dunkár.  
Heimili þess og varnarþing er heimili formans félagsins.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Dunká, en þær eru: Gunnarsstaðir, Dunkárþakki og Dunkur, allar í Hörðudalshreppi, Dalasýslu.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar, við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.  
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í mars-aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1981,*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

## SAMÞYKKT

### fyrir Veidifélag vatnasvæðis Svalbarðsár.

1. Félagið heitir Veidifélag vatnasvæðis Svalbarðsár.  
Heimili þess og varnarþing er heimili formanns félagsins.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Svalbarðsá og þverám, sem renna í hana. Jarðirnar eru: Svalbarð, Svalbarðssel, Kúð I, Kúð II, Flautafell, Garður, Hermundarfell, Hagaland, Brekknakot, Sævarland I og Sævarland II.  
Félagið starfar í þrem deildum. Svalbarðsárdeild, Tungárdeild og Kúðárdeild.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurskosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.  
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í mars-aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

## SAMÞYKKT fyrir Veðifélag Hölknár.

1. Félagið heitir Veðifélag Hölknár.  
Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hölkná, en þær eru: Syðra-Áland, Ytra-Áland, Laxárdalur I, Holt, Laxárdalur II og Laxárdalur III.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði, eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.  
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í maí-júnímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1979, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 219 20. maí 1976 um gatnagerðargjöld fyrir**  
**Ólafsfjarðarkaupstað.**

6. mgr. 14. gr. orðist þannig:

Bæjarstjórn er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt af gjöldum þessum.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*

14. september 1981.

Nr. 589.

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands**  
**íslenskra berklasjúklinga.**

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 360,00 en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 30.00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1982.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 596 30. október 1980.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. september 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

14. september 1981.

Nr. 590.

**ARÐSKRÁ**  
**fyrir Veidifélag Krossár.**

Hlutur Skarðs .....	37%
Hlutur Kross .....	29%
Hlutur Ár .....	29%
Hlutur Frakkaness .....	4%
Hlutur Geirmundarstaða .....	1%

Samtals 100%

Arðskráin gildi í fimm ár.



Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

21. september 1981.

## GJALDSKRÁ fyrir auglýsingar í Ríkisúvarpi.

### I. Hljóðvarp: (Miðað er við krónur fyrir hvert orð).

#### Flokkur 1

Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur. Tapað-fundið. Góðgerðarstarfsemi ..... kr. 9.00

#### Flokkur 2

Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09:30 og kl. 16:00. .... kr. 15.00

#### Flokkur 3

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir ..... kr. 18.00

#### Flokkur 4

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir ..... kr. 36.00

### II. Sjónvarp: (Miðað er við krónur fyrir sekúndur).

7 sek.	.....	kr.	1 250
10 —	.....	—	1 940
15 —	.....	—	2 430
20 —	.....	—	3 010
25 —	.....	—	3 390
30 —	.....	—	3 780
35 —	.....	—	4 460
40 —	.....	—	4 810
45 —	.....	—	5 150
50 —	.....	—	5 730
55 —	.....	—	6 300
60 —	.....	—	6 880

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. október 1981 og þar til öðru vísi kann að verða ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 21. september 1981.*

**Ingvar Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

### um heimilisþjónustu í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps fer með stjórn heimilisþjónustu í Borgarfjarðarhreppi. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum oddvita eða annars starfsmanns er hún væri falin sérstaklega.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að útvega aðstoð á heimilum aðra en hjúkrun. Þjónusta þessi stendur þeim til boða sem þurfa á aðstoð að halda við heimilisstörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum að tilvísun læknis eða hjúkrunarkonu eða öðrum tilvisunum sem hreppsnefnd metur gildar.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsynlegt sé hverju sinni.

#### 3. gr.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Aðstoð við heimili þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

#### 4. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilisþjónustunnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar. Skylt er starfsfólki að gæta þagnælsku um það, sem það fær vitneskju um í starfi sínu. Starfsfólki heimilisþjónustunnar skal gefinn kostur á að sækja námskeið til þess að auka þekkingu sína á þessu sviði.

#### 5. gr.

Hreppssjóður Borgarfjarðarhrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk á vegum heimilisþjónustunnar kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilisþjónustan kaupir.

#### 6. gr.

Fyrir heimilisþjónustu skulu notendur greiða skv. gjaldskrá, sem hreppsnefndin setur. Þar skal tekið tillit til tekna og aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpina. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

## 7. gr.

Borgarfjarðarhreppur annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar hrepps sjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## G J A L D S K R Á

fyrir heimilisþjónustu í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

## 1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar, sem ekkert hafa sér til framfæris nema ellilífeyri, örorkubætur og tekjutryggingu, skulu endurgreiða sem svarar 20% af útlögðum kostnaði fyrir veitta heimilishjálpi. Hafi fyrrnefndir aðilar eftirlaun eða aðrar tekjur, skulu þeir endurgreiða sem svarar 40% af útlögðum kostnaði.

## 2. gr.

Í veikindatilfellum einstaklings um stundarsakir skal hann endurgreiða sem svarar 60% af útlögðum kostnaði fyrstu 11 dagana. Að þeim tíma liðnum, þegar almennur réttur til sjúkradagpeninga frá sjúkrasamlagi stofnast, skal viðkomandi greiða heimilishjálpi að fullu.

## 3. gr.

Í öðrum tilvikum en getið er hér að framan skal endurgreiðsla metin hverju sinni. Endurgreiðslur skulu ákveðnar og innheimtar mánaðarlega fyrir undangenginn mánuð.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 7. október 1981 hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að 0,2 hektara stór spilda sunnan Súðavogs en austan Elliðavogs skuli breytast úr útivistarsvæði í iðnaðarsvæði.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

13. október 1981.

Nr. 595.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 12. október 1981 staðfest aðalskipulagsupprátt fyrir Patreksfjörð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Patrekshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

16. október 1981.

Nr. 596.

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld í Höfðahreppi, Skagaströnd.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Höfðahreppi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

#### 2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götur ásamt tilheyrandi lögnum, og B-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götu og ganga frá gangstéttum.

## 3. gr.

A-gjald vegna nýbygginga og viðbygginga við eldri hús skal miðað við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands á hverjum tíma, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,6%
Tvíbýlishús, raðhús, tveggja hæða íbúðarhús með allt að 4 íb.	1,3%
Fjölbýlishús	1,0%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði og opinb. byggingar	1,6%
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	1,0%
Gripahús	1,0%
Önnur hús eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar	1,0%–1,6%

Af kiöllurum (jarðhæðum) og risshæðum, sem ekki eru ætluð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálf t gjald.

Gjald skal einnig greiða af óbygðum byggingarlóðum við götur þar sem innheimt eru A- og B-gjöld.

Gjald skal miðað við stærð húss. skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miðað við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miðað við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílageymslu	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús	400 m <sup>3</sup> hver íbúð
Fjölbýlishús	300 m <sup>3</sup> hver íbúð
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	1000 m <sup>3</sup>
Annað húsnæði	1500 m <sup>3</sup>

Framangreindar reglur gilda, er hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

## 4. gr.

A-gjald skal greitt innan 5 mánaða frá lóðarveitingu.

Sé greiðsla ekki greidd innan tilskilins tíma er sveitarstjórn heimilt að veita öðrum lóðina.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir. Þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi án vaxta eða verðbóta svo sem hér segir: 50% greiðslunnar þegar lóð er skilað og eftirstöðvar 6 mánuðum síðar.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar greiðsla skv. þeirri úthlutun fer fram.

## 5. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla A-gjalds áskilin og skal húsbýggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurnýjun húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færast í hærri gjaldflokk, þá skal húseignandi greiða gatnagerðargjald.

Gjaldið af hinu breytta húsnæði skal nema mismun á gatnagerðargjaldi reiknuðu fyrir og eftir breytinguna.

Sömu reglur gilda er notkun byggingarrýmis er breytt, sem felur í sér að húseignin færast í hærri gjaldflokk, þótt ekki þurfi breytinga á byggingu eða endurbyggingar við.

## 6. gr.

Lóð er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarfélaginu síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskiðmálum, ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma.

## 7. gr.

B-gjald, sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera bundið slitlag og gangstéttir, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands á hverjum tíma, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	3,0%
Tvíbýlishús, raðhús, 2ja hæða íbúðarhús með allt að 4 íb. ..	2,3%
Fjölbýlishús .....	1,6%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði, opinberar byggingar .....	3,0%
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði .....	1,6%
Bifreiðageymslur .....	1,6%
Önnur hús eftir ákvörðun hreppsnefndar .....	1,6%–3,0%

## 8. gr.

Gjöld skv. 3. og 7. gr. breytast samkv. vísitölu byggingarkostnaðar. Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana í 3. og 7. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Sveitarstjórn hefur fulla heimild til þess að endurskoða flokkun húsa í gjaldstuðla, sbr. 3. og 7. gr., svo og gjald einstakra gjaldenda, ef sérstök ástæða er til.

## 9. gr.

B-gjald skv. 7. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verkið fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

## 10. gr.

B-gjald skv. 7. gr. greiðist þannig: 20% á framkvæmdaári með gjalddaga skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar við hverja framkvæmd. Eftirstöðvar má greiða með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum næstu fjögur árin. Gjalddagar afborgana eru 1. júlí ár hvert. Lánakjör eru hin sömu og á lánnum Byggðasjóðs eins og þau eru á hverjum tíma á lánnum sjóðsins til sveitarfélaga vegna gatna-gerðaf framkvæmda.

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign. Sveitarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin.

Heimilt er að veita 10% staðgreiðsluafslátt, eftir ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum tíma. Heimilt er að veita sömu greiðslukjör á B-gjöld skv. 12. gr.

## 11. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fresta innheimtu B-gjalds ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- eða örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, húsnæðið er af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá. Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt að forsendur frestunar bresti.

## 12. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi skal innheimta bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Gjöld samkv. reglugerð þessari af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt bundið slitlag og/eða gangstétt skulu miðuð við vísitölu eins og hún var þegar byggingarleyfi var gefið út.

## 13. gr.

Ef lóðarhafi rifur á eigin kostnað gamalt íbúðar- eða atvinnuhúsnæði og byggir nýtt á sömu lóð, skal gjald skv. 2. gr. reiknað af rúmmetrum nýja hússins að frádregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlæggt er. Skal miða við rúmmetrageild nýja hússins. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslum samkv. 2. gr. og 12. gr.

## 14. gr.

Þegar um gjaldfrest er að ræða skv. 11. gr. hækkar gjaldið til samræmis við hækkun byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar innheimta fer fram.

## 15. gr.

Séu gjöld skv. reglugerð þessari ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga er sveitarstjórn heimilt að reikna á þau hæstu lögleyfða dráttarvexti nú 4,5% á mánuði. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 55 20. mars 1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

## 1. gr.

Aftan við 64. gr. reglugerðarinnar bætist við ný grein 64. gr. a. og hljóðar sú grein þannig:

Sild skal flokkuð í 1 gæðaflokk til manneidis.

1. flokkur. Vinnslusild, sem er fersk, með eðlilega lykt, útlit og blæ, og laus við átuskemmdir.

Úrgangssild. Sild, sem er með greinilega súr-, ýldu- eða slagvatnslykt, er slegin, kramin, marin, blóðsprungin og með greinilegum átuskemmdum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld, reglugerð nr. 313 30. júní 1981, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. október 1981.*

Steingrímur Hermannsson.

*Jón L. Arnalds.*

## REGLUR

um notkun hlífðarhjálma við akstur bifhjóla og léttra bifhjóla.

## 1. gr.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega, sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálma við akstur.

Sama gildir um ökumann létts bifhjóls.

## 2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda ekki:

1. Um akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á.
2. Þegar hlutaðeigandi hefur meðferðis læknisvottorð, er undanþiggur hann notkun hlífðarhjálms.

## 3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 59. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 30 11. maí 1977, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. október 1981.*

Friðjón Þórðarson.

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

## 1. gr.

Frá 1. nóvember 1981 til 15. maí 1982, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

## 2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.



## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1981, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. október 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. júní til 30. september 1981.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. júní til 30. september 1981:

<b>Porskur:</b>	U.S. \$ pr. lest fob.
Saga IG .....	7 803
Saga IM .....	7 441
Saga IP .....	7 019
Edda og Luna 30/50 .....	5 873
Edda og Luna 50/60 .....	6 789
Edda og Luna 60/up .....	6 973
Astra (Ítalía) .....	5 763
Astra og Polar .....	5 200
<b>Ufsi:</b>	
Astra og Polar .....	4 300
<b>Keila:</b>	
Astra og Polar .....	5 200
<b>Ýsa:</b>	
Astra og Polar .....	4 300
<b>Langa:</b>	
Astra og Polar .....	5 200

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun. Greiðslur í eða úr sjóðnum verði 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. október 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

**REIKNINGUR**

Samvinnubanka Íslands h.f. 1980.

**Rekstrarreikningur Samvinnubanka Íslands h.f. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga fyrir árið 1980.**

**Tekjur:**

Vextir og verðbætur af útlánum .....	kr. 9 122 199 494
Vextir af bankainnstæðum .....	— 1 931 158 542
Aðrar vaxtatekjur .....	— 244 368 187
Þóknun og þjónustutekjur .....	— 617 480 565
Tekjur af fasteignarekstri .....	— 47 233 699
Aðrar tekjur .....	— 11 263 959
	<hr/>
	kr. 11 973 704 446

**Gjöld:**

Vextir af innlánum .....	kr. 6 418 590 258
Vextir til Seðlabanka .....	— 677 483 208
Önnur vaxtagjöld og verðbætur .....	— 2 368 335 392
Laun og launatengd gjöld .....	— 1 285 922 681
Annar rekstrarkostnaður .....	— 651 538 126
Landsútsvar og húsnæðisskattur .....	— 32 825 400
Fasteignagjöld og -kostnaður .....	— 36 300 702
Afskrifað af fastafjármunum .....	— 37 519 364
	<hr/>
	kr. 11 508 515 131

Rekstrarhagnaður kr. 465 189 315

**Tillaga bankaráðs um ráðstöfun hagnaðar:**

Tillag í varasjóð Stofnlánadeildar .....	kr. 67 600 086
Tillag í varasjóð bankans .....	— 150 000 000
Lagt til afskriftareiknings útlána .....	— 25 000 000
Óráðstafað .....	— 222 589 229
	<hr/>
	kr. 465 189 315

**Efnahagsreikningur Samvinnubanka Íslands h.f. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga 31. desember 1980.**

**Eignir:**

**Sjóður og bankainnstæður:**

Sjóður .....	kr. 236 022 647
Seðlabanki Íslands, viðskiptareikningur .....	— 2 077 017 734
Seðlabanki Íslands, bundið alm. fé .....	— 6 922 775 891
Seðlabanki Íslands, bundið verðtryggt fé .....	— 62 098 931
	<hr/>
	kr. 9 297 915 203

**Útlán:**

Víxlar .....	kr. 1 818 290 608
Yfirdráttarlán .....	— 2 363 865 077
Afurða- og framleiðslulán .....	— 3 774 129 000
Innleystar ábyrgðir .....	— 14 203 108
Vaxtabréf .....	— 7 782 000
Alm. skuldabréf .....	— 1 756 574 539
Vaxtaaukalán .....	— 8 377 007 187
Verðtryggð lán .....	— 8 959 041 984
	<hr/>
	kr. 27 070 893 503

**Ýmsir eignaliðir:**

Óinnkomnar fjármagnstekjur .....	kr. 1 686 290 476
Spariskirteini v/lífeyrisskuldbindinga .....	— 148 223 449
Hlutabréf .....	— 4 000 000
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	— 61 958 078
Aðrir eignaliðir .....	— 363 520 546
	<hr/>
	kr. 2 263 992 549

**Varanlegir rekstrarfjármunir:**

Fasteignir .....	kr. 1 927 458 850
Húsbúnaður og skrifstofuáhöld .....	— 190 018 623
	<hr/>
	kr. 2 117 477 473

Eignir samtals kr. 40 750 278 728

**Útan efnahagsreiknings:**

Ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	kr. 1 002 195 526
-------------------------------------	-------------------

**Skuldir og eigið fé:****Veltiinnlán:**

Hlaupareikningar .....	kr. 2 349 386 660
Ávisanareikningar .....	— 2 843 867 551
Giró-reikningar .....	— 7 927 846
	<hr/>
	kr. 5 201 182 057

**Spariinnlán:**

Almennar innstæður .....	kr. 11 864 903 302
Bundnar sparisjóðsbækur .....	— 1 273 242 144
Vaxtaaukareikningar .....	— 10 138 702 894
Verðtryggðir reikningar .....	— 285 164 634
	<hr/>
	kr. 23 562 012 974

Innlán samtals kr. 28 763 195 031

**Bankar og lánasjóðir:**

Seðlabanki, endurseld lán .....	kr. 2 592 641 000
Framkvæmdasjóður Íslands .....	— 1 124 508 000
Lífeyrissjóðir .....	— 4 919 406 992
Aðrar lántökur v/Stofnlánadeildar .....	— 327 535 000
	<hr/>
	kr. 8 964 090 992

**Aðrir skuldaliðir:**

Innheimt fé fyrir aðra .....	kr.	38 709 508
Áfallnir og fyrirframgreiddir vextir .....	—	198 569 036
Sjóður vegna lífeyrisskuldbindinga .....	—	148 223 449
Sérstakur afskriftareikningur v/útlána .....	—	47 248 330
Aðrar skuldir .....	—	233 525 867
		<hr/>
	kr.	666 276 190

Skuldir samtals kr. 38 393 562 213

**Eigið fé:**

Hlutafé .....	kr.	600 000 000
Varasjóður .....	—	360 000 000
Varasjóður Stofnlánadeildar .....	—	121 674 401
Endurmatsreikningur fasteigna .....	—	960 007 000
Höfuðstólsreikningur .....	—	315 035 114
		<hr/>
	kr.	2 356 716 515

Skuldir og eigið fé samtals: kr. 40 750 278 728

Meðfylgjandi ársreikning Samvinnubanka Íslands h.f. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga fyrir árið 1980 hefi ég endurskoðað. Við endurskoðunina voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum sem ég taldi nauðsynlegar.

Ég tel að ársreikningurinn ásamt skýringum nr. 1—8 sýni glögga mynd af hag og afkomu bankans og Stofnlánadeildarinnar á árinu 1980.

Reykjavík, 23. febrúar 1981.

Geir Geirsson,  
löggiltur endurskoðandi.

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Samvinnubanka Íslands h.f. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga höfum yfirfarið ársreikninginn og borið saman við bókhald bankans. Ennfremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Leggjum við til við aðalfund að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 2. mars 1981.

Ásgeir G. Jóhannesson. Óskar Jónatansson. Magnús Kristjánsson.

Reykjavík, 23. febrúar 1981.

Kristleifur Jónsson. Einar S. Einarsson.

Með tilvísun til framanskráðra yfirlýsinga endurskoðenda bankans samþykkir bankaráð ársreikninginn.

Reykjavík, 3. mars 1981.

Erlendur Einarsson. Hjörtur Hjartar. Vilhjálmur Jónsson.

**REIKNINGUR****Ársreikningur Minningargjafasjóðs Landspítalans 1980.****Rekstrarreikningur fyrir árið 1980.****Gjöld :**

Ýmis kostnaður, prentun o.fl. 1980 .....	kr.	2 205 769
Styrkveitingar 1980 .....	—	9 030 000
Tekjur til ráðstöfunar 1982 .....	—	41 100 000
Tekjur lagðar við höfuðstól .....	—	49 552 458
		<hr/>
	kr.	101 888 227

**Tekjur :**

Samúðarskeyti Landsímans .....	kr.	45 862 785
÷ 15% til F.Í.S. ....	—	÷6 879 420
		<hr/>
	kr.	38 983 365
Aðrar minningargjafir .....	—	131 200
Arður af hlutabréfum Eimskipafél. Ísl. ....	—	22 800
Vaxtatekjur .....	—	62 750 862
		<hr/>
	kr.	101 888 227

**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1980.****Eignir :**

Innstæða á ávísanareikningi .....	kr.	1 133 963
Bankainnstæður á vaxtaaukareikningi .....	—	215 445 979
Spariskírteini 1. fl. 74C 1136-40 .....	kr.	250 000
Spariskírteini 1. fl. 75C 10461-65 .....	—	250 000
Spariskírteini 1. fl. 76C 1363-921 .....	—	1 500 000
		<hr/>
	—	2 000 000
Hlutabréf í Eimskipafél. Ísl. ....	—	456 000
Áfallnir vextir af spariskírteinum .....	—	308 698
		<hr/>
	kr.	219 344 640

**Skuldir :**

Til ráðstöfunar 1982 skv. 5. gr. skipulagsskrár frá fyrri ári .....	kr.	34 900 000
af tekjum 1980 .....	—	41 100 000
		<hr/>
	—	76 000 000
Höfuðstóll 1/1 1980 .....	kr.	93 564 182
+ jöfnunarbréf E.Í. ....	—	228 000
+ lagt við af tekjum .....	—	49 552 458
		<hr/>
	—	143 344 640
		<hr/>
	kr.	219 344 640

Reykjavík, 17. janúar 1981.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa horið þá saman við tilheyrandi bankabækur og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 4. febrúar 1981.

Ólöf Pétursdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.

**REIKNINGAR**

sjóða sem tengdir eru Minningargjafasjóði Landspítala Íslands 1980.

**Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðardóttur.****Eignir :**

Innstæða í Söfnunarsjóði aðaldeild nr. 456 ..... kr. 76 475

---

kr. 76 475

**Skuldir :**

Hrein eign 1/1 1980 ..... kr. 59 642

Vaxtatekjur 1979 ..... — 16 833

---

kr. 76 475

**Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán,  
Elísabeti, Sveinbjörn og Steinunni.****Eignir :**

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 510591 í Búnaðarbanka Íslands .... kr. 150 261

---

kr. 150 261

**Skuldir :**

Hrein eign 1/1 1980 ..... kr. 103 658

Vaxtatekjur 1980 ..... — 46 603

---

kr. 150 261

**Minningargjöf um Hans Wium, sýslumann.****Eignir :**

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28257 í Landsbanka Íslands ..... — 80 856

---

kr. 80 856

**Skuldir :**

Hrein eign 1/1 1980 ..... kr. 55 779

Vaxtatekjur 1980 ..... — 25 077

---

kr. 80 856

**Minningargjöf um Þórunni Jónassen.****Eignir :**

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28230 í Landsbanka Íslands ..... kr. 165 715

---

— 165 715

**Skuldir :**

Hrein eign 1/1 1980 ..... kr. 114 319

Vaxtatekjur 1980 ..... — 51 396

---

kr. 165 715

**Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.****Eignir :**

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28249 í Landsbanka Íslands .....	kr. 105 627
--	-------------

---

 kr. 105 627
**Skuldir :**

Hrein eign 1/1 1980 .....	kr. 72 867
Vaxtatekjur 1980 .....	— 32 760

---

 kr. 105 627
**Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.****Eignir :**

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28273 í Landsbanka Íslands .....	kr. 357 118
--	-------------

---

 kr. 351 118
**Skuldir :**

Hrein eign 1/1 1980 .....	kr. 246 359
Vaxtatekjur 1980 .....	— 110 759

---

 kr. 357 118
**Minningargjöf um Gísla Oddsson, skipstjóra.****Eignir :**

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28281 í Landsbanka Íslands .....	kr. 297 686
--	-------------

---

 kr. 297 686
**Skuldir :**

Hrein eign 1/1 1980 .....	kr. 205 360
Vaxtatekjur 1980 .....	— 92 326

---

 kr. 297 686
**Sjóður Guðlaugar Jónsdóttur og Guðjóns Björnssonar.****Eignir :**

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28265 í Landsbanka Íslands .....	kr. 1 661 685
--	---------------

---

 kr. 1 661 685
**Skuldir :**

Hrein eign 1/1 1980 .....	kr. 1 146 319
Vaxtatekjur 1980 .....	— 515 366

---

 kr. 1 661 685

## Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

## Eignir :

Innstæða á vaxtaaukareikningi nr. 28222 í Landsbanka Íslands .....	kr. 397 397
	<hr/>
	kr. 397 397

## Skuldir :

Hrein eign 1/1 1980 .....	kr. 274 146
Vaxtatekjur 1980 .....	— 123 251
	<hr/>
	kr. 397 397

Reykjavík, 17. janúar 1981.

Maria Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankabækur og fylgiskjöl og ekkert fundið athugasemdir.

Reykjavík, 4. febrúar 1981.

Ólöf Pétursdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.

Nr. 604.

## REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1980.

## Rekstrarreikningur fyrir árið 1980.

## I. Iðgjöld:

Iðgjöld ársins .....	kr. 3 048 531 832
Endurtryggingariðgjöld .....	— (1 731 867 005)

Eigin iðgjöld kr. 1 316 664 827

## II. Tjón:

Tjón ársins .....	kr. (3 166 966 013)
Hluti endurtryggjenda í tjónum .....	— 2 009 928 599

Eigin tjón kr. (1 157 037 414)

Iðgjöld ÷ tjón kr. 159 627 413

## III. Umboðslaun:

Fengin umboðslaun og ágóðahluti .....	kr. 189 230 040
Greidd umboðslaun og ágóðahluti .....	— (178 083 801)
	<hr/>
	11 146 239

Iðgjöld ÷ tjón + umboðslaun kr. 170 773 652



## IV. Fjármunatekjur ÷ fjármagnsgjöld:

Vaxtatekjur og verðbætur .....	kr.	163 485 778	
Arður .....	—	93 000	
		<hr/>	
	kr.	163 578 778	
Vaxtagjöld .....	—	0	
Rekstrarkostnaður fasteignar .....	—	(5 329 719)	
		<hr/>	
			— 158 249 059
	kr.		329 022 711

## V. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:

Laun og launatengd gjöld .....	kr.	(100 405 936)	
Annar rekstrarkostnaður .....	—	(41 958 874)	
Aðstöðugjald .....	—	(45 007 000)	
Kirkjugarðsgjald .....	—	(1 035 161)	
		<hr/>	
			— (188 406 971)
	kr.		140 615 740

## VI. Gengismunur:

Gengishagnaður .....	—	60 756 867
----------------------	---	------------

## VII. Fyrningar .....

	kr.	(6 938 788)
Hagnaður af reglulegri starfsemi .....	kr.	194 433 819

## VIII. Til ráðstöfunar:

Óráðstafað frá fyrra ári .....	kr.	456 967 672
Höfuðstólsfærslur .....	—	491 202
Hagnaður ársins .....	—	194 433 819
		<hr/>
	kr.	651 892 693

## IX. Ráðstöfun:

Lagt í áhættusjóð .....	kr.	19 443 382
Óráðstafað til næsta árs .....	—	632 449 311
		<hr/>
	kr.	651 892 693

## Eignir:

## Veltufjármunir:

## Bankainnstæður:

Innstæður á hlaupareikningum .....	kr.	24 859 382
Innstæður á sparisjóðsbókum .....	—	340 681 965
		<hr/>
	kr.	365 541 347

**Skammtímakröfur:**

Innlend váttryggingafélög .....	kr. 1 530 642 230
Aðrir innlendir skuldunautar .....	— 576 978 045
Erlendir skuldunautar .....	— 4 459 096
Vixileignir .....	— 22 966 618
Fyrirframgreidd laun .....	— 1 308 854
Áfallnir vextir v/verðbréfa .....	— 99 624 012
	<hr/>
	kr. 2 235 978 855

Veltufjármunir alls kr. 2 601 520 202

**Fastafjármunir:****Varanlegir rekstrarfjármunir:**

Skrifstofuáhöld .....	kr. 31 440 702
Björgunaráhöld .....	— 2 683 662
Innréttingar .....	— 3 740 384
Fasteign Lág múla 9 .....	— 74 663 626
	<hr/>
	kr. 112 528 374

**Áhættufjármagn og langtímakröfur:**

Hlutabréf .....	kr. 475 000
Verðbréfaeign .....	— 252 046 668
	<hr/>
	kr. 252 521 668

Fastafjármunir alls kr. 365 050 042

**Hluti endurtryggjenda í Tryggingasjóði:**

Iðgjaldasjóður .....	kr. 43 317 612
Bótasjóður .....	— 1 088 635 456
	<hr/>

Hluti endurtr. í tryggingasjóði kr. 1 131 953 068

**Eignir alls kr. 4 098 523 312****Skuldir og eigið fé:****Skammtímaskuldir:**

Innlend vatr.fél. þ.m.t. geymslufé .....	kr. 594 099 909
Sjávarútvegsráðuneytið .....	— 729 058 369
Aðrir innlendir skuldheimtumenn .....	— 18 735 388
Erlendir skuldheimtumenn .....	— 263 309 420
Ógreiddir skattar .....	— 50 273 086
Ógreiddur kostnaður .....	— 280 280
	<hr/>

Skammtímaskuldir alls kr. 1 655 756 452

## Tryggingasjóður:

Iðgjaldasjóður .....	kr. 129 177 527
Bótasjóður .....	— 1 569 997 564

Tryggingasjóður alls kr. 1 699 175 091

## Áhættusjóður:

Áhættusjóður 31.12 1980 .....	kr. 61 773 060
-------------------------------	----------------

## Eigið fé:

Endurmatsreikningur .....	kr. 49 369 398
Óráðstafað eigið fé .....	— 632 449 311

Eigið fé alls kr. 681 818 709

Skuldir og eigið fé alls kr. 4 098 523 312

Reykjavík, 25. júní 1981.

Í stjórn Samábyrgðar Íslands:

Matthías Bjarnason.      Jón Sigurðsson.      Egill Þorfinnsson.  
 Ágúst Flygenring.      Birgir Finnsson.

Forstjóri:

Páll Sigurðsson.

## REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1980. (Aldurslagasjóður).

Rekstrarreikningur fyrir árið 1980.

Árgjöld:	
Árgjöld ársins .....	kr. 326 314 088
Tjón og bætur:	
Alskaðabætur v/úreldingar .....	kr. 212 625 000
Viðgerðarbætur .....	— 8 871 000

kr. (221 496 000)

Iðgjöld ÷ tjón kr. 104 818 088

## Fjármunatekjur:

Vaxtatekjur .....	kr.	146 481 030
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:		
Þátttaka í kostnaði Samábyrgðar .....	kr.	26 063 741
Annar rekstrarkostnaður .....	—	1 940 066
		<hr/>
	kr.	(28 003 807)

## Óregluleg gjöld og tekjur:

Afskrifuð iðgjöld .....	kr.	(289 209)
Hagnaður af sölu tækja .....	—	0
		<hr/>
	kr.	(289 209)

Hagnaður til ráðstöfunar kr. 223 006 102

## Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1980.

## Eignir:

## Veltufjármunir:

Sjóður og bankainnstæður:		
Sjóður og hlaupareikningur .....	kr.	5 677 482
Innstæða á sparisjóðsbókum .....	—	444 095 038
Innstæða á vaxtaukareikning .....	—	199 351 252
		<hr/>
	kr.	649 123 772

## Skammtímakröfur:

Útistandandi iðgjöld .....	kr.	129 276 618
Aðrir innlendir skuldunautar .....	—	6 612 192
		<hr/>
	kr.	135 888 810

Veltufjármunir alls kr. 785 012 582

## Fastafjármunir:

## Varanlegir rekstrarfjármunir:

Skrifstofuáhöld .....	kr.	4 801 028
Rakaeyðingartæki .....	—	21 176 405
		<hr/>
	kr.	25 977 433
Fyrningar pr. 31.12. 1980	—	23 379 691
		<hr/>
	kr.	2 597 742

## Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Innlend verðbréf .....	kr.	70 000
------------------------	-----	--------

Fastafjármunir alls kr. 2 667 742

Eignir alls kr. 787 680 324

## Skuldir og eigið fé:

## Skammtímaskuldir:

Tryggingasjóður fiskiskipa .....	kr.	115 147 178
Samábyrgð Íslands .....	—	12 428 724
Aðrir innlendir skuldheimtumenn .....	—	8 347 870
Ógreiddar bætur .....	—	63 292 835
Ógreiddir skattar .....	—	0
Skammtímaskuldir alls		kr. 199 216 607

## Áhættusjóður:

Áhættusjóður .....	kr.	30 091 803
Lagt í áhættusjóð á árinu .....	—	22 300 000

---

Áhættusjóður alls kr. 52 391 803

## Eigið fé:

Endurmatsreikningur .....	kr.	2 534 227
Óráðstafað eigið fé .....	—	533 537 687

---

kr. 536 071 914

---

Skuldir og eigið fé alls kr. 787 680 324

Reykjavík, 29. júní 1981.

Í stjórn Aldurslagasjóðs:

Matthías Bjarnason.      Ágúst Flygenring.      Birgir Finnsson.  
    Jón Sigurðsson.      Egill Þorfinnsson.

Nr. 606.

23. október 1981.

**REGLUGERÐ**

um niðurfellingu banns við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

## 1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 569 11. nóvember 1980, um bann við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. október 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kjartan Júlíusson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Eftirtaldar götur verða aðalbrautir:
  - a. **Ónefndur vegur** að Umferðarmiðstöðinni, þó þannig að umferð um hann viki fyrir umferð um Hringbraut og Hafnarfjarðarveg (Reykjanesbraut).
  - b. **Norðurhólar**. Umferð um þá viki þó fyrir umferð um Vesturhóla.
  - c. **Seljaskógar**, milli Breiðholtsbrautar og Grófarsels. Umferð um þá viki þó fyrir umferð um Breiðholtsbraut.
  - d. **Miðskógar**. Umferð um þá viki þó fyrir umferð um Seljaskóga og Stekkjarbakka.
  - e. **Seljabraut**. Umferð um hana viki þó fyrir umferð um Seljaskóga og Jaðarsel.
  - f. **Stekkjarkakki**. Umferð um hann viki þó fyrir umferð um Breiðholtsbraut, Álfabakka og tengigötu við Reykjanesbraut.
  - g. **Skógarsel**. Umferð um það viki fyrir umferð um Raufarsel.
2. Umferð um Hraunberg ber að vika fyrir umferð um Austurberg með biðskyldu.
3. Á Skólavörðustíg frá Bergstaðastræti að Laugavegi er heimilt að leggja bifreiðum við stöðumæla beggja vegna götunnar.
4. Ákvæði um takmörkun umferðar um Fálkabakka hafa verið felld úr gildi.

Auglýsing þessi tekur gildi 3. nóvember 1981.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. október 1981.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

28. júlí 1981.

Nr. 608.

## AUGLÝSING

### um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði.

Umferð um Kvíholt er stöðvunarskyld við gatnamót **Ölduslóðar** (stanz).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 1. ágúst 1981.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 28. júlí 1981.*

**Einar Ingimundarson.**

Endurprentað blað.

**AUGLÝSING****um umferð á Akureyri.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Framlenging Norðurlandsvegur (Drottningarbrautar) til norðurs frá Höpfnar að Kaupvangsstræti verður aðalbraut og tengingar við hana merktar biðskyldu.
2. Umferð um ónefnda götu sunnan lóðar Hitaveitu við Þórunnarstræti skal víkja fyrir umferð um síðarnefndu götuna.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórinn á Akureyri, 9. október 1981.*

Elías I. Elíasson.

**AUGLÝSING****um umferð í Árnassýslu.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 eru settar eftirfarandi reglur um umferð í Árnassýslu:

1. Við vegamót Skeiða- og Hrunamannavegar og Suðurlandsvegur skal umferð um Skeiða- og Hrunamannaveg víkja fyrir umferð um Suðurlandsveg.
2. Við vegamót Þorlákshafnarvegur, Þrengslavegur og Krýsuvíkurvegur skal umferð um Þorlákshafnarveg (Hveragerði) — Krýsuvíkurveg víkja fyrir umferð um Þorlákshafnarveg (Þorlákshöfn) — Þrengslaveg.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. september 1981.*

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 166/1972, um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík.

## 1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Taka skal sérstakt afgreiðslugjald (söluskattur innifalinn), er sé það sama og afhendingargjald lyfseðilsskyldra lyfja skv. lyfjaverðskrá II, eins og það er hverju sinni, fyrir að afgreiða hvern einstakling á næturvörslu (þ. e. á tímabilinu kl. 22—9 eða 10 eftir því sem við á).

Gjald þetta má ekki innheimta, þegar um er að ræða afgreiðslu samkvæmt lyfseðli, sem greinilega er auðkenndur þannig, að hann skuli afgreiða þegar í stað og í næturvörslu (t. d. nocte).“

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsólulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi 15. nóvember 1981, jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 167/1978.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

20. október 1981.

Nr. 612.

**AUGLÝSING**

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25

10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

Framfarðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum kr.
1. júní 1981 .....	114 076,00	342 227,00
1. sept. 1981 .....	124 271,00	372 813,00

*Samgönguráðuneytið, 20. október 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*



**AUGLÝSING****um skiptingu Akureyrarprestakalls og stofnun sérstaks prestakalls,  
Glerárprestakalls, á Akureyri.**

Að fengnum tillögum biskups og samkvæmt ósk viðkomandi sóknarnefnda, er hér með ákveðið, í samræmi við tilætlun laga um skipan prestakalla o. fl., nr. 35 9. maí 1970, 3. gr. 2. másl. sbr. 1. másl., sbr. einnig 2. gr. 1. másl. og 11. gr., að Akureyrarprestakalli skuli skipt þannig, að Lögmannshliðar- og Miðgarðasóknir myndi sérstakt prestakall: Glerárprestakall, en Akureyrarsókn gegni sem áður tveir prestar.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. október 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Baldur Möller.*

30. október 1981.

987

Nr. 614.

## GJALDSKRÁ OG REGLUR

### fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. nóvember 1981.

#### I. KAFLI

#### Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

##### 1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 1 189.00
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutað-eigandi símsstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Után þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símaþöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

##### 2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næst-síðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnótandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

- 2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 192,50 að viðbættum kr. 0,45 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.
- 2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 64,30 á ársfjórðungi.
- 2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4. Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímannotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a. Lengd línuleiðar	0.5—1.0 km	kr. 50,35
b. Lengd línuleiðar	1.0—2.0 km	kr. 75,55
c. Lengd línuleiðar	2.0—4.0 km	kr. 125,85
d. Lengd línuleiðar	4.0—8.0 km	kr. 302,10
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr. 402,75

### 3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1. Aukatalfæri með gaumskífu (blinker)	581,80	58,75
3.2. Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4)		60,15
3.3. Vatnspétt talfæri		69,90
3.4. Hátalarasími		240,50
3.5. 2ja línu talfæri Siemens	1 453,10 <sup>2)</sup>	124,40
3.6. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	731,40 <sup>2)</sup>	99,20
3.7. Rítarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		103,50 <sup>3)4)5)</sup>
3.8. Rítarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	1 299,30 <sup>2)3)</sup>	111,85 <sup>3)</sup>
3.9. Rítarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri	3 539,60 <sup>2)</sup>	297,85
3.10. Rítarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	622,40 <sup>2)3)</sup>	65,70 <sup>3)</sup>
3.11. Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri		109,10 <sup>3)4)5)</sup>
3.12. Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri		130,10 <sup>3)4)5)</sup>
3.13. Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri		170,70 <sup>3)4)5)</sup>
3.14. Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri		209,80 <sup>3)4)5)</sup>

#### Skýringar:

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Verð pr. talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.15. Raðsímur, Reiha $\frac{1}{2}$ , 1 lína, 2 til 3 talfæri	2 475,40 <sup>2</sup> ) <sup>3</sup>	212,35 <sup>3</sup> )
3.16. Raðsímur, Reiha $\frac{1}{5}$ , 1 lína, 3 til 6 talfæri	1 794,00 <sup>2</sup> ) <sup>3</sup>	152,50 <sup>3</sup> )
3.17. Raðsímur, Reipos $\frac{2}{5}$ , 2 línur, 3 til 6 talfæri	1 678,15 <sup>2</sup> ) <sup>3</sup>	148,35 <sup>3</sup> )
3.18. Raðsímur, Reipos $\frac{2}{10}$ , 2 línur, 7 til 11 talfæri	2 576,10 <sup>2</sup> ) <sup>3</sup>	223,65 <sup>3</sup> )
3.19. Fjöllínusímur, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri		373,45 <sup>3</sup> )
3.20. Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	895,00 <sup>2</sup> )	99,20
3.21. Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	1 860,00 <sup>2</sup> )	216,70
3.22. Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	1 860,00 <sup>2</sup> )	1 282,40
3.23. Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	727,25 <sup>2</sup> )	90,90
3.24. Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð	1 860,00	527,25
3.25. Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	1 860,00	1 590,20
3.26. Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 1 695,00.		
3.27. Sjálfsalar, 3ja mynta. Árstekjutrygging kr. 2 472,00.		
3.28. Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 51,80.		
3.29. Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 254,50.		
3.30. Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.		

#### 4. Einkasímstöðvar.

##### 4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3	5 580,00	112,00
4.1.2. L.M.E. 2+6	8 964,00	224,00
4.1.3. L.M.E. 3+9	13 229,00	336,00
4.1.4. L.M.E. 4+16	20 852,00	560,00
4.1.5. L.M.E. 5+30	21 341,00	980,00
4.1.6. L.M.E. 6+40	23 677,00	1 288,00
4.1.7. E.B. 6+30	21 745,00	1 008,00
4.1.8. ADG 101 8+40	50 822,00	1 344,00
4.1.9. ADG 101 16+80	66 877,00	2 688,00

##### Skýringar:

- Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
- Verð pr. talfæri.
- Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
- ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

**4.2. Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).**

Nýjar sjálfvirkar einkasímstöðvar eru settar upp gegn greiðslu kostnaðarverðs, sem reiknast hverju sinni, og rekstrargjalds, sem er 1,5% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.

Uppsetningarkostnað símstöðvarinnar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengi-lista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

4.2.1. Fyrir hvern númerabúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum .....		78,25
4.2.2. Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum .....		156,70
Greiða skal $\frac{1}{3}$ hluta áætlaðs kostnaðargjalds, þegar stöðin er pöntuð, $\frac{1}{3}$ þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.		
<b>4.3. Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2.</b>		
4.3.1. Númer frá einkasímstöð í sama húsi. Talfæri ekki innifalið .....		28,00
4.3.2. Númer frá einkasímstöð í öðru húsi á sömu lóð (hámark 50 m). Talfæri ekki innifalið .....	327,20	40,65
4.3.3. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið .....	1 292,20	163,60
4.3.4. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið .....	1 292,20	1 229,30
4.3.5. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið .....	1 292,20	1 756,55
4.3.6. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi .....	1 292,20	1 067,00
4.3.7. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi .....	1 292,20	1 756,55
4.3.8. Þverlínusamband milli einkastöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi .....	1 292,20	2 292,15

**5. Tegundaprófun tækja.**

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símakerfið.

5.1. Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris .....	kr. 966,00
5.2. Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu.	
5.3. Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota .....	kr. 96,60
Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald.	

### 6. Flutningsgjald.

- 6.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 594,50  
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).
- 6.2. Milli stöðvargjaldsvæða ..... kr. 802,70  
Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.
- 6.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6.1. niður í allt að kr. 304,85 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 378,25 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

### 7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnaði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 664,25.

Viðtökugjald lækkar í kr. 118,80 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 237,60.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnaðsgjald sbr. 6.1. og 6.2. hér að framan.

### 8. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

### 9. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin lætur í té, er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

## II. KAFLI

**Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.****1. Stofngjald.**

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 937,40
- 1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

**2. Afnotagjald á ársfjórðungi.**

- 2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum	kr.	2—3 notendur á sömu línu kr.	Yfir 3 notendur á sömu línu kr.
2 std.	88,10	70,50	52,85
4 —	116,10	92,90	69,65
6 —	131,45	105,15	78,85
8 —	146,85	117,50	88,10
10 —	162,20	129,75	97,30
12 —	165,00	132,00	99,00
14 —	167,80	134,25	100,70
16 —	170,65	136,50	102,40
24 —	201,45	161,15	120,85

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

- 2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

**2.3. Almenn ákvæði.**

Ofanefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnótandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

### 3. Flutningsgjald.

- 3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 468,70
- 3.2. Milli stöðvargjaldsvæða ..... — 648,95
- 3.3. Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnótandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.
- 3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjald skv. 3.1. niður í allt að kr. 237,60.

### 4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnaði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnótandi og án breytinga á símalögn er-gjaldið kr. 514,70.

Viðtökugjald lækkar í kr. 118,80 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnótandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 237,60.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf flutningsgjald sbr. 3.1. og 3.2. hér að framan.

### 5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfalli af Póst- og símamálastofnuninni með tillit til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

### 6. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður aðaltalferis er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.



### III. KAFLI Notendasímar í sveitum.

#### 1. Stofngjald.

- Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:
- 1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 630,80. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
  - 1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I.\*kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.
  - 1.3. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnótandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.
  - 1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

#### 2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std. ....	kr. 46,15
4 — .....	— 51,50
6 — .....	— 67,00
8 — .....	— 78,50
10 — .....	— 86,15
12 — .....	— 88,00
14 — .....	— 89,95
16 — .....	— 93,70
24 — .....	— 99,40

- 2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.
- 2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.
- 2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.  
Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

#### 3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

- 3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.
- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda tii, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.
- 3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigandur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
- 3.5. Símmotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
- 3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
- 3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.
- Pegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
- 3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kaupúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

#### IV. KAFLI

##### Símtalagjald

###### 1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands:

Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals

s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki

n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1, 2, 3 \dots & t \geq s \end{cases}$$

$t$  = lengd símtalsins.

$$\frac{t - ns}{s} = \text{Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtals-  
bila, } n.$$

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal  $t$  og  $s$  í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 19.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
0 bæjarsímtöl .....	360 sek.
1 .....	60 sek.
2 .....	18 sek.
3 .....	12 sek.

1.2. Nætur- og helgertaxti er frá kl. 19.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 19.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur	sek. í skrefi
0 bæjarsímtöl .....	Ót. tími
1 .....	120 sek.
2 .....	36 sek.
3 .....	24 sek.

1.3. Sveitabærir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 0 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

## 2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um 0— 10 km línulengd .....	kr. 3,00	kr. 1,00
— 10— 25 — — .....	— 4,92	— 1,64
— 25—100 — — .....	— 6,63	— 2,21
— 100—225 — — .....	— 7,98	— 2,66
Yfir 225 — — .....	— 9,96	— 3,32

Framanefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

- 2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
- 2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.
- 2.4. Kvaðning kr. 3,65. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
- 2.5. Afgreiðslugjald: kr. 9,05 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
- 2.6. Boðsending: kr. 5,85 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 5,85 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

### 3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

### 4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 4,95 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 1,65 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.2. Strandargjald kr. 10,20, ef skipið er ekki meira en 150 sjómílar frá landi, en annars kr. 14,10 fyrir 3 mín. og kr. 3,40 eða kr. 4,70 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
- 4.4. Aukapjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.
- 4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
  - a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
  - b. Strandargjald.
  - c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
  - d. Gjald fyrir aukapjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. kafla 2.

## V. KAFLI

### Símskeytagjald.

#### 1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunnjald kr. 9,05 og kr. 0,55 fyrir hvert orð: Lágmarksorða-fjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 5,05 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 5,05 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.
- 1.5. Samúðarskeyti: Grunnjald kr. 9,05. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalásjóðs.
- 1.6. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kaupþúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 5,85 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.
 

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.
- 1.7. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkvæðjuna og tiltaka jafnframt orðafjöldu svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.8. Samanburður til tryggingar gegn missímum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

## 2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

## 3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
- 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
- Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 9,05.
  - Línugjald kr. 0,55 á hvert orð.
  - Strandargjald kr. 0,70 hvert orð.
  - Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
  - Gjald fyrir aukapjónustu að beiðni sendanda.
- Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskeyti.
- 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 5,05 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 3,50.
- 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukapjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

## VI. KALFI

### Fjarritvélar.

#### 1. Stofngjald.

1. 1. Númer í telexstöð .....	kr. 5 243,00
1. 2. Bæjarlína .....	— 1 303,00
1. 3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð .....	— 7 775,00
1. 4. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal kostnaðarverð sem birt er í verðskrá, en það er innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði.	
1. 5. Innbyggður endurgati af eldri gerð .....	kr. 1 384,00
1. 6. Innbyggður vélsendir af eldri gerð .....	— 1 384,00
1. 7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs .....	— 3 846,00
1. 8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði .....	— 4 867,00
1. 9. Vélsendir .....	— 1 860,00
1.10. Vélgatari .....	— 3 846,00
1.11. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) .....	— 3 189,00
1.12. Afriðill .....	— 686,00
1.13. Tengipúlt .....	— 1 020,00
1.14. Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.	
1.15. Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður .....	— 686,00
1.16. Breyting á telexheiti .....	— 364,00

#### 2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Númer í telexstöð .....	— 1 888,00
2.2. Bæjarlína .....	— 364,00

- 2.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega. — 3 049,00
- 2.4. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal rekstrar-gjald, sem birt er í verðskrá, en það er 2.2% af kostnaðarverði samkvæmt verðskrá á hverjum tíma á ársfjórðungi. Í rekstrar-gjaldinu er innifalið viðhald án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.
- 2.5. Innbyggður endurgati af eldri gerð ..... — 447,00
- 2.6. Innbyggður vélsendir af eldri gerð ..... 447,00
- 2.7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs ..... — 1 635,00
- 2.8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði ..... — 1 874,00
- 2.9. Vélsendir ..... — 755,00
- 2.10. Vélgatari ..... — 1 398,00
- 2.11. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) ..... — 1 635,00
- 2.12. Afriðill ..... — 364,00
- 2.13. Tengipúlt ..... — 461,00
- 2.14. Fjölsendir (2 vélsendar—1 númerasendir) ..... — 2 336,00
- 2.15. Fjölsendir (1 vélsendir—1 númerasendir) ..... — 1 635,00
- 2.16. Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.
- 2.17. Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.
- 2.18. Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.

### 3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

- 3.1. Milli húsa á svæði sömu símsstöðvar ..... — 1 300,00
- 3.2. Innanhúss ..... — 657,00
- 3.3. Frá húsi á svæði annarrar símsstöðvar ..... — 1 958,00

### 4. Gjald fyrir telexritanir.

- 4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 0,45 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 1,13 á mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkja-samningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

### 5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

## VII. KAFLI

### Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjaldi, sem er 2.2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal  $\frac{1}{3}$  hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað,  $\frac{1}{3}$  þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

## VIII. KAFLI

### Sambönd og línur.

#### 1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek. eða meira, er kr. 5 636,00.

#### 2. Afnotagjald.

- 2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ. m. t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutaðeigandi símamiðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.
  - 2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.
  - 2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.
  - 2.1.3. Fyrir samband í fjölsímakerfi milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem er notað eingöngu fyrir gæslu- og öryggismál en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti skal nota margföldunarstuðul 0,347. Þar að auki er veittur 30% afsláttur, ef sambandið er eingöngu í aðra áttina. Fyrir sams konar samband, sem ekki er komið á með fjölsímakerfi, vísast til 2.2.
  - 2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,167.
  - 2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:
    - 2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.

- 2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12.5% ofan á viðskiptagjaldið. Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.
- 2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2, en með 50% afslætti.
- 2.2. Innan hvers gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjaldið reiknast í 500 m þrepum). Sama gildir um samband milli gjaldsvæða, þegar sambandi er ekki komið á með fjölsímakerfi og um er að ræða samband fyrir gæslu — og öryggismál. Á ársfjórðungi er afnotagjaldið:
- |        |   |           |
|--------|---|-----------|
| 2.2.1. | Fyrir 1 línu í innanbæjarsíma 0,4—0,7 mm .....                | kr. 81,75 |
| 2.2.2. | Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0,9 mm .....                  | — 113,35  |
| 2.2.3. | Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1,4—1,7 mm eða loftlínu ..... | — 133,55  |
| 2.2.4. | Fyrir ritsímarás í tónritsíma .....                           | — 43,35   |
| 2.2.5. | Fyrir datasamband (1 lína í innanbæjarsíma) .....             | — 103,50  |
- Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

## IX. KAFLI

### Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

## X. KAFLI

### Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 108,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 21,65 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## XI. KAFLI

### 1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.



## 2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 27,95. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma, ber að greiða kr. 53,15 fyrir hvern aukantanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 51,80 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

## 3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1. Breytt letur í skrá, hver lína .....	kr. 50,30
3.2. Aukanafn í skrá .....	— 53,15
3.3. Aukalína í skrá, hver lína .....	— 27,95
3.4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 50,30+53,15 .....	— 103,45

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 53,15 sem aukanafn.

## 4. Skrásetning í atvinnuskrána.

### 4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

### 4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 27,95. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 50,30. Auglýsingalína kostar kr. 27,95.

## 5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

## XII. KAFLI

**Radíótæki og þjónusta um radióstöðvar.****1. Radióeftirlitsgjöld.**

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m. a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfgjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 130,10
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött	— 286,65
1.1.3.	Leyfisbréfgjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 61,60
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 188,85
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfgjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 61,60
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 78,25
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	— 142,70
1.3.2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	— 114,65
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	— 96,45
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	— 67,10
1.3.4.	Leyfisbréfgjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna	— 96,45
1.4.	Önnur gjöld.	
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	— 121,65
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörsstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	— 61,60
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	— 51,70
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 27,95
1.4.5.	Fyrir skírteini loftskeytamanns	— 100,70
1.4.6.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	— 50,30
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 67,10
1.4.8.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 134,25
1.4.9.	Leyfisbréf (gildir í 4 ár) fyrir endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp með sendiafl minna en 100 milliwött, settar upp með heimild Ríkisútvarpsins	— 100,00

**2. Gjöld fyrir tegundaprófun.**

2.1.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt	kr. 966,00
2.2.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0.5 watt eða minna	— 483,00
2.3.	Gjald fyrir tegundaprófun á radiótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.	
2.4.	Innflutningur erlendra radiótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og	

símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.

- 2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radiótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöi, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.
- 2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.

### 3. Viðskiptagjöld.

- 3.1. Radiósímtöl við skip og báta.  
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.
- 3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.  
Sjá kafla V. 3 hér að framan.
- 3.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva og í verstöðvum.  
Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:
 

Fyrir 1—5 báta .....	kr. 27,95
Fyrir 6—15 báta .....	— 51,70
Fyrir 16—30 báta .....	— 72,75
Fyrir 31 bát og fleiri .....	— 96,45

 Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.
- 3.3.1. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 50,30 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
- 3.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna samningsbundinna viðskipta við fiskibáta.
  - 3.4.1. Póst- og símamálastofnunin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvarþjónustu, sem þeir þurfa á að halda vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.
  - 3.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Póst- og símamálastofnunarinnar sem er.
  - 3.4.3. Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjar-símakerfis þess staðar, þar sem hlutaðeigandi strandarstöð er.
  - 3.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Póst- og símamálastofnunarinnar greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.
  - 3.4.5. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.
  - 3.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu aðnjótandi eru:
 

Að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald; að samtök útvegsmanna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.
  - 3.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:
 

a. fyrir minni báta en 100 tonn .....	kr. 163,50
b. fyrir báta 100 tonn og stærri .....	— 265,00

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 símtölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magntölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari, IV. kafla 4.

### 3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 96,45.

3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í síma-kerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 14,00.

## 4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó .....	kr. 51,70
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó .....	— 76,95
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó .....	— 103,50
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir .....	— 138,45

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

## 5. Sölu- og leigukjör á radiótækjum.

Fyrir þau radiótæki, sem Póst- og símamálastofnunin framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

Gerð	Tæki	Söluverð eða stofnverð (Ný tæki) kr.	Leigukjör Afgreiðslugj. kr.	Ársleiga kr.
5.1.	FF — 3 Talsendir/viðtæki .....		1 366,35	276,85
5.2.	FF — 5 Talsendir/viðtæki .....		1 366,35	400,00
5.3.	FF — 10 Talsendir/viðtæki .....		1 071,25	276,85
5.4.	FVT—20 Talsendir/viðtæki .....		988,75	276,85
5.5.	FVT—30 Talsendir/viðtæki .....		1 071,25	293,70
5.6.	FVT—40 Talsendir/viðtæki .....		1 681,00	441,95
5.7.	FT Talsendir .....		1 573,20	441,95
5.8.	VFT Viðtæki .....	3 692,00	504,90	220,95
5.9.	VKT Viðtæki .....	2 308,00	316,10	137,00
5.10.	VKT—74 Viðtæki .....	1 461,00	200,00	88,05
5.11.	VTS—12 .....	4 000,00	546,80	272,75

Notuð viðtæki í leigu fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nývirði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nývirði.

Leigugjöld, sem tiltekin eru í lið 5.1 til 5.7 að ofan, gilda einungis um talsenda, sem settir voru upp fyrir 1. janúar 1973. Uppsetning senda af ofangreindum tegundum, sem senda út á báðum hliðarböndum burðarbylgju, er ekki lengur leyfð samkvæmt alþjóðasamþykkt.

### 6. Radiótæki á leigu.

- 6.1. Fram að 1. janúar 1973 leigði Póst- og símamálastofnunin notendum talsenda ásamt viðtækjum. Nýuppsetning senda af þeim tegundum, sem notaðar voru í þessu skyni eru ekki lengur leyfðar, en þess í stað skal nota einhliðarbandstæki (SSB), sem Póst- og símamálastofnunin hefur ekki leigt út, en hefur eingöngu til sölu. Öll leigutæki, sem notuð eru sem fastastöðvar, verða nú kölluð inn, en farstöðvar (fyrir millibylgju) verða innkallaðar fyrir 1. janúar 1982. Fyrir hinar síðastnefndu skulu gilda eftirfarandi reglur:
- 6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnaði vegna viðgerða á tækjunum, er stafar af slæmri meðferð og vanhirdu þeirra, meðan þau voru í vörslu leigutaka, ber honum að greiða samkvæmt mati við afhendingu eftir leigu.
- 6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum, meðan þau eru í hans vörslu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.
- 6.4. Öll radiótæki á leigu frá Póst- og símamálastofnuninni skulu vera váttryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni, og á Póst- og símamálastofnunin beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastofnunin annast váttryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflugningaskipum stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast váttryggingu tækjanna í þeim skipum. Váttryggingariðgjöld fyrir tæki, sem póst- og símamálastofnunin annast váttryggingu á, skal leigutaki greiða Póst- og símamálastofnuninni samtímis með leigu, og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
- 6.5. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir talsenda/viðtæki greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár.
- 6.6. Ef nýr eigandi verður að farartæki, sem talsendir/viðtæki er í og óskar að verða leigutaki að þeim, skal hann greiða viðtökugjald, sem er helmingur afgreiðslugjalds sbr. grein 1 í þessum kafla.
- 6.7. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
- 6.8. Séu ársleiga, váttryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur Póst- og símamálastofnunin:
  - 6.8.1. Innsiglað radiótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglungu, getur Póst- og símamálastofnunin tekið hin leigðu tæki í sína vörslu.
  - 6.8.2. Ef um ólögboðin tæki er að ræða, getur stofnunin tekið þau í sína vörslu á undan-genginnar innsiglungu.

Sama gildir, ef reikningur fyrir uppsetningu og viðgerðir á radióbúnaði, sem framkvæmdar eru af Póst- og símamálastofnuninni eru ekki greiddar innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.

Fyrir endurofnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opnunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd

radiótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutadeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

- 6.9. Póst- og símamálastofnunin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radióstöðva á afskekktum bæjum, og þá til viðskipta við ákveðnar símsstöðvar. Gjöld fyrir slíka notkun eru samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

### 7. Almenn ákvæði.

- 7.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
- 7.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.
- 7.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutadeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.
- 7.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 7.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrir mælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.
- 7.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
- 7.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 7.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 7.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í

- skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutadeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 7.10. Nú hefur stöð verið innsiglið vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðgjald, áður en endurofnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsigliunar greiðir leyfishafi.
  - 7.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
  - 7.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.
  - 7.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnun leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
  - 7.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
  - 7.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

### **8. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.**

- 8.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.
- 8.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.
- 8.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.
- 8.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
- 8.5. Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
- 8.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.
- 8.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.
- 8.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

## XIII. KAFLI

**Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.**

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist  $\frac{1}{5}$  venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.  
Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.  
Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

## XIV. KAFLI.

**1. Almennir skilmálar.**

- 1.1. Frádráttur vegna eldri búnaðar, sem Póst- og símamálastofnunin kann að endurkaupa.
- a) Sjálfvirkar einkasímstöðvar afskrifast á 10 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

---

Aldur stöðva, ár	0—1	1—2	2—3	3—4	4—5	5—10
Frádráttur, %	80	60	40	30	20	10

---

- b) Telex- og fjarrítvélar, modem, handvirkar einkasímstöðvar og talfærakerfi afskrifast á 8 árum, og skal reikna frádrátt samkvæmt eftirfarandi töflu:

---

Aldur, búnaður, ár	0—1	1—2	2—3	3—5	5—8
Frádráttur, %	80	60	40	20	10

---

- c) Ef nýr búnaður samkv. a) og b) er settur upp í stað eldri búnaðar, er endurgreiðsla af kostnaðarverði eldri búnaðarins reiknuð út frá gildandi kostnaðarverði samkvæmt töflum í a) og b), og kemur sú upphæð til frádráttar kostnaðarverði nýja búnaðarins. Ef áður nefndur frádráttur er hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, skal umreikna hann miðað við upprunalegt kostnaðarverð og sé hann enn hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, endurgreiðir Póst- og símamálastofnunin þann mismun (sbr. d.).
- d) Ef búnaði samkv. a) og b) er sagt upp, án þess að nýr búnaður komi í staðinn, er endurgreiðsla samkv. c) miðuð við upprunalegt kostnaðarverð.
- 1.2. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.  
Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunná að verða um notkun símtækja og sambanda.
- 1.3. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símataækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.



- 1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.
- 1.5. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
- 1.6. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.  
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í sambandi við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfstöðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutadeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.7. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.8. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.9. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.10. Hægt er að fá síma geymdan í umsaminn tíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.
- 1.11. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.12. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.13. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarskiptavélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.
- 1.14. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

## 2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamála-

stofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 70,00 og hærrí. Innheimt verður gjald, krónur 29,00 fyrir lokun og enduröfnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

### **3. Leigutími.**

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

### **4. Uppsögn.**

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

### **5. Flutningar.**

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símtæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

## **XV. KAFLI**

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. nóvember 1981. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. nóvember 1981 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 447 30. júlí 1981.

*Samgönguráðuneytið, 30. október 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 269/1973, um mjólk og mjólkurvörur.****1. gr.**

Við 1. gr. bætist nýr liður er verði 3. tl. og orðist svo:

1.3. Í léttmjólk skal vera mest 2,5% og minnst 0,5% mjólkurfita.

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. og lög nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1981.***Svavar Gestsson.**

---

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 616.

27. október 1981.

**AUGLÝSING****um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á loðnuafurðum fyrir tímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

Loðnumjöl, \$ 8,15 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 445,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði af mjölinu en 50% af lýsinu.

Verðið miðast við eif., og gerist upp á viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 27. október 1981.***F. h. r.****Jón L. Arnalds.**

---

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 512 frá 1. ágúst 1981.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29 apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 8% hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur frá 1. nóvember 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

---

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

### um hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 534 frá 1. ágúst 1981.

Samkvæmt 25 gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirtaldar breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur:

Taxtar 2.1, 4.1 og 4.3	.....	hækka um 0,9%
Taxti 4.2	.....	hækkar um 25,6%
Taxtar 5.1, 5.2 og 5.3	.....	hækka um 19,9%

Öll önnur gjöld samkvæmt gjaldskránni hækka um 9%.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá m hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á auglýsingum um breytingu á gjaldskrá m hitaveitna er gildi frá og með 5. nóvember 1981:

Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 513, 21. ágúst 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps, nr. 514, 21. ágúst 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps, nr. 158, 18. mars 1981 hækki um ....	28%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 515, 21. ágúst 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps, nr. 516, 21. ágúst 1981 hækki um ..	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 518, 21. ágúst 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss, nr. 519, 21. ágúst 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks, nr. 520, 21. ágúst 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 521, 21. ágúst 1981 hækki um .....	10%
Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 364, 2. júlí 1981 hækki um .....	9%
Gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjar, nr. 365, 2. júlí 1981 hækki um .....	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, nr. 169, 18. mars 1981 hækki um .....	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 522, 21. ágúst 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 523, 21. ágúst 1981 hækki um .....	16%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar, nr. 524, 21. ágúst 1981 hækki um .....	40%
Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 562, 5. október 1981 hækki um .....	9%
Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 526, 7. september 1981 hækki um ..	9%
Gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja, nr. 527, 21. ágúst 1981 hækki um ....	10%
Gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágrennis, nr. 528, 21. ágúst 1981 hækki um ..	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, nr. 529, 21. ágúst 1981 hækki sem hér segir:	
Heitt vatn til íbúðarhúsa hækki um .....	15%
Heitt vatn til gróðrarstöðva og iðnaðarhúsa hækki um .....	20%
Stofngjöld hækki um .....	25%
Gjaldskrá Hitaveitu Eyra, nr. 560, 1. október 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 530, 21. ágúst 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, nr. 531, 21. ágúst 1981 hækki um .....	8%
Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 532, 21. ágúst 1981 hækki um .....	12%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja, nr. 533, 21. ágúst 1981 hækki um .....	8%

*Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

B 128

## AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskráám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1981 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarðar frá og með 5. nóvember 1981:

- A. Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 549, 21. ágúst 1981.
- |   |    |
|---|----|
| I) Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um .....    | 9% |
| II) Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um ..... | 8% |
| III) Heimtaugagjöld í þéttbýli. Öll gjöld hækki um .....      | 9% |
- B. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 517, 21. ágúst 1981
- |                |    |
|----------------|----|
| hækki um ..... | 9% |
|----------------|----|
- Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 551, 21. ágúst 1981
- |                |    |
|----------------|----|
| hækki um ..... | 9% |
|----------------|----|

*Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar nr. 535, 21. ágúst 1981.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, er gildi frá og með 5. nóvember 1981:

- A. Liður c-1 í I. kafla orðist svo:

Um mestastraumsmæli ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári kr. 1 072/kW/ár og kr. 0,24 kWh. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlíð verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.

- B. Kafli II. Mælaleigur, orðist svo:

Rafveita ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns, og skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa .....	kr. 54,00
Orkumælir, þrífasa .....	— 215,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	— 363,00
Aflmælir .....	— 350,00
Aflmælir með straumspennum .....	— 552,00
Tvígjaldsorkumælir .....	— 350,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum .....	— 552,00
Móttökuliði, einpóla .....	— 242,00
Móttökuliði, þrípóla .....	— 350,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

## C. Kafli III. Heimtaugagjöld, orðist svo:

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi Rafveitu Akureyrar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjald
63 A 1-fasa .....	kr. 4 550,00
63 A 3-fasa .....	— 4 930,00
100 A — .....	— 7 800,00
160 A — .....	— 12 480,00
200 A — .....	— 15 610,00
315 A — .....	— 24 590,00
400 A — .....	— 31 210,00
715 A — .....	— 55 400,00
1200 A — .....	— 93 620,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

## 4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Lengdargjald		
	Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr/m	Loflína kr/stólpi
63 A 1-fasa	880,00	131,00	1 659,00
63 A 3-fasa	1 238,00	131,00	1 926,00
100 A 3-fasa	1 311,00	171,00	2 211,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengshaumtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úti-tengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarkna í jarðstrengsheimtaug, og fyrir hvern stólpa innan lóðamarkna í loftlínuheimtaug.

5. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
  6. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
  7. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugar-gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.
  8. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.
- D. Öll önnur gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 13%.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*



## AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá m rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá m rafveitna er gildi frá og með 5. nóvember 1981:

Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, nr. 550, 21. ágúst 1981 hækki um .....	13%
Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, nr. 544, 21. ágúst 1981 hækki um .....	13%
Gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur, nr. 538, 21. ágúst 1981 hækki um .....	21%
Gjaldskrá Rafveitu Gerðahrepps, nr. 539, 21. ágúst 1981 hækki um .....	21%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, nr. 543, 21. ágúst 1981 hækki um .....	13%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur, nr. 553, 21. ágúst 1981 hækki um .....	13%
Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis, nr. 542, 21. ágúst 1981 hækki um .....	17%
Gjaldskrá Rafveitu Selfoss, nr. 536, 21. ágúst 1981 hækki um .....	17%
Gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 545, 21. ágúst 1981 hækki um .....	17%
Gjaldskrá Rafveitu Akraness, nr. 546, 21. ágúst 1981 hækki um .....	17%
Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 552, 21. ágúst 1981 hækki um .....	13%
Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 547, 21. ágúst 1981. Taxti A-1 hækki um .....	5%
Öll önnur gjöld hækki um .....	15%
Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 541, 21. ágúst 1981 hækki um .....	9%
Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 537, 21. ágúst 1981 hækki um .....	15%
Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 548, 21. ágúst 1981 hækki um .....	13%

*Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 540 21. ágúst 1981.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar:

Taxtar A2 C1 og C3 hækka um .....	4,6%
Taxti C2 hækkar um .....	30,2%
Taxtar D1, D2, D3, D4, D5, D6, D7 og D8 hækka um .....	24,3%
Öll önnur gjöld samkvæmt gjaldskránni hækka um .....	13%

*Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

# STJORNARTÍÐINDI B 52 — 1981

23. október 1981.

1019

Nr. 624.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 655 23. desember 1980, um gatnagerðargjöld í Hafnarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum og miðast við vexti Byggðasjóðs eins og þeir eru á hverjum tíma af skuldabréfum til sveitarfélagsins vegna lagningar bundins slitlags. Lán samkvæmt þessari grein skulu verðtryggð samkvæmt lánsklaravísitölu.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

22. október 1981.

Nr. 625.

## REGLUR

um radióleyfi áhugamanna.

1. gr.

Öll samskipti Pósts og síma og radióáhugamanna gerast fyrir milligöngu Félags íslenskra radióamatöra, skammstafað IRA.

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radióstöð áhugamanna skal IRA senda Pósti og síma á þar til gerðu eyðublaði. Einnig skulu fylgja vottorð um próf, skv. 4. gr. hér á eftir.

2. gr.

Umsækjandi um radióleyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 13. gr.,
2. vera fullra 14 ára til að öðlast nýliðaleyfi, en 16 ára til að öðlast A-leyfi eða T-leyfi,
3. hafa lokið prófi, sbr. 4. gr., hér á eftir.

3. gr.

Radióleyfi áhugamanna skiptast þannig:

Nýliðaleyfi: Leyfi til að búa til og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til Morse-viðskipta við aðra radióáhugamenn.

Hámarksspenna í radióbúnaði má vera allt að 32 volt. Þó er leyfilegt, að búnaður tengist 220 volta veitukerfi, enda sé niðurfærsla úr 220 í 32 volt gerð í samræmi við reglur Rafmagnseftirlits ríkisins.

Sendar skulu vera krystalstýrðir.

Leyfistíminn er allt að tvö ár þegar umsækjandi hefur náð 16 ára aldri. Nýliðaleyfi fást ekki endurnýjuð að þeim tíma loknum. Nýliðaþróf er ekki nauðsynlegur undirbúningur A-leyfis eða T-leyfis.

IRA skal hafa eftirlit með starfsemi nýliðanna og bera ábyrgð á radióáhugamannastarfsemi þeirra gagnvart Pósti og síma.

A-, B- og C-leyfi: Leyfi til að smíða og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til viðskipta við aðra áhugamenn, sbr. 5. grein.

Til að öðlast A-leyfi skal umsækjandi ljúka A-prófi. Hafi áhugamaður haft nýliðaleyfi, skal umsögn IRA fylgja leyfisumsókn.

Til að öðlast B-leyfi skal umsækjandi hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt A-leyfi í a. m. k. hálf t. ár vegna samskipta við aðra radióáhugamenn innanlands og utan, sem séu staðfest með viðhlítandi gögnum (radió-dagbók) ásamt umsögn IRA.

Til að öðlast C-leyfi skal umsækjandi ljúka C-prófi og hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt B-leyfi í a. m. k. eitt ár, sem sé staðfest með viðhlítandi gögnum (radió-dagbók) ásamt umsögn IRA.

T-leyfi: Tæknileyfi til að smíða og starfrækja talstöð á amatörtíðni fyrir ofan 144 MHz til að hafa samband við aðra áhugamenn.

Þess er ekki krafist, að áhugamaður með tæknileyfi hafi kunnáttu í notkun Morse-merkja.

Útgeislun og leyfilegt hámarksafli er samkvæmt 5. grein.

Póstur og sími getur, eftir atvikum, veitt undanbágu frá framangreindum ákvæðum þegar menntun og starfsþjálfun er fyrir hendi, enda liggja fyrir umsögn IRA hverju sinni.

#### 4. gr.

Póstur og sími heldur próf fyrir radióáhugamenn eftir atvikum tvisvar á ári, vor og haust, enda hafi óskir borist þar að lútandi frá IRA hverju sinni, og skulu slíkar óskir berast a. m. k. einum mánuði áður en próf er ákveðið. IRA getur farið fram á að verða falin umsögn nýliðaþrófa.

Prófkrafa eru þessar:

#### Nýliðaþróf:

- a. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radióviðskipti.
- b. Viðtaka og sending Morse-merkja (35 bókstafir á mín.), nokkrar helstu Q-skammstafanir og lágmarksþekking í radiófræði.

#### A-próf:

- a. Helstu atriði laga um fjarskipti og tilheyrandi reglur varðandi radióviðskipti. Greinar alþjóðaradióreglugerðarinnar, er snerta stöðvar áhugamanna og neyðarviðskipti og gildandi reglur um raforkuvirki.
- b. Viðtaka og sending Morse-merkja (65 stafir á mín.), leikni í viðskiptum og notkun algengustu Q-skammstafana.
- c. Undirstöðuatriði raffræði og radiótækni skv. eftirfarandi skilgreiningu:
  1. Ohms lög máli og notkun þess.
  2. Spenna, straumur, afl og ýmsar aðferðir til að mæla þessar stærðir.
  3. Sjálfspan, rýmd, tíðni og tíðnimæling.
  4. Rásir með sjálfspani og rýmd. Q-stuðull, L/C hlutfall.

5. Síur án mögnunar.
6. Transistorar og lampar.
7. Aflgjafar, afriðill og áriðill.
8. Viðtæki, bein blöndun og millitíðniblöndun.
9. Sveifluvaki og margföldun.
10. Útgangsstig sendis og stilling þess.
11. Lykling sendis.
12. Mótun: styrk-, tíðni- og fasamótun.
13. Tíðnisviðið og notkun þess.
14. Radióbylgjur og útbreiðsla þeirra.
15. Loftnet og uppsetning þeirra.
16. Fæðilína, standbylgja og tap á línum.
17. Aðferðir til að koma í veg fyrir truflanir frá amatörsendum.
18. Reglur um raforkuvirki.
19. Hættur af völdum háspennu og varnir gegn henni.
20. Lifgun úr dauðadáði af völdum raflosts.

Ennfremur er krafist leikni í stillingu senditækja, tíðnimælingu o. þ. l. Krafist verður verklegrar leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o. þ. l.

#### C-próf:

- a. Viðtaka og sending Morse-merkja (80 stafir á mín.).
- b. Fræðilegt próf samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu:
  1. Flokkun magnara.
  2. Línulegir og ólínulegir magnarar.
  3. Ýmsar mótunaraðferðir.
  4. Útbreiðsla radióbylgna, sviðsstyrkur og truflanir.
  5. Loftnet, mögnun og handbreidd.

#### T-próf:

Kröfur eru þær sömu og fyrir A-próf, að Morse undanskildu.

Leyfishafi með T-leyfi gefur öðlast A-leyfi með því að ljúka Morse-prófi.

Hafi umsækjandi áður tekið fullnægjandi próf í einhverjum framangreindum þáttum, þarf hann ekki að ganga undir próf í öðrum greinum en á vantar til þess að fullnægja settum reglum í hverju tilviki.

#### 5. gr.

1. Sendirinn skal vera í samræmi við alþjóðareglur um tíðnistöðugleika og útgeislun.
2. Öflun radióefnis, svo og uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radióstöðvar og raforkuvirki. Áður en vélar og tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið skulu þau skoðuð af eftirlitsmönnum frá Pósti og síma og frá Rafmagnseftirliti ríkisins.
3. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendis.
4. Stöðinni er úthlutað kallmerki með upphafsbókstöfunum TF, tölustaf, sem gefur til kynna í hvaða landshluta stöðin er staðsett og síðan einn til þrjú bókstafir, sem eru einstaklingsbundnir. Nýliðum er ávallt úthlutað þremur bókstöfum á eftir tölustafnum og skal síðasti bókstafurinn vera N, sem fellur niður eða breytist í annan staf, þegar leyfishafi öðlast A-leyfi. Hægt er að úthluta félögum eða hópum sérstöku kallmerki til reksturs sameiginlegrar stöðvar enda þótt þeir,

sem standa að slíkri stöð hafi eigið kallmerki. Í lok slíks kallmerkis skulu alltaf vera tveir til þrjú bókstafir.

Kallmerki skal nota reglulega, þegar sent er og við langar sendingar skal nota það með stuttu millibili til auðkenningar.

5. Sending má aðeins fara fram á þeirri tíðni sem ákveðin er í leyfisbréfinu.

Tíðni stöðvanna, útgeislun og afl eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Nýliðal.	A-leyfi	B-leyfi	C-leyfi	Tæknileyfi
1830—1850 kHz		A1, F1	A1, A3 A3A, A3H, A3J, F1F3	A1, A3 A3A, A3H, A3J, F1F3	+
3500—3600 kHz	A1	A1, F1	A1, F1	A1, F1	
3600—3800 —		A1, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
7000—7040 kHz	A1	A1, F1	A1, F1	A1, F1	
7040—7100 —		A1, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
14000—14100 kHz		A1, F1	A1, F1	A1, F1	
14100—14350 —		A1, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
21000—21150 kHz	A1	A1, F1	A1, F1	A1, F1	
21150—21450 —		A1, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
28000—28200 kHz		A1, F1	A1, F1	A1, F1	
28200—29700 —		A1, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
144— 146 MHz 430— 440 — 1215—1300 — 2300—2450 —			A1, A2, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5		A3, A3A, A3H, A3J, A5, F3, F5
Leyft hámarks rakstraumsafl til síðasta mögnumarstigs	5 wött	50 wött	200 wött	500 wött	50 wött

+ Útsendingar í þessu tíðnisviði skulu fyrst um sinn vera í formi tilraunasendinga og má rakstraumsafl inn á útgangsstig ekki fara fram úr 50 W.

## Skilgreining á útgeislunartegundum:

- A1 Ómótuð burðarbylgja (Morse).
- A2 Tónmótuð burðarbylgja (Morse).
- A3 Talmótuð burðarbylgja (DSB).
- A3A Einhliðarbandsómótun (SSB) burðarbylgja minnkuð um 16 dB.
- A3H Einhliðarbandsómótun (SSB) burðarbylgja óminnkuð.
- A3J Einhliðarbandsómótun (SSB) burðarbylgja minnkuð um 40 dB.
- A5 Sjónvarp (í tíðnisviðum undir 430 MHz má bandbreiddin ekki vera meiri en 6 kHz).
- F1 Símrítun með tíðniskiptilyklingu án notkunar á mótunartíðni, tvenns konar tíðni er útgeislað til skiptis.
- F3 Tíðnimótuð burðarbylgja með tali (hæsta gildi tíðnisveiflu  $\pm 4$  kHz undir 144.0 MHz og  $\pm 30$  kHz fyrir ofan).
- F5 Sjónvarp tíðnimótað (í tíðnisviðum undir 430 MHz má bandbreiddin ekki vera meiri en 6 kHz).

## 6. gr.

1. Einungis þau viðskipti eru leyfð, er fjalla um tilraunirnar sjálfar, þýðingarlitil persónuleg mál o. þ. l., sem annars eru ekki send í skeytum eða símtölum og tilkynningar um slys eða hættuástand skv. lið 3 í 5. gr.
2. Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða taka á móti, beint eða óbeint, tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verslunartilkynningum eða á nokkurn þann hátt, sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku má hvorki miðla því, né notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu.
3. Sending skemmti- og fræðsluefnis, efnis til auglýsinga, áróðurs eða þ. u. l. er bönnuð, hvort heldur það á upptök sín á stöðinni sjálfri eða er mótttekið frá öðrum stöðvum.
4. Leyfishafa er heimilt að bera boð um alvarleg slysatilfelli eða hættuástand, ef augljóst er, að þau komist þannig fyrir til viðtakenda heldur en ef þau færu eftir venjulegum fjarskiptaleiðum, s. s. um hið almenna símakerfi, radióstöðvar Pósts og síma og stöðvar þeim tengdar (bifreiðar, skip) eða ríkisútvarp/sjónvarp.
5. Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sending eða útbreiðsla gabbneyðarmerkja, neyðarkalla eða annarra tilkynninga í blekkingarskyni eigi sér ekki stað um tæki hans. Einnig að boð skv. 3. lið í 5. gr. séu ekki send sem fréttæfni.
6. Það er hannað að hafa eða reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum, þar sem amatörviðskipti eða amatörstöðvar eru ekki leyfðar.
7. Stöðin má ekki trufla önnur radióviðskipti eða starfsemi opinberra stofnana. Kostnaður við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur sem um er að ræða nauðsynlegar breytingar á sendinum eða stöðinni sem trufluð er.

## 7. gr.

Dagbók skal haldin fyrir stöðina, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er á Morsen og tali og yfirleitt allt, sem gildi hefur til að dæma um notkun sendisins.

Leyfishafi er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar, sem Póstur og sími kynni að æskja, varðandi rekstur stöðvarinnar.

**8. gr.**

Ef radióáhugamaður fær einhvern grun um, að stöð, sem hann hlustar á, hafi ólögleg viðskipti, ber honum skylda til að tilkynna Pósti og síma og félagssamtökum sínum það tafarlaust og eftir því sem hægt er að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna Pósti og síma árangur af athugun sinni. Einskis endurgjalds getur radióáhugamaður krafist fyrir vinnu sína af þessu tilefni nema sérstaklega sé um það samið.

**9. gr.**

Við útgáfu leyfis greiðist leyfisbréfgjald.

Leyfið veitir heimild til notkunar sendistöðvarinnar á föstum aðsetursstað leyfishafa. Leyfishafi skal tilkynna Pósti og síma aðsetursskipti þegar í stað.

A-, B-, C- og T-leyfishöfum er heimil notkun sendistöðvar á tímabundnum aðsetursstað, en Pósti og síma skal tilkynnt um aðsetursbreytingu áður en hún fer fram. Nýliðar, sem óska eftir slíkum tímabundnum flutningi skulu sækja um undanþágu með a. m. k. þriggja vikna fyrirvara.

Við notkun sendistöðvarinnar á tímabundnum aðsetursstað, skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og númeri þess svæðis, sem aðsetursstaðurinn er á.

A-, B-, C- og T-leyfishafar hafa heimild til notkunar far- og burðarstöðva innan íslenskrar lögsögu. Við notkun farstöðvar skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og bókstafnum M en við notkun burðarstöðvar skástriki og bókstafnum P.

Póstur og sími getur veitt leyfi til IRA eða hóps amatöra til reksturs sameiginlegrar stöðvar. Umsóknir þar að lútandi skulu berast Pósti og síma ásamt umsögn IRA. Einn leyfishafi skal vera ábyrgur fyrir starfsemi stöðvarinnar og skal gefa út leyfisbréf fyrir stöðinni í samræmi við leyfisbréf hans. Slíkt leyfi er að jafnaði ekki veitt öðrum en C-leyfishöfum. Handhafa amatörleyfis er heimilað að starfrækja slíka stöð, innan þeirra takmarka, er leyfi hans setur.

Óski leyfishafi eftir að nota sendistöð um borð í íslenskum farkosti utan íslenskrar lögsögu, skal hann senda Pósti og síma umsókn þar að lútandi.

Leyfishafi skal ávallt gæta þess, að notkun stöðvarinnar sé í fullu samræmi við leyfisbréf hans.

**10. gr.**

Eftirlitsmenn Pósts og síma geta, hvenær sem er, skoðað stöðina og radióefni það, sem leyfishafi hefur undir höndum. Komi í ljós við slíka skyndiskoðun einhverjir gallar á útbúnaði eða notkun stöðvarinnar, fellur leyfið fyrirvaralaust úr gildi og skal leyfishafi sæta ábyrgð skv. lögum.

**11. gr.**

Þegar Póstur og sími telur það nauðsynlegt, má loka stöðinni eða takmarka notkun hennar, og einnig má afturkalla leyfið. Greidd leyfisgjöld endurgreiðast ekki.

**12. gr.**

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

- a. um brot á reglunum er að ræða,
- b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 13. gr.
- c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma, sjá einnig 10. gr.

**13. gr.**

Póstur og sími getur, um skemmri eða lengri tíma, veitt undanþágu frá framan- greindum ákvæðum til erlendra ríkisborgara, enda sé tryggt, að fyrir liggi fullnægj- andi réttindi íslenskra ríkisborgara í viðkomandi landi að þessu leyti.

I. Slík undanþága er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Umsókn skal vera skrifleg og send til Pósts og síma eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa. Afgreiðslutími slíkra umsókna er allt að tveir mánuðir og skal á þeim tíma m. a. leitað álits IRA.
- b) Umsækjandi skal hafa gildandi amatörleyfi frá heimalandi sínu samsvar- andi A-, B-, C- eða T-leyfi og skal það, eða greinilegt afrit þess, fylgja um- sókninni ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann, er hann hyggst nota hérlandis.
- c) Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera viðtækara en hann hefur heimild fyrir í heimalandi sínu samkvæmt leyfishréfi og ákvæðum þarlendra reglna.
- d) Leyfishafi skal nota kallmerki það, er honum hefur verið úthlutað í heima- landi sínu að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastríki t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
- e) Að öðru leyti en tekið er fram hér, er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

II. Erlendur ríkisborgari, getur sótt um að gangast undir íslenskt radióáhugamanna- próf enda hafi hann haft fasta búsetu hér á landi í heilt ár. Viðkomandi hlítir þá þessari reglugerð eins og íslenskur ríkisborgari. Leyfið gildir aðeins á Íslandi.

**14. gr.**

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Á ófriðartímum er leyfishafi skyldur til, ef þess er krafist, að afhenda stjórnvöldum umráð yfir radióbúnaði sínum eða láta innsigla hann.

**15. gr.**

Að öðru leyti en því, er tilgreint er hér að framan, ber leyfishafa að haga sér samkvæmt lögum og reglugerðum varðandi fjarskiptataeki og raforkuvirki, gildandi á hverjum tíma.

**16. gr.**

Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt l. nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskipta- mála, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni, nr. 193 6. maí 1977 og reglur nr. 477 8. nóvember 1979, um breytingu á þeim.

*Samgönguráðuneytið, 22. október 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*



## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld á Selfossi.

#### I. KAFLI

#### Gatnagerðargjöld A.

Dáttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

##### 1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum á Selfossi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu allt að 650 m <sup>3</sup> . . . .	5%
Sama rými umfram 650 m <sup>3</sup> . . . . .	7%
Raðhús og tvíbýlishús . . . . .	2,5%
Fjölbýlishús . . . . .	1,5%
Iðnaðarhús í skálabyggingu á einni hæð stærra en 2000 m <sup>3</sup> + kr. 235,00 pr. m <sup>2</sup> lóðar . . . . .	1,75%
Sama, stærð undir 2000 m <sup>3</sup> + kr. 235,00 pr. m <sup>2</sup> lóðar . . . . .	2%
Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús . . . . .	3%
Opinberar byggingar . . . . .	5%
Annað húsnæði . . . . .	4%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta hæð undir þaki (ekki porthyggt íbúðarris) skal aldrei teljast minni að rúmmáli (við útreikning gjalda) en flatarmál hennar margfaldað með 3,30.

Af hlageymslum og öðrum útihúsum á íbúðarlóðum skal greiða hálf gjald þeirrar húsgerðar, sem á lóðinni er.

Af gluggalausum kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er, að mati bygginganefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

##### 3. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt á sömu lóð skal lækka gjald skv. 2. gr. vegna nýja hússins, um þá upphæð, sem svarar til rúmmáls hússins, sem rífið var. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en 2

##### 4. gr.

Gjald samkv. 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag, sem teikning er samþykkt í bygginganefnd. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytingu.

## 5. gr.

Gjald skal áætla, þegar lóðarúthlutun fer fram og skal greiða 50% þess innan eins mánaðar frá úthlutun. Eftirstöðvar falla í gjalddaga, þegar byggingarleyfi er veitt og skal greiða það eigi síðar en innan eins mánaðar frá gjalddaga.

Þegar byggt er á eignarlóð, áður veittri lóð eða eldra hús er stækkað, skal greiða allt gjaldið þegar byggingarleyfið er veitt.

Bæjarráði er heimilt að vikja frá ákvæðum þessarar greinar og veita greiðslufrest, ef um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila.

## 6. gr.

Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 5. gr. fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur bæjarráð þá úthlutað lóðinni á ný.

## 7. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, þ. e. sömu krónutölu og hann hafði greitt. Heimilt er bæjarráði að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því að lóðinni er skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum. Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð skal bæjarsjóður greiða lóðarhafa almenna innlánsvexti af innistæðu hans frá því lóðinni var skilað eða hún af honum tekin.

## 8. gr.

Verði breyting á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma, sem líður frá því 50% greiðslan skv. 5. gr. er innt af hendi og til þess dags, sem teikning er samþykkt skal umreikna þá greiðslu í sama hlutfalli og breyting á byggingarkostnaði hefur orðið. Umreikningur þessi skal þó aldrei valda meiri breytingu en svarar til breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins innan þess tímafrests, sem úthlutunarskilmálar veita til þess að leggja fram teikningar til samþykktu í bygginganefnd.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði endurnýjað síðar skal reikna gjaldið að nýju en áður greitt gjald kemur til frádráttar, þ. e. sama krónutala og greidd hafði verið.

## II. KAFLI

## Gatnagerðargjöld B.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

## 9. gr.

Af öllum húsum, nýbyggingum og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð á Selfossi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

## 10. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu .....	1,5%
Raðhús og tvíbýlishús .....	1,15%
Fjölbýlishús .....	0,75%
Atvinnuhúsnæði .....	0,75%
Opinberar byggingar .....	1,5%

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og skv. 2. gr.

## 11. gr.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í bygginganefnd.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafila, öðrum en lagningu gangstétta, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða.

Heimilt er þó gjaldanda að greiða 66% gjaldsins með þremur jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu 3 ár á eftir, enda séu þá greiddir sömu vextir og af lánnum Byggðasjóðs á hverjum tíma.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 10% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans.

Heimilt er bæjarráði að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeirra, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal bæjarráði heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, með áorðnum vísitölubreytingum, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

## 12. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfoskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 44 13. febrúar 1976.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 120 frá 18. maí 1972 um Iðnþróunarsjóð.

## 1. gr.

1. gr. orðist svo:

Heiti sjóðsins er Iðnþróunarsjóður (Nordisk Industrialiseringsfond for Island). Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Stofnaðilar sjóðsins eru ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Stofnaðilar hafa gert með sér sérstakan stofnsamning fyrir sjóðinn dags. 12. desember 1969, og viðbótarsamning við stofnsamning, dags. 29. apríl 1980, og eru þeir birtir sem fylgiskjöl með lögum sjóðsins nr. 9 frá 13. febr. 1970, sbr. lög nr. 43 frá 23. maí 1980, og hafa ákvæði þeirra lagagildi hér á landi.

**2. gr.****3. gr. orðist svo:**

Stofnfé sjóðsins skal vera jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadollara, sem stofnaðilar leggja fram skv. stofnsamningi frá 12. desember 1969. Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða og lántöku.

**3. gr.****5. gr. orðist svo:**

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

- a) að veita lán til ákveðinna verkefna, annað hvort einn eða í samvinnu við aðra aðila,
- b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd banka- og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og þess er hann tekur að láni og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tæknaðstoðar, rannsóknar, vörubrúunar, hönnunar og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega ekki nema meira samtals en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það verður í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náð samstarf við íslenskar lánastofnanir sem veita lán til iðnaðar.

**4. gr.****10. gr. orðist svo:**

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um málefni hans, en í því felst m. a.:

- a) að taka ákvarðanir um lánveitingar og setja lágmarksskilyrði fyrir þeim, og um ábyrgðir, sem veita á;
- b) að taka ákvarðanir um lántökur;
- c) að taka ákvarðanir um vaxta- og útlánskjör sjóðsins;
- d) að ráða framkvæmdastjóra að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar;
- e) að setja framkvæmdastjóra starfsreglur með erindisbréfi eftir tillögum framkvæmdastjórnar;
- f) að fela framkvæmdastjórninni eftir því, sem hún telur heppilegt, að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins, þ. m. t. lánveitingar;
- g) að skipa tvo menn til að endurskoða bókhald og reikninga sjóðsins og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi og hinn aðalendurskoðandi Seðlabanka Íslands;
- h) að úrskurða reikninga sjóðsins og taka ákvarðanir um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og um afskriftir krafna sjóðsins, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

## 5. gr.

## 12. gr. orðist svo:

Verkefni framkvæmdastjórnar eru einkum þessi:

- a) að gera tillögur til sjóðsstjórnarinnar um þau mál, er sjóðsstjórnin tekur ákvörðun um, þar á meðal um lántökur, lánveitingar, framlög, ábyrgðir, ráðstöfun tekjuafgangs og afskriftir;
- b) að gera tillögu um ráðningu framkvæmdastjóra;
- c) að taka ákvarðanir um starfsemi sjóðsins, þar með talið lánveitingar og framlög, eftir því sem sjóðsstjórnin felur henni, sbr. 10. gr.;
- d) að afgreiða lánveitingar og ábyrgðir skv. samþykktum sjóðsstjórnar;
- e) að undirrita skjöl sjóðsins, hafa umsjón með rekstri hans og starfsemi;
- f) að vinna að því í samstarfi við sjóðsstjórnina, að tilgangi með stofnun sjóðsins verði sem best náð.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt tillögum stjórnar Iðnþróunarsjóðs og með heimild í lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970 með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 43 frá 23. maí 1980, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. október 1981.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

*Páll Flygenring.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, sbr. reglugerð nr. 451/1979, reglugerð nr. 331/1980, reglugerð nr. 617/1980 og reglugerð nr. 232/1981.

## 1. gr.

Á eftir ákvæði til bráðabirgða í reglugerðinni komi svohljóðandi grein:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Stjórn sjóðsins hefur stofnað til nýs lánaflokks vegna breytinga á kjörum lána fiskiskipa úr sjóðnum og er ákvæði þetta sett til staðfestingar þessa flokks og skilmála hans.

Skilyrði þess, að aðili eigi kost á láni skv. bráðabirgðaákvæði þessu er að hann hafi áður fengið lán úr sjóðnum með veði í fiskiskipi þar sem 27% eða 42% af heildarlánsfjárhæð voru bundin vísitölu byggingarkostnaðar, en slík lán voru afgreidd á tímabilinu 28. apríl 1978 til 23. júní 1980.

Lánin skuli miða að því að breyta hlutfalli áður afgreiddra vísitölulána, þannig að það verði 10% í stað 27% eða 42%.

Lánsfjárhæð skv. ákvæði þessu skal þannig ákveðin:

- a) (v/27% lána) 17/27 hlutar af nafnverði ógjaldfallins höfuðstóls, eins og hann er 2. nóvember 1981, margfaldaðir með byggingarvísitölu á afgreiðsludegi hins nýja láns deilt með byggingavísitölu á afgreiðsludegi eldra láns.

b) (v/42% lána) 32/42 hlutar af nafnverði ógjaldfallins höfuðstóls, eins og hann er 2. nóvember 1981, margfaldaðir með byggingarvísitölu á afgreiðsludegi hins nýja láns deilt með byggingarvísitölu á afgreiðsludegi efra láns.

Andvirði hinna nýju lána gengur til lækkunar á ógjaldföllum höfuðstól þeirra lána, sem breyta skal.

Hin nýju lán skulu tryggð með 1. samhliða veðrétti í viðkomandi fiskiskipi og vera með þeim kjörum, sem í gildi verða á almennum skipalánnum í sjóðnum á afgreiðsludegi þeirra. Heimilt er stjórn sjóðsins þó, að krefjast frekari trygginga ef hún telur það nauðsynlegt. Gjald dagar lána þessara skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Síðasti gjalddagi hinna nýju lána skal vera á sama ári og síðasti gjalddagi þeirra lána sem breyta skal.

Umsóknir um lán þessi skulu hafa borist sjóðnum eigi síðar en 31. desember 1981 og skal afgreiðsla þeirra vera lokið fyrir 1. apríl 1982.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. október 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Jón L. Arnalds.*

2. nóvember 1981.

Nr. 629.

## REGLUGERÐ

um einkennisfatnað fangavarða.

### 1. gr.

Einkennisfatnaður fangavarða í fangelsum og vinnuhælum skal vera sem hér segir:

1. **Húfa** skal vera úr hvítu efni með 5 cm breiðri uppistandandi gjörð, 5 cm breiðri reisu, kringlóttum hvítum flötum kolti, gljáleðursskyggni og hökuól, er fest sé á gjörðina með tveimur einkennishnöppum af minni gerð. Á gjörðinni skal vera svartur borði úr upphleyptu efni. Framan á borðanum og upp á reisinna skal vera skjaldarmerki Íslands úr málm, gyllt, 4 cm á hæð.
2. **Jakki** skal vera úr svörtu klæðisefni, með venjulegum kraga einhnepptur með þremur einkennishnöppum af stærri gerð. Á jakkanum skulu vera tveir hliðarvasar og einn brjóstvasi vinstra megin. Einnig skulu vera tveir innri brjóstvasar.
3. **Vesti** skal vera úr sama klæðisefni og jakkinn með fjórum vösum, hneppt með einfaldri röð einkennishnaða af minni gerð, 5 að tölu.
4. **Buxur** skulu vera úr sama klæðisefni án uppbrota, með fjórum vösum.
5. **Kápa** skal vera úr svörtu rykfrakkaefni, einhneppt, fóðruð, hnésíð og með tveimur vösum.
6. **Frakki** skal vera úr svörtu frakkaklæði, einhnepptur með 4—5 einkennishnöppum og rennilás innra, gærufóðraður,  $\frac{3}{4}$  hnésíður með loðkraga og tveimur vösum.

7. Skyrtur skulu vera úr ljósbláu efni, með axlaborða.
8. Hálsbindi skulu vera svört.
9. Fangaverðir skulu nota svartan skófatnað og klæðast svörtum sokkum ef þeir eru í lágum skóm.

## 2. gr.

**Einkennismerki skulu vera:**

1. **Einkennishnappar**, gylltir með upphleyptri mynd af merkinu „hönd og auga“. Þeir eru í tveimur stærðum, minni 16 mm og stærri 21 mm í þvermál.
2. **Húfumerki**, gyllt skjaldarmerki Íslands, 4 cm á hæð.

## 3. gr.

**Stöðueinkenni skulu vera:**

1. **Auðkennisnúmer**. Stafir númeranna eru gylltir, 19 mm á hæð. Þau skulu borin í jakka fyrir ofan brjóstvasabrún, í vesti eða í skyrtu á sama stað vinstra megin og í frakka og kápu á svipuðum stað vinstra megin.  
Auðkennisnúmer skulu allir starfsmenn bera aðrir en forstöðumaður og skulu þau ávallt vera sýnileg.  
Starfsaldur skal ráða röð númera þannig að sá fangavörður sem lengstan hefur starfsaldur skal bera lægsta númerið. Þar sem starfsaldur er jafn skal lífaldur ráða.  
Ein sjálfstæð númeraröð skal vera við hvert fangelsi eða vinnuhæli.
2. **Stöðueinkennisplötur**, gylltar 21 mm × 7 mm að stærð. Þær bera flokksstjórar festar langsum í gegnum brjóstvasabrún.
3. **Stöðueinkennisstjörnur**, gylltar 5 arma, 10 mm hver armur. Varðstjórar og aðstoðaryfirfangaverðir skulu bera eina stjörnu í gegnum brjóstvasabrún, yfirfangaverðir tvær stjörnur og forstöðumenn skulu bera þrjár stjörnur.
4. Forstöðumenn annast úthlutun stöðueinkenna.

## 4. gr.

Fangaverðir skulu klæðast einkennisbúningi við dagleg störf í fangelsinu. Heimilt er þeim sem hafa umsjón með útivinnu fanga að klæðast hlífðarfötum utanyfir einkennisbúning. Heimilt er að veita undanþágu frá notkun einkennisbúninga í vinnuhælum, ef aðstæður eru þannig að slíkt sé æskilegt að mati ráðuneytisins.

## 5. gr.

Fangaverðir í fullu starfi sem ráðnir eru til a. m. k. eins árs í fasta stöðu, skulu fá afhent ókeypis einkennisföt sem hér segir:

1. Í upphafi starfs fá þeir tvenn einkennisföt, en síðan ein á 12 mánaða fresti. Með einkennisfötum er hér átt við einn jakka, eitt vesti, tvennar buxur, tvær skyrtur og eitt bindi.
2. Í upphafi starfs fá þeir kápu og frakka. Síðan fá þeir kápu á 12 mánaða fresti en á 36 mánaða fresti fá þeir frakka í stað kápu.
3. Húfu fá þeir í upphafi starfs og síðan á 36 mánaða fresti eða oftár telji yfirmaður þess þörf.

Þeir sem ráðnir eru til afleysinga eða til þriggja mánaða skulu fá afhent ókeypis ein einkennisföt, sbr. 1. tl. 1. mgr., eina kápu og húfu.

Forstöðumenn skulu sjá um að láta starfsmönnum í té einkennisfatnað eftir tilvísun ráðuneytisins. Þeir skulu halda skrá yfir afhentan einkennisfatnað.

## 6. gr.

Venjulegt viðhald einkennisfatnaðar annast starfsmenn sjálfir. Þeir skulu þó fá greiddar tvær fatahreinsanir á ári, svo og aðrar hreinsanir á fatnaði sem forstöðumaður telur þörf á vegna sérstakra atvika. Meiriháttar tjón á einkennisfatnaði skal bæta sérstaklega.

## 7. gr.

Þegar fangavörður lætur af starfi skal hann skila þeim einkennisfatnaði sem hann fékk síðast afhentan, svo og húfum og einkennum.

Einkennisfatnaður sem fastráðinn fangavörður hefur fengið afhentan og hann hefur notað í meira en tvö ár, telst eign hans að liðnum tveimur árum frá afhendingu.

## 8. gr.

Einkennisföt þau sem fangaverðir nota við gildistöku reglugerðar þessarar er heimilt að nota til ársloka 1983.

## 9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 13. gr. laga nr. 38/1973 um fangelsi og vinnuhæli, öðlast gildi 1. janúar 1982.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. nóvember 1981.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Þorsteinn A. Jónsson.*

30. október 1981.

Nr. 630.

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir .....	kr. 7,00
Einstakir miðar, börn .....	— 3,00
10 miða kort, fullorðnir .....	— 44,00
10 miða kort, börn .....	— 13,00
10 miða kort, aldraðir .....	— 22,00
Gufubað .....	— 12,00
Leiga á handklæðum og skýlum .....	— 6,00
10 miða kort sundfélaga 16 ára og eldri .....	— 14,00
10 miða kort sundfélaga yngri en 16 ára .....	— 7,00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 462 31. júlí 1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1981.*

**F. h. r.**

**Jón S. Ólafsson.**

*Jón Sigurpálsson.*



**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á bræðslusíldar-  
afurðum fyrir tímabilið frá upphafi síldarvertíðar í haust til  
31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftir-  
farandi verðgrundvöll á bræðslusíldarafurðum fyrir tímabilið frá upphafi síldar-  
vertíðar í haust til 31. desember 1981:

Síldarmjöl \$ 8.50 á próteineiningu í lest.

Síldarlýsi \$ 520.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði af  
mjölinu en 50% af lýsinu.

Verðið miðast við eif. og gerist upp á viðskiptagengi (skilagengi) eins og það  
verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir  
framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftir-  
farandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31.  
desember 1981:

Fiskmjöl \$ 8.50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðið miðast við eif. og gerist upp á viðskiptagangi (skilagengi) eins og það  
verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, nr. 132/1971.

### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til plöntulyfja, örgresisefna, stýriefna og útrýmingarefna til nota í landbúnaði og til útrýmingar meindýra.

Plöntulyf eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til varnar gegn siúkdómum eða skemmdum í lifandi plöntum eða plöntuhlutum af völdum sýkla (bakteríur, sveppir, veirur o. s. frv.), skordýra, lindýra eða annarra smádýra.

Örgresisefni eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að deyða plöntur, draga úr vexti þeirra eða hefta hann.

Stýriefni eru efni og efnasamsetningar, sem sérstaklega eru ætluð til þess að stýra vexti nytjaplantna eða hluta þeirra (hraða eða seinka vexti) eða til að draga úr öndun og spírun plantna eða plöntuhluta í geymslu.

Útrýmingarefni eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að verja uppskorinn jarðargróður eða aðrar fæðutegundir skemmdum af völdum sýkla (bakteríur, sveppir, veirur o. s. frv.), skordýra, lindýra, nagdýra eða annarra dýra með heitt eða kalt blóð, er neyta uppskorins jarðargróðurs eða annarra fæðutegunda sér til lífs og tímgunar og meindýr teljast. Útrýmingarefni eru enn fremur efni og efnasamsetningar, sem notuð eru til þess að evða hvers konar meindýrum á víðavangi, í hífólum manna, peningshúsum, húsbúnaði, farartækjum, vöruskemmum o. s. frv. Til útrýmingarefna teljast einnig aflífunarefni, en það eru efni, sem sérstaklega eru ætluð til þess að aflífa húsdýr og nytjadýr.

Fara skal með efni þessi sem eiturefni eða hættuleg efni (sbr. 1. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Átt er við framangreind efni, þegar að neðan er rætt um efni og efnasamsetningar án frekari skýrgreiningar.

Efni, sem notuð eru til þess að varna skemmdum í triáviði svo sem málning og lakk, tjara, hik og fúavarnarefni eru ekki talin útrýmingarefni. Efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að varna óbrifum (lús, flær o. s. frv.) á húsdýrum og nytjadýrum skulu teljast útrýmingarefni, ef þau eru ekki talin í gildandi lyfjaskrá, sérlyfiaskrá og öðrum hliðstæðum heimildum, sbr. næstu málsgrein.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til lyfja (mannalyf, dýralyf), sem greind eru í lyfjaskrá, sérlyfiaskrá og öðrum hliðstæðum heimildaritum, enda hótt þau megi einnig nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, ef þau eru látin úti samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjalaga (sbr. reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja).

Nú er vafamál, hvort ákvæði reglugerðar þessarar gilda um tiltekin efni eða efnasamsetningar, og sker ráðherra þá úr að fenginni umsögn eiturefnaneftdar.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, sbr. einnig lög um breyting á þeim lögum nr. 19/1981 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. nóvember 1981.*

Svavar Gestsson.

*Páll Sigurðsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir póstpjónustu.

Gildir frá 1. desember 1981.

TEGUND SENDINGAR	Pyngd- armörk g	Innan- lands Burðar- gj. aur.	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
			Alm. burðar- gj. aur.	<sup>1)</sup> Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	<sup>1)</sup> Flug- burðar- gj. aur.	Alm. burðar- gj. aur.	<sup>1)</sup> Flug- burðar- gj. aur.
<b>Hámark stærðar og þyngdar</b>								
<b>Bréf.</b>	20	230	230	<sup>2)</sup>	280	<sup>2)</sup>	280	490
Hámarksstærð:	100	460	460		670		670	1360
Lengd + breidd	250	920	920		1340		1340	3670
+ þykkt 900 mm.	500	1840	1840		2560		2560	6850
Mesta lengd 600 mm.	1000	2760	3610		4460		4460	13230
Í ströngum:	2000	7250	7520		7250		7250	15320
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
<b>Póstkort.</b>				<sup>2)</sup>		<sup>2)</sup>		
Mest 105 × 148 mm		200	200		200		200	250
Minnst 90 × 140 mm								
<b>Prent.</b>								
Stærð sama og bréfa.	20	200	200	220	200	220	200	250
(Prentkort, sama stærð og póstkort).	100	290	290	350	310	350	310	630
Hámarksþyngd 2 kg.	250	470	470	630	550	630	550	1330
Bækur þó 5 kg.	500	820	820	1420	1000	1420	1000	2650
Burðargjald fyrir prent yfir 1000 g til Norðurl.	1000	1320	1320	2610	1680	2610	1680	5010
er sama og fyrir	2000	1890	2350	4590	2350	4590	2350	10640
„Önnur lönd“	3000	2900	3520	7300	3520	7300	3520	13480
	4000	3780	4690	10020	4690	10020	4690	16330
	5000	4710	5860	12730	5860	12730	5860	19170
<b>Smápakkar.</b>	100	290	290	350	310	350	310	630
Stærð sama og bréfa.	250	470	470	630	550	630	550	1330
Hámarksþyngd 1 kg.	500	820	820	1420	1000	1420	1000	2650
	1000	1320	1320	2610	1680	2610	1680	5010
<b>Innrituð blöð og tímarit.</b>								
Innritunargjald 1323,00 nýkr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm. (minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.	hver 500	120						
b) Til áskrifenda. Minnsta gjald: 200 eint. Hámarksþyngd 500 g hvert eintak.	100 200 300 400 500	47 94 136 235 306						
				Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmála- blöð og tímarit landssamtaka stéttarféлага vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 337/1976, grein 14.4.1. sbr. breyt- ingu á þeirri reglu- gerð nr. 356 14. ágúst 1979				
					<sup>1)</sup> Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.			
					<sup>2)</sup> Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.			

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar	TEGUND SENDINGAR	Burðargjald aurar
<b>Gíröþjónusta</b> (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi) .....	310	<b>Almennir böggjar</b> (innanlands):	
<b>Póstávisanir.</b>		Dyngdar- mörk kg.	Alm. böggjar aurar
a. Innanlands og til Norðurlanda:		Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd	Rúmfr. broth. aurar
Hámarksupphæð innanlands:		20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m.	
15 000 nýkr.		Mesta lengd 1.50 m.	
Burðargjald a). almenn póstaúvisun	530	Um burðargj. fyrir böggja til útlanda	
b). símapóstávisun	2470	veita pósthúsin upplýsingar.	
b. Til annarra landa:			
Burðargjald .....	730		
Um hámarksupphæð póstaúvisana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.			
<b>Póstkröfur.</b>		<b>Verðbréf og -böggjar.</b>	
Hámarksupphæð sama og póstaúvisana (15 000 nýkr.) eða innborgunar á póstgíröreikning (upphæð ótakmörkuð).		Burðargjald sendingar eftir tegund.	aurar
Burðargjald sendingar eftir tegund.		Skrásetningargjald .....	520
a. Innanlands og til Norðurlanda:		Tryggingargjald.	
Með póstaúvisun .....	1000	Fyrir hverjar 500 nýkr. eða minna .....	520
Með innb. á póstgíröreikn. (aðeins innanl.)	710	<b>Blindraprent:</b> Nýtur fríengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.	
b. Til annarra landa		<b>Löftbréf:</b> Söluverð 50 aurar, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (280 aurar).	
Burðargjald .....	1120	Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.	

## Ýmis önnur gjöld.

<b>Ábyrgðargjald</b> .....	520 aurar	<b>Talning í verðbréfi innanlands:</b> 520 aurar hver sending.
<b>Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirsöfnun um sendingu</b> 470 aurar		<b>Alþjóða-svarmerki:</b> Söluverð 500 aurar Skiptiverð í frímerkjum 280 aurar
<b>Hraðboðagjald:</b> (Útburður bréfa og tilkynningar um böggja með sérstöðum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er .....	1120 aurar	<b>Fyrirframgreiðsla eftir frankósedli:</b> 470 aurar
<b>Móttökukvittun</b> .....	290 aurar	<b>Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka:</b> 400 aurar
		<b>Tollmeðferð böggja:</b> 600 aurar
		<b>Gjald fyrir að búa um böggja á ný:</b> 290 aurar
		<b>Geymslagjald böggja:</b> 600 aurar á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús
		<b>Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur:</b> Útanlands og innan 290 aurar

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggja innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -böggjar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir böggjar: a. allt að 112 nýkr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 750 nýkr fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.  
Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 27, 44, 53, 68, 81 nýkr.

Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. desember 1981. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir pósthjónustu nr. 473 frá 18. ágúst 1981.

*Samgönguráðuneytið, 6. nóvember 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

## AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 615,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 215,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 215,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 215,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 45,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 280,00
7. Fyrir fjármark	— 55,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 30,00
9. Fyrir innköllun	— 280,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 110,00
11. Fyrir ógildingarstefnu	— 280,00
12. Fyrir dómsbirtingu	— 280,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim.	— 160,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 26,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 23. nóvember 1981. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 456 30. júlí 1981 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1981.*

Friðjón Þórðarson.

*Jón Thors.*

Nr. 636.

6. nóvember 1981.

## AUGLÝSING

um umferð á Selfossi.

Að fengnum tillögum bæjarráðs Selfoss og með vísan til 65. gr. umferðarlaga, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Selfossi:

Bann við akstri á Sigtúni frá Árvegi að Austurvegi til suðurs er hér með fellt niður.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórnin á Selfossi, 6. nóvember 1981.*

Allan V. Magnússon.

e. u.

10. nóvember 1981.

1039

Nr. 637.

## AUGLÝSING um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi, tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi króunnar sem skráð var hér á landi í bönkum eftir hádegi hinn 10. nóvember 1981 (gengisskráning nr. 214) skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með dagsetningu auglýsingar þessarar. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar óbreytt. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru, hafi fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollstjóra fyrir 10. nóvember 1981.

Hafi innflytjandi fyrir ofangreind tímamörk lagt inn hjá viðkomandi tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna innflutnings tiltekinnar vörusendingar og sannanlega greitt kröfu í banka hennar vegna, fyrir útgáfu auglýsingar þessarar er tollstjóra heimilt til 17. nóvember 1981 að taka við bankastimpluðum vörureikningi og tollafgreiða sendinguna á grundvelli þess tollafgreiðslugengis er síðast gildi fyrir útgáfu auglýsingar þessarar.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 10. nóvember 1981.*

F. h. r.  
Höskuldur Jónsson.

*Björn Hafsteinsson.*

Nr. 638.

1040

9. nóvember 1981.

## AUGLÝSING

### um hækkun hafnagjaldskráa.

Samkvæmt 27. gr., sbr. 12. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast gildi hækkun á gildandi gjaldskráum eftirtalinna hafnarsjóða, þannig að gjöld samkvæmt þeim verði þau sömu og nú gilda hjá þeim hafnarsjóðum er greinir í auglýsingu nr. 563 19. október 1981.

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267/1975, sbr. reglugerð nr. 388/1977 og 21/1981.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hofsósskauptúns, nr. 194/1975, sbr. reglugerð nr. 52/1978.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 47/1981.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýslu, nr. 240/1977, sbr. reglugerð nr. 59/1981.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskráum.

*Samgönguráðuneytið, 9. nóvember 1981.*

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

*Birgir Guðjónsson.*

Nr. 639.

5. nóvember 1981.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 271/1979, um Orðabók Háskólans.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Stjórn Orðabókar Háskólans skal hafa á hendi yfirstjórn Orðabókarinnar á vegum rektors og háskólaráðs. Hún skal kosin af háskólaráði, að fengnum tillögum heimspekideildar, til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Rektor skipar einn þeirra formann stjórnarinnar og ákveður þóknun til hans að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 5. nóvember 1981.*

Ingvar Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um raforkuvirki, nr. 264 31. desember 1971.

### 1. gr.

§ 202 c) orðist svo:

- c) Spenna sem er hærri en 50 V, telst vera of há snertispenna. Átt er við raungildi riðspennu. Sjá einnig § 223.

### 2. gr.

§ 211 orðist svo:

Lekastraumsrofvörn.

- a) Með lekastraumsrofvörn er leitast við að koma í veg fyrir að of há snertispenna geti haldist svo lengi á leiðnum virkjahlutum utan straumrásu, að hætta stafi af. Lekastraumsrofi skal rjúfa samtímis allar straumfara taugar (einnig miðtaug eða jarðtengda fasataug) að hinu varða tæki eða virki innan 0,2 s í bilunartilviki, fari bilunarstraumurinn yfir ákvæðið mark.

- b) Þegar beitt er lekastraumsrofvörn skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

1. Jarðskautsviðnám ( $R_j$ ) hins varða tækis eða virkis má ekki vera meira en

$$R_j = \frac{50 \text{ V}}{I_{\Delta N}} \quad (\text{Sk 211—2})$$

Þar sem  $I_{\Delta N}$  = mállekastraumur rofans.

50 V = hæsta leyfileg snertispenna. Við sérstakar aðstæður, t. d. þær sem getið er í § 203 b), skal miða við lægra gildi hæstu leyfilegrar snertispennu, t. d. 24 V, þegar vernda á húsdýr.

2. Gerð jarðskauta skal vera samkv. §§ 241 og 242.  
 3. Skytt er að prófa virkni lekastraumsrofvarnar samkvæmt § 251 áður en virki er tekið í notkun.  
 4. Fyrir þann hluta neysluveitu, sem lekastraumsrofvörn nær ekki til, skal beita hlífðareinangrun.

Hér er átt við lekastraumsrofvörn, sem sérstaka varnarráðstöfun gegn of hárru snertispennu, eina sér. Ákvæðið á ekki við þegar notaður er lekastraumsrofi ásamt núllun skv. § 207, enda er þá heimilt að núlla fyrir utan lekastraumsrofann.

### 3. gr.

§ 278 f) liður breytist þannig að 4. töluliður er felldur niður og 5. töluliður verður 4. töluliður.

### 4. gr.

§ 278 g) verði svohljóðandi:

- g) Vatnshitunartæki með rafhitun.

Eftirfarandi reglur gilda um rafhituð vatnshitunartæki svo sem neysluvatnsgeyma, safnhitageyma, rafhitaða miðstöðvarkatla og fleira. Rafbúnaður og innbyrðis raflagnir og rafhitaðra vatnshitunartækja skulu að öðru leyti fullnægja gildandi ákvæðum þessarar reglugerðar.

1. Vatnshitunartæki með rafhitun skulu a. m. k. hafa eftirtalinn öryggis- og stýribúnað:



- 1.1 Rekstrarhitastilli, sem rýfur straum af hitöldum þegar ástilltu rekstrarhitastigi er náð.
- 1.2 Yfirhitavar, sem rýfur straum af hitöldum, fari hitastig vatnsins yfir leyfilegt hámark. Yfirhitavar skal vera þannig, að hitun hefjist ekki sjálfvirkt á ný, heldur þurfi til þess handinnsetningu. Yfirhitavarið skal að jafnaði sett ofarlega í geymi sem næst vatnsúttaki. Sé yfirhitavar búið fjarstýrisbúnaði (rafmagn, loft o. þ. h.) skal svo frá gengið, að hitunin stöðvist sjálfkrafa, ef straumur fer af fjarstýribúnaðinum. Rekstrarhitastillar og yfirhitavör skulu rjúfa snögg, svo að rof sé öruggt.

Rafmagnseftirlitið getur samþykkt opna neysluvatnsgeyma án yfirhitavars, enda sé útloftun þeirra fullnægjandi og varanlegt viðvörunarspjald á tækinu, pípu eða á áberandi stað, er bendi á, að útloftun eða yfirfallspípu megi ekki loka.

- 1.3 Yfirhitavar og hitastillar, skulu jafnan verka óháð hvort öðru, þannig, að verkun annars sé ekki rýrð, þótt bilun verði í hinu. Þessa verður að gæta, hvort sem þessi tæki virka beint í aðalstraumrás eða í gegnum stýrirásir.
2. Rofar í aðalstraumrásum vatnshitunartækja, sem rekstrarhitastillar og/eða yfirhitavör verka á, skulu eigi hafa minni rekstrarmálstraum (Ie í notkunarflokki AC1, sem er fyrir „ohmskt“ álag) en sem nemur þeim straum, sem hitaldið tekur við hæstu rekstrarspennu veitunnar.

Þessu telst fullnægt, ef rekstrarmálstraumur rofans er minnst 10% meiri en svarar til málafls hlutaðeigandi hitunartækis, eða þess hluta hvers tækis, sem hver rofi er fyrir.

3. Þegar um er að ræða rafhitun í lokuðu vatnshitunarkerfi, skulu straumrásir að hitöldum vera rjúfanlegar með a. m. k. tveim raðtengdum rofum (aðalrofa og rekstrarrofa), sem hafa tryggja verkun ef hitastig vatnsins fer yfir leyfileg mörk.
  - 3.1 Aðalrofa, sem tengdur er fyrir framan einn eða fleiri rekstrarrofa fyrir hitöld skal aðeins stýrt af yfirhitavara, ásamt öðrum hugsanlegum varnarbúnaði.

#### 5. gr.

§ 302 Tafla 302—1. Lágmarksgildleiki leiða í taugum og strengjum breytist sem hér segir:

Fyrsta málsgrein í 3. hluta ofan frá verður svohljóðandi:

Lausataugar fyrir tæki með allt að 2 A straumnotkun, og ekki lengri tengileiðslu en 2 m, enda sé það leyft í viðkomandi prófunarreglum.

4. hluti ofan frá orðist:

Lausataugar fyrir tæki með upp í 16 A straumnotkun, lausa fjöltengla, tækj tengla og taugartengla upp í 16 A málstraum.

#### 6. gr.

§ 344 b) verði svohljóðandi:

b) Varnir gegn of hárrí snertispennu.

1. Á hafnarsvæði skal viðhafa eina eða fleiri eftirtalinna varnarráðstafana: Lekastraumsrofvarn, varnarsmáspennu eða aðskildar straumrásir. Marklekastraumur lekastraumsrofa má ekki vera meiri en 1 A. Þar sem lekastraumsrofvarn er beitt, fyrir tenglagreinar með 16 A tenglum eða minni, skal marklekastraumur lekastraumsrofa þó ekki vera meiri en 30 mA.

Lausir dreifiskápar verktaka, sem tengja á við raforkukerfi hafnarsvæðis, vegna vinnu í eða við skip, skulu búnir 30 mA lekastraumsrofa.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 41. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1981.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

*Páll Flygenring.*

Nr. 641.

1044

10. nóvember 1981.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

	U. S. \$ pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpudiskur .....	3,30
Blokkfrystur hörpudiskur .....	3,05
Rauður hörpudiskur .....	1,80

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 10. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

Nr. 642.

10. nóvember 1981.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 219 9. maí 1979, sbr. reglugerð nr. 78/1981, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. og 2. málsgrein 6. greinar reglugerðarinnar falla niður, en í stað þeirra koma eftirfarandi málsgreinar:

Atvinnuleyfi skulu gefin út af þremur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn.

Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Framma, einn af launþegum, sem ekki eru sjálfseignabilstjórar, en formanninn skipar ráðherra án tilnefningar. Rétt til að velja úthlutunarmann úr hópi launþega hafa þeir einir sem eru starfandi sem slíkir og hafa verið það óslitið undanfarandi 6 mánuði. Skulu

atvinnuleyfi og tilkynningar um þau undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningar eru til eins árs í senn fyrir úthlutunarmann tilnefndan af launþegum, en til þriggja ára fyrir hina úthlutunarmennina.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 26 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð íbúðarhúsnæðis, þar með taldar lóðir, hækki um 55% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1.55.
2. Matsverð annarra fasteigna hækki um 45% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1.45.
3. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
4. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsskrár matsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1980, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af hálfu Fasteignamats ríkisins og yfirfasteignamatnefndar.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1981.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 576 frá 24. nóvember 1980.

*Fjármálaráðuneytið, 12. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

*Pétur Kr. Hafstein.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 57 — 1981

---

30. nóvember 1981.

1047

Nr. 644.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám eftirtalinna rafveitna, er gildi frá og með 1. desember 1981:

Gjaldskrá Rafveitu Njarðvíkur, frá 5. nóvember 1981, hækki um ....	7,1%
Gjaldskrá Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandar, frá 5. nóvember 1981, hækki um .....	7,1%
Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps, frá 5. nóvember 1981, hækki um ..	7,1%
Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur, frá 5. nóvember 1981, hækki um ....	7,1%

*Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 58 — 1981

---

Nr. 645.

1048

2. desember 1981.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 309 20. júní 1981, um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

### 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 309/1981, eru allar loðnuveiðar bannaðar frá kl. 12,00 á hádegi 6. desember 1981, uns annað verður ákveðið.

Loðnuskipunum þeim, sem við birtingu reglugerðar þessarar hafa ekki aflað 50% af því aflamagni, sem þeim var úthlutað í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 309/1981, er þó heimilt að halda áfram loðnuveiðum uns þau hafa aflað 50% leyfilegs aflamagns, en þó ekki lengur en til kl. 12,00 á hádegi 20. desember 1981.

### 2. gr.

2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Allar loðnuveiðar eru bannaðar austan 14° v.lgd. milli 66° n.br. og 67° n.br.

### 3. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Stjóvarútvegsráðuneytið, 2. desember 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 59 — 1981

19. nóvember 1981.

1049

Nr. 646.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

### Þorskur:

	U.S. cent pr. lb. Clf.
4x14 m/r 5—8 oz. ....	94,28
4x14 m/r 8—12 oz. ....	94,28
4x14 m/r 12—16 oz. ....	101,68
4x14 m/r 1—3 lbs. ....	103,03
1x35 m/r lausfr. ....	103,03
4x14 r/l 8—12 oz. ....	111,79
4x14 r/l 12—16 oz. ....	114,48
4x14 r/l 1—3 lbs. ....	115,83
10x5 og 3x18 ....	157,36
5x8 og 6x8 hnakkast. ....	175,16
6x8 mið- og sporðst. ....	161,81
4x10, 5x10 og 6x10 ....	161,81
4x12 og 4x13 ....	157,36
4x15 ....	161,81
Blokk reg. ....	103,00
Blokk m/punnildum ....	96,00
Blokk O. R. ....	92,70
Blokk m/beingarði ....	75,96
Punnildablokk Evrópa ....	80,00
Marningsblokk ....	55,00

### Ýsa:

4x14 m/r 4—8 oz. ....	85,52
4x14 m/r 8—12 oz. ....	92,26
4x14 m/r 12—16 oz. ....	94,95
4x14 m/r 1—3 lbs. ....	96,30
1x35 m/r lausfr. ....	112,46
10x5 ....	157,36
3x18, 4x13 og 4x12 ....	157,36
Blokk reg. ....	95,00
Blokk O. R. ....	85,50
Punnildablokk Evrópa ....	46,91
Marningsblokk ....	55,00
Marningsblokk (punnildi) ....	30,17



	U.S. cent pr. lb. Cif.
<b>Steinbítur:</b>	
8x7 r/l .....	79,38
10x5 .....	159,70
Blokk reg. ....	115,00
Hökkuð blokk .....	40,00
<b>Karfi:</b>	
8x7 m/r .....	79,38
10x5 m/r .....	90,61
10x5 r/l .....	95,06
10x5 Sea Star .....	87,94
4x10 m/r (SIS) .....	93,28
5x8 m/r og b/l 4—8 oz. ....	103,96
5x8 m/r og b/l oz. og yfir .....	103,96
1x35 m/r að 150 gr. ....	86,16
1x35 r/l .....	78,56
4x6 kg r/l lagp. ....	78,19
12x1 m/r .....	95,06
12x1 r/l .....	95,06
Blokk 4x16,5 m/b .....	72,16
Blokk reg. ....	75,00
Marningsblokk .....	25,00
<b>Ufsi:</b>	
8x7 r/l .....	64,41
10x5 .....	95,06
4x12 og 4x13 .....	95,06
2x15 kg .....	80,26
4x14 m/r .....	74,67
4x14 r/l .....	71,52
4x15 r/l .....	96,56
Blokk reg. ....	80,00
Blokk m/beingarði .....	60,00
Marningsblokk .....	40,00
<b>Langa:</b>	
8x7 r/l .....	79,38
10x5 .....	124,10
Blokk reg. ....	75,00
Marningsblokk .....	20,00
<b>Keila:</b>	
8x7 r/l .....	79,38
Blokk reg. ....	65,00
<b>Lýsa:</b>	
Blokk reg. ....	85,00
<b>Grálúða:</b>	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg .....	59,67
Heilfr. hausuð yfir 2 kg .....	55,55
Heilfr. hausuð 1—2 kg .....	42,18
Heilfr. m/h U.S.S.R. ....	34,47
4x12 lagp. ....	110,75

	U.S. cent pr. lb. Cif.
4x10 og 4x12 4—8 oz. ....	104,52
4x10 og 4x12 8—32 oz. ....	110,75
Blokk U.S.S.R. ....	79,38
Blokk U.S.A. ....	77,00
Heilfrystur fiskur 3x9 kg .....	34,47

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 19. nóvember 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs. hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1 .....	2 850
Millifiskur nr. 1 .....	2 600
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	2 300
Smáfiskur 60/100 nr. 1 .....	2 200

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnum verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á skreið  
framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1981:

<b>Porskur:</b>	U.S. \$ pr. lest fob.
Saga IG .....	7 803
Saga IM .....	7 441
Saga IP .....	7 019
Edda og Luna 30/50 .....	5 873
Edda og Luna 50/60 .....	6 789
Edda og Luna 60/up .....	6 973
Astra (Ítalía) .....	5 763
Astra og Polar .....	5 200
<b>Ufsi og ýsa:</b>	
Astra og Polar .....	4 300
<b>Keila og langa:</b>	
Astra og Polar .....	5 200

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.  
Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði  
að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið gerist upp á viðskiptagengi eins og að verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum  
ufsaflokum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflokum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

<b>Söltuð ufsaflok:</b>	D. M. pr. lest cif.
16/20 SL .....	6 670
16/20 FF .....	5 960
16/20 AB .....	4 960
21/25 SL .....	6 420

Söltuð ufsaflök:	D. M. pr. lest cif.
21/25 FF .....	5 740
21/25 AB .....	4 775
26/30 SL .....	6 175
26/30 FF .....	5 520
26/30 AB .....	4 595
31/35 SL .....	5 910
31/35 FF .....	5 280
31/35 AB .....	4 385
36/40 SL .....	5 635
36/40 FF .....	5 035
36/40 AB .....	4 180
41/45 SL .....	5 380
41/45 FF .....	4 805
41/45 AB .....	3 980
46/50 SL .....	5 070
46/50 FF .....	4 495
51/60 SL .....	4 820

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun. Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

### 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum annarra en tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 14. gr., skulu hækka um 3,25% frá og með 1. nóvember 1981 frá því sem þær voru í október 1981.

### 2. gr.

Tekjutrygging og heimilisuppbót skv. 19. gr. skulu frá sama tíma hækka um 4%.

### 3. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga skulu síðan hækka um 9,92% frá og með 1. desember 1981, frá því sem gildir um bætur nóvembermánaðar skv. 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

Svavar Gestsson.

*Páll Sigurðsson.*

**S A M Þ Y K K T**

fyrir Vatnafélag Norðurár í Norðurárdalshreppi.

**1. gr.**

Félagið heitir Vatnafélag Norðurár.

Heimili þess og varnarþing er í Norðurárdalshreppi.

**2. gr.**

Tilgangur félagsins er að vinna gegn landbroti af völdum Norðurár og þveráa hennar. Verði að því unnið skv. lögum frá 1923, vatnalögum og lögum nr. 43 26. maí 1975 um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatns. Mannvirkjagerð er löglega samþykkt ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna á löglegum fundi í félaginu samþykkja hana.

**3. gr.**

Félagssvæðið nær til eftirtalinna landareigna, talið boðleiðis:

Hreðavatn	Sanddalstunga
Brekka	Sveinatunga
Desey	Fornihvammur
Hraunsnef	Krókur
Hvassafell	Háreksstaðir
Dalsmynni	Hóll
Klettstía	Hafþórsstaðir
Hreimsstaðir	Skarðshamrar
Dýrastaðir	Glitstaðir
Hvammur	Svartagil

Samtals 20 landareignir og fylgir eitt atkvæði hverri landareign.

**4. gr.**

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en í júní ár hvert. Skal hann boðaður með minnst einnar viku fyrirvara. Fundarboðun skal fara fram bréflega eða með símskeyti. Aukafundi skal boða á sama hátt og halda, ef stjórn félagsins telur ástæðu til, eða einn þriðji félagsmanna óska þess. Fundir eru lögmatir, ef löglega er til þeirra boðað.

**5. gr.**

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Hana skipa 3 menn og jafnmargir til vara. Stjórnarmenn skulu kosnir til 3ja ára í senn þó þannig að eftir eitt ár gangi einn aðalmaður og einn varamaður úr eftir hlutkesti og þannig áfram. Ber því árlega að kjósa einn aðalmann og einn varamann. Á aðalfundi skulu kosnir 2 endurskoðendur og tveir til vara. Kosning endurskoðenda gildir til tveggja ára. Stjórnin skiptir með sér verkum.

**6. gr.**

Reikningsár er almanaksárið. Reikningarnir séu undirritaðir af stjórn félagsins og endurskoðaðir af kjörnum endurskoðendum.

**7. gr.**

- A. Kostnaður við rekstur félagsins greiðist úr félagssjóði, sem myndaður skal með árgjöldum félagsmanna. Árgjöldin skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert.
- B. Kostnaði landeigenda af áætlana- og mannvirkjagerð, skal jafna niður eftir mati á landi, túni og hlunnindum jarða. Stjórn félagsins semur gjaldskrá er sýni

hundraðshluta hverrar jarðar í þessum kostnaði. Gjaldskráin skal borin undir fund í félaginu og er hún bindandi fyrir alla félagsmenn ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkja hana. Náist ekki löglegt samþykki fyrir gjaldskrá getur stjórn og þeir félagsmenn, sem greinir á, komið sér saman um gerðardóm í málinu. Verði ekki samkomulag um gerðardóm, geta eigendur krafist mats. Kostnaður við mat greiðist af matsbeiðanda, verði gjaldskrá gagnvart viðkomandi ekki breytt eða komi til hækkunar við matið, en úr félagssjóði, ef gjaldskrá lækkar gagnvart matsbeiðanda. Hafi félagsmenn, sem greinir á um gjaldskrá ekki samþykkt gerðardóm, eða óskað eftir mati, innan 14 daga frá því að gjaldskráin var lögð fyrir fund í félaginu, tekur hún gildi.

## 8. gr.

Gjöld þau, er um ræðir í A- og B-lið 7. gr. eru lögtakskræf.

## 9. gr.

Brot félaga á samþykkt félagsins varða sektum allt að 100 000,00 kr. (hundrað þúsund krónum).

## 10. gr.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skulu fara að hætti almennra lögreglumála.

## 11. gr.

Samþykkt þessari má aðeins breyta á aðalfundi, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna breytinguna, og hennar hafi verið getið í fundarboði.

## 12. gr.

Til að slíta félaginu þarf að ræða félagsslit á tveimur aðalfundum í röð og eru þau lögmet, ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna mæta á síðari fundinn og  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja félagsslit.

## 13. gr.

Verði félaginu slitið, skulu eignir þess ávaxtaðar í Sparisíóði Mýrasýslu, Borgarнесi. Verði síðar stofnað annað félag á þessu svæði og í sama tilgangi, skulu þessar eignir renna til þess félags.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 18. nóvember 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Stykkishólmi.

## 1. gr.

Hlutverk heimilishjónustunnar er að veita aðstoð á heimilum aðra en hjúkrun. Þjónusta þessi stendur þeim til boða sem þurfa á aðstoð að halda við heimilisstörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum að tilvísan lækni eða hjúkrunarkonu eða að öðrum tilvísunum sem hreppsnefnd metur gildar.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

2. gr.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heima-húsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkravist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Hreppsráð ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

4. gr.

Hreppsráði Stykkishólms ber að ganga úr skugga um að starfsfólk það, sem heimilishjálpin stundar hverju sinni á vegum hreppsins sé hæft til starfsins og gefa því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsráðs.

6. gr.

Hreppssjóður Stykkishólms ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk það er vinnur á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilishjálpin kaupir.

7. gr.

Fyrir heimilisþjónustu skv. reglugerð þessari og reglum, sem hreppsráð setur þar um, skal sá, sem hjálpar nýtur greiða eftir gjaldskrá, sem hreppsnefnd setur, þar sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpin. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Hreppsnefnd setur og nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem hún telur að máli skipti í þessu efni.

8. gr.

Stykkishólmshreppur annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar hreppssjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Hafnarhreppi.

#### 1. gr.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra fer með stjórn heimilishjálpar í Hafnarhreppi í umboði hreppsnefndar Hafnarhrepps.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálpar er:

- 1) að veita hjálp á heimilum um stundarsakir, þegar þess er þörf, vegna sjúkdóma **eða af öðrum ástæðum, sem metnar eru gildar sbr. lög nr. 10/1952.**
- 2) að veita hjálp vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir sem veita heimilinu **forstöðu eru bundnir af atvinnu utan heimilis og skulu aðstæður metnar hverju sinni, sbr. lög nr. 10/1952.**
- 3) að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar þeir, vegna veikinda eða **af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalið í heimahúsum, sbr. lög nr. 10/1952 og reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða nr. 114/1971.**
- 4) aðstoð við öryrkja og fatlaða sem húa einir og aðstoð við foreldra með fötlud börn.
- 5) önnur tilfelli sem metin eru hverju sinni.

#### 3. gr.

Samstarfsnefndin ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

#### 4. gr.

Samstarfsnefndinni ber að ganga úr skugga um að starfslið sem heimilishjálp stundar á hennar vegum sé hæft til starfsins og skal gefa því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína og hæfni til starfans.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps ákveður launakjör starfsfólks heimilishjálparinnar. Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim, sem þeir veita aðstoð. Starfsmenn gæta fyllstu þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

#### 6. gr.

Fyrir heimilishjálp og heimilisþjónustu skal greitt eftir gjaldskrá er hreppsnefnd setur að fengnum tillögum frá samstarfsnefndinni. Þeir aldraðir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu undanþegnir greiðsluskyldu. Samstarfsnefnd er heimilt að fengnu samþykki hreppsnefndar að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella niður greiðslur þegar sérstakar ástæður eru til slíkra ívilnunar.

#### 7. gr.

Sveitarsjóður Hafnarhrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem starfsfólk það, er vinnur á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu sem heimilishjálpin kaupir.

#### 8. gr.

Skrifstofa Hafnarhrepps annast reikningsskil og fjárreiður heimilishjálparinnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar Hafnarhrepps.



Reglugerð þessi sem hreppsnefnd Hafnarhrepps í A.-Skaftafellssýslu hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1981.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 654.

27. nóvember 1981.

## **G J A L D S K R Á**

**fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.**

### **Fastagjald.**

#### **1. gr.**

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

#### **2. gr.**

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 0,3% af heildarfasteignamati eignarinnar, þ.e. a.s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði:	Minnst kr. 1,35 en mest 2,70 kr./m <sup>3</sup>
Vörugeymslur:	Minnst kr. 1,35 en mest 2,70 kr./m <sup>3</sup>
Aðrar byggingar:	Minnst kr. 1,35 en mest 2,70 kr./m <sup>3</sup>

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 224,00 af skattskyldri fasteign.

Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið.

### **Notkunargjald.**

#### **3. gr.**

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 2,52 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

### **Vatn til skipa og báta.**

#### **4. gr.**

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 5,00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 50,00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 100,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu verið samið.

**5. gr.**

Vatnsveitunni er heimilt að ákveða fast árlegt vatnsgjald fyrir skip og báta, sem heimahöfn eiga í Vestmannaeyjum eða eru að staðaldri gerð þaðan út. Fellur þá niður vatnsgjald skv. 4. gr.

**6. gr.**

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin eða þegar mælingu verður ekki við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

**Stofngjöld.****7. gr.**

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað.

**8. gr.**

Í stofngjald skal greiða 1% af fasteignamatsverði húss. Hafi endanlegt fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

**9. gr.**

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húsigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.

**10. gr.**

Stofngjald skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

**11. gr.**

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu bæjarsjóðs. Hins vegar mun Rafveita Vestmannaeyja annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

**12. gr.**

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess, að notkunar- eða fastagjald hefur ekki verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings Rafveitunnar eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi bæjarsjóðs eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í 10. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húsigandi greiða kr. 500,00 opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

**13. gr.**

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

**Fiskiðnaður.****14. gr.**

Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi.

**15. gr.**

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari, er átt við fasteignamat það, er öðlaðist gildi um áramótin 1979—1980 og fylgir síðan breytingum á fasteignamatinu.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15, 29. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 304 16. júní 1981 og nr. 457 24. júlí 1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 655.

20. nóvember 1981.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frysstri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frysstri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

**Vélskelflett rækja:**

**Færri en 350 stykki í lb.**

**SDR pr. lb. cif.**

Blokk fryst .....	3,12
5x2 kg og 4x2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	3,12
5x2 kg og 4x2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	3,28
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3,63
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3,81

**Fleiri en 350 stykki í lb. og óflokkuð:**

Blokkfryst .....	2,98
5x2 kg og 4x2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,98
5x2 kg og 4x2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	3,12
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3,46
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3,63

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 309/1981 um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

## 1. gr.

## 2. gr. breytist þannig:

Í stað Ísleifs VE 63, skipaskrárn. 1056, leyfilegt aflamagn 9400 tn, komi „Ísleifur VE 63, skipaskrárn. 1610, leyfilegt aflamagn 9400 tn“.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kjartan Júlíusson.*

1. desember 1981.

Nr. 657.

**REGLUGERÐ**

um þorskveiðibann 20.—31. desember 1981.

## 1. gr.

Á tímabilinu frá 20. desember til og með 31. desember 1981, eru fiskiskipum, öðrum en þeim, sem hlíta takmörkunum á þorskveiðum samkvæmt reglugerðum nr. 632 18. desember 1980 og nr. 79 3. febrúar 1981, bannaðar allar þorskveiðar.

Á sama tímabili er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

## 2. gr.

Á þeim tíma, sem þorskveiðar eru bannaðar, skv. 1. mgr. 1. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%.

Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum verður það sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

## 3. gr.

Nú er afla landað innan þeirra tímamarka, sem um getur í 1. gr. og hlutfall þorsks í heildarafla reynist herra en 15%, skal þá litið svo á, að um ólöglegan þorskafli sé að ræða og hann gerður upptækur samkvæmt 2. gr., nema í ljós komi, að fiskiskipið hafi ekki verið að veiðum á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar.

Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils samkvæmt 1. gr., enda hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

## 4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kjartan Júlíusson.*

Nr. 658.

1. nóvember 1981.

## AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 2. gr. reglugerðar nr. 111/1978 um akstur almenningsvagna frá biðstöð, hefur verið ákveðið að heimila Strætisvögnum Akureyrar að auðkenna þá vagna fyrirtækisins, er notaðir eru til fólksflutninga á áætlunarleiðum á Akureyri, í samræmi við ákvæði 1. gr. nefndrar reglugerðar. Eftirleiðis gilda því ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar um akstur vagnanna frá merktri biðstöð.

*Lögreglustjórinn á Akureyri, 1. nóvember 1981.*

Eliás I. Eliásson.

Nr. 659.

18. nóvember 1981.

## AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Umferð um Espigrund ber að víkja fyrir umferð um Vikurbraut með biðskyldu. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Lögreglustjórinn á Akranesi, 18. nóvember 1981.*

**Björgvin Bjarnason.**

27. nóvember 1981.

1063

Nr. 660.

## REGLUGERÐ

um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o. fl.

### I. KAFLI

Um veitingu starfs í lögregluliði.

#### 1. gr.

Peir sem sækja um lögreglumannsstöðu skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

1. Umsækjandi skal vera íslenskur ríkisborgari, 20—30 ára, fjár síns ráðandi og má ekki vera kunnur af óreiðu í fjármálum. Hann skal hafa gott mannorð og vera þekktur að reglusemi og háttvísi.
2. Umsækjandi skal vera a. m. k. 178 cm á hæð, ef um karl er að ræða, en kona 172 cm. Hann skal vera vel vaxinn, með góða líkamsburði, heilbrigður andlega og líkamlega og laus við líkamslýti, hann skal hafa góða sjón á báðum augum, góða heyrn og rétta litarskynjun.
3. Umsækjandi skal hafa lokið grunnskóla og tveggja ára almennu námi í framhaldsskóla eða öðrum sambærilegu námi með fullnægjandi árangri. Sérstök áhersla skal lögð á góða einkunn í íslensku. Umsækjandi skal hafa vald á einhverju Norðurlandamálanna, ensku eða þýsku. Hann skal hafa almenn öku-réttindi til bifreiðaaksturs. Hann skal vera syndur.
4. Umsækjandi skal standast læknisskoðun trúnaðarlæknis og þrekprófun. Honum skal skylt að ganga undir hæfnispróf í íslensku og vélritun.

#### 2. gr.

Við lögregluskólann starfar sérstök nefnd, valnefnd, sem metur hvort umsækjandi fullnægi framangreindum skilyrðum. Nefndin getur látið umsækjanda ganga undir almennt hæfnispróf og óskað eftir frekari gögnum um einstök atriði umsóknar áður en endanleg ákvörðun er tekin um afgreiðslu hennar.

Heimilt er nefndinni að vika frá einstökum skilyrðum 1. gr. er sérstakar ástæður mæla með því.

Valnefnd skipa menn, sem eftirtaldir aðilar tilnefna: Dómsmálaráðuneytið, Landssamband lögreglumanna og Sýslumannafélag Íslands. Þá á skólastjóri lögregluskólans sæti í nefndinni og er hann jafnframt formaður hennar. Nú er sótt um starf við tiltekið embætti og tekur þá viðkomandi lögreglustjóri sæti í nefndinni. Heimilt er honum að senda skriflega álitserð um umsækjanda í stað þess að taka sæti í nefndinni.

Valnefnd skal senda álitserð um umsækjendur til hlutaðeigandi lögreglustjóra.

**3. gr.**

Nú hefur umsækjandi verið ráðinn í lögreglumannsstarf, og skal þá lita á fyrstu 2 starfsár hans sem reynslu- og námstíma, sem skiptist í grunnnám og starfsnám.

Nú kemur í ljós á reynslutíma, að lögreglumannsefni fullnægir ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til lögreglumanna hvað snertir námshæfileika, ástundun, reglusemi, framkomu og heilsufar og ber þá lögreglustjóra eða yfirlöggluþjóni að semja rökstudda greinargerð um það, sem áfátt þykir. Skal lögreglumannsefni skýrt frá efni greinargerðar, áður en lögreglustjóri tekur ákvörðun um, hvernig með skuli fara.

Eigi skal skipa í fasta lögreglumannsstöðu aðra en þá, sem lokið hafa reynslutíma og staðist próf í lögregluskólanum. Víkja má frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

**4. gr.**

Eigi skal ráða aðra í héraðslögreglustörf en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar, hafa gott mannorð og eru kunnir að reglusemi og háttvísi, enda séu þeir heilbrigðir andlega og líkamlega. Þeir skulu hafa lokið námskeiði fyrir héraðslögreglumenn, áður en þeir hefja störf.

**5. gr.**

Lausráðnir starfsmenn, sem gegna lögreglustörfum um stundarsakir skulu sækja undirbúningsnámskeið, sem haldin eru fyrir þá, nema mjög miklum erfiðleikum sé bundið að koma því við að senda þá á námskeið.

**II. KAFLI****Um lögregluskóla og starfsnám.****6. gr.**

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur Lögregluskóli ríkisins, er veiti lögreglumönnum almenna menntun í lögreglufræðum, sbr. 7. og 10. gr., svo og sérmenntun í hinum ýmsu greinum löggæslunnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík veitir skólanum forstöðu og ræður stundakennara og annað starfslíð. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.

Skólanefnd, skipuð lögreglustjóranum í Reykjavík, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og starfsmanni dómsmálaráðuneytisins, tilnefndum af dómsmálaráðherra, skal hafa yfirmsjón með starfsemi lögregluskólans. Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins er formaður skólanefndar.

Skólanefnd skal gera tillögur um námsefni og kennara. Nefndinni er heimilt að fella niður eða bæta við námsgreinum, eftir því sem þörf þykir.

**7. gr.**

Lögreglumenn, sem ráðnir hafa verið til reynslu, skulu kvaddir til náms í lögregluskólanum, svo fljótt sem því verður við komið að mati lögreglustjóra. Fyrri önn grunnnáms standi yfir í 8 vikur hið skemmsta.

Námsgreinar verði:

1. Íslenska.
2. Skýrslugerð.
3. Lögreglufræði.
4. Samþykktir.
5. Umferðarlög og reglur.
6. Ýmis lög.

7. Vettvangsupprættir.
8. Slysahjálp.
9. Refsiréttur.
10. Undirstöðuatriði rannsókna.
11. Lögregluæfingar, sund, leikfimi, sjálfsvörn, meðferð lögreglutækja o. fl.
12. Vélritun.
13. Sálarfræði.

#### 8. gr.

Kennsla á fyrri önn grunnnáms skal miða að því að veita nemendum nægilega undirstöðuþekkingu til þess að þeir geti hafið störf sem nýliðar. Skal námsefni vera í höfuðatriðum sem hér segir:

#### Íslenska.

Áhersla verði lögð á að æfa nemendur í réttiritun, setningu greinarmerkja og liðlegri setningarskipan, svo og að kynna þeim undirstöðuatriði í málfræði. Gera skal nemandann hæfan til að tjá sig, bæði munnlega og skriflega. Kennsla miðist eftir föngum við atvik, sem algengust eru í starfi lögreglumanns.

#### Skýrslugerð.

Kennd grundvallaratriði skýrslugerðar og gerð tilkynninga þannig að nemandi verði kleift að leysa á fullnægjandi hátt hvers kyns skýrslugerð, sem honum er falin. Farið yfir niðurröðun efnis, málfar og efnisatriði frumskýrslna. Tekin til meðferðar eftirtalin atriði:

- a. Tilgangur skýrslugerðar.
- b. Notkun skýrslueyðublaða og niðurröðun efnis.
- c. Lýsing á persónum og hlutum.
- d. Tilkynningar, móttæknar og útsendar.
- e. Vitni.
- f. Grunaður.
- g. Vettvangslýsing.
- h. Skráning, röðun og vistun skjala.
- i. Skýrslur vegna umferðarslysa.

#### Lögreglufræði.

- a. Hlutverk lögreglumanna.
- b. Skipulag lögreglunnar, starfssvið hinna ýmsu lögregludeilda og samvinna þeirra.
- c. Réttindi og skyldur lögreglumanna skv. lögum. Starfsreglur fyrir lögreglumenn.
- d. Samstarf lögreglunnar við aðrar stofnanir.
- e. Heimild lögreglunnar til valdbeitingar. Neyðarvörn. Handtaka.
- f. Reglur um leit á mönnum og húsleit.
- g. Framkvæmd löggæslu: Varðganga, framkoma, leiðbeiningarskylda, áminningar, kærur.
- h. Nokkur grundvallaratriði um uppbyggingu þjóðfélagsins.

#### Samþykktir.

Farið yfir lögreglusamþykktir um óspektir og ölvun á almannaferi og bent á mismunandi ákvæði í lögsagnarumdæmum, reglu á veitingastöðum og friðun almenningseigna. Ennfremur reglur um meðferð íslenska fánans, lokunartíma sölubúða o. fl. eftir því sem skólanefnd ákveður.



### Umferðarlög og reglur.

- a. Farið yfir meginefni umferðarlaga.
- b. Reglugerð um gerð og búnað ökutækja.
- c. Reglugerð um umferðarmerki.
- d. Umferðarstjórn.
- e. Sérreglur um akstur lögreglumanna.
- f. Erlend ökutæki og ökumenn.
- g. Umferðarslys og orsakir þeirra.
- h. Umferðaröryggi og fyrirbyggjandi aðgerðir.

### Ýmis lög.

Nemendum verði gerð grein fyrir sérrefsilöggjöfinni, svo og annarri löggjöf, sem krefst eftirlits eða stjórnunar lögreglu. Námsefni feli í sér yfirferð laganna, gerð grein fyrir tilgangi þeirra, refsiakvæðum og öðrum ákvæðum, sem hafa þýðingu fyrir löggæslu. Sérstaklega verði farið yfir eftirtalin lög: Helgidagalöggjöf, lög um nafnskirteini, áfengislög, veitingalög o. fl. eftir ákvörðun skólanefndar og skólastjóra.

### Vettvangsuppdrættir.

Kennd nokkur undirstöðuatriði mælingartækni, uppdrættir af vettvangi og skýrð þýðing nákvæmra uppdráttu við rannsókn máls.

### Slysaþjálf.

Lífgun úr dauðadái, frumaðstoð og flutningur slasaðra.

### Refsiréttur.

Skýrð helstu hugtök almenna hluta refsiréttarins og farið yfir algengustu brot í sérstaka hlutanum. Farið sérstaklega yfir hugtök eins og neyðarvörn, neyðarrétt, sakhæfi, þjófnað, nytjastuld, manndráp og líkamsmeiðingar, refsingar og önnur viðurlög.

### Undirstöðuatriði rannsókna.

Kennd undirstöðuatriði nokkurra rannsóknaraðferða og nemendum gert kleift að annast einfaldar rannsóknir. Farið yfir það helsta, sem varðveita þarf á brotastað og hvernig tryggja beri, að sakargögn spillist ekki.

### Lögregluæfingar.

Sundkennsla miði að því að gera nemanda færán um að bjarga manni frá drukknun. Leikfimi miði að því að gera nemanda liðlegan í hreyfingum og göngulagi. Kennd undirstöðuatriði við handtöku, leysiaðferðir og kyllfunotkun. Æfingar í umferðarstjórn. Leit að týndu fólki.

### Véllritun.

Áhersla lögð á uppsetningu og góðan frágang og að nemendur skili villulausum texta.

### Sálarfræði.

Farið yfir nokkur atriði hagnýtrar sálarfræði sem koma lögreglumönnum að gagni í starfi þeirra.

## 9. gr.

Nú hefur lögreglumaður sótt fyrri önn grunnnáms skv. 7. gr. og staðist próf að því loknu og hefst þá starfsnám hans. Starfsnám skal að hluta fara fram í fjölmennu lögregluliði í þéttbýli, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Starfsnámið fer fram undir eftirliti viðkomandi lögreglustjóra, yfirlögreglubjóns eða annars yfirmanns, er lögreglustjóri tilnefni og skal hagað í samræmi við reglur, sem skólanefnd setur. Gæta skal þess, eftir því sem við verður komið að verkefni séu við hæfi lögreglumannsins, miðað við starfsaldur, nám og reynslu. Yfirmaður ræðir reglulega við lögreglumanninn um dagleg störf hans, svarar fyrirspurnum og veitir áhendingar um það, sem betur hefði mátt fara. Á fjögurra mánaða fresti skal yfirmaður gera skýrslu um nám lögreglumannsins, framfarir og annað, sem máli kann að skipta um starfshæfni hans. Afrit af þeirri skýrslu skal senda til skólanefndar. Starfsnám skal standa yfir í a. m. k. 8 mánuði.

## 10. gr.

Lögreglumaður skal kvaddur á síðari önn grunnnáms svo fljótt sem aðstæður leyfa að loknu starfsnámi skv. 9. gr.

Síðari önn grunnnáms skal standa yfir í 6 mánuði. Námsgreinar verði:

1. Íslenska.
2. Skýrslugerð.
3. Lögreglufræði.
4. Meðferð opinberra mála.
5. Samþykktir.
6. Umferðarlög og reglugerðir.
7. Ýmis lög.
8. Refsiréttur.
9. Þjófálagfræði.
10. Persónu- og sifiréttur.
11. Rannsókn afbrota.
12. Vettvangsupndráttir.
13. Rafmagnstæki og hættuleg efni.
14. Sálarfræði.
15. Slvsa hjálp.
16. Lögregluæfingar, umferðarstíorn, sjálfsvörn, meðferð lögreglutækja, leikfimi, sund o. fl.
17. Fyrirlestrar um ýmis efni er snerta löggæslustörf.
18. Erlend tungumál.

## 11. gr.

Kennsla á síðari önn grunnnáms miði að því að veita haldgóða fræðslu í almennu lögreglustarfi. Skal námsefni vera í höfuðatriðum sem hér segir:

## Íslenska.

Kennsla heinist einkum að skýrslugerð með vönduðu málfari og greinilegri framsetningu og framsögn. Áhersla verði lögð á réttritun og greinarmarkiasetningu.

## Skýrslugerð.

Farið yfir reglur um skýrslugerð. Kennd yfirheyrslutækni gagnvart sakaraðilum og vitnum. Kennd skýrslugerð á rannsóknarstigi máls og hvers beri að gæta við rannsókn mála. Gerðar skýrslur um fjölbreytt efni, er snertir hinar ýmsu námsgreinar sem kenndar eru á önninni.

### Lögreglufræði.

Starfssvið lögreglunnar, stöðvarþjónusta, starf á varðsvæði, varðgæsla.

Valdheiting (notkun kylfu og annarra lögreglutækja), meðferð mála varðandi sjúka menn, hjálparvana eða slasaða. Hikfundur, meðferð fundinna fjármuna, lög-gæsla á brunastað, óspektir, lokanir á götum eða svæðum, verndun ummerkja á mönnum, munum eða vettvangi, þannig að sakargögn fari ekki forgörðum.

### Meðferð opinberra mála.

1. Lög um meðferð opinberra mála. Gildissvið laganna. Aðgreining opinberra mála og einkamála. Heimildir til að hafa upp í opinberu máli kröfur borgararéttar eðlis.  
Tengsl opinberra mála og refsiréttar.
2. Almenn yfirlit um skipulag og blutverk dómstólanna, ákærvaldsins og lög-reglunnar.
3. Almenn kæruskvilda. Frumkvæði lögreglu til aðgerða vegna refsiverðrar háttsemi.
4. Frumrannsókn opinbers máls og ráðstöfun þess að henni lokinni.  
Ákvörðun ríkissaksóknara um meðferð máls. Niðurfelling, frestun ákæru, ósk um að dómari liúki máli með dómssátt og málshöfðun. Efni ákæru.
5. Heimildir dómara, lögreglustióra og lögreglumanna til þess að ljúka opinberu máli án málshöfðunar.
6. Rannsókn og meðferð opinbers máls fyrir dómi.
7. Fullnusta refsidóma.
8. Almenn um sakborning og réttarstöðu hans.
9. Valdheiting lögreglumanna. Handtaka. Gæsluvarðhald. Hald á munum. Leit. Yfirheyrsla sakaðra manna.
10. Vitni og yfirheyrsla heirra.
11. Sakiandi. Veriandi. Réttargæslumaður.

### Samþykktir.

Helstu reglur heilbrigðissamþykktar, vinnuverndarákvæða, byggingarsamþykktar, brunamálasamþykktar o. fl. eftir því sem skólanefnd ákveður.

### Umferðarlög og reglur.

Farið yfir meginefni umferðarlaga og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Sér-staklega farið yfir eftirtalin atriði:

- a. Umferðarlögin, gildissvið og orðaskýringar.
- b. Ökukennsla, próf og ökuskírteini.
- c. Ökumaðurinn.
- d. Ökutækid, skráning og eftirlit.
- e. Ábyrgð eiganda ökutækis.
- f. Umferðarreglur.
- g. Stöðvun ökutækja.
- h. Sérstakar reglur um ákveðna vegfarendur s. s. gangandi fólk, hiólfreiðamenn og hestamenn.
- i. Skyldur ökumanns við umferðarslys, svo og skyldur lögreglunnar.
- i. Umferðarstjórnun. Umferðarmerki.
- k. Akstur lögreglumanna, sérreglur.
- l. Refsi- og viðurlagaákvæði umferðarlaga.

- m. Erlend ökutæki og öikumenn.
- n. Ábyrgðarreglur.
- o. Umferðarslys og orsakir þeirra.
- p. Umferðaröryggi og fyrirbyggjandi aðgerðir.
- q. Verklegar æfingar.

### Ýmis lög.

Farið yfir eftirtalin lög og fleiri, ef skólanefnd ákveður svo:

1. Ríkisborgaralög og útlendingalög.
2. Veitingalöggjöf.
3. Löggjöf um skotvopn, sprengiefni og skotelda o. fl.
4. Friðunarlöggjöf.
5. Lög um vernd barna og ungmenna.
6. Lög um nafnskírteini.
7. Náttúruverndarlög, lög um lax- og silungsveiði, friðunarlög.
8. Helgidagalöggjöf og reglur um lokunartíma sölubúða.
9. Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.
10. Lög um horfna menn.

### Refsiréttur.

Skýrð grundvallarhugtök almenna hluta refsiréttarins og þau tengd algengustu brotum. Sérstaklega farið yfir tilraun og hlutdeild, ásetning, fullframningu brots, varnaðaráhrif refsinga, hugtakið refsingu og önnur viðurlög. Manndráp og líkamsmeiðingar, nauðungarbrot, brot gegn valdstjórninni, brot á almannafríði og brot í opinberu starfi.

### Þjóðfélagsfræði.

Farið yfir nokkur atriði úr réttarsögu, svo sem þjóðveldi, konungsdæmi, lýðveldi, þróun stjórnskipunarlaganna og skýrð stjórnarskráin. Skýrð hugtökin lýðveldi og þingræði. Sagt frá helstu stofnunum og tengslum þeirra, stjórnsmálaflokkum og hagsmunahópum. Þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Kosningar og kosningaréttur.

### Persónu- og sifjaréttur.

Lögræði, lögræðissvipting, lögráðamenn, stofnun og slit hjúskapar, réttarstaða barna og kjörbarna.

### Rannsókn afbrota.

Nemendum kenndar aðalreglur um rannsókn afbrota. Farið yfir rannsókn nokkurra flokka afbrota, kennd yfirheyrslutækni, aðferð við leit á mönnum, í húsum og víðavangi. Æfingar í mannlýsingum, upptöku fingrafara og ljósmyndun.

### Vettvangsupprættir.

Mælingatækni. Nemendum kennt að gera flóknari upprætti en á fyrri önn, bæði á götum, víðavangi og innanhúss.

### Rafmagnstæki og hættuleg efni.

Farið yfir ýmsar hættur varðandi rafmagn, svo og hvernig rjúfa á straum svo hættulaust sé o. fl.

Farið yfir nokkra flokka hættulegra efna, svo sem sprengiefni, hættulegar gastegundir o. þ. h., geymslu, meðferð og flutning framangreindra efna og viðbrögð við hættuástandi.

#### Sálarfræði.

Nokkur atriði úr hagnýtri sálarfræði, er snerta lögreglustarfið.

#### Slysa hjálp.

Fullkomið námskeið í skyndihjálp, lífgunaraðferðir og meðferð tækja.

#### Lögregluæfingar o. fl.

Umferðarstjórn, handtaka, gangfyllkingar, meðferð og heiting lögreglutækja, sjálfsvörn, sund og leikfimi. Æfingar í framkvæmd ýmissa lögregluáðgerða.

#### Erlend tungumál.

Kennsla beinist einkum að talmáli, sem getur komið að hagnýtum notum fyrir lögreglumenn í starfi.

#### 12. gr.

Í lok annar samkvæmt 7. og 10. gr. skulu nemendur prófaðir í námsgreinunum og þeim gefnar einkunnir í heilum tölum frá 1—10. Til þess að standast próf þarf nemandi að fá einkunnina 4 hið minnsta í hverri námsgrein og einkunnina 5 hið minnst í íslensku.

Skólanefnd setur nánari reglur um framkvæmd prófa. Fyrir verklega þjálfun, þar með talið starfsnám, má gefa tvær einkunnir, fullnægjandi eða ófullnægjandi.

Skrifleg próf dæmir hlutaðeigandi kennari einn. Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til skólastjóra. Skipar skólastjóri þá prófdómara í hverju tilviki.

Kennari og prófdómari, ef því er að skipta, dæma í sameiningu úrlausnir. Hvor um sig gefur sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnina og gilda þær jafnt í einkunnagjöf.

Við munnleg próf, eða þar sem skriflegu prófi verður ekki komið við, skal vera einn prófdómari.

Kennari eða meirihluti nemenda geta óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi, telji þeir til þess sérstaka ástæðu.

### III. KAFLI

#### Um framhaldsnám o. fl.

#### 13. gr.

Hlutast skal til um, eftir því sem við verður komið, að lögreglumenn eigi kost á endurmenntunarnámskeiði innan 5 ára frá því að þeir luku námi við lögregluskólann og síðan á a. m. k. 10 ára fresti. Á námskeiðinu skal rifjað upp námsefni grunnnámsins og kynntar lagabreytingar og nýjungar, er snerta störf lögreglumanna.

#### 14. gr.

Við lögregluskólann skal starfrækt framhaldsdeild. Kennsla framhaldsdeildar skal miða að því, að gera nemendur hæfa yfirmenn í lögreglu. Náms efni verði

ákveðið af skólanefnd í samráði við dómsmálaráðuneytið, sem ákveður fjölda þátttakenda í náminu að undangenginni auglýsingu.

Miða skal að því, að yfirmenn verði ekki skipaðir nema þeir hafi lokið framhaldsdeildarprófi.

#### 15. gr.

Í lögregluskólanum skulu haldin námskeið í ýmsum sérgreinum á sviði lög-gæslu, þ. á m. um rannsókn afbrota, fíkniefnarannsóknir, hraðamælingar, bifhjóla-akstur o. fl., samkvæmt nánari ákvörðun skólanefndar.

#### 16. gr.

Við lögregluskólann skulu haldin námskeið fyrir héraðslögreglumenn og lausráðna starfsmenn. Námsefni og kennsla skulu ákveðin af skólanefnd með hliðsjón af námsefni skv. 7. og 10. gr.

#### 17. gr.

Við lögregluskólann skal starfa a. m. k. einn kennari í fullu starfi. Auk almennrar kennslu skal hann hafa umsjón með öflun kennslubóka og annars náms-efnis og skipulagningu skólstarfsins undir stjórn skólustjóra.

#### 18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. málsg. 9. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn, tekur gildi 1. janúar 1982 og jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 254 1965.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1982 er skólanefnd heimilt að stytta námstíma á síðari önn grunnnáms sbr. 10. gr. Náms tíminn má þó eigi vera skemmri en 4 mánuðir.

*Dómsmálaráðuneytið. 27. nóvember 1981.*

*Friðjón Þórðarson.*

*Hjalti Zóphónlasson.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir Veðifélag Héðinsfjarðar.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Héðinsfjarðar.  
Heimili þess og varnarþing er á Siglufirði.

#### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga á vatnasvæði Héðinsfjarðar frá ósi í sjó um Héðinsfjarðarvatn og um allar ár og læki, sem í umrætt vatn falla. Þessar jarðir eru Ámá, Grundarkot, Möðruvellir, Vatnsendi og Vík.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu. Kjósa skal tvo endurskoðendur til eins árs í senn.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Félagsmenn hafa forgang til kaupa á veiðileyfum. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir*

## SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Reyðarvatns, Borgarfjarðarsýslu.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Reyðarvatns. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

## 2. gr.

Félagið tekur til Reyðarvatns, Reyðarlækjar, fiskgengs hluta Leirár og Fossár ásamt efsta hluta Grímsár, frá vatni að efsta fossi í ánni. Aðilar að félaginu eru þessar

jarðir, sem land eiga að Reyðarvatni, eða eiga upprekstrarrétt á afrétti, sem að því liggja. Þær eru þessar: Þverfell, Gúlstreymi, England, Þönnarstaðir, Hóll, Melgerði, Snartarstaðir, Lundarhólmi, Skarð I, Skarð II, Kistufell, Kross, Gröf I, Gröf II, Mávahlíð, Múlakot, Skálpastaðir I, Skálpastaðir II, Arnþórsholt, Lundur I, Lundur II, Gullberastaðir, Oddsstaðir I, Oddsstaðir II, Brautartunga, Tungufell, Brenna, Reykir, Eyri, Múlastaðir, Varmalækur, Hellur, Fossatún, Laugabær, Laugateigur, Bær I, Bær II, Nýi-Bær I, Nýi-Bær II, Jaðar, Langholt, Laugarholt, Stafholtsey I, Stafholtsey II, Hvítárþakki I, Hvítárþakki II, Vindheimar, Þingnes I, Þingnes II, Árbakki, Hestur, Heggstaðir, Kvígsstaðir, Vatnshamar, Hvítárvellir I, Hvítárvellir II, Grímarstaðir, Bárustaðir, Staðarhóll, Hvanneyri, Ausa, Mið-Fossar og Syðstu-Fossar.

### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði þar á þann hátt, sem hagkvæmastur þykir vera hverju sinni. Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu.

### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í minnst þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn í stjórn á sama hátt. Árlega skal kjósa tvo endurskoðendur og einn til vara.

### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í hágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

### 6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 15. maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögu um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún einnig leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Fundur er lögmaður ef hann er löglega boðaður. Ekki er þó heimilt að ráðstafa veiði lengur en til eins árs í senn, nema samþykki minnst helmingið félagsmanna komi til.

### 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, arðskrá og fundargerðir.

### 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt milli félagsmanna samkv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

### 9. gr.

Félagið skal starfa í samræmi við gildandi lög um lax- og silungsveiði eins og þau eru á hverjum tíma.



## 10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

**SAMÞYKKT**

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 10. ágúst 1964.

## 1. gr.

**1. gr. orðist svo:**

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð 21 borgarfulltrúa, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

## 2. gr.

**2. mgr. 7. gr. orðist svo:**

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun borgarstjóra, forseta borgarstjórnar eða ef sjö borgarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

## 3. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Breytingar þessar taka gildi við reglulegar kosningar til borgarstjórnar í maí 1982 og skal þá kjörinn 21 borgarfulltrúi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1981.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 238 17. apríl 1980 um gatnagerðargjöld í Miðneshreppi í Gullbringusýslu.

## 1. gr.

**1. mgr. 4. gr. orðist svo:**

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

## 2. gr.

## 6. gr. orðist svo:

Gjalddagar A-gjalda skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiddast þegar byggingarleyfi er veitt, þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Miðneshrepps í Gullbringusýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. nóvember 1981.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

um hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík.

Ráðuneytið hefur staðfest hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík fyrir árið 1982. Mun leigan nema kr. 60,00 og gilda fyrir árið 1982.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1981.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

## ARÐSKRÁ

fyrir Veidifélag Laxár í Skefilsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Engihlíðarhreppur .....	89 einingar
Hafragil .....	90 einingar
Heiði .....	40 einingar
Herjólfstaðir .....	150 einingar
Hvammur .....	91 eining
Illugastaðir .....	105 einingar
Skarðshreppur .....	21 eining
Skíðastaðir .....	265 einingar
Sævarland .....	58 einingar
Þorbjargarstaðir .....	91 eining

Alls 1 000 einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð aldraðra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. nóvember 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð aldraðra.

### 1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og nafn hans Styrktarsjóður aldraðra. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00, en það er framlag frá einstaklingi sem ekki vill láta nafns síns getið. Stofnfé sjóðsins ásamt 10% af ársvöxtum hans hverju sinni fram að því að stofnfé hefur tífaldast myndar höfuðstól, sem aldrei má skerða, sbr. og 5. gr.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eftir þörfum og getu hvers konar gagnlegar framkvæmdir, starfsemi og þjónustu í þágu aldraðra með beinum styrkjum og hagkvæmum lánum.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög og gjafir eldri borgara.
2. Dánargjafir.
3. Almennar minningargjafir og áheit.
4. Verðbætur og vextir.
5. Annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

### 5. gr.

Við stofnfé leggst fyrst í stað 10% af því fé sem sjóðnum berst hverju sinni, svo og 10% af ársvöxtum hans. Að þessu undanskildu má þegar nota allt það fé sem sjóðnum berst samkvæmt tilgangi hans, samanber 3. gr. Þegar stofnfé sjóðsins hefur tífaldast, er heimilt að veita úr honum óskertar verðbætur, vexti og gjafafé sem kann að berast.

### 6. gr.

Heimilt er gefanda að ráðstafa gjöf sinni í samráði við stjórn sjóðsins til vissra staðbundinna framkvæmda eða starfsemi.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tilnefndir til 3ja ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Öryrkjabandalags Íslands og tveir af Samtökum aldraðra í Reykjavík. Tveir varamenn skulu einnig tilnefndir, einn frá hvorum aðila, til sama tíma. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

## 8. gr.

Sjóðstjórn semur árlega reikninga sjóðsins. Endurskoðendur Samtaka aldraðra endurskoða reikninga hans.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og á breytingum sem kunna að verða gerðar á henni, enda hafi þær verið samþykktar einróma af stjórn sjóðsins.

25. nóvember 1981.

Nr. 668.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðnýjar Bjarnadóttur, Bolungarvík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. nóvember 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðnýjar Bjarnadóttur, Bolungarvík.

## 1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 krónur, sem Kvenfélagið Brautin, Bolungarvík, hefur að mestu lagt fram og er það ávaxtað í Sparisjóði Bolungarvíkur.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja barn í Bolungarvík, vangefið, fatlað, þroskaheft eða með sérþarfir af einhverju tagi, eitt í senn eða fleiri, eftir nánari reglum, sem stjórn sjóðsins setur.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Formaður Kvenfélagsins Brautarinnar, sóknarpresturinn í Bolungarvík og einn maður úr bæjarstjórn Bolungarvíkur, kosinn til 4ra ára í senn. Verði Kvenfélagið Brautin lagt niður, útnefnið bæjarfógetinn í Bolungarvík konu búsetta í Bolungarvík sem þriðja stjórnanda sjóðsins. Stjórnin heldur gerðabók og færir reikninga sjóðsins. Þeir fylgja bæjarreikningum Bolungarvíkurkaupstaðar til endurskoðunar og samþykktar.

## 4. gr.

Sjóðurinn skal jafnan ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur. Hætti hann störfum eða líði undir lok, ákveður stjórn hans hvar hann skuli ávaxtaður eftirleiðis.

## 5. gr.

Allir vextir sjóðsins, gjafir og aðrar tekjur, sem honum kunna að áskotnast, leggjast við höfuðstólinn, þar til hann hefur náð þeirri upphæð, að stjórnin telji vextina nægja til þess að veita sómasamlegan styrk úr sjóðnum. Ákveður hún þá hvaða barn sjóðurinn skuli styrkja. Eflist sjóðurinn svo að vextir hans dugi til þess að styrkja fleiri en eitt barn, tekur stjórnin sömuleiðis ákvörðun um það.

## AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. júlí 1982 er framleiðsla eftirtalinna forskriftalyfja og lyfja sem framleidd eru skv. óstöðluðum forskriftum óheimil:

Elixir paracetamolis.

Gelatum alumini hydroxidi 4%.

Gelatum alumini hydroxidi 4% cum magnesii silicate 10%.

Tablettaa B-combini DAK.

Tablettaa methyldopi DAK.

Tablettaa sulfamethoxazoli cum trimetoprimo DAK.

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 31. desember 1982.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1981.*

Svavar Gestsson.

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

### 1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 850,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 420,00.

### 2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 220,00, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 606/1980 og 1. gr. og 12. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 451/1976 með áorðnum breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1981.*

Svavar Gestsson.

*Jón Ingimarsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 269/1973, um mjólk og mjólkurvörur,  
með síðari breytingum.

### 1. gr.

#### 4. gr. orðist svo:

- 4.1. Gerilsneyðing er hitun mjólkur og mjólkurvöru í þeim tilgangi að sneyða vöruna að nokkru eða öllu leyti lifandi gerlum og skal fara fram í tækjum sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir og samkvæmt eftirfarandi aðferðum:
- Hitun upp í 62—65°C í 30 mínútur.
  - Hitun upp í 72—78°C í 15—20 sekúndur.
  - Hitun upp í 81—95°C.
  - Hitun upp í 135—150°C (U.H.T.-hitun).
  - Hitun upp í 63—68°C í 15 sekúndur (forhitun).
- 4.2. Ef beita á öðrum gerilsneyðingaraðferðum skal leita samþykkis Heilbrigðiseftirlits ríkisins til þess hverju sinni.

### 2. gr.

#### 39. gr. 3. tl. orðist svo:

- 39.3. Af rafkældri mjólk, sem flutt er til mjólkurstöðvar skal hjá hverjum framleiðanda taka vikulega sýni úr kæligeymi eða kældum brúsum til gerlaræktunar og talningar. Skulu sýnin flokkuð við móttöku mjólkurinnar í stöðinni með eftirfarandi aðferð:
- Gerlaræktun og talning (P.C. æti í 72 klst. við 30°C).

- flokkur: 0—250 000 gerlar pr. ml.
- flokkur: 250 000—600 000 gerlar pr. ml.
- flokkur: 600 000 og fleiri gerlar pr. ml.

Að fengnu leyfi Heilbrigðiseftirlits ríkisins er þó heimilt að nota forhitaða litprófun eftir að mjólkinn hefur verið geymd við 14°C í 18 klst. (preinkubert reduktaseprufa) í stað gerlatalningar skv. ofanskráðu til flokkunar á mjólk. Skal mjólkinn þá flokkuð þannig:

- flokkur: Aflitun eftir meira en 3 klst.
- flokkur: Aflitun á 1—3 klst.
- flokkur: Aflitun á minna en 1 klst.

### 3. gr.

#### 40. gr. 4. tl. orðist svo:

- 40.4. Heimilt er að forhita mjólk við móttöku í mjólkurstöð til þess að auka geymsluþol hennar, ef geyma þarf mjólkina lengur en 36 klst. áður en gerilsneyðing hennar, pökkun og vinnsla hefst. Forhitun mjólk skal vera fosfatasa jákvæð. Þar sem forhitun verður ekki komið við er Heilbrigðiseftirliti ríkisins heimilt að leyfa tvígerilsneyðingu ef geyma þarf mjólkina lengur en 36 klst. áður en síðari gerilsneyðing, pökkun og vinnsla hefst. Heimilt er einnig að gerilskerða skyr (hitun upp í 68°C í 15—20 sek.) enda sé þess getið á umbúðum.

## 4. gr.

52. gr. 12. og 13. tl. orðist svo:

- 52.12. Strax að lokinni pökkun gerilsneyddrar mjólkur og ósýrðra mjólkurvara í mjólkurstöð mega ekki finnast fleiri koligerlar en sem samsvarar MPN (Most probably number) 5 í ml og heildargerlafjöldi má ekki vera meiri en 30 000 í ml með ræktun við 30°C í 72 klst.
- 52.13. Útlit, bragð og lykt gerilsneyddrar mjólkur og ósýrðra mjólkurvara skal vera óaðfinnanlegt á síðasta söludegi. Að jafnaði skal við það miðað að heildargerlafjöldi fari ekki yfir 100 000 í ml á síðasta söludegi.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 12 frá 17. mars 1969, um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og lög nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og öðlast þegar gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 81 8. mars 1973, um Vatnsveitu Raufarhafnar.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0,4% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningastofn fasteignaskatts. Upphæð vatnsskatts skal þó aldrei vera lægri en kr. 50,00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu, skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er veitt til eða vatnsað er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

- Vatnsnot í steypu til iðnaðar kr. 0,50 fyrir 100 kg af sementsnotkun.
- Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldsneytissölu, skal greiða kr. 500,00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 0,20 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 0,50 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum.  
Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og þæklunar skal greiða kr. 0,25 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- Fyrir vatnsnotkun við síldarbræðslu og aðra mjöl- og lýsisframleiðslu skal greiða kr. 2,50 fyrir hvert innvegið tonn af hráefni.
- Fyrir vatnsnot við fiskverkun skal greiða kr. 2,50 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.

- g. Greiðsla fyrir vatn til skipa og báta í Raufarhöfn skal vera kr. 1,50 fyrir hvern rúmmetra. Lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 25,00 og annarra skipa kr. 40,00, þó skulu fiskiskip sem gerð eru út frá Raufarhöfn ekki greiða fyrir vatn.
- h. Greiðsla fyrir ótalin vatnsnot skal fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 110 21. febrúar 1978.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1981.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um lágmark eigin áhættu váttryggðs hjá Viðlagatryggingu Íslands.

### 1. gr.

Eigin áhætta váttryggðs skv. 7. gr. laga nr. 52 27. maí 1975 skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 5 000,00.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 52/1975 um Viðlagatryggingu Íslands, tekur gildi hinn 1. janúar 1982.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. desember 1981.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um rétt sjómanna til ellilífeyris.

### 1. gr.

Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt til töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum 11. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga á ári að meðaltali í 25 ár.

Nú kemur í ljós að lögskráning hefur eigi farið fram lögum samkvæmt eða gögn er hana varða eru glötuð og er þá heimilt, eftir atvikum, að meta sjóferðabækur eða önnur skrifleg sönnunargögn um starfstíma sjómanns.

Nú er skriflegri sönnun um starfstíma sjómanns ekki til að dreifa og er þá heimilt að meta til slíkrar sönnunar vitnisburð tveggja valinkunnra manna eða fleiri um starfstíma sjómanns. Slíkur vitnisburður verður að bera með sér hvar, hvenær og hve lengi sjómennska sú var stunduð sem sönnunin nær til.



**2. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 26. maí 1981 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. desember 1981.*

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

**REGLUGERÐ**

um búfjárhald á Hvammstanga.

**1. gr.**

Búfjárhald er óheimilt á Hvammstanga án sérstaks leyfis sveitarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögþýla innan hreppsmarka til búfjárhalds.

**2. gr.**

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

**3. gr.**

Telji sveitarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið. Má veita það í ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár. t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

**4. gr.**

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á upphóði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

**5. gr.**

Sveitarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

**6. gr.**

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda.

**7. gr.**

Sveitarstjórn skal hafa búfjárhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð á Hvammstanga og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

## 8. gr.

Búfénað sem gengur laus í kauptúninu, gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar skal lögreglustjóri láta handsama og taka í vörslu. Ennfremur geta þeir sem fyrir ágangi verða látið handsama ágangsfénað, en þeir skulu skýra lögreglustjóra frá því tafarlaust. Eigendur slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans, fódruun og annan kostnað, sem af slíku leiðir og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúknningar kostnaðinum verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina eða eigi er vitað um eiganda innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta það tjón er búféð hefur valdið. Ef um ítrekað brot verður að ræða á lausagöngu búpenings varðar það sektum og leyfissviptingu. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um búpening sem er í eigu annarra en íbúa Hvammstangahrepps.

## 9. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum, sem bundin eru í aðalskipulagi.

## 10. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús, sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumrin og fódur á veturna, svo og allri meðferð búfjárins.

## 11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1981*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 645 2. desember 1981, um breyting á reglugerð nr. 309 20. júní 1981, um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

## 1. gr.

Svohljóðandi ákvæði 2. gr.:

„Allar loðnuveiðar eru bannaðar austan 14° v.lgd. milli 66° n.br. og 67° n.br.” er fellt niður.

## 2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. desember 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kjartan Júlíusson.***REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 59/1966 um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, sbr. reglugerð nr. 555/1980.

## 1. gr.

Í stað „iðnaðarmálaráðuneytisins“ í 1. gr. komi: „iðnaðarráðuneytisins.“

## 2. gr.

Í 6. tölulið 2. gr. falli niður: „kr. 800,00.“

## 3. gr.

Í 5. tölulið 5. gr. falli niður: „kr. 200,00.“

## 4. gr.

2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

„Umsókn um einkaleyfi skal vera á íslensku. Ráðuneytinu er heimilt að krefjast þess að umsækjandi leggi fram íslenska þýðingu af þeim fylgiskjölum er umsókninni fylgja og því eru send á erlendum tungumálum.“

## 5. gr.

2. mgr. 8. gr. hljóði svo:

„Um gjöld fyrir einkaleyfi fer samkvæmt lögum nr. 79/1975 um aukatekjur ríkis-sjóðs og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim. Um önnur gjöld fer samkvæmt reglugerð um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.“

## 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Gunnar Guttormsson.*

**REGLUGERÐ****um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.****1. gr.**

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:

a) Umsóknargjald .....	kr. 300,00
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	— 1 200,00
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4) .....	— 65,00
d) Staðfest afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn .....	— 90,00
e) Forgangsréttarskjal .....	— 130,00

**2. gr.**

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann .....	kr. 90,00
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá .....	— 65,00
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi .....	— 130,00

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Gunnar Guttormsson.*

**REGLUGERÐ****um gjöld fyrir vörumerki o. fl.****1. gr.**

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:

a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	kr. 520,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	— 120,00

**2. gr.**

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:

a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	kr. 520,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	— 120,00

**3. gr.**

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:

a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	kr. 880,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	— 120,00

## 4. gr.

Önnur gjöld eru:

a) Innritun í vörumerkjaskrá .....	kr. 90,00
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá .....	— 65,00
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athuginin nær til .....	— 65,00

## 5. gr.

Gjöld samkvæmt 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47 um vörumerki og öðlast gildi 1. janúar 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 553, 14. október 1980.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**Gunnar Guttormsson.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 61 — 1981

30. desember 1981.

1087

Nr. 680.

## REGLUGERÐ

um sérstakt tímabundið vörugjald.

### I. KAFLI

#### Sérstakt vörugjald.

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendirar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

##### 2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

03.01.11	08.12.01	11.02.32	17.03.09
04.06.00	08.12.02	11.04.00	17.04.01
04.07.00	08.12.03	11.05.01	17.04.03
05.13.00	08.12.09	11.05.09	17.04.04
06.02.01	08.13.00	11.08.01	17.04.05
06.02.09	09.03.00	11.08.02	17.04.06
06.04.01	09.04.00	11.08.03	17.04.09
06.04.09	09.05.00	11.08.09	18.06.04
07.02.00	09.06.00	11.09.00	18.06.05
07.03.00	09.07.00	13.03.03	18.06.06
07.04.00	09.08.00	17.01.10	18.06.09
07.06.00	09.09.00	17.01.21	19.02.09
08.01.50	09.10.10	17.01.22	19.03.00
08.01.60	09.10.20	17.01.25	19.04.01
08.01.79	11.01.23	17.01.26	19.04.09
08.03.00	11.01.24	17.02.01	19.05.00
08.04.21	11.01.25	17.02.02	19.07.01
08.04.22	11.02.10	17.02.03	19.07.02
08.10.00	11.02.29	17.02.09	19.07.09
08.11.00	11.02.31	17.03.02	19.08.01

19.08.02	38.19.31	40.14.06	62.05.01
19.08.03	38.19.32	40.14.08	62.05.04
19.08.04	38.19.35	41.06.00	62.05.05
19.08.09	39.01.25	42.03.03	62.05.07
20.01.00	39.01.35	42.05.03	65.01.00
20.02.02	39.01.44	42.06.00	65.02.00
20.02.03	39.01.45	44.03.42	65.07.00
20.02.04	39.01.54	44.03.49	66.01.00
20.02.05	39.01.69	44.04.10	66.02.00
20.02.06	39.01.79	44.04.20	66.03.00
20.02.07	39.01.89	44.09.23	68.03.00
20.02.08	39.01.96	44.09.29	68.04.00
20.02.09	39.02.16	44.13.11	68.06.00
20.03.00	39.02.24	44.13.19	68.07.00
20.04.00	39.02.37	44.22.09	68.08.09
20.05.01	39.02.45	44.25.09	68.10.01
20.05.02	39.02.46	45.02.00	68.12.01
20.05.03	39.02.48	45.03.09	68.12.02
20.05.09	39.02.52	45.04.02	68.14.00
20.06.10	39.02.62	48.05.10	68.16.01
20.06.20	39.02.63	48.05.49	69.04.00
20.07.11	39.02.65	48.07.31	69.05.00
20.07.19	39.02.67	48.07.45	69.07.00
20.07.20	39.02.73	48.07.46	69.08.00
20.07.30	39.02.94	48.10.00	69.09.00
20.07.40	39.03.14	48.11.00	69.10.00
20.07.50	39.03.35	48.12.00	69.11.00
20.07.60	39.03.55	48.13.00	69.12.00
20.07.70	39.03.83	48.15.31	70.11.00
21.07.04	39.04.09	48.15.32	70.12.00
21.07.05	39.05.09	48.21.10	70.14.02
21.07.06	39.06.29	48.21.52	70.15.00
21.07.07	39.07.12	58.01.10	70.16.00
21.07.08	39.07.36	58.01.20	70.17.09
21.07.11	39.07.39	58.02.10	70.18.00
21.07.12	39.07.49	58.02.20	70.20.20
21.07.19	39.07.64	58.02.30	70.20.32
22.01.01	39.07.65	58.02.40	73.10.12
22.02.01	39.07.73	58.02.50	73.10.13
22.02.09	39.07.74	58.02.60	73.10.21
22.03.01	39.07.78	58.02.70	<b>73.13.51</b>
22.03.09	40.08.02	58.02.80	73.17.00
22.10.00	40.09.09	58.02.90	73.18.19
25.01.01	40.11.10	58.03.00	73.18.22
27.08.20	40.11.20	59.02.10	73.18.29
29.04.50	40.11.40	59.06.02	73.20.02
30.03.44	40.11.50	59.08.01	73.20.03
30.05.00	40.11.61	59.10.00	73.20.09
34.07.00	40.11.69	59.11.02	73.23.02
36.02.00	40.12.00	59.11.09	73.24.00
36.04.00	40.13.01	59.12.09	73.25.01
38.14.00		59.15.00	73.25.09

73.26.00	79.04.00	84.15.31	84.53.40
73.27.01	79.06.01	84.15.32	84.53.50
73.27.02	79.06.02	84.15.41	84.53.60
73.27.09	79.06.03	84.15.42	84.54.10
73.29.02	79.06.05	84.17.10	84.54.20
73.29.09	79.06.09	84.18.12	84.55.10
73.32.00	80.05.00	84.18.13	84.55.21
73.33.00	80.06.02	84.18.21	84.55.29
73.34.01	82.01.09	84.18.22	84.55.30
73.34.09	82.02.00	84.18.29	84.56.10
73.35.09	82.03.10	84.18.31	84.56.20
73.36.11	82.03.20	84.18.39	84.56.40
73.36.12	82.03.30	84.19.10	84.58.00
73.36.13	82.04.00	84.19.21	84.59.20
73.36.14	82.05.00	84.19.31	84.59.50
73.36.20	82.08.00	84.22.19	84.59.82
73.36.30	82.09.01	84.22.21	84.59.89
73.38.11	82.09.02	84.22.29	84.59.91
73.38.12	82.12.01	84.22.39	84.61.03
73.38.19	82.12.09	84.22.41	84.61.04
73.38.23	82.13.01	84.22.49	84.61.09
73.38.29	82.13.09	84.22.50	84.61.12
73.40.47	82.14.00	84.22.69	84.61.13
73.40.56	82.15.00	84.22.79	84.61.14
74.07.09	83.01.01	84.23.10	84.61.15
74.08.00	83.04.00	84.23.21	84.61.19
74.10.00	83.06.09	84.23.22	84.62.00
74.15.00	83.08.00	84.23.29	84.63.03
74.16.00	83.11.00	84.23.30	84.63.04
74.17.00	83.13.04	84.23.40	84.63.05
74.18.10	84.06.39	84.23.50	84.63.06
74.18.20	84.06.70	84.23.61	84.63.07
74.19.06	84.08.31	84.23.69	84.63.09
75.04.00	84.08.39	84.23.70	84.64.00
75.06.02	84.08.41	84.40.50	84.65.09
75.06.03	84.08.49	84.40.61	85.01.10
76.03.01	84.08.60	84.40.69	85.01.29
76.06.09	84.09.00	84.40.71	85.01.31
76.07.00	84.10.10	84.40.72	85.01.39
76.10.01	84.10.20	84.51.10	85.01.40
76.11.00	84.10.39	84.51.21	85.01.59
76.12.00	84.10.49	84.51.29	85.01.60
76.15.10	84.10.50	84.51.31	85.01.74
76.15.20	84.10.69	84.51.39	85.01.80
76.16.04	84.11.19	84.52.10	85.01.89
76.16.13	84.11.29	84.52.20	85.01.90
76.16.15	84.11.30	84.52.30	85.02.00
77.02.00	84.11.49	84.52.40	85.03.09
77.04.20	84.12.00	84.53.10	85.05.00
78.05.00	84.13.09	84.53.20	85.06.19
78.06.09	84.15.20	84.53.30	85.06.20



85.06.39	85.19.18	90.01.01	90.24.01
85.06.40	85.19.21	90.01.09	90.24.09
85.06.50	85.19.29	90.03.00	90.25.00
85.07.03	85.20.10	90.04.09	90.26.01
85.07.04	85.20.20	90.05.00	90.26.02
85.08.00	85.20.40	90.06.00	90.26.09
85.09.00	85.20.50	90.08.11	90.27.09
85.10.09	85.21.10	90.08.19	90.28.10
85.12.10	85.21.20	90.08.21	90.28.20
85.12.21	85.21.39	90.08.29	90.28.39
85.12.29	85.21.60	90.08.31	90.28.40
85.12.41	85.22.20	90.08.39	90.28.50
85.12.49	85.23.01	90.09.01	90.29.09
85.12.53	85.23.09	90.09.09	91.05.00
85.12.54	85.25.10	90.10.10	91.06.00
85.12.55	85.25.20	90.10.20	92.11.31
85.12.56	85.25.30	90.10.39	92.12.11
85.12.57	85.26.10	90.11.00	92.12.23
85.12.59	85.26.20	90.12.00	92.13.01
85.12.61	85.26.30	90.13.00	93.03.00
85.12.69	85.27.00	90.14.20	93.04.03
85.12.70	85.28.00	90.16.10	94.02.00
85.15.20	87.01.10	90.16.20	96.01.04
85.15.25	87.01.39	90.17.10	96.05.00
85.15.30	87.04.09	90.17.20	96.06.00
85.15.35	87.06.09	90.17.30	97.04.01
85.15.40	87.07.19	90.18.01	97.04.02
85.15.59	87.07.20	90.18.09	97.04.04
85.16.00	87.13.01	90.20.00	97.04.09
85.17.01	87.13.09	90.23.01	97.05.00
85.17.09	87.14.29	90.23.02	97.08.00
85.19.12	87.14.31	90.23.03	98.01.01
85.19.14	87.14.39	90.23.09	98.06.01
85.19.15			

## B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	33.06.08	37.04.00	44.02.00
27.11.11	33.06.11	37.05.09	44.28.95
27.11.19	33.06.12	37.07.01	44.28.99
27.11.20	33.06.19	38.11.10	45.04.09
27.11.30	34.05.03	38.11.20	46.02.03
32.10.00	34.05.09	38.11.30	46.02.09
32.13.20	35.03.09	38.11.40	46.03.09
33.06.01	36.01.00	38.11.50	48.07.59
33.06.02	36.05.00	38.19.49	48.14.01
33.06.03	36.08.00	39.07.30	48.14.02
33.06.04	37.01.09	39.07.99	48.14.03
33.06.05	37.02.02	40.14.19	48.14.09
33.06.06	37.02.09	40.16.09	48.15.20
33.06.07	37.03.09	42.05.09	48.15.39

48.21.29	75.06.09	85.12.30	92.11.40
48.21.39	76.16.19	85.13.10	92.12.19
48.21.69	80.06.09	85.13.20	92.12.29
55.03.01	82.09.09	85.14.10	92.13.09
59.06.09	82.11.01	85.14.20	93.01.00
65.04.00	82.11.09	85.15.19	93.02.00
65.06.09	83.01.02	85.15.60	93.04.04
67.01.00	83.01.05	85.15.79	93.04.05
67.02.00	83.01.09	85.15.81	93.04.09
67.03.00	83.02.03	85.15.82	93.05.00
67.04.00	83.02.09	85.15.89	93.06.00
68.10.09	83.03.09	87.10.00	93.07.10
68.12.09	83.05.09	87.12.09	93.07.22
68.13.09	84.06.31	87.14.10	93.07.29
68.16.09	84.06.32	87.14.49	95.05.00
69.14.00	84.06.33	90.07.29	95.08.09
70.13.00	84.06.40	90.07.39	98.03.00
70.14.03	84.06.51	91.02.00	98.04.00
70.14.09	84.06.52	91.03.00	98.05.00
70.19.00	84.06.53	91.04.00	98.06.09
70.20.39	84.06.61	91.07.00	98.08.00
70.21.09	84.06.62	91.08.00	98.09.00
71.13.01	84.06.69	91.09.00	98.10.00
71.13.09	84.25.11	91.10.00	98.11.00
71.14.09	84.25.19	91.11.00	98.14.00
71.15.00	84.25.51	92.11.10	98.15.00
71.16.00	85.07.02	92.11.20	98.16.00
73.40.59	85.07.09	92.11.39	99.06.00
74.19.09			

## II. KAFLI

### Innflutningur.

#### 3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara skv. 2. gr. er gjaldið lagt á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum og vörugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980. Skal hið sérstaka vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum innheimt með aðflutningsgjöldum.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974, byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965, jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 78/1980 og sérstakt tímaþundið innflutningsgjald á sælgæti og kex samkvæmt lögum nr. 26/1981 skulu þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

#### 4. gr.

Við tollafgreiðslu á vöru sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2.—4. gr. tollskrárlaga, þó ekki 6. tl. 3. gr., eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga skal þó eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af

skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður á skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið hærra vörugjald.

Af innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, sem tollar féllu almennt niður af frá og með 1. janúar 1980 samkvæmt 1. gr. tollskrárlaga, en ráðuneytið hafði fyrir þann tíma fellt sérstaklega niður tolla af samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga í þeim tilvikum þar sem um innflutning á efnivöru var að ræða til nota við framleiðslu á innlendri framleiðsluvöru, skal með sama hætti og verið hefur og að uppfylltum settum skilyrðum samkvæmt viðkomandi heimildum veita undanþágu frá greiðslu vörugjalds. Sama skal gilda um vörugjaldsskyldar vélar, tæki og varahluti sem heimilt var fyrir 1. janúar 1980 að fella niður tolla af samkvæmt reglum þar að lútandi settum samkvæmt sömu heimild.

Reglur um endurgreiðslu tolla af ýmsum efnivörum í útflutningsvörur sem settar eru samkvæmt heimild í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda eftir því sem við gæta átt um endurgreiðslu sérstaks vörugjalds af sömu vörum.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflutjanda og söluskattur er tinnheimtur við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem söluskattsstofn.

#### 5. gr.

Innflytjendur og aðrir sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda skulu við sölu á vörum sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu færa söluna á sérstaka sölureikninga eða nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds, sbr. 4. mgr. 7. gr.

### III. KAFLI

#### Innlend framleiðsla.

#### 6. gr.

Þær vörur sem taldar eru upp í 2. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi. fá einhverja vinnslumeðferð eða eru pakkaðar í neytendaumbúðir hér á landi eru gjaldskyldar til sérstaks vörugjalds.

#### 7. gr.

Hið sérstaka vörugjald reiknast á verksmiðjuverð. Með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði en að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaunandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða þökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar.

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 24% og 30%, sbr. 2. gr. á 87,45% heildsöluverðsins að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald. Svarar það til 20,99% og 26,24% af heildsöluverði að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald en án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- og sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum.

Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu, sbr. 5. gr.

#### 8. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt þessum kafla eru allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi gjaldskyldar vörur, hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

#### 9. gr.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort sérstakt vörugjald sé innifalið í heildarfjárhæðinni.

#### 10. gr.

Allir þeir sem innheimta sérstakt vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattvirkvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um sérstakt vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

#### 11. gr.

Þeir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtu gjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 7. gr., skulu færa það sérstaka vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu, í sérstakan reikning. Niðurstaða þess reiknings færast síðan til frádráttar á skýrslu um sérstakt vörugjald við skil til ríkissjóðs, og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði og myndar ekki aðstöðugjaldsstofn.

#### 12. gr.

Þeir sem skyldir eru að innheimta sérstakt vörugjald og tilgreindir eru á skrá, sbr. 8. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því þar sem þeir eru heimilisfastir, það sérstaka vörugjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á unngjörstímabiliinu, þar með talin úttekt til eigin nota. Gjaldskylda sölu skal sundurliða eftir vöruheitum og tollskrárnúmerum. Einnig skal tilgreina upplýsingar um frádrátt, sbr. 7. og 11. gr., svo og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

#### 13. gr.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendarar framleiðslu á árinu 1981 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1981 er 1. maí 1981, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1981 er 1. ágúst 1981, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1981 er 1. nóvember 1981 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1981 er 1. febrúar 1982.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1982 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1982 er 1. maí 1982, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1982 er 1. ágúst 1982, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982 er 1. nóvember 1982 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1982 er 1. febrúar 1983.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

#### IV. KAFLI

##### Ýmis ákvæði.

##### 14. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollefirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10 10. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um ágreining vegna flokkunar hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 2. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 1. málsgr. þessarar greinar.

##### 15. gr.

Hafi innflytjandi afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl yfir vörur sem flokkast undir tnr. 73.13.51 og 76.03.01 sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað áður en gjaldtaka skv. 2. gr. öðlast gildi skal varan tollafgreidd ár greiðslu vörugjalds, en bó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 9. janúar 1982. Sala á innlendum framleiðsluvörum sem flokkast undir ofangreind tollskránumer skal jafnframt undanþegin sérstöku vörugjaldi til 9. janúar 1982.

Sérstakt vörugjald skal einnig greiða af vörum þeim sem um ræðir í 1. mgr. sem með leyfi töllyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir gildistöku dag gjaldsins gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá því að gjaldtaka skv. 2. gr. er ákveðin.

##### 16. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33/1980, lög nr. 80/1980 og lög nr. 82/1981 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1982 og gildir til og með 31. desember 1982. Jafnframt er frá sama tíma úr gildi felld reglugerð nr. 629 30. desember 1980 um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerð nr. 445/1981 um breyting á þeirri reglugerð.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um aukatekjur ríkissjóðs.

#### 1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Áfrýjunarleyfi .....	kr.	270
2. Návaleyfi .....	—	270
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum .....	—	135
4. Lögskilnaðarleyfi .....	—	270
5. Ættleiðingarleyfi .....	—	135
6. Leyfisbréf til heilidsölu .....	—	13 400
7. Leyfisbréf til umboðssölu .....	—	6 700
8. Leyfisbréf til smásölu .....	—	3 300
9. Leyfisbréf til lausaverslunar .....	—	2 700
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis .....	—	135
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað .....	—	2 700
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi .....	—	1 350
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasölualeyfi .....	—	960
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl. ....	—	135
15. Leyfi til tækifærisveitinga .....	—	145
16. Leyfi fyrir vínveitingastað .....	—	11 500
17. Leyfi fyrir vínveitingastað til skemmri tíma en tveggja ára .....	—	5 750
18. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga) .....	—	200
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar .....	—	345
19. Iðju- og iðnaðarleyfi .....	—	1 350
20. Einkaleyfi skv. lögum nr. 12/1923		
fyrir fyrstu 5 ár .....	—	660
fyrir næstu 5 ár .....	—	2 000
fyrir síðustu 5 ár .....	—	4 000
21. Leyfi til málf lutnings fyrir Hæstarétti .....	—	2 000
22. Leyfi til málf lutnings fyrir héraðsdómi .....	—	385
23. Leyfi til að stunda almennar lækningar .....	—	385
24. Leyfi til að stunda sér lækningar .....	—	2 000
25. Leyfi til að stunda tannlækningar .....	—	385
26. Sérfræðileyfi til tannlækninga .....	—	2 000
27. Leyfi til fasteignasölu .....	—	660
28. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa .....	—	75
29. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni) .....	—	35
30. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum .....	—	135
31. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum .....	—	135
32. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977 .....	—	2 000
33. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heilidsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi .....	—	660

34. Endurnýjun á söluleyfi skv. 33. tl. ....	—	135
35. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977 .....	—	135
36. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977 .....	—	35
37. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977 .....	—	270
38. Önnur leyfi, er valdsmenn eða Stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum .....	—	135

## 2. gr.

Skirteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda (18—66 ára) .....	kr.	135
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra .....	—	75
3. Ökuskirteini bifreiðastjóra .....	—	75
4. Skirteini til aksturs bifhjóls .....	—	75
5. Skirteini til stjórnar farandvinnuvélar .....	—	135
6. Ökuskirteini, alþjóðlegt .....	—	135
7. Bifreiðaskirteini, alþjóðlegt .....	—	135
8. Meistarabréf .....	—	660
9. Sveinsbréf .....	—	135
10. Stýrimanns- og skipstjóraskirteini á fiskiskipum allt að 120 br.rúml., hvert skirteini .....	—	75
11. Stýrimanns- og skipstjóraskirteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskirteini á verslunarskip allt að 400 br.rúml., hvert skirteini .....	—	210
12. Undirstýrimannsskirteini, stýrimannsskirteini og skipstjóraskirteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skirteini ....	—	270
13. Vélstjóraskirteini, fyrsta stigs, hvert skirteini .....	—	75
14. Vélstjóraskirteini, annars stigs, hvert skirteini .....	—	135
15. Vélstjóraskirteini, þriðja stigs, hvert skirteini .....	—	210
16. Vélstjóraskirteini, fjórða stigs, hvert skirteini .....	—	270
17. Flugnema- og svifflugmannsskirteini .....	—	75
18. Einkaflygmannsskirteini .....	—	135
19. Atvinnuflugmannsskirteini, III. fl. ....	—	210
20. Atvinnuflugmannsskirteini, II. fl. ....	—	390
21. Atvinnuflugmannsskirteini, I. fl. ....	—	660
22. Flugtækna-, flugvélstjóra-, flugleiðsögumanns-, flugumsjónarmanns- og flugumferðarstjóraskirteini .....	—	390
23. Skirteini til kvikmyndasýninga		
a) staðbundin skirteini .....	—	75
b) sveinsskirteini .....	—	75
c) meistaraskirteini .....	—	135
24. Naglabyssuskirteini .....	—	75
25. Skirteini fyrir suðumenn .....	—	75

## 3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Skráning samvinnufélags .....	kr.	960
2. Skráning útibús .....	—	500
3. Skráning starfsstöðva erlendra félaga .....	—	650
4. Skráning firma eins manns .....	—	390
5. Skráning firma tveggja manna eða fleiri .....	—	660
6. Skráning breytinga á eldri skráningu .....	—	105
7. Tilkynning um prókúru, sérstök .....	—	105
8. Afturköllun prókúru .....	—	75
9. Skráning bifreiðar, nýskráning .....	—	460
10. Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma .....	—	230
11. Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis .....	—	460
12. Skráning eigendaskipta að bifreið .....	—	230
13. Skráning bifhjóls, nýskráning .....	—	230
14. Skráning bifhjóls, umskráning .....	—	110
15. Skráning eigendaskipta að bifhjóli .....	—	110
16. Skráning og umskráning léttis bifhjóls .....	—	110
17. Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli .....	—	110
18. Skráning og umskráning beltabifhjóls .....	—	110
19. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli .....	—	110
20. Skráning og umskráning dráttarvélar .....	—	110
21. Skráning eigendaskipta að dráttarvél .....	—	110
22. Skráning og umskráning tengivagna og festivagna .....	—	230
23. Skráning eigendaskipta að tengivögnum og festivögnum .....	—	230
24. Skráning loftfars til atvinnuflugs .....	—	705
25. Skráning loftfars til einkaflugs .....	—	290
26. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.) .....	—	290
27. Skráning kaupmála .....	—	135

## 4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðast 36 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 235 kr.

Fyrir aðra skráningu greiðist 330 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

## 5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 3,90 kr. af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftari en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

## 6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 4,50 kr. af hverri nettósmálest skipsins á fyrstu höfn er það tekur, þó eigi nema einu sinni á almanaksári. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Enn fremur skal í hvert sinn er slíkt fiskiskip tekur höfn hér á landi síðar á árinu greiða áritunargjald 4,50 kr. af nettósmálest, auk tollgæslu- og sóttvarnargjalds.

## 7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:



1. Löggilding manns um ævitið (dómtúlkur, skjalapýðendur, endurskoðendur o. fl.) ..... kr. 660
  2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.) ..... — 135
- Undanþegnin gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

## 8. gr.

1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða ..... kr. 105
2. Löggilding manns um óákveðin tíma (skiptaforstjórar o. fl.) ..... — 135
3. Fyrir löggildingu leiðarabókar eða véladagbókar ..... — 75
4. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann ..... — 75
5. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð) ..... — 18
6. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna ..... — 24
7. Fyrir veðbókarvottorð ..... — 36
8. Fyrir önnur embættisvottorð ..... — 24
9. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann ..... — 10

## 9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

- Fyrir vélritaða síðu ..... kr. 10  
 Hluti úr síðu telst heil síða.  
 Lægstu ritlaun eru ..... — 24

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrar-gjald, 3 kr. af hverri síðu.

## 10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógarar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

## 11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

## 12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 635/1980 og reglugerð nr. 121/1981.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

#### 1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensingjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19 og skal fjárhæð þess ákveðin með sérstakri reglugerð.

#### 2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 0,45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

#### 3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	9 753	3000—3199	13 097
2000—2199	10 310	3200—3399	13 654
2200—2399	10 868	3400—3599	14 212
2400—2599	11 452	3600—3799	14 769
2600—2799	11 982	3800—3999	15 327
2800—2999	12 539		

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	12 679	3000—3199	17 026
2000—2199	13 403	3200—3399	17 750
2200—2399	14 128	3400—3599	18 476
2400—2599	14 853	3600—3799	19 200
2600—2799	15 577	3800—3999	19 925
2800—2999	16 301		

- c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	0,39	15,0—15,9	0,70
7,0— 7,9	0,42	16,0—16,9	0,74
5,0— 5,9	0,45	17,0—17,9	0,77
6,0— 6,9	0,47	18,0—18,9	0,81
8,0— 8,9	0,50	19,0—19,9	0,85
9,0— 9,9	0,52	20,0—20,9	0,88
10,0—10,9	0,55	21,0—21,9	0,92
11,0—11,9	0,57	22,0—22,9	0,96
12,0—12,9	0,60	23,0—23,9	0,99
13,0—13,9	0,63	24,0—24,9	1,02
14,0—14,9	0,66	25,0—25,9	1,07

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis-  
eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.

- d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin  
vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt  
ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera  
0,39 kr. Greiða skal 1/12 hluta gjaldsins skv. a- eða b-lið þessarar greinar,  
eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að  
vera útbúin viðhlítandi öikumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15  
dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal  
skrú á athugasemdarálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þunga-  
skatt samkvæmt öikumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt öikumælisbúnað  
bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að  
ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

- e. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. c-lið þessarar greinar  
fyrir 25 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við að  
veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 25 000 km og  
að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur  
- C1: Fast árgjald reiknast 600 gjaldstig á hvert kw rafvéla fyrir föst vinnutæki. Miðað er við ástimlað raf afl, samanlagt reiknað í heilum kw.
- C2: Mesta ársálag mælt um mestafli-mæli.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- D: a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.
- d) að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.
- e) að notkun sé minnst 6000 kwh á ári.
- A-E: a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
- b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

- c) Taxtar reiknast hér í nýkrónum með þrjá aukastafi fyrir aftan kommu, sem samsvorar einum aukastaf fyrir aura. Allar greiðslur skulu þó standa á heilum tug aura. Daggreiðslur fást með því að deila 365 í ársgreiðslur.
- d) Mæli- og rofagjöld reiknast samkvæmt F-lið og bætast við önnur gjöld eins og við á í hvert skipti.

## II. KAFLI

### Tengigjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjaldskrárlíður	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVa	Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600 + 130 \times \text{kVA}$ Gjaldstig g	Tengigjald kr.
	220 V kerfi A	380 V kerfi A			
T1	$2 \times 60$	$1 \times 60$	$0,22 \times 60 = 13$	5 360	3 867,00
T2	$3 \times 60$		$0,38 \times 60 = 22$	6 570	4 739,00
T3	$3 \times 100$	$3 \times 60$	$0,38 \times 100 = 38$	8 730	6 299,00
T4		$3 \times 100$	$0,66 \times 100 = 66$	12 510	9 024,00
T5	$3 \times 200$		$0,38 \times 200 = 76$	13 860	9 998,00
T6	$3 \times 350$	$3 \times 200$	$0,66 \times 200 = 132$	21 420	15 452,00
T7		$3 \times 350$	$0,66 \times 350 = 231$	34 780	25 089,00
T8			300	44 100	31 812,00
T9			500	71 100	51 290,00
T10			800	111 600	80 506,00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

### Önnur ákvæði:

#### a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

**Y (J) = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra.**

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig: **Y(L) = (40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra**, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

#### b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) **Almennt:**

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

## III. KAFLI

**Opnunargjald.**

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilli krónu.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

## IV. KAFLI

**Verðgildi gjaldstigs.**

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reikna eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir breytingunni. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí, nema sérstakt tilefni sé til breytinga á öðrum tíma. Verðgildi gjaldstigs reiknast í krónum með tveimur aukastöfum fyrir aftan kommu, sem jafngildir heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1981, sbr. auglýsingu 5. nóv. 1981 nr. 622/1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 552 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F.h.r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.****ORKU- OG AFLVERÐ, FASTAGJÖLD.****A. Lýsing.**

1.1. Fast gjald .....	—	27,75 á mán.
Orkugjald .....	—	3,53 á kWst.

1.2. Fast gjald	kr.	27,75 á mán.
Flatarmálgjald	—	skv. skýringu
Orkugjald	—	1,91 á kWst.
1.3. Útilýsing:		
Fast gjald	—	27,75 á mán.
Orkugjald	—	0,95 á kWst.
1.4. Útilýsing:		
Fast gjald	—	27,75 á mán.
Fast gjald á ljósker	—	13,88 á mán.
Orkugjald	—	0,45 á kWst.
1.5. Húsbyggingar:		
Fast gjald	—	27,75 á mán.
Orkugjald	—	1,47 á kwst.

**B. Heimili.**

2.1. Fast gjald	kr.	43,19 á mán.
Orkugjald	—	0,81 á kWst.
2.2. Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli.		
Markmæling:		
Aflgjald lágmark 4 kW (Fastagjald)	—	4.840,00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	—	657,00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	0,20 á kWst.
Orkugjald umfram aflstillingu	—	0,81 á kWst.

**C. Vélanotkun o. fl.**

3.1. Fast gjald	kr.	27,75 á mán.
Flatarmálgjald	—	skv. skýringu
Orkugjald	—	1,91 á kWst.
3.2. Fast gjald	—	27,75 á mán.
Aflgjald lágmark 3 kW	—	1 185,00 á kW á ári
Orkugjald	—	0,37 á kWst.
3.3. Súgurrkun 1. júní—31. október:		
Fast gjald	—	27,75 á mán.
Aflgjald	—	369,00 á kW á ári
Orkugjald	—	0,15 á kWst.

**D. Húshitun.**

4.1. Fast gjald	kr.	27,75 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	71,82 á kW á ári
Orkugjald	—	0,76 á kWst.
Enginn roftími.		
4.2. Fast gjald	—	27,75 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	71,82 á kW á ári
Orkugjald	—	0,60 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.3. Fast gjald	—	27,75 á mán.
Aflgjald fyrir uppsett afl	—	71,82 á kW á ári
Orkugjald	—	0,28 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		

## 4.4. Markmæling:

Fast gjald .....	kr.	27,75 á mán.
Aflgjald lágmark 5 kW hámark 20 kW .....	—	596,00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	—	0,13 á kWst.
Orkugjald umfram aflstillingu .....	—	0,81 á kWst.

Roftími allt að 3 klst. á dag.

**E. Sumar- og næturrhitun.**

## 4.5 Sumarhitun:

Fast gjald .....	kr.	27,75 á mán.
Orkugjald .....	—	0,16 á kWst.

## 4.6. Næturrhitun:

Fast gjald .....	—	27,75 á mán.
Aflgjald lágmark 2 kW .....	—	71,82 á kW á ári
Orkugjald .....	—	0,16 á kWst.

Roftími 14 klst. á dag.

**F. Annað.**

- 5.1. Gjöld yfir lokun og enduropnun veitu í hvert skipti .....
- |     |        |
|-----|--------|
| kr. | 170,00 |
|-----|--------|
- 5.2. Sérsmningar.

**1. Flatarmálgjöld.**

## Taxtar 1.2. og 3.1.:

Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ....	kr.	1,08 á m <sup>2</sup> á mán.
Gangar, geymslur o. þ. h. ....	—	0,54 á m <sup>2</sup> á mán.

**2. Mestaafismæling.**

- 2.1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálág.
- 2.2. Gjaldskrárliður 3.2.  
Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskbræðslum, fiskmjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskýlt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.
- 2.3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu aflí.

**3. Véla- og tækjaálag.**

- 3.1. Ef fastviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fastviksstuðulinn upp í það gildi.  
Notandi greiðir herra verð fyrir raforku meðan fastviksstuðullinn er undir 0.8.
- 3.2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

**4. Götulýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt óskum notanda, sem greiðir stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

**5. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.**

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka

samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilrafstöðvarsvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennuafli er takmarkað, áskilur Orkubú Vestfjarða sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárlíðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

#### 6. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 23,5% og 19% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárlíðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi í gjaldskrárlíð 2.2.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við söluskattsbreytingar, og/eða breytingar, sem kunna að verða gerðar á verðjöfnunargjaldi.

#### 7. Sérstillingar o. fl.

- 7.1. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforku-kaup. Orkubústjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi Orkubúsins án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fram í samningi við áætlaða notkun tækisins.
- 7.2. Orkubúinu er heimilt að áætla notkun á notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

#### 8. Heimtaugagjöld í þéttbýli.

- 8.1. Heimtaugagjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum tengd veitusvæði Orkubúsins, og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, svo sem hér segir:
- 8.2. Orkubúið ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 8.3. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

Varstærð Amp.	Stofngjald Kr.	Gjald af yfirlengd jardstrengur Kr./m.
63	6 525,00	183,40
100	10 351,00	228,90
200	21 529,00	266,50
300	27 069,00	335,60

Bráðabirgðaheimtaug greiðist samkvæmt kostnaði.

- 8.4. Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu greiðast skv. kostnaði.
- 8.5. Lengd jardstrengsheimtaugar frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubús Vestfjarða um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengrinn verður dreginn í. Af jardstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 300 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald.
- 8.6. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubús Vestfjarða, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim þörfum sem gerðar

eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteipt hús — er lagt Orkubúi Vestfjarða til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

- 8.7. Telji Orkubú Vestfjarða að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu, skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugagjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

### 9. Heimtaugargjald í sveitum.

- 9.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
- 9.2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 5 913,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 493 832,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 493 832,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 5 913,00 krónur sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum. Framangreint grunngjald kr. 5 913,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 626 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 271 602,00 kr.

Heimtaugagjöld samarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2.) skulu heimtaugagjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línur, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu nr. 620 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 551 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F.h.r.

**Páll Flygenring**

*Guðrún Skúladóttir.*



# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Sauðárkróks.

### I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1	Orka til almennrar lýsingar	kr.	1,50 kWh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
A—2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW)	—	2 702,00 árskW.
Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	—	0,93 kWh.
	Lágmarksgjald	—	13,75 á mán.
	Leiga af mælum ekki tekin.		
Taxti C—1	Orka til véla og mannvirkjagerðar	—	1,73 kWh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalafsmælingu + aflgjald (lágmark 20 kW.)	—	0,30 kWh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.	—	1 221,00 árskW.
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.		
Taxti D—1	Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag án söluskatts	—	0,22 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—2	Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	—	0,30 kWh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D—3	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring	—	0,24 kWh.
	Mælaleiga samkv. kafla II.		

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:  
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWst.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

### II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 amp. og minna kr. 4,50 á mán.
- Af þrífasa mælum 50 amp. og minna — 7,60 á mán.
- Af þrífasa mælum 50—100 amp. — 10,60 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 1,5 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa .....	4 583,00	146,00
63 A 3-fasa .....	5 428,00	146,00
100 A 3-fasa .....	7 073,00	201,00
125 A 3-fasa .....	8 844,00	224,00
200 A 3-fasa .....	13 829,00	304,00
300 A 3-fasa .....	19 987,00	550,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörku-um. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlýta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppstept hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

**IV. OPNUNARGJÖLD.**

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 61,00
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 61,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 622, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 547 21. ágúst 1981.

*Íðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F.h.r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Siglufjarðar.

#### I. RAFORKA.

##### 1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar ..... kr. 1,62 á kwst.

##### 2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana ..... kr. 0,85 á kwst.

##### 3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar ..... kr. 1,62 á kwst.

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafmsmælingu, lágmark 20 kw ..... kr. 0,31 á kwst.  
Aflgjald með lýsingu ..... kr. 1 293,00 kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:  
Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 1,05 hverja kwst.  
Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 0,67 hverja kwst.  
Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 0,61 hverja kwst.

##### 4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími  $2 \times 1,5$  klst. á dag ..... kr. 0,28 á kwst.

4.2 Orka til hitunar í iðnaði, roftími  $2 \times 1,5$  klst. á dag ..... kr. 0,40 á kwst.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:*

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- Að tæki, lagdir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
- Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

**II. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa .....	kr. 3 634,00	208,00
63 A 3-fasa .....	kr. 3 634,00	208,00
100 A 3-fasa .....	kr. 4 900,00	235,00
125 A 3-fasa .....	kr. 6 030,00	267,00
200 A 3-fasa .....	kr. 7 946,00	360,00
300 A 3-fasa .....	kr. 13 770,00	425,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf t heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

**III. OPNUNARGJALD.**

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 35,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 35,00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

**IV. SÖLUSKATTUR.**

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 622 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 541 frá 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

24. nóvember 1981.

Nr. 794.

**GJALDSKRÁ**  
**Rafveitu Akureyrar.**

**I. RAFORKA.**

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**A. Lýsing.**

A—1 Kr. 1,59 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 0,89 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 456,74 á ári fyrir 25 m<sup>2</sup> gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 13,57 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>.

Pennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælskápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

### **B. Almenn heimilisnotkun.**

B—1 Kr. 0,87 hver kWst. til heimilisnotkunar.

### **C. Vélanotkun.**

C—1 Kr. 1,16 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári kr. 1 072/kW/ár og kr. 0,24 kWh. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlið verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.

C—3 Kr. 1,03 hver kWst. ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári.

C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 0,13/0,12 hver kWst og kr. 1 095,00 hvert kW.

C—5 Kr. 1,90 hver kWst. til nýbygginga.

### **D. Hitun.**

D—1 Kr. 0,20 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 0,14 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumur er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—3 Sértaxti til upphitunar kr. 0,17 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmöguleiki sé fyrir hendi.

### **E. Hitun í iðnaði.**

E—1 Kr. 0,47 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 0,32 hver kWst. til iðnaðar.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir og hitastillar notaðir.

### **Önnur notkun.**

- Rafveitustjórn, getur með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

**II. MÆLALEIGUR.**

Rafveita ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns, og skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa .....	kr. 54,00
Orkumælir, þrífasa .....	kr. 215,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	kr. 363,00
Aflmælir .....	kr. 350,00
Aflmælir með straumspennum .....	kr. 552,00
Móttökuliði, einpóla .....	kr. 242,00
Móttökuliði, þrípóla .....	kr. 350,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi Rafveitu Akureyrar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjald
63 A 1-fasa .....	kr. 4 550,00
63 A 3-fasa .....	kr. 4 930,00
100 A 3-fasa .....	kr. 7 800,00
160 A 3-fasa .....	kr. 12 480,00
200 A 3-fasa .....	kr. 15 610,00
315 A 3-fasa .....	kr. 24 590,00
400 A 3-fasa .....	kr. 31 210,00
715 A 3-fasa .....	kr. 55 400,00
1 200 A 3-fasa .....	kr. 93 620,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald	
		Jarðstrengur	Loftlína
	kr.	kr/m	kr/stólpi
63 A 1-fasa .....	880,00	131,00	1 659,00
63 A 3-fasa .....	1 238,00	131,00	1 926,00
100 A 3-fasa .....	1 311,00	171,00	2 211,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

5. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
6. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að

kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

7. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.
8. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

#### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar kr. 140,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki endurofnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 140,00 og sett videigandi vör.
3. Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 621, 1981 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 535 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Húsavíkur.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

##### A. Lýsing.

- 1.1 Um kWst.-mæli á kr. 3,67.
- 1.2 Um kWst.-mæli á kr. 1,54 á hverja kWst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 1,23 á ferm., á mánuði.
- b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 0,66 á ferm., á mánuði.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1 Um kWst.-mæli kr. 0,90 á hverja kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 6,67 á mánuði, af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol eða eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

### C. Vélanotkun.

- 3.1 Um einn kWst.-mæli þannig: á kr. 2,51 á hverja kWst.
- 3.2 Kr. 0,77 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
- 3.3 Kr. 1,00 hver kWst., án skilyrða um lokun fyrir straum. Til iðnaðar, ef uppsett vélarafi fasttengdra véla er yfir 20 kW.
- 3.4 Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:  
Aflgjald af notuðu afli kr. 948,00 kW/ári.  
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 0,35 hver kWst.
- 3.5 Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja það þannig:  
Um kWst.-mæli á kr. 0,35 á hverja kWst., auk fastagjalds kr. 750,00 á ári, fyrir hvert kW í málraun véla.

### D. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 0,40 hver kWst.
- 4.2 Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 0,21 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

#### *Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

### E. Önnur raforkunotkun.

- 5.1 Til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 1,54. Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A—1.
- 5.2 Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum kr. 0,63. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum ..... kr. 6,70 á mán.
2. Af þrífasa mælum allt að 100 amp. .... kr. 8,70 á mán.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 amp. .... kr. 21,30 á mán.
4. Af mestaafismælum ..... kr. 39,00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan inniheimtist um leið og gjald fyrir raforku.



**III. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

**Stofngjald:**

1.	60 A	1-fasa	kr. 6 220,00	innif. allt að 40 m
2.	60 A	3-fasa	kr. 9 320,00	innif. allt að 40 m
3.	100 A	3-fasa	kr. 12 015,00	innif. allt að 40 m
4.	2000 A	3-fasa	kr. 16 615,00	innif. allt að 40 m

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákvedins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnaði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

**VI. OPNUNARGJALD.**

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduroppun kr. 93,00
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 93,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 622 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 537 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ**

**Rafveitu Reyðarfjarðar.**

**I. GJALDSKRÁRLIÐUR.****1. Lýsing.**

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1 Fast gjald	.....	F1
Orkugjald	.....	kr. 2,55 á kWst.

1.2 Fast gjald .....	F1 + F2
Orkugjald .....	kr. 1,18 á kWst.

## 2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1 Fast gjald .....	F1 + F3
Orkugjald .....	kr. 0,76 á kWst.

## 3. Vélanotkun.

3.1 Fast gjald .....	F1 + F2
Orkugjald .....	kr. 1,45 á kWst.
Lágmarksgjald .....	18 × F1 á ári
3.2 Aflgjald lágmark 3 kW .....	kr. 3 148,00 á ári
Aflgjald frá 3—5 kW .....	kr. 1 066,00 á kW á ári
Fast gjald .....	F1 + F3
Orkugjald .....	kr. 0,36 á kWst.
3.3 Aflgjald umfram 5 kW .....	kr. 944,00 á kW á ári
Fast gjald .....	F1 + F3
Orkugjald .....	kr. 0,30 á kWst.
3.4 Til súgþurrkunar .....	
Fast gjald .....	F1
Orkugjald .....	kr. 0,36 á kWst.

## 4. Húshitun.

4.1 Fast gjald .....	F1 + F4
Orkugjald .....	kr. 0,57 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.	
4.2 Fast gjald .....	F1 + F4
Orkugjald .....	kr. 0,24 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.	
4.3 Fast gjald .....	F1 + F4
Orkugjald .....	kr. 0,13 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. á dag.	

## 5. Utanhússlýsing.

5.1 Fast gjald .....	F1
Orkugjald .....	kr. 0,76 á kWst.

## Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

### Föst gjöld.

F1 .....	kr. 17,85 á mán.
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ....	kr. 0,56 á m <sup>2</sup> á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h. ....	kr. 0,33 á m <sup>2</sup> á mán.
F3 .....	kr. 5,70 á gj.e. á mán.

### Gjaldeiningar eru:

- a) Fyrir fjölskylduheimili.  
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu.  
Herbergi 5 m<sup>2</sup> eða minna reiknast hálf, 25 m<sup>2</sup> eða stærra tvö.

- b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m<sup>2</sup> mælt innan útveggja.  
 c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m<sup>2</sup> fyrir vinnslurúm, 40 m<sup>2</sup> fyrir geymslurúm.  
 d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m<sup>2</sup> eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m<sup>2</sup>, ein gjaldeining.
- F4 Hvert uppsett kW ..... 74,40 kr. kW á ári.

## 6. Hitun.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.  
 b) Að vélaafl, götulinur, og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.  
 c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.  
 Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir herra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

## II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 150,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 80,00 á skrifstofu rafveitunnar.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 31,30  
 Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að ..... kr. 2 249,00  
 5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 622 1981, um breytingu á gjaldskrár rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 548 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Vestmannaeyja.

### 1. RAFORKA.

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A. Lýsing.

- A1 Um kWh.-mæli á kr. 1,25 hver kWh.  
 A2 Um kWh.-mæli á kr. 0,95 hver kWh. Auk fastagjalds af gólfleti er nemi kr. 5,00 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa á.  
 A3—6 Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWh.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWh.-gjaldi samkv. A1 og kWh.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

- B1 Um kWh.-mæli þannig reiknað:  
 a. Orkugjald kr. 0,95 hver kWh.  
 b. Grunn gjald (mælisleiga innifalin).  
 Af einfasamælum kr. 79,90 á ári.  
 Af þrífasamælum kr. 159,50 á ári.  
 c. Herbergisgjald kr. 68,30 á ári.  
 Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.  
 Herbergi, sem eru minni en 5 ferm. skal reikna sem hálf, en stærra en 25 ferm., sem tvö.  
 Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm., hálfu herbergi.

#### C. Vélanotkun.

- C1 Um kWh.-mæli á kr. 1,25 hver kWh. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWh. á ári á hvert kW í málraun véla.  
 C2 Um kW/kWh.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:  
 a. Aflgjald af mældu afli kr. 1 452,00 á hvert kW á ári.  
 Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálág ársins. Á tímabilinu 16. maí til 15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.  
 b. Orkugjald:  
 0—2500 kWh/kW kr. 0,46 hver kWh.  
 2500—4000 kWh/kW kr. 0,38 hver kWh.  
 Yfir 4000 kWh/kW kr. 0,13 hver kWh.  
 C3 Um kWh.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:  
 a. Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 1 376,00 á hvert kW í málraun véla.  
 b. Orkugjald:  
 0—2500 kWh/kW kr. 0,46 hver kWh.  
 2500—4000 kWh/kW kr. 0,27 hver kWh.  
 Yfir 4000 kWh/kW kr. 0,13 hver kWh.

Ofangreindir taxtar C2 og C3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. 40% á taxa C2). Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar, hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWh.-gjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85. Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafist að fasviksstuðull spennanna sé eigi lægri en 0,85.

#### D. Hitun.

- D1 Um kWh.-mæli á kr. 0,27 hver kWh. til húshitunar (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).  
D2 Um kWh.-mæli á kr. 0,38 hver kWh. til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunargjaldi).

*Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:*

Að vélaafl, spennar og götulinur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrimælum rafveitustjóra, en kostnaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mestasamtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis, sem hita skal.

#### E. Önnur raforkunotkun.

- F1 Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 0,95 hver kWh. enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.  
F2 Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWh.-mæli á kr. 1,68 hver kWh.  
F4 Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 5 912,00 hvert kW/ár uppsett afl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.  
F5 Til götu- og útilýsingar á kr. 2 445,00 hvert kW/ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki stjórnar veitustofnana selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

#### II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| 1. Af einfasa kWh.-mælum 60 A og minni              | kr. 66,00  |
| 2. Af þrífasa kWh.-mælum 60 A og minni              | kr. 261,00 |
| 3. Af þrífasa kWh.-mælum (straumspennumælum)        | kr. 441,00 |
| 4. Af mestaafismælum 60 A og minni                  | kr. 424,00 |
| 5. Af mestaafismælum yfir 100 A (straumspennumælum) | kr. 667,00 |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

#### III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

**Aðalheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald <sup>1)</sup> kr/m
63 A einfasa . . . . .	5 835,00	170,00
63 A þrífasa . . . . .	6 310,00	170,00
100 A þrífasa . . . . .	10 000,00	214,00
200 A þrífasa . . . . .	20 900,00	252,00
315 A þrífasa . . . . .	31 500,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa . . . . .	40 000,00	—
710 A þrífasa . . . . .	71 000,00	—
1200 A þrífasa . . . . .	120 000,000	—

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald <sup>1)</sup> ? Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa . . . . .	1 138,00	170,00
63 A þrífasa . . . . .	1 590,00	170,00
100 A þrífasa . . . . .	1 680,00	214,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loflínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fyrir fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðar við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

**IV. OPNUNARGJÖLD.**

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 144,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 144,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald, kr. 144,00.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til idráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarkna í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarkna í loflínuheimtaug.

**V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ.**

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Pegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Pegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 148,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 148,00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. des. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 644 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 543 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 3. desember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Grindavíkur.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

- A—1. Um kWst.-mæli á kr. 4,10 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- A—2. Um kWst.-mæli á kr. 1,69 á hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 18,04 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 6,00 á ári af hverjum fermetra.

**B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.**

Um kWst.-mæli á kr. 1,03 hverja kWst.

**C. Vélanotkun o. fl.**

- C—1. Um kWst.-mæli á kr. 2,29 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 1 138,00.
- C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 2,29 hverja kWst.
- C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:
- Um kWst.-mæli kr. 0,34 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 1 138,00. Notað afl telst vera meðalálág á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.
  - Ef ekki eru tök á að mæla notað afl má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 0,34 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 1 077,00 kW. Í málaun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00. og kl. 17.30—19.00.
- C—4. Um afl- og orkumæla:
- Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 1 138,00 á kW á ári.
  - Af allri notkun kr. 0,34 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósa kr. 18,04 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 6,00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 9,90 á hvern fermetra á ári.

**D. Hitun.**

- D—1. Um kWst.-mæli á kr. 0,42 hverja kWst. án rofs.
- D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0,27 hverja kWst.
- D—3. Um afl- og orkumæla:
- á kr. 0,27 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 214,90 hvert kW.
  - ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
- D—4. Um kWst.-mæli á kr. 0,12 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar:*

- Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði af þeim samkv. gjaldskrá.
- Að hitalagnir, þar með talin öl tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
- Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem sett verða upp.

**E. Önnur raforkusala.**

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1,23 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 2,19.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 0,38 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 0,30 hver kWst., á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 0,94 hver kWst., frá 8,30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 1,22 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

## II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbundin fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 6,10
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	— 7,15
3. Af þrífasa mælum 50—200 amp. ....	— 18,05
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 27,05
5. Af álagsstýringarliðum ....	— 27,05

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kva	Heimtaugargjald kr.
1. ....	3 × 60	22	5 180,00
2. ....	3 × 100	38	7 553,00
3. ....	3 × 200	75 sp.	14 946,00
4. ....	3 × 350	132 sp.	29 845,00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa .....	kr. 1 165,00
Fyrir 60 amp. þrífasa .....	— 1 635,00
Fyrir 100 amp. þrífasa .....	— 1 734,00.

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útvinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnað).

Pegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Pegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduroppnun kr. 145,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 145,00 fyrir enduroppnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalín í gjaldskrá eru 42.5% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds, nema hitatöxtum vegna húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. des. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 644/1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 553 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 3. desember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafmagnsveitna ríkisins.

#### RAFORKUVERÐ, YFIRLIT.

Gjaldskrárlíðir	Grunnverð	Verðjöfnunargj.	Sölugjald	Samtals
<b>A.1 Almenn notkun</b>				
Orkugjald .....	0,62	0,12	0,15	0,89 kr/kWh
Fast gjald F 1 .....	303,00	58,00	71,00	432,00 kr/ári
<b>A.2 Vinnuljósanotkun</b>				
Orkugjald .....	0,93	0,18	0,22	1,33 kr/kWh
Fast gjald F 1 .....	303,00	58,00	71,00	432,00 kr/ári

Gjaldskrárlíðir	Grunnverð	Verðjöfnunargj.	Sölugjald	Samtals
<b>A.3 Utanhússlýsing</b>				
Orkugjald .....	0,54	0,10	0,13	0,77 kr/kWh
Fast gjald F 1 .....	303,00	58,00	71,00	432,00 kr/ári
<b>A.4 Sumarbústaðir</b>				
Orkugjald .....	0,41	0	0	0,41 kr/kWh
Fast gjald F 3 .....	1 296,00	0	0	1 296,00 kr/ári
Fast gjald F 1 .....	303,00	58,00	71,00	432,00 kr/ári
<b>A.5 Markaðsmæling</b>				
Orkugjald .....	0,20	0	0	0,20 kr/kWh
Afl l.m. 4 kW .....	3 367,00	641,00	791,00	4 798,00 kr/ári
Afl 5—20 kW .....	467,00	89,00	109,00	665,00 kr/kWh/ári
Orkugj. yfirn. ....	0,62	0,12	0,15	0,89 kr/kWh
<b>B.1 Aflmæling</b>				
Orkugjald .....	0,24	0,04	0,06	0,34 kr/kWh
Aflgj. 12 kW .....	8 964,00	1 716,00	2 100,00	12 780,00 kr/ári
Aflgj./kW .....	747,00	141,70	175,00	1 065,00 kr/kWh/ári
<b>B.2 Súgþurrkun</b>				
Orkugjald .....	0,14	0,03	0,03	0,20 kr/kWh
Aflgj./kW .....	248,00	48,00	58,00	354,00 kr/kWh/ári
<b>C.1 Hitun — íbúðarhúsnæði</b>				
Orkugjald .....	0,28	0	0	0,28 kr/kWh
Fast gjald F 3 .....	1 295,00	0	0	1 296,00 kr/ári
<b>C.2 Hitun — íbúðarhúsnæði</b>				
Orkugjald .....	0,19	0	0	0,18 kr/kWh
<b>D.1 Hitun — annað en íb. húsn.</b>				
Orkugjald .....	0,41	0	0	0,41 kr/kWh
Fast gjald F 3 .....	1 296,00	0	0	1 296,00 kr/ári
<b>D.2 Hitun — annað en íb. húsn.</b>				
Orkugjald .....	0,26	0	0	0,26 kr/kWh
Lokunargj. ....	165,00	0	0	165,00

Ath. Orkugjald er í aurum, en annað í krónum.

## I. SMÁSALA. GJALDSKRÁRLÍÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

### A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimlisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald .....	0,89 kr/kWh
Fastgjald 1 × F1 .....	432,00 kr/a

### A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald .....	1,33 kr/kWh
Fastgjald 1 × F1 .....	432,00 kr/a

**A. 3. Utanhússlýsing.**

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald .....	0,77 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1 .....	432,00 kr/a

**A. 4. Sumarbústaðanotkun.**

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald .....	0,41 kr/kWh
Fastagjald 4 × F1 .....	1 728,00 kr/a

**A. 5. Markmæling.**

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW .....	4 798,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW ...	665,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun .....	0,20 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram afstillingu .....	0,89 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

**B. 1. Aflmæling.**

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald, 12 kW .....	12 780,00 kr/a
Aflgjald umfram 12 kW .....	1 065,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	0,34 kr/kW/a

**B. 2. Súgþurrkun.**

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. okt.

Aflgjald .....	354,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	0,20 kr/kWh

**C. 1. Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,28 kr/kWh
Fastagjald 3 × F1 .....	1 296,00 kr/a

Roftími er allt að 2 × 1½ klukkustund á dag.

**C. 2. Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,19 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

**D. 1. Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	0,41 kr/kWh
Fastagjald 3 × F1 .....	1 296,00 kr/a

Roftími er allt að 2 × 1½ klukkustund á dag.

**D. 2. Hitun.**

Til hitunar á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald ..... 0,26 kr/kWh  
 Roftími allt að 15 klukkustundir á dag.  
 Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 165,00

**SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.****1. Utanhússlýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

**2. Sumarbústaðanotkun.**

Orkuverð A. 4 fylgir orkuverði D. 1.

**3. Markmæling.**

Liður A. 5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

**4. Aflgjaldsmæling.**

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda en hjá fiskbræðslum, fiskmjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarsaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi alfs er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt B. 1., enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

**5. Véla- og tækjanotkun.**

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafðið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% ( $\text{Cos } \phi$  undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsúðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

**6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.**

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkuð mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

**7. Annað.**

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum, nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A. 4, A. 5, C. 1, C. 2, D. 1 og D. 2 og tilsvarendi fastagjöldum.



Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

## II. HEILDSALA.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæða þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaksmánuðir og almanaksár.

### 2. gr.

#### Rafmagnsgjald.

Aflgjald .....	672,00 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW .....	21,50 kr á kW
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW .....	12,30 kr. á kW
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW ..	6,20 kr. á kW

### 3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 málsþennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

### 4. gr.

#### Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálág á afhendingarstað.

### 5. gr.

#### Ársnýting.

Ársnýting í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

### 6. gr.

#### Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

### 7. gr.

#### Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílóvattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

### 8. gr.

#### Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðar-

greiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. orkulaga nr. 581, 1967.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

- 1.0 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.1. Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
- 2.0 Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:
- 2.1 Heimtaug.

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd <sup>1)</sup>	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 einfasa .....	6 004	153	
63 þriggjafasa .....	6 469	153	
100 þriggjafasa .....	10 265	191	
200 þriggjafasa .....	20 481	223	
315 þriggjafasa .....	32 262	281	
400 þriggjafasa .....	40 986	Samkv. kostn.	
710 kVA spst. ....	72 735	—	
1200 kVA spst. ....	122 924	—	
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2) .....	1 444		

- 2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frá-dregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínu heimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.
- 2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug, sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkuarhúsum, fiskmjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

- 2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðahús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.
- 3.0 Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
  - 3.1 Grunnjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 867,00.
  - 3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.
  - 3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínu-staur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.
- 4.0 Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

#### IV. HEIMTAUGAGJÖLD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu, Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunnjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundradshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera kr. 5 913,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 493 832,00 matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 493 832,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 5 913,00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Framangreint grunnjald, kr. 5 913,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaður, 626 stig. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almannaársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 271 602,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa,

hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 620, 1981 um breytingar á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 549 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

18. desember 1981.

Nr. 807.

## AUGLÝSING

### um umferð í Ólafsfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ólafsfjarðar og með heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 er hér með ákveðið að bannaður verði allur akstur beltabifhljóla innanbæjar eða í þéttbýlinu frá kl. 20 til kl. 07, þó getur lögreglan veitt undanþágur vegna nauðsynlegrar notkunar þessara tækja innan áðurgreindra tímamarka.

Reglur þessar taka gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórinn í Ólafsfirði, 18. desember 1981.*

**Barði Þórhallsson.**

22. desember 1981.

Nr. 808.

## AUGLÝSING

### um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Tangagata hafi biðskyldu fyrir Skildingavegi.
2. Fífilgata hafi biðskyldu fyrir Vestmannabraut og Sóhlíð.
3. Allar hliðargötur hafi biðskyldu fyrir Helgafellsbraut að Fellavegi undanskildum.
4. Brattagata hafi biðskyldu fyrir Illugagötu.
5. Bifreiðastöður eru bannaðar við Kirkjuveg norðanverðan milli Vallargötu og Heiðarvegs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 22. desember 1981.*

**Kristján Torfason.**

# REGLUGERÐ

## fyrir Seðlabanka Íslands.

### I. KAFLI

#### Skipulag bankans og hlutverk

##### 1. gr.

Seðlabanki Íslands (á ensku: The Central Bank of Iceland) er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum um hann og þessari reglugerð.

##### 2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

##### 3. gr.

Hlutverk Seðlabankans er:

- 1) að annast seðlaútgáfu og myntsláttu og sjá um, að ætíð sé fyrir hendi nægilegur forði seðla og sleginna peninga;
- 2) að vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt og að verðlag haldist stöðugt;
- 3) að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við;
- 4) að fara með gengismál, kaupa og selja erlendan gjaldeyri og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum annarra banka, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga;
- 5) að hafa með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki, viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar og vera fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd ríkisins;
- 6) að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gengismál, gjaldeyrismál og peningamál;
- 7) að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og hafa milligöngu um erlendar lántökur hans;
- 8) að vera banki annarra banka, sparisjóða og innlánsstofnana og hafa eftirlit með allri starfsemi þeirra;
- 9) að stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum, og er bankanum í því skyni heimilt að stofna til og reka kaupþing, ef aðstæður leyfa;
- 10) að gera skýrslur og áætlanir um starfsemi sína og þá þætti efnahagsmála, er varða hlutverk hans;
- 11) að annast önnur þau verkefni, sem honum kunna að vera falin með lögum eða á annan hátt og samrýmanleg eru markmiði hans og tilgangi.

## 4. gr.

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náð samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

## II. KAFLI

## Seðlaútgáfa og mynt

## 5. gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að láta gera og gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út peninga úr málm (mynt). Peningaseðlar þeir, sem bankinn lætur gera og gefur út, og peningar þeir, sem hann lætur slá og gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna hér á landi með fullu ákvæðisverði.

Viðskiptaráðherra ákveður, að tillögu bankans, stærð, útlit og ákvæðisverð þeirra peningaseðla, sem bankinn lætur gera og gefur út.

Einnig ákveður ráðherra, að tillögu bankans, ákvæðisverð peninga þeirra, sem slá skal, svo og gerð, þyngd, stærð og málmblöndu.

Akvarðanir ráðherra, þær er um ræðir í 2. og 3. mgr., skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindum.

## 6. gr.

Peningaseðlar skulu gerðir úr haldgóðum, vönduðum pappír og prentaðir á þann hátt, að erfitt sé að líkja eftir þeim. Á hvern seðil skal prenta númer á tveimur stöðum, svo og nöfn tveggja bankastjóra eftir eigin handskrift.

Slegnir peningar skulu svo rétt slegnir, að mismunur á þyngd einstakra peninga, sem eiga að hafa sömu þyngd, nemi eigi meiru en einum af hundraði.

## 7. gr.

Seðlabankinn skal stefna að því að eiga ávallt á móti að minnsta kosti helmingi seðlamagnsins, sem í umferð er, gulleign, innstæður eða aðrar auðseldar og óbundnar eignir í erlendum gjaldeyri, sem nota má til greiðslu, hvar sem er. Skal bankinn birta mánaðarlega í Lögbirtingablaðinu skýrslur um það, hve miklum hluta seðlaveltunnar þessi trygging nemi.

## 8. gr.

Peningaseðlar og slegnir peningar, er eigi hafa verið gefnir út eða látnir í umferð, skulu geymdir í aðalpeningahirslum bankans og í seðlageymslum á vegum Seðlabankans utan Reykjavíkur, nema þeir séu í öruggri geymslu erlendis.

Á sama hátt skal allt það, er viðkemur seðlagerð og myntsláttu, þar með talin myndmót og lýsingar, geymt í aðalpeningahirslum bankans nema það, sem falið er til öruggrar geymslu erlendis.

## 9. gr.

Minnst einu sinni á hverjum ársfjórðungi skal forstöðumaður endurskoðunardeildar ásamt fulltrúum sínum gera fyrirvaralausá könnun á seðla- og myntfúlgu í aðalfjárhirslum og gefa bankaráði skýrslu um skoðunina. Aðalféhirðir og fulltrúi bankastjórnar í aðalfjárhirslum eða staðgenglar þeirra skulu vera viðstaddir skoðunina.

## 10. gr.

Til þess að stuðla að því, að fyrir hendi sé nægur forði seðla utan Reykjavíkur, er bankastjórninni heimilt, að höfðu samráði við bankaráð, að setja á stofn seðlageymslur í hverjum landshluta eða stærri byggðarlögum með samningi við banka eða sparisjóð. Skulu seðlarnir geymdir í traustum geymslum, sem eingöngu eru notaðar fyrir seðlana og byggðar skulu samkvæmt ströngum öryggiskröfum. Lyklavöld skulu vera í höndum tveggja manna og skal annar vera trúnaðarmaður Seðlabankans, valinn af bankastjórninni, en hinn forstöðumaður eða féhirdir hlutaðeigandi banka eða sparisjóðs, tilnefndur af stjórn stofnunarinnar, með samþykki bankastjórnar Seðlabankans. Þessir aðilar skulu tilnefna varamenn og er tilnefning þeirra einnig háð samþykki bankastjórnar Seðlabankans. Forstöðumaður endurskoðunardeildar og deildarstjóri eða fulltrúi við hana skulu a. m. k. einu sinni á ári kanna birgðir í seðlageymslum. Bankastjórn Seðlabankans setur nánari reglur um umgengni og notkun geymslnanna.

Seðlabankinn greiðir árlega þóknun til trúnaðarmanna við seðlageymslurnar. Annar rekstrarkostnaður og stofnkostnaður geymslnanna greiðist af hlutaðeigandi banka eða sparisjóði.

## 11. gr.

Seðlabankinn innleysir skemmda seðla með þeim hætti, að sjáist bæði númer seðils, þá greiðist hann að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, þá greiðist einungis hálfvort hans, enda fylgi a. m. k. fjórðungur seðils í einu lagi. Seðlar, sem svo eru skemmdir, að hvorugt númera sjáist, verða ekki innleystir.

Bankinn innleysir slegna peninga, þótt slitnir séu eða skemmdir og áletranir á þeim máðar, ef verðgildi er örugglega læsilegt. Slegna gullpeninga skal þó ætíð innleysa, þótt slitnir séu eða skemmdir og þótt áletranir á þeim séu eigi vel læsilegar, með verði, er nemi verðmæti gullinnihalds hvers penings, að frádregnum 10 af hundraði.

## 12. gr.

Ónýting seðla og myntar fer fram eftir þeim reglum, sem bankastjórnin setur.

## III. KAFLI

**Innlend viðskipti Seðlabankans og eftirlit með bankastarfsemi***A. Innlán*

## 13. gr.

Seðlabankinn tekur við fé til ávöxtunar frá bönkum, sparisjóðum, innlánsstofnunum, ríkissjóði, ríkisstofnunum og öðrum opinberum aðilum, fjárfestingarlánasjóðum og fjármálastofnunum eftir nánari ákvörðun bankastjórnar. Fé þetta skal geymt á hlaupareikningum og öðrum innlánsreikningum eftir nánari ákvörðun bankastjórnar.

## 14. gr.

Eigendur innlánsreikninga skulu gefa skrifleg fyrirmæli um það, hverjir séu bærir að taka út fé úr reikningum þeirra, enda afhendi þeir bankanum rithandarsýnishorn, eftir þeim reglum, sem bankastjórn ákveður.

Beiðnir um færslur á reikninga, sem berast bankanum í símskeyti, skulu því aðeins teknar til greina, að þær berist í staðfestu símskeyti eða símskeyti, sem rekja má til bærs aðila með símskeytalykli eða á annan tryggilegan hátt.

## 15. gr.

Greiði bankinn fé úr innlánsreikningi á grundvelli falsaðs heimildarskjals eða falsaðs tékka, eða heimildarskjals eða tékka, sem gefið hefur verið út án heimildar, skal reiknings-eigandi bera tjónið, nema verulegu gáleysi starfsmanna bankans sé um að kenna.

## 16. gr.

Bankanum er heimilt að ráðstafa fé af innlánsreikningi til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Slík skuldfærsla skal tilkynnt reikningseiganda tafarlaust.

## 17. gr.

Eigendum innlánsreikninga skal senda reikningsyfirlit reglulega. Athugasemdir við reikningsyfirlit skulu gerðar svo fljótt sem kostur er, og aldrei síðar en 30 dögum eftir dagsetningu yfirlits.

*B. Útlán*

## 18. gr.

Seðlabankinn veitir bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum lán gegn þeim tryggingum, sem bankastjórn metur gildar.

Útlánastarfsemi er einkum fólgin í:

- 1) að kaupa innlenda víxla og ávísanir;
- 2) að kaupa innlend verðbréf;
- 3) að heimila yfirdrátt á viðskiptareikningi gegn handveði í verðbréfum;
- 4) að veita önnur lán gegn handveði eða öðrum tryggingum.

Bankastjórnin tekur ákvarðanir um lánveitingar, en áritun lánsskjala í bankanum fer eftir reglum, er hún setur á grundvelli ákvæða 57. gr.

## 19. gr.

Seðlabankinn veitir bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum lán gegn ríkis-tryggðum verðbréfum, svo og öðrum trygguðum verðbréfum, sem bankastjórnin tekur gild. Verði hafin viðskipti á kaupþingi, skal einkum lánað út á þau bréf, sem þar verða skráð. Lánin skulu ekki nema meiru en  $\frac{2}{3}$  af skráðu verði þeirra á viðurkenndu kaupþingi eða gangverði þeirra að mati bankastjórnarinnar. Lán þessi skulu veitast til ákveðins tíma, að jafnaði ekki lengur en 90 daga.

## 20. gr.

Seðlabankinn veitir lán og endurkaupir víxla með veði í afurðum frá bönkum og spari-sjóðum. Skulu lánin ávallt vera með sjálfskuldarábyrgð hlutaðeigandi banka eða sparisjóðs. Bankastjórnin ákveður, hversu mikið og til hve langs tíma lánað er út á einstakar afurðir, en lánin skulu án undantekningar og í síðasta lagi greiddast upp, er afurðirnar eru seldar. Ef afurðaveð bregst, það ferst, reynist ófullnægjandi eða er ekki fyrir hendi, skal banki sá eða sparisjóður, sem í ábyrgð er fyrir láni, þegar í stað greiða það að fullu.

## 21. gr.

Bankastjórninni er heimilt að ákveða, að endurgreiddir vextir lána skuli, ef lán er greitt fyrir gjalddaga, vera a. m. k. 1/2% lægri á ári en útlánsvextirnir nema.

*C. Bankaefirlit, fyrirmæli um innlánsbindingu, vexti, verðtryggingu og fleira*

## 22. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hvernar þeirrar stofnunar annarrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati hans.



## 23. gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með því, að stofnanir þær, sem um ræðir í 22. gr., fylgi lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um starfsemi þeirra, og að öll viðskipti séu rekin á heilbrigðan hátt. Gagnvart sparisjóðum hefur bankaeftirlitið tekið við þeim störfum, sem sparisjóðseftirlitinu eru falin með lögum um sparisjóði. Skulu starfsmenn bankaeftirlitsins koma í stofnanir þessar til eftirlits svo oft sem þurfa þykir.

Nefndum stofnunum er skylt að láta bankaeftirlitinu í té ársreikninga sína, efnahags- og rekstraryfirlit og hvers konar aðrar upplýsingar, sem varða starfsemi þeirra, í því formi og svo oft sem bankaeftirlitið óskar eftir. Í sambandi við framkvæmd eftirlits í stofnunum, sbr. 1. mgr., er bankaeftirlitinu heimilt að rannsaka allar eignir þeirra ásamt bókum og hvers konar skjölum og krefjast nauðsynlegra upplýsinga af stjórnendum og endurskoðendum stofnananna.

Telji bankaeftirlitið, að innlánsstofnun hafi brotið í bág við lög eða reglur, eða efnahagur eða rekstur stofnunar sé með öðrum hætti óheilbrigður, skal eftirlitið koma athugasemdum eða ábendingum á framfæri við stjórnendur og endurskoðendur stofnunarinnar. Bankaeftirlitið leggur skýrslur um eftirlit sitt fyrir bankastjórn Seðlabankans, þar sem m. a. sé getið um athugasemdir eða ábendingar, sem framkvæmd eftirlitsins kann að hafa gefið tilefni til og um svör stjórnenda hlutaðeigandi stofnunar. Bankastjórn ákveður, hvort einstakar skýrslur skuli sendar viðskiptaráðherra ásamt tillögum bankastjórnar um frekari málsmeðferð. Athugasemdir bankaeftirlitsins um óheilbrigðan hag og rekstur stofnunar, ásamt tillögum bankastjórnar um frekari málsmeðferð, skulu sendar viðskiptaráðherra.

## 24. gr.

Seðlabankinn hefur vörslu og stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða, sbr. lög um sparisjóði, enda fer um endurskoðun reikninga hans eftir ákvæðum VII. kafla reglugerðar þessarar. Innborgað fé sjóðsins skal ávaxtað í Seðlabankanum á bestu fánlegum kjörum á hverjum tíma, að mati bankans.

## 25. gr.

Nú óskar stofnun, sem um ræðir í 22. gr., að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu (afgreiðsluskrifstofu), og skal hún þá sækja skriflega um leyfi til þess til bankastjórnar Seðlabankans. Umsókn skulu fylgja skýr gögn um nauðsyn stofnunar útibúsins eða skrifstofunnar, yfirlýsing um starfssvið og annað, er máli skiptir. Bankastjórnin leggur leyfisumsókn ásamt umsögn sinni fyrir þann ráðherra, er fer með mál hlutaðeigandi stofnunar, og tekur þá ráðherra ákvörðun um, hvort og hvenær leyfi skuli veitt. Ráðherra tilkynnir bankastjórn ákvörðun sína, og annast hún útgáfu leyfis og markar um leið starfssvið útibús eða skrifstofu eða hún tilkynnir hlutaðeigandi stofnun um synjun umsóknar.

## 26. gr.

Innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 22. gr., svo og aðrar peningastofnanir, sbr. 13. gr., skulu geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið.

Ennfremur skulu innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 22. gr., eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum, sem svarar tilteknum hundradshluta af innstæðufé hlutaðeigandi stofnunar. Um hámark innlánsbindingar fer eftir lögum hverju sinni.

Seðlabankinn getur ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar skuli bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem hlutaðeigandi stofnun er skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem lög setja hverju sinni.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkvæmt 2. og 3. mgr., að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, en bindiskyldan skal vera hin sama fyrir allar stofnanir.

## 27. gr.

Samkvæmt lögum nr. 12, 30. apríl 1981 er Seðlabankanum heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana en greinir í 26. gr.

## 28. gr.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða, að innlánsstofnanir, sem um ræðir í 22. grein, skuli eiga ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi allt að 10% af innstæðum hjá þeim, nema hærri upphæð sé ákveðin í lögum. Einnig ákveður hann hvaða verðbréf skuli metin gild í þessu skyni. Komist á regluleg viðskipti á kaupþingi, skulu yfirleitt ekki önnur verðbréf metin gild en þau, sem þar eru skráð, og skal þá miða verðmæti þeirra við markaðsgengi.

## 29. gr.

Seðlabankinn getur ákveðið hámark og lágmark vaxta, sem stofnanir þær, sem um ræðir í 22. gr., mega reikna af innlánnum og útlánnum og getur sett nánari reglur um þau innláns- og útlánsform, er falla undir vaxtaákvæðanir hans. Ákvörðunarvald þetta nær einnig til þóknunar, framlengingargjalda, lántökugjalda og affalla, sem jafngilda vöxtum, að áliti bankastjórnar. Jafnframt ákveður hann þá vexti, sem skulu gilda um viðskipti við Seðlabankann.

Bankinn getur einnig ákveðið hámarksvexti í viðskiptum annarra, sbr. lög nr. 58, 28. júní 1960.

Ákvarðanir um vexti og þóknanir skulu birtar í Lögbirtingablaðinu.

Gjaldskrá innlánsstofnana um innlend viðskipti skal samin og gefin út af Seðlabankanum í samráði við þær og hún birt í Lögbirtingablaðinu.

## 30. gr.

Seðlabankinn reiknar vísitölur, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 13, 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, og birtir í Lögbirtingablaðinu. Á sama hátt ákveður hann einnig vaxtakjör og önnur lánskjör, er fylgja verðtrygðum skilmálum, er falla undir VII. kafla téðra laga. Bankinn veitir heimildir til verðtryggingar skv. sama kafla laganna, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum.

## 31. gr.

Seðlabankinn skal beita sér fyrir sem víðtækastri samvinnu innlánsstofnana. Skal hann gangast fyrir fundum forstöðumanna þeirra, hvenær sem ástæða þykir til.

*D. Önnur viðskipti*

## 32. gr.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Skulu allar innstæður ríkissjóðs og þeirra ríkisstofnana, sem eru á fjárlögum, svo og opinberra sjóða, geymdar í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið.

Heimilt er Seðlabankanum að veita ríkissjóði lán til skamms tíma, enda skal að því stefnt, að slík lán greiðist upp í lok hvers fjárhagsárs.

## 33. gr.

Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæðum þess efnis, að höfuðstóll og vextir séu bundnir gengi erlends gjaldeyris. Um framtalsskyldu og skattskyldu slíkra verðbréfa, svo og vaxta af þeim, fari eftir ákvæðum laga eins og þau eru á hverjum tíma.

## 34. gr.

Seðlabankinn getur annast kaup og sölu verðbréfa og hlutabréfa fyrir ríkissjóð, banka og sparissjóði og áðrar innlánsstofnanir, svo og vörslu þeirra fyrir sömu aðila.

## 35. gr.

Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf fyrir eigin reikning. Hann skal vinna að því, að komið verði á skipulegum verðbréfavíðskiptum hér á landi. Hann má í því skyni stofna og reka kaupþing, þar sem verslað er með verðbréf, þar með talin hlutabréf. Ráðherra skal að fengnum tillögum bankastjórnar setja reglur um kaupþing og víðskipti á kaupþingi.

## 36. gr.

Seðlabankinn skal starfrækja greiðslujöfnunarkerfi og greiðslujöfnunarstöð, einn eða í samvinnu við innlánsstofnanir, t. d. með rekstri sameiginlegrar reiknistofu til að auðvelda tékka- og ávísanavíðskipti og á annan hátt vinna að því, eins og unnt er, að greiða fyrir greiðslumiðlun innanlands, þar með töldum giróvíðskiptum.

## 37. gr.

Seðlabankanum er heimilt að taka til ávöxtunar erlendan gjaldeyri þeirra aðila, er víðskipti eiga við bankann, með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum 41. gr.

## 38. gr.

Seðlabankinn getur annast alls konar innheimtur á fjárkröfum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hérlandis og erlendis, með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum 41. gr.

## 39. gr.

Seðlabankinn getur tekist á hendur ábyrgðir um stuttan tíma utanlands og innan gegn tryggingum, jafngóðum og um lán væri að ræða. Ábyrgðin er einföld, nema annað sé tekið fram.

## 40. gr.

Bankanum er heimilt að taka að sér innheimtu tékka og annarra ávísana, sem stofnanir þær, er um ræðir í 22. gr., hafa keypt og ónóg innstæða er fyrir. Fyrir það starf er bankanum heimilt að áskilja innheimtugjald úr hendi útgefanda slíkra skjala. Ráðherra skal að tillögu bankastjórnar setja reglur um fjárhæð innheimtugjalds og fleira. Reglur þessar skulu birtar í Lögbirtingablaðinu.

## 41. gr.

Heimilt er Seðlabankanum að reka önnur bankavíðskipti, sem samrýmanleg geta talist hlutverki hans sem seðlabanka.

Seðlabankinn skal yfirleitt hvorki skipta við almenning né keppa um víðskipti við aðrar lánastofnanir.

## IV. KAFLI

**Gengismál og erlend víðskipti**

## 42. gr.

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Þá ákveður Seðlabankinn, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, mörk leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyrstegunda, sem þörf er á vegna almennra víðskipta.

## 43. gr.

Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná settu markmiði um víðskiptajöfnuð, en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutnings- atvinnuvega og samkeppnisgreina.

## 44. gr.

Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innstæðum og í gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er.

## 45. gr.

Seðlabankanum er heimilt að kaupa og selja erlenda seðla og slegna peninga. Þá kaupir hann og selur tryggja erlenda víxla, verðbréf, tékka og ávísanir gefnar út á erlenda banka og peningastofnanir.

## 46. gr.

Rétt til að versla með erlendan gjaldeyri hafa, auk Seðlabankans, Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands. Heimilt er bankastjórn Seðlabankans, að fengnu samþykki ráðherra, að leyfa öðrum bönkum, svo og pósthjórnninni, að versla með erlendan gjaldeyri innan takmarka, sem hún ákveður.

## 47. gr.

Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti sín.

Seðlabankanum er ennfremur heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

Seðlabankinn er undanþeginn ákvæðum 12. gr. laga nr. 63, 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, að því er varðar lán skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

## 48. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki. Bankastjórnin ákveður, hvernig framkvæmd skuli reikningsviðskipti við erlenda banka, sem skipt er við á grundvelli greiðslusamninga.

## 49. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum reikningsviðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar og er fyrir hönd ríkisins fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyris-sjóðnum og hefur á hendi framkvæmd viðskipta við sjóðinn, sbr. 3. gr.

Seðlabankinn skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnun, eftir því sem um verður samið.

## 50. gr.

Seðlabankinn hefur umsjón með gjaldeyrisversluninni og eftirlit með því, að lögum og reglum um verslun með og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sé fylgt, samkvæmt lögum nr. 63, 31. maí 1979 og reglugerð, settri á grundvelli þeirra.

## V. KAFLI

**Hagskýrslugerð**

## 51. gr.

Seðlabankinn starfrækir hagfræðideild, er safnar skýrslum og gerir áætlanir um peningamál, lánamarkað, greiðslujöfnuð og gjaldeyrismál og annað, sem hlutverk bankans varðar, og skal hún birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni.

Einnig skal hagfræðideildin vinna að annarri skýrslugerð og athugunum varðandi efnahagsmál og þar á meðal taka að sér þau verkefni á þessu sviði, sem ríkisstjórnin kann að fela henni. Í þessum efnun skal hagfræðideildin hafa nána samvinnu við Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og aðra aðila, sem að hliðstæðum verkefnum vinna.

Skylt skal öllum aðilum, sem reka viðskipti, að láta hagfræðideild Seðlabankans í té þær upplýsingar, sem hún þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar og annarra verkefna á vegum hins opinbera.

Bankastjórnin getur falið sérstökum deildum bankans einstök viðfangsefni, sem að framan greinir, og er þá með sama hætti skylt að veita þeim upplýsingar.

## VI. KAFLI.

### Stjórn bankans

#### 52. gr.

Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum og reglugerð þessari. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum þriggja manna bankastjórnar.

#### A. Bankastjórn

#### 53. gr.

Bankastjórn Seðlabankans er skipuð þremur bankastjórum, sem ráðherra skipar, að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórnin kýs sér formann til ekki skemmri tíma en eins árs í senn.

Bankastjórn er heimilt, að fengnu samþykki bankaráðs, að ráða aðstoðarbankastjóra.

Ekki mega bankastjórar eða aðstoðarbankastjórar vera í stjórn annarra peningastofnana eða fyrirtækja eða gegna öðrum þeim störfum, sem ekki má telja í beinum tengslum við starf þeirra við bankann, nema samþykki ráðherra komi til.

#### 54. gr.

Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem ekki eru öðrum falin með lögum bankans eða þessari reglugerð.

Bankastjórnin heldur fundi með sér svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjóranna óskar þess. Allar mikilsverðar ákvarðanir bankastjórnar skulu vera skriflegar.

#### 55. gr.

Bankastjórnin ræður starfsmenn bankans, að undanteknum aðalféhirði og forstöðumanni endurskoðunardeildar, sbr. 61. gr., og segir þeim upp starfi. Hún segir þeim fyrir um skyldur þær, er á þeim hvíla, og um störf þau, sem þeir eiga að annast, og hefur eftirlit með, að það sé framkvæmt, sem þeim er lagt á herðar.

#### 56. gr.

Bankastjórnin skal gefa út erindisbréf til yfirmanna bankans og deildarstjóra, sem greini frá verksviði þeirra og starfi. Slík erindisbréf eru afturkallanleg eða háð breytingum, þegar bankastjórnin ákveður.

#### 57. gr.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til allra meiri háttar ákvarðana og ráðstafana í nafni bankans, svo sem til útgáfu seðla, til kaupa og sölu og veðsetningar fasteigna bankans o. fl.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, svo sem ef gefa skal út eða framselja vixla eða önnur verðbréf, árita skjöl við lánveitingar og fleira. Bankaráðið getur þó veitt tilteknum starfsmönnum svokallað A-umboð, sem heimilar þeim að skuldbinda bankann skv. þessari mgr. ásamt einum bankastjóra.

Hvers konar útborgunarfyrirmæli skulu árituð annað hvort af tveimur bankastjórum eða einum bankastjóra ásamt einum starfsmanni með A- eða B-umboð eða starfsmanni með A-umboð ásamt starfsmanni með B-umboð.

Bankaráðið getur ennfremur veitt tilteknum starfsmönnum svokallað B-umboð, sem heimilar þeim að skuldbinda bankann í öðrum málefnum ásamt bankastjóra eða starfsmanni með A-umboð.

Að öðru leyti skal haga undirskriftum vegna bankans eftir nánari reglum, sem bankastjórnin setur.

58. gr.

Ráðherra getur, að fengnu álitum bankaráðs, vikið bankastjóra frá starfi. Ráðherra skal gera skriflega grein fyrir ástæðum fyrir uppsögninni, og skal bankastjóri eiga rétt á fullum launum í eitt til þrjú ár, svo og á eftirlaunum eftir 65 ára aldur, er nemi að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  hlutum láuna, hvort tveggja samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Segi bankastjóri upp starfi, skal hann njóta launa í allt að eitt ár, svo og eftirlauna samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Ráðherra er einnig heimilt að víkja bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi.

### B. Bankaráð

59. gr.

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er. Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

60. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans og skal bankastjórnin hafa náðið samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt svo og um ákvarðanir í mikilvægum málum, er stefnu bankans varða, svo sem um gengisákvæðanir, vexti og innlánsbindingu. Ennfremur skal bankastjórnin gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans og stefnu svo og þróun gjaldeyris- og peningamála. Bankaráð ber ábyrgð á endurskoðun reikninga bankans.

61. gr.

Verkefni bankaráðs eru auk þeirra, sem um getur í 60. gr.:

- 1) að gera tillögur til ráðherra um ráðningu bankastjóra og erindisbréf þeirra;
- 2) að ákveða laun og eftirlaun bankastjóra, sbr. þó 58. gr., svo og laun aðstoðarbankastjóra;
- 3) að ráða aðalféhirði, forstöðumann endurskoðunardeildar og endurskoðanda bankaráðsins skv. 66. gr. og setja þeim erindisbréf;
- 4) að eiga aðild að kjarasamningum við starfsmenn bankans skv. lögum um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins;
- 5) að ákveða laun hins sérstaka endurskoðanda bankaráðsins;
- 6) að setja reglur um eftirlaunasjóð starfsmanna bankans;
- 7) að gera tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur;
- 8) að ákveða, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann með undirskrift sinni, sbr. 57. gr.;
- 9) að gera ályktanir um þau mál, sem bankastjórnin leggur fyrir bankaráðið, og önnur mál.

62. gr.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en að jafnaði ekki sjaldnar en hálfmánaðarlega. Ætíð skal þó halda bankaráðsfund, þegar bankaráðsmaður krefst þess. Bankastjórn undirbýr fundi ásamt bankaráðsformanni. Bankastjórnar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum,

en hafa þó eigi atkvæðisrétt. Aðstoðarbankastjórar og hagfræðingur bankans geta og setið fundi bankaráðsins skv. nánari ákvörðun þess. Hvorki bankastjórar, aðstoðarbankastjórar né hagfræðingur bankans skulu þó sitja á bankaráðsfundum, þegar rædd eru mál, er varða þá sjálfa.

63. gr.

Fundir bankaráðs eru lögmætir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók. Þeir sem heimild hafa til setu á fundum bankaráðs, geta krafist bókunar á athugasemdum og ágreiningsálitum sínum.

## VII. KAFLI

### Reikningsskil og endurskoðun

64. gr.

Starfsár Seðlabankans er almanaksárið. Ársreikningur bankans skal saminn svo fljótt sem auðið er eftir árslok. Að lokinni endurskoðun skal hann staðfestur af bankaráði og úrskurðaður af ráðherra. Skal ársreikningurinn síðan birtur í ársskýrslu bankans og Stjórnartíðindum. Bankinn skal ennfremur birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit í Lögbirtingablaðinu. Reikningurinn og hin mánaðarlegu yfirlit skulu vera það sundurliðuð, að þau sýni glögga mynd af hag bankans.

65. gr.

Af tekjum ársins skal greiða allan rekstrarkostnað, svo og tap, sem bankinn hefur orðið fyrir á árinu.

Af tekjuafgangi þeim, sem þá er eftir, skal greiða 5% arð af stofnfé bankans, enda nemi arðgreiðsla aldrei hærri upphæð en helmingi tekjuafgangsins. Bankaráðið getur þó eftir tillögu bankastjórnar ákveðið hærri arðgreiðslu, ef aðstæður leyfa. Þeim hluta tekjuafgangsins, sem ekki er greiddur sem arður, skal bankaráð ráðstafa til varasjóða bankans og deilda hans eftir tillögu bankastjórnarinnar.

Arður sá, sem greiddur er af stofnfé samkvæmt ákvæðum 2. mgr., rennur í sérstakan sjóð, sem Seðlabankinn varðveitir, en hálfar árlegar tekjur sjóðsins skulu renna til Vísindasjóðs, sbr. lög nr. 51, 5. júní 1957 um Vísindasjóð.

66. gr.

Bankaráð ber ábyrgð á endurskoðun hjá bankanum. Sérstök endurskoðunardeild skal starfa við bankann undir umsjón þess, sbr. 67. gr. Auk þess skal bankaráð ráða löggiltan endurskoðanda til þess að endurskoða ársreikning bankans, og skal hann haga framkvæmd endurskoðunar svo sem hér segir:

- 1) Endurskoðandi bankaráðsins skal reglulega kanna innra eftirlit bankans. Ef veikleikar finnast á fyrirkomulagi þess, skal bankaráði og bankastjórn skýrt frá þeim skrittlega þegar í stað. Jafnframt skal endurskoðandi gera tillögur um úrbætur.
- 2) Endurskoðun skal framkvæma í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem nauðsynlegar kunna að þykja. Hversu ítarlegar kannanir skulu gerðar, ræðst af styrkleika innra eftirlitsins.
- 3) Að lokinni endurskoðun skal endurskoðandi í áritun láta í ljós álit sitt á áreiðanleika ársreiknings Seðlabankans og í henni skal koma fram, hvort ársreikningurinn er saminn í samræmi við góða reikningsskilavenju. Auk þess skal endurskoðandi gefa bankaráði skriflega skýrslu um endurskoðunina.

Ráðningartími endurskoðanda bankaráðsins fylgir kjörtímabili bankaráðs. Starfssvið hans nær á sama hátt til sjóða, sem starfræktir eru á vegum bankans, nema sérstaklega sé fyrir mælt um endurskoðun þeirra af öðrum aðilum í lögum, reglugerðum eða skipulagsskrám.

Formaður bankaráðs ákveður nánar framkvæmd eftirlits bankaráðsins skv. 1. og 2. tl., þ. á m. verkaskiptingu þeirra, sem við eftirlitið starfa.

#### 67. gr.

Endurskoðunardeild bankans skal framkvæma hina daglegu endurskoðun í bankanum. Skal haga starfi deildarinnar þannig, að lokið sé endurskoðun allra daglegra og venjulegra færslna næsta vinnudag eftir að þær hafa farið fram. Forstöðumaður og starfsmenn deildarinnar skulu eingöngu vinna að endurskoðunarstörfum.

#### 68. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar á bókum bankans skulu þannig gerðar, að glöggst sjáist, hvað þar hefur staðið upphaflega.

### VIII. KAFLI

#### Ýmis ákvæði

#### 69. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, nema á annan veg sé fyrir mælt í lögum.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

#### 70. gr.

Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerð, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Skulu þeir undirrita drengskaparheit um þagnarskylduna í upphafi starfs. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

#### 71. gr.

Um leið og drengskaparheit er unnið, skulu allir starfsmenn undirrita heit um það, að þeir muni gegna störfum sínum fyrir bankann með árvekni og samvirkusemi.

#### 72. gr.

Kvittanir gjaldkera frá bankanum eru því aðeins gildar, að þær séu vélstimplaðar og með áritun hans. Aðrar kvittanir bankans eru því aðeins gildar, að tveir aðilar með undirskriftarheimild skv. ákvæðum 57. gr. undirriti þær.

#### 73. gr.

Útskrift úr viðskiptareikningi við bankann er fullkomin sönnun fyrir tilvist skuldar og jafngildir beinni skuldarviðurkenningu.

#### 74. gr.

Aðalféhirðir ber ábyrgð á þeim fjármunum, sem honum er trúað fyrir, eftir almennum reglum. Hann ber og ábyrgð á störfum þeirra, sem í forföllum annast störf hans, enda séu þeir til starfanna valdir með samþykki hans.



## 75. gr.

Læsingar á aðalfjárhirslum bankans skulu vera svo gerðar, að þeim verði ekki lokið upp nema með tveimur lykllum, sem ekki eru eins. Auk þess skal hverri aðalfjárhirslu vera lokað með a. m. k. einum talnalás.

Umhengni í aðalfjárhirslum, meðferð lykla svo og bókun seðla- og mynthreyfinga skal fara fram eftir reglum, sem bankastjórnin setur.

## 76. gr.

Allir varalyklar skulu geymdir í hirslum, sem tveir mismunandi lykklar ganga að og ekki má ljúka upp nema að viðstöddum einum bankastjóra, aðalféhirði og forstöðumanni endurskoðunardeildar.

## 77. gr.

Starfsmenn bankans mega ekki án leyfis bankastjórnar reka atvinnu né vera umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

## 78. gr.

Starfsmenn skulu ljúka venjulegum daglegum verkefnum, þó að það taki lengri tíma en hinn almenna dagvinnutíma.

Fulltrúar starfsmannafélags eiga rétt á að koma á fundi bankaráðs til þess að ræða málefni starfsmanna.

## 79. gr.

Bankastjórar og aðrir starfsmenn bankans mega hvorki vera skuldugir bankanum né vera ábyrgðarmenn annarra gagnvart honum.

## 80. gr.

Nú fullnægir innlánsstofnun eða önnur sambærileg stofnun, sem um ræðir í 22. gr., ekki þeirri skyldu að leggja inn á reikning á tilskildum tíma hjá Seðlabankanum þá fjárhæð, sem bankinn hefur úrskurðað bindiskylda skv. ákvæðum 26. og 27. gr., og er þá bankastjórn heimilt með viku fyrirvara að krefjast refsivaxta af þeirri fjárhæð, sem á vantar fyrir hvern mánuð og hluta úr mánuði, sem vanskil vara. Refsivextirnir geta verið allt að 1% hærri á mánuði eða hluta úr mánuði en hæstu almennir vanskilavextir.

## 81. gr.

Nú vanrækir innlánsstofnun eða önnur sambærileg stofnun, sem um ræðir í 22. gr., eða þeir aðilar, sem um ræðir í 3. mgr. 51. gr., að láta í té þær upplýsingar, sem bankaeftirlit eða hagfræðideild eiga rétt á að fá, skv. 23. gr. og 51. gr., eða að hlíta fyrir mælum, sem bankastjórnin setur skv. ákvæðum þessara greina eða annarra ákvæða reglugerðar þessarar, og getur þá ráðherra, að tillögum bankastjórnar, lagt dagsektir á hinn brotlega, uns skyldunni er fullnægt.

## 82. gr.

Komi til þess, að bankastjórnin beiti þeim viðurlögum, sem heimiluð eru í 80. og 81. gr., skal stjórn og endurskoðendum þeirrar stofnunar, sem í hlut á, þegar tilkynnt um það, en bankaeftirlitinu ber jafnframt að rannsaka sem fyrst bókhald og eignir stofnunarinnar.

## 83. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 10, 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Seðlabanka Íslands nr. 52, 24. maí 1962 ásamt síðari breytingum.

*Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1981*

**Tómas Árnason.**

Þórhallur Ásgeirsson.

## BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1981:

### **Hafnarfjörður:**

**Grænavatn** á nýbýli í Krýsuvík.

### **Borgarfjarðarsýsla:**

**Hnúkur** á iðnaðarbýli í landi Paravalla, Innri-Akraneshreppi.

### **Snæfellsnessýsla:**

**Steintún** á nýbýli í landi Emmubergs, Skógarstrandarhreppi.

### **Skagafjarðarsýsla:**

**Árhóll** á loðdýraræktarbýli í landi Hofsóshrepps.

**Brún** á þjónustubýli í landi Gýgjarhóls, Staðarhreppi.

### **Eyjafljóðarsýsla:**

**Rein** á garðyrkjubýli í landi Höskuldarstaða, Öngulstaðahreppi.

### **Suður-Þingeyjarsýsla:**

**Tjarnarland** á þjónustubýli í landi Stórutjarna, Ljósavatnshreppi.

### **Austur-Skaftafellssýsla:**

**Árnanes III** á þjónustubýli í landi Árnaness II, Nesjahreppi.

### **Árnessýsla:**

**Hraunhólar** á smábýli í landi Skaftholts, Gnúpverjahreppi.

**Gráhella** á iðnaðarbýli í landi Lækjamóta II, Sandvíkurhreppi.

**Stóra-Sandvík IV** á þjónustubýli í landi Stóru-Sandvíkur Sandvíkurhreppi.

*Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1981.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

**SAMÞYKKT****um breyting á samþykkt um hundahald í Bessastaðahreppi nr. 409/1975.**

## 1. gr.

2. gr. d stl. orðist svo:

Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru höfð um hönd.

## 2. gr.

Niður falli eftirfarandi setning í 2. mgr. 2. gr. i. f.:

„Einnig má hreppsnefnd skylda hundeiganda til þess að láta hund sinn ekki ganga lausan á almannafæri.“

## 3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1981.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

Ingimar Sigurðsson.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 201 15. apríl 1981 um iðgjöld til slysatrygginga.**

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Iðgjöld skulu á árinu 1982 nema 0,1% af gjaldstofni skv. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lögum nr. 67/1971 með síðari breytingum, tekur gildi hinn 1. janúar 1982.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1981.***Svavar Gestsson.**

---

*Jón Ingimarsson.*

## REGLUR

um radióbúnað og fjarskipti á skipum.

### EFNISYFIRLIT:

#### I. KAFLI

#### ALMENNAR KRÖFUR

1. gr. Skilgreiningar og orðaskýringar.
2. gr. Almenn ákvæði.
3. gr. Flokkun skipa.
4. gr. Fjöldi loftskeytamanna og talstöðvarvarða.
5. gr. Vaktþjónusta.
6. gr. Tækjabúnaður skipa.
7. gr. Loftskeytaklefar. Skip af 1. og 2. flokki.
8. gr. Afgreiðsluaðstaða.
9. gr. Talstöðvar. Fyrirkomulag. Skip af 3. og 4. flokki.
10. gr. Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta.
11. gr. Fastur loftskeytabúnaður í vélknúnum björgunarbátum.
12. gr. Radióbaujur fyrir gúmmibjörgunarbáta.
13. gr. Dagbók.
14. gr. Aðlögunartími vegna tækjabúnaðar.

#### II. KAFLI

#### TÆKNIKRÖFUR

1. gr. Loftskeytabúnaður.
2. gr. Stuttbylgjustöð.
3. gr. Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir morse.
4. gr. Miðunarstöðvar.
5. gr. Fastur loftskeytabúnaður í vélknúnum björgunarbátum.
6. gr. Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta.
7. gr. Neyðartalstöð fyrir gúmmibjörgunarbáta, 2182 kHz.
8. gr. Radióbaujur fyrir gúmmibjörðunarbáta, 121,5 MHz, 243 MHz.
9. gr. Millibylgjutalstöðvar.
10. gr. Orkugjafar.
11. gr. Metrabylgjutalstöðvar (VHF).
12. gr. Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar.
13. gr. Verkfæri, mælitæki og varahlutir.

B 164

Endurprentað hefti.

## I. KAFLI ALMENNAR KRÖFUR

### 1. gr.

#### Skilgreiningar og orðaskýringar.

- 1.1 Alþjóðasamþykktir þær, sem getið er um í þessum reglum eru Alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) og Alþjóðafjarskiptasamþykktin, sem hér eftir mun nefnd: „radióreglugerðin“ og Alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa 1977 (Torremolinos).
- 1.2 Farstöðvafjónusta.  
Radiófjónusta milli farstöðva og landstöðva eða milli farstöðva.
- 1.3 Sjófarstöðvafjónusta.  
Farstöðvafjónusta milli strandarstöðva og sjófarstöðva eða milli sjófarstöðva. Björgunarbátarafarstöðvar geta einnig tekið þátt í þessari fjónustu.
- 1.4 Strandarstöð.  
Landstöð í sjófarstöðvafjónustunni.
- 1.5 Hafnarstöð.  
Landstöð í hafnarfjónustu fyrir skip.
- 1.6 Skipsstöð.  
Farstöð í sjófarstöðvafjónustunni um borð í skipi, sem er ekki að staðaldri fyrir akkeri eða bundið við bryggju. Sem skip í þessu sambandi eru björgunarbátar ekki taldir með.
- 1.7 Fjarskiptastöð fyrir innanskipssambönd.  
Lítil farstöð í sjófarstöðvafjónustunni til fjarskipta um borð í skipinu, eða milli skipsins og björgunarbáta þess í sambandi við notkun björgunarbáta eða æfingar með þeim, eða fjarskiptasamband milli skipa, sem verið er að draga eða ýta.
- 1.8 Björgunarbátastöð.  
Farstöð í sjófarstöðvafjónustunni eða flugfarstöðvafjónustunni, eingöngu fyrir neyðarfjónustu og staðset í björgunarbát.
- 1.9 Alþjóðafjarskiptafjónusta.  
Fjarskiptafjónusta milli fjarskiptastöðva, sem staðsettar eru í sitt hverju landi eða tilheyra sitt hverju landi.
- 1.10 Sendingartegund er táknuð sem hér greinir:
  - A1 Loftskýtasending án mótunar. Lykluð burðartíðni.
  - A2 Loftskýtasending. Lykluð sending sem er tvíhliðarbandsstyrkmótuð með tóntíðni.
  - A2H Loftskýtasending. Lykluð sending, sem er einhliðarbandsstyrkmótuð með tóntíðni. Efra hliðarbandið og burðartíðnin eru notuð.
  - A3 Talsending með tvíhliðarbandsmótun.
  - A3H Talsending með einhliðarbandsmótun. Efra hliðarbandið og burðartíðnin eru notuð.
  - A3J Talsending með einhliðarbandsmótun. Efra hliðarbandið er notað. Burðartíðninni er eytt.
  - A3A Talsending með einhliðarbandsmótun. Efra hliðarband og minnkuð burðartíðni eru notuð.
  - F3 Talsending með tíðnimótun.
- 1.11 Nýtt skip telst það skip, sem samið hefur verið um smíði á fyrir íslenska aðila, eftir gildistöku þessara reglna.

- 1.12 Brúttórúmllest eru 2.83 rúmmetrar.
- 1.13 Skrásetningar lengd skips er lengdin frá fremri brún efsta enda framstefnis að afturbrún efsta enda afturstefnis.
- Ef ekkert afturstefni er, skal mæla lengdina að punktinum, þar sem framhlið stýrisáss (eða framhald hans) mætir efsta þilfarinu.
- 1.14 Þar sem skip hefur mælibréf með tveimur brúttórúmllestatölum, skal miðað við hærri töluna við túlkun þessara reglna.

## 2. gr.

### Almenn ákvæði.

- 2.1 Öll íslensk skip, sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykktta, er fjalla um fjarskipti skipa og Ísland er aðili að skulu fullnægja reglum þeirra samþykktta og reglum heim, sem hér fara á eftir. Gilda þær einnig um önnur íslensk skip, eins og nánar er til tekið í 3. gr.
- 2.2 Póst- og símamálastofnunin setur nánari reglur um eiginleika fjarskiptatækja og húnað tengdan heim og komi þar fram hvaða kröfur hvert tæki skuli uppfylla.
- 2.3 Tæki þau, sem þessar reglur taka til, skulu háð viðurkenningu Póst- og símamálastofnunarinnar. Stofnunin skal í samráði við samgönguráðuneytið gefa árlega út lista yfir viðurkennd tæki.
- 2.4 Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf fyrir notkun fjarskiptatækja og hefur eftirlit með henni.
- 2.5 Skoðun fjarskiptastöðva skal fara fram árlega. Að henni lokinni gefur Póst- og símamálastofnunin út öryggisvottorð fyrir loftskeyta- og talstöðvar, sem gildir í 12 mánuði í senn, enda verði á tímabilinu engar veigamiklar breytingar gerðar á tækjunum og húnaði þeirra, en há fari fram endurskoðun. Þó má gildistíminn vera 14 mánuðir, fari skoðun fram 2 mánuðum fyrir tilsettan tíma. Siglingamálastjórn gefur út skírteini þau, sem krafist er fyrir skip, sem falla undir gildandi alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) og alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa (Torremolinos).
- 2.6 Póst- og símamálastofnunin lætur siglingamálastjóra í té afrit af skoðunar-skýrslum yfir húnað þann, sem reglurnar fjalla um.
- 2.7 Eftirlitsmenn Póst- og símamálastofnunarinnar skulu að lokinni skoðun sinni færa niðurstöður hennar í eftirlitshók skipsins.
- 2.8 Skipstjóra ber skylda til að fylgiast með því hvenær öryggisskírteini fellur úr gildi og sjá um að skoðun fari fram til endurnáttunnar skírteinisins.
- 2.9 Á heim skipum, sem samkvæmt reglum þessum er skylt að hafa loftskeytamann, skal staða hans ekki vera sameinuð annarri stöðu um borð, hó þer loftskeytamanni að sjá um viðhald og framkvæma viðgerðir á tækjum heim, sem eru í hans umsjá og rafeindasiglingatækjum skipsins.
- 2.10 Takist útgerðarmanni ekki að ráða loftskeytamann með full réttindi á skip sitt, má Póst- og símamálastofnunin í samráði við Félag íslenskra loftskeytamanna, veita tímabundna undanbágu hæfum manni, þótt ekki hafi hann full réttindi. Í þessu sambandi skal sérstaklega bent á ákvæði radióreglugerðarinnar RR 23—2, 853, 854 og 855.

## 3. gr.

### Flokkun skipa.

- 3.1 1. flokkur:  
Farþegaskip, sem mega flytja 250 farþega eða fleiri á alþjóðasiglingaleiðum.



**3.2 2. flokkur:**

Önnur farþegaskip á alþjóðasiglingaleiðum án tillits til stærðar. Farþegaskip í strandsiglingum við Ísland 1600 brl. eða stærri að undanskildum þeim farþegaskipum, sem sigla reglulegar ferðir milli fastra viðkomustaða innanlands, enda séu vegalengdir milli staðanna styttri en 100 sjómílur. Vöruflutningaskip 1600 brl. eða stærri. Skuttogarar 500 brl. og stærri.

**3.3 3. flokkur:**

Vöruflutningaskip, sem ekki heyra til 2. fl. Fiskiskip með 33 m skrásetningarlengd og lengri, sem ekki heyra til 2. fl. Farþegaskip, sem ekki falla undir 1. eða 2. fl.

**3.4 4. flokkur:**

Fiskiskip 15 m og allt að 33 m skrásetningarlengd.

**3.5 5. flokkur:**

Fiskiskip með þilfari með allt að 15 m skrásetningarlengd.

**3.6 6. flokkur:**

Opnir vélbátar 6 m og lengri.

**3.7 Siglingamálastjóri ákveður, í samráði við Póst- og símamálastofnunina, hvaða flokki skip skuli tilheyra, sem ekki eru sérstaklega tilgreind hér að framan. Skal tillit tekið til stærðar og notkunar slíkra skipa.**

**4. gr.****Fjöldi loftskeytamanna og talstöðvarvarða.**

**4.1 Sérhvert skip, sem húið er loftskeytatakjum og/eða talstöð skal hafa loftskammtamenn eða talstöðvarvörð sem hér segir:**

**1. flokkur:**

2 loftskeytamenn (annar þeirra 1. flokks).

**2. flokkur:**

1 loftskeytamann.

**3. og 4. flokkur:**

1 talstöðvarvörð með almennu skirteini talstöðvarvarða.

**5. flokkur:**

1 talstöðvarvörð með takmörkuðu skirteini talstöðvarvarða.

**6. flokkur:**

1 talstöðvarvörð.

Flokkun loftskeytamanna og talstöðvarvarða skal vera samkvæmt radióreglugerðinni, grein RR 23.

**5. gr.****Vaktþjónusta.**

**5.1 1. flokkur:** 16 klst. hlustvarsla á sólarhring á neyðartíðninni fyrir morse.

**2. flokkur:** 8 klst. hlustvarsla á sólarhring á neyðartíðninni fyrir morse.

**3., 4., 5. og 6. flokkur:** Óákveðið.

**5.2** Loftskeytamaður, sem samkvæmt þessum reglum á að hlusta á loftskeytaneyðartíðnina á ákveðnum tíma, má hverfa frá slíkri hlustvörslu meðan hann er að annast viðskipti á öðrum tíðnum eða sinnir öðrum aðkallandi fjarskiptastörfum, þó að því tilskildu að ekki sé hægt að hlusta á hátalara eða með heyrnartólum, sem gefa sitt merki í hvort eyra. Loftskeytamanni ber alltaf

að viðhalda hlustvörslu með heyrnartólum eða í hátalara á þagnartímabilum, sem radióreglugerðin kveður á um.

Aðkallandi fjarskiptastörf í þessu sambandi teljast m. a. aðkallandi viðgerðir á:

- 1) radiótækjum, sem notuð eru í öryggisskyni.
- 2) radiósíglingatækjum eftir fyrirmælum skipstjóra.

5.3 Til viðbótar ákvæðum málsgreinar (i) í þessum lið, er loftskýtamanni á skipum öðrum en farþegaskipum með fleiri en einum loftskýtamanni heimilt í undantekningartilfellum, þ. e. a. s. þegar ekki er hægt að koma því við að hlusta í hátalara með heyrnartólum með sitt merki í hvort eyra, að hætta hlustvörslu að skipun skipstjóra til þess að annast viðgerðir til að koma í veg fyrir yfirvofandi stöðvun á:

- radiótækjum, sem notuð eru í öryggisskyni,
- radiósíglingatækjum,
- öðrum rafeindasíglingatækjum þar með talið venjulegar viðgerðir; svo framarlega sem:

- 1) loftskýtamaðurinn að vild viðkomandi símstjórnar uppfyllir þær kröfur að geta unnið þessi verk.
  - 2) skipið er húið viðtækjaveljara, sem er í samræmi við radióreglugerðina.
  - 3) loftskýtamaður viðheldur hlustvörslu í hátalara eða heyrnartólum á þagnartímabilum radióreglugerðarinnar í samræmi við radióreglugerðina. Loftskýtamaður skal engu að síður sinna hlustvörslu með heyrnartólum eða hátalara á þagnartímabilunum, sem tilgreind eru í radióreglugerðinni.
- 5.4 Sjálfvirk vekjaratæki fyrir morse skulu vera í gangi hvenær sem hlustvörslu í skipi úti á sjó er ekki sinnt í samræmi við gr. 5.2 og eins á meðan miðanir eru gerðar.
- 5.5 Á þeim skipum, sem starfstími er óákveðinn, ber talstöðvarverði skylda til að hlusta, á útköllunartímum þeirra strandarstöðva, sem hann getur átt von á viðskiptum frá.
- 5.6 Auk framangreindra tímaákvæðana ber öllum skipum, sem samkvæmt ákvæðum þessara reglna skulu húin varðviðtæki fyrir 2182 kHz, að halda stöðugan hlustvörð á þeirri tíðni, enda skal tækið staðsett þannig að slíkur hlustvörður sé mögulegur og öruggur.
- 5.7 Þegar ríki, sem er aðili að SOLAS, krefst þess að skip, sem sigla innan lögsögu ríkisins, séu húin metrabylgjustöð til nota í sambandi við kerfi, sem það hefur komið upp til eflingar öryggi við siglingar, skal slík stöð vera í samræmi við ákvæði 11. greinar II. kafla og skal haldin hlustvarsla á stjórnþalli á þeim tímum og þeim rásum, sem viðkomandi ríki kann að hafa ákveðið.

## 6. gr.

### Tækjabúnaður.

Tækjabúnaður skipa skal vera sem hér segir:

6.1 Skip í 1. og 2. flokki.

1. Aðalsendir, 405—535 kHz. (1. gr. í II. kafla).
2. Aðalviðtæki, 150 kHz—30 MHz. Skip af 1. flokki ennfremur viðtæki 410 kHz—23 MHz. (1. gr. í II. kafla).
3. Varðviðtæki, 2182 kHz. (1. gr. í II. kafla).
4. Orkugjafar (1. gr. í II. kafla).

5. Varasendir, 405—535 kHz. (1. gr. í II. kafla).
6. Varaviðtæki, 405—535 kHz. (1. gr. í II. kafla).
7. Millibylgjutalstöð, 1,6—4,2 MHz. (9. gr. í II. kafla).
8. Stuttbylgjustöð fyrir morse og tal 4—27,5 MHz. (2. gr. í II. kafla).
9. Metrabylgjutalstöð (VHF), 156—162 MHz. (11. gr. í II. kafla).
10. Miðunarstöð. (4. gr. í II. kafla).
11. Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar (12. gr. í II. kafla).
12. Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir morse (3. gr. í II. kafla).
13. Sjálfvirkur lykill (1. gr. í II. kafla).
14. Radar.
15. Loftnet (1. gr. í II. kafla).
16. Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta (6. gr. í II. kafla).
17. Fastur loftskeytabúnaður í vélknúnum björgunarbátum (aðeins skip af 1. fl.) (5. gr. í II. kafla).
18. Neyðartalstöð fyrir gúmmibjörgunarbáta, 2182 kHz. (7. gr. í II. kafla).
19. Verkfæri, mælitæki og varahlutir (13. gr. í II. kafla).
20. Radióbaujur fyrir gúmmibjörgunarbáta, 121,5 MHz, 243 MHz. (8. gr. í II. kafla).
21. Dagbók. (13. gr.).

#### 6.2 Skip í 3. flokki.

1. Millibylgjutalstöð, 1,6—4,2 MHz. (9. gr. í II. kafla).
2. Stuttbylgjutalstöð, 4—27,5 MHz. (2. gr. í II. kafla).  
Fiskiskipum í þessum flokki, sem eru undir 500 brl., er ekki skylt að hafa stuttbylgjutalstöð.
3. Metrabylgjutalstöð (VHF), 156—162 MHz. (11. gr. í II. kafla).
4. Varaviðtæki, 2182 kHz. (1. gr. í II. kafla).
5. Miðunarstöð. (4. gr. í II. kafla).
6. Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar. (12. gr. í II. flokki).
7. Radar.
8. Orkugjafar. (10. gr. í II. kafla).
9. Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta. (Á aðeins við um vöruflutningaskip 500 brl. og stærri) (6. gr. í II. kafla).
10. Neyðartalstöð fyrir gúmmibjörgunarbáta, 2182 kHz. (7. gr. í II. kafla).
11. Verkfæri, mælitæki og varahlutir. (13. gr. í II. kafla).
12. Radióbaujur fyrir gúmmibjörgunarbáta, 121,5 MHz, 243 MHz. (8. gr. í II. kafla).
13. Dagbók. (13. gr.).

#### 6.3 Skip í 4. flokki.

1. Millibylgjutalstöð, 1,6—4,2 MHz. (þarf ekki að vera búin sjálfvirkum sendibúnaði vekjaramerkis) (9. gr. í II. kafla).
2. Varðviðtæki 2182 kHz. (1. gr. í II. kafla).
3. Orkugjafar. (10. gr. í II. kafla).
4. Neyðartalstöðvar fyrir gúmmibjörgunarbáta, 2182 kHz. (7. gr. í II. kafla).
5. Radióbaujur fyrir gúmmibjörgunarbáta, 121,5 MHz og 243 MHz. (8. gr. í II. kafla).
6. Metrabylgjutalstöð (VHF) 156—162 MHz. (11. gr. í II. kafla).
7. Verkfæri og varahlutir. (13. gr. í II. kafla).

#### 6.4 Skip í 5. flokki.

1. Millibylgjutalstöð 1,6—2,85 MHz. (9. gr. í II. kafla) eða metrabylgjutalstöð (VHF) 156—162 MHz. (11. gr. í II. kafla).

2. Varðviðtæki fyrir 2182 kHz (gildir ekki um skip, sem eru minni en 12 m) (1. gr. í II. kafla).
  3. Orkugjafar. (10. gr. í II kafla).
  4. Neyðartalstöð fyrir gúmmibjörgunarbáta 2182 kHz. (7. gr. í II. kafla).
  5. Radióbaujur fyrir gúmmibjörgunarbáta, 121,5 MHz, 243 MHz. (8. gr. í II. kafla).
  6. Verkfæri og varahlutir. (13. gr. í II. kafla).
- 6.5 Skip í 6. flokki.  
Opnir vélbátar 6 m og lengri (4,5 brl.).
1. Metrabylgjutalstöð (VHF) 156—162 MHz. (11. gr. í II. kafla).
  2. Neyðartalstöð fyrir gúmmibjörgunarbáta 2182 kHz. (7. gr. í II. kafla).
- 6.6 Allur framangreindur tækjabúnaður skal vera í samræmi við ákvæði radióreglugerðarinnar. Þar sem fyrir mæli Póst- og símamálastofnunarinnar kynnu að ganga lengra, gilda þau.

### 7. gr.

#### Loftskeytaklefar. Skip í 1. og 2. flokki.

- 7.1 Loftskeytaklefi skal staðsettur á sama þilfari og stjórnklefi skipsins og þannig frá honum gengið, að utanaðkomandi hávaði trufla ekki störf loftskeytamanns.
- 7.2 Loftskeytaklefinn skal vera nægilega rúmgóður svo auðvelt sé að nota tækin, og skal hann ekki notaður í neinum þeim tilgangi, sem kynni að trufla störf loftskeytamanns.
- 7.3 Svefnklefi, að minnsta kosti eins loftskeytamanns, skal vera eins nálægt loftskeytaklefa og unnt er.
- 7.4 Öruggt símasamband skal vera milli loftskeytaklefa og stjórnklefa, skal það óháð talkerfi skipsins.
- 7.5 Loftskeytastöðinni skal þannig fyrir komið að hún sé varin skaðlegum áhrifum vatns og hita. Skal hún vera vel aðgengileg til tafarlausrar notkunar í neyðartilvikum og til viðgerðar.
- 7.6 Í klefanum skal vera góð klukka með sekúnduvísi á miðri skifunni, sem skal vera minnst 125 mm að þvermáli. Skifan skal merkt þagnartímabilum þeim sem ákveðin eru í radióreglugerðinni fyrir loftskeytaþjónustu. Klukkan skal þannig staðsett að auðvelt sé að sjá á hana úr sæti loftskeytamanns og frá þeim stað, þar sem prófun sjálfvirka vekjaratækisins fer fram.
- 7.7 Í loftskeytaklefa skal vera góð neyðarlýsing, nægjanleg til að vel sjáist til að vinna með tækjunum og á klukkuna, sem fyrirskipað er í gr. 7.6. Mögulegt skal vera að kveikja eða slökkva á ljósinu við inngang loftskeytaklefa og við vinnuborð loftskeytamanns, nema fyrirkomulag í klefanum geri það óþarft. Slökkv-ararnir skulu greinilega merktir: „Neyðarlýsing“.
- 7.8 Stunga fyrir handlampa með hæfilega langri taug eða vasaljós skal vera í loftskeytaklefa. Á stungan að fá straum frá neyðarorkugjafa skipsins.
- 7.9 Ljós við vinnuborð loftskeytamanns skal búið styrkstilli.
- 7.10 Verkfæri þau og varahlutir, sem fjallað er um í 13. gr. í II. kafla, skulu geymd í loftskeytaklefa.

### 8. gr.

#### Afgreiðsluaðstaða.

- 8.1 Í skipum í 1. flokki skal vera sérstakur klefi, einn eða fleiri, þar sem afgreiða má farþega og skipshöfn með samtöl við land. Svo skal einnig vera í skipum í 2., 3. og 4. flokki, þar sem því verður við komið. Þar sem svo er ekki, er

æskilegt að tækjum sé þannig fyrir komið í loftskeyta-, talstöðvar- eða kortaklefa, að þeir, sem samtöl eiga við land, verði fyrir sem minnstum utanaðkomandi truflunum.

### 9. gr.

#### Talstöðvar. Fyrirkomulag. Skip í 3. og 4. flokki.

- 9.1 Talstöðvum skal valinn staður ofarlega í skipinu og þannig fyrir komið að utanaðkomandi hávaði trufla eins lítið og unnt er móttöku skeyta og merkja.
- 9.2 Gott samband skal vera milli talstöðva og stjórnklefa.
- 9.3 Góð klukka skal vera við talstöðvar og skal skífa hennar ekki vera minni að þvermáli en 125 mm. Skífan skal merkt þagnartímabilum þeim, sem ákveðin eru í radióreglugerðinni fyrir talstöðvarþjónustu. Klukkan skal þannig staðsett, að auðvelt sé fyrir talstöðvarvörð að sjá á hana.
- 9.4 Við talstöðvar skal komið fyrir spjaldi með leiðbeiningum um notkun þeirra í neyðartilvikum. Ennfremur spjaldi með kallmerki skipsins.
- 9.5 Góð neyðarlýsing, óháð ljósneti skipsins, skal vera við talstöðvar og þannig fyrir komið að birta falli sem best á stillihnappa tækjanna, klukkuna og leiðbeiningarspjaldið.
- 9.6 Þar sem talstöðvar eru reknar frá rafgeymum, skal vera mögulegt að fylgjast með hleðsluástandi þeirra í námunda við þær.

### 10. gr.

#### Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta.

- 10.1 Viðurkenndar færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta í samræmi við 6. gr. í II. kafla, skulu vera um borð í öllum skipum, nema þeim sem hafa á hvorri síðu vélknúna björgunarbáta búna loftskeytastöðvum í samræmi við ákvæði 11. gr. í þessum kafla og 5. gr. í II. kafla. Allur þessi útbúnaður skal vera geymdur á sama stað í kortaklefanum eða öðrum hagkvæmum stað, þar sem hann er tilbúinn til flutnings til einhvers björgunarbátsins í neyðartilfellum. Í oliuskipum sem eru 3000 brl. og stærri, þar sem björgunarbátarnir eru miðskips og aftast, skal þessi útbúnaður þó vera geymdur á hagkvæmum stað nálægt þeim björgunarbátum, sem fjarst eru aðalsendi skipsins.
- 10.2 Þegar skip er á siglingaleið, sem tekur þann tíma sem að álitu stjórnvalda gerir björgunarbátastöðvar ónauðsynlegar, mega stjórnvöld heimila að slíkum stöðvum sé sleppt.

### 11. gr.

#### Fastur loftskeytabúnaður í vélknúnum björgunarbátum.

- 11.1 Þar sem heildarfjöldi manna um borð í farþegaskipi á löngum alþjóðasiglingaleiðum, hvalvinnsluskipi, fiskvinnsluskipi, niðursuðuverksmiðjuskipi, eða skipi ætluðu til flutnings á fólki á vegum hvalvinnslu, fiskvinnslu eða niðursuðuiðnaðar, er meiri en 199 manns en þó minni en 1500 manns, skal loftskeytastöð, í samræmi við kröfur þessarar greinar og 5. gr. í II. kafla, vera um borð í a. m. k. einum þeirra vélknúnu björgunarbáta sem samkvæmt alþjóðareglum er krafist að séu um borð í slíku skipi.

Þar sem heildarfjöldi manna um borð í slíku skipi er 1500 eða meiri, skal slík loftskeytastöð vera um borð í öllum vélknúnum björgunarbátum, sem krafist er samkvæmt alþjóðareglum að séu um borð, í slíku skipi.

- 11.2 Fjarskiptatækjunum skal vera komið fyrir í klefa nógu stórum til að rúma bæði tækin og þann sem notar þau.

- 11.3 Fyrirkomulag skal vera þannig, að hvorki sendirinn né móttakarinn verði fyrir truflunum af völdum vélarinnar, þegar hún er í gangi, hvort sem rafgeymirinn er í hleðslu eða ekki.
- 11.4 Rafgeymirinn fyrir stöðina skal ekki vera notaður til gangsetningar véla eða fyrir kveikjukerfi þeirra.
- 11.5 Vél björgunarbátsins skal vera búin rafal til endurhleðslu rafgeymis stöðvarinnar og annarra nota.

### 12. gr.

#### Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta.

- 12.1 Gúmmíbjörgunarbátar skipa, sem skylt er að hafa slíka báta, skulu búnir bauju, sem sendir frá sér neyðarmerki á tíðnunum 121,5 MHz og 243 MHz. Þó þurfa baujurnar ekki að vera fleiri en 5 um borð í sama skipi, en þar sem fjöldi gúmmíbjörgunarbáta fer fram úr 5, skulu umbúðir þeirra, sem búnir eru baujum, vera greinilega merktar. Baujunum skal pakkað í bátana um leið og þeir eru afhentir til notkunar og skulu þá settar í þær nýjar rafhlöður.

### 13. gr.

#### Dagbók.

- 13.1 Póst- og símamálastjórnin sér um gerð og útgáfu dagbóka þeirra, sem krafist er samkvæmt ákvæðum radióreglugerðarinnar.
- 13.2 Á skipum í 1. og 2. flokki skal haldin dagbók varðandi fjarskipti o. fl., skal hún geymd í loftskeytaklefa og skal liggja frammi til athugunar fyrir eftirlitsmenn.
- 13.3 Í dagbókina ber loftskeytamanni að færa nafn sitt, tímann sem hann kemur á og fer af vakt og allt sem við ber í sambandi við fjarskiptaþjónustu skipsins og kann að hafa þýðingu varðandi öryggi mannlífa á hafinu. Að auki skal eftirgreint fært í bókina:
- 13.4 Færslur, sem krafist er samkvæmt ákvæðum radióreglugerðarinnar:
  - Upplýsingar um viðhald og viðgerðir tækja og ástand rafgeyma, en þeir skulu fullhlaðnir daglega.
  - Upplýsingar um daglega prófun varasendis og athugun neyðarorkugjafa.
  - Upplýsingar um daglega prófun sjálfvirka vekjaratækisins.
  - Upplýsingar um viðhald og prófun á björgunarbátastöðvum.
- 13.5 Á skipum í 3. og 4. flokki skal haldin dagbók varðandi fjarskipti o. fl., skal hún geymd, þar sem hlustvarsla fer fram. Skal hún sýnd eftirlitsmönnum, fari þeir fram á það. Skal talstöðvarvörður og þeir meðlimir áhafnar, sem sinna hlustvörslu, færa í bókina nöfn sín og allt, sem við ber í sambandi við fjarskiptaþjónustu skipsins og kann að hafa þýðingu varðandi öryggi mannlífa á hafinu. Að auki skal eftirgreint fært í bókina:
  - Færslur sem krafist er samkvæmt ákvæðum radióreglugerðarinnar.

### 14. gr.

#### Aðlögunartími vegna tækjabúnaðar.

- 14.1 Ákvæðum reglna þessara, að því er tækjabúnað varðar, skal vera fullnægt við næstu radióskoðun, sem á sér stað þrem mánuðum eftir birtingu þeirra. Þó má fresta útvegum og uppsetningu einstakra tækja eins og hér segir:

## 14.2 1. flokkur.

Enginn frestur umfram ákvæði 14.1 greinar.

## 14.3 2. flokkur.

## Fiskiskip:

Gömul fiskiskip í þessum flokki, sem búin eru tækjum samkvæmt ákvæðum um skip í 3. flokki B í reglum nr. 52/1965, geta fengið frest sem hér segir:

Stuttbylgjustöð fyrir tal og morse til 1. janúar 1982.

Sjálfvirk sending vekjaramerkis talstöðva til 1. janúar 1982.

Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir morse til 1. janúar 1982.

Sjálfvirkur lykill til 1. janúar 1982.

Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar til 1. janúar 1982.

## 14.4 3. flokkur.

## Vöruflutningaskip:

Enginn frestur umfram ákvæði 14.1 greinar.

Frestur til aðlögunar um aukinn tækjabúnað fyrir önnur gömul fiskiskip í þessum flokki má vera sem hér segir:

Stuttbylgjugalstöð til 1. janúar 1983, ennfremur sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar.

## 14.5 4., 5. og 6. flokkur.

Enginn frestur fram yfir ákvæði 14.1 greinar.

14.6 Á tíðnum á bilinu 4—27 MHz skal mótunaraðferð fyrir tal vera einhliðarbands mótun (SSB). Frá 1. janúar 1982 gildir þetta ákvæði um allar tíðnir á bilinu 1,6—27 MHz að undanskilinni neyðartíðninni 2182 kHz.

Tíðnirnar 4125 kHz og 6215,5 kHz má senda með A3H mótunaraðferðinni til 1. janúar 1984.

14.7 Þeir gúmmíbjörgunarbatar sem búnir eru radióbaujum (I. kafli 12. gr., sbr. II. kafli 8. gr.), sem ekki fullnægja skilyrðum skv. reglugerð þessari mega hafa þann búnað áfram, þar til endingartíma radióbaujanna (rafhlaðanna) lýkur.

## II. KAFLI

## TÆKNIKRÖFUR

## 1. gr.

## Loftskeytabúnaður.

1.1 Þessi búnaður skal vera fyrir hendi nema annað sé sérstaklega tekið fram:

Loftskeytastöðin skal vera aðalbúnaður og varabúnaður, hvor fyrir sig tengdur aðskildum og sjálfstæðum rafbúnaði.

Aðalbúnaðurinn skal vera aðalsendir, aðalviðtæki, viðtæki fyrir talstöðva-neyðartíðni og aðalorkugjafi.

Varabúnaðurinn skal vera varasendir, varaviðtæki og varaorkugjafi.

Setja skal upp aðalloftnet og varalofnet nema radióeftirlitið undanskilji skip að hafa varalofnet vegna þess að uppsetning þess er verulegum erfiðleikum bundin. Í slíku tilfelli skal vera til um borð hæfilegt varalofnet tilbúið til uppsetningar. Að auki skal vera til um borð í öllum tilvikum nægilegur loftnetsvír og einangrarar, þannig að setja megi upp hæfilega gott loftnet. Ef loftnetið er strengt milli tveggja festinga, sem hætt er við slætti, skal það nægilega verndað gegn því að brotna.

1.2 Óskermaðar rafleiðslur, sem geta valdið truflunum í loftneti viðtækja, eru óheimilar. Slíkar leiðslur skulu ávallt vera skermaðar og skermur jarðtengdur.

Skiptingar milli loftneta og senda eða viðtækja skulu fara fram í loftskeyta-

eða talstöðvarklefa, ef einhver er, ella í seilingarfjarlægð frá talstöð. Leitast skal við að hafa loftnet eins hátt og við verður komið, og eins fjarri hlutum, sem kynnu að hafa truflandi áhrif og mögulegt er.

Aðalviðtæki skulu búin sér loftneti.

1.3 Hægt skal vera á fljótvirkan hátt að tengja og stilla aðalsendi og varasendi við aðalloftnetið, og varalofnetið, ef það er fyrir hendi.

Hægt skal vera á fljótvirkan hátt að tengja aðalviðtækið og varaviðtækið við hvert það loftnet, sem þurfa þykir.

1.4 Öllum hlutum tilheyrandi varalofskeytabúnaðinum skal vera komið fyrir eins ofarlega í skipinu og mögulegt er, til að tryggja sem mest öryggi búnaðarins.

1.5 Með aðalsendi og varasendi skal vera hægt að senda út á morse-neyðartíðni með þeirri útgeislun, sem radióreglugerðin ákveður fyrir þá tíðni. Auk þess skal vera hægt að senda út á að minnsta kosti 6 krystalstyrðum tíðnum, þ. e.: 410, 425, 454, 468, 480 og 512 kHz, með þeirri útgeislun, sem tiltekin er fyrir þessar tíðnir í radióreglugerðinni. Varasendirinn má vera neyðarsendir skipsins, eins og skilgreint er í radióreglugerðinni, til takmarkaðrar notkunar.

1.6 Ef mótuð útgeislun er fyrirskipuð í radióreglugerðinni, skal aðalsendirinn og varasendirinn hafa mótunardýpt sem ekki er minni en 70 prósent, og tóntíðni milli 450—1350 rið.

1.7 Aðalsendirinn og varasendirinn skulu, þegar þeir eru tengdir við aðalloftnetið, hafa meðallangdrægni eins og tilgreint er hér að neðan, það er að segja, þeir eiga að geta sent út vel skiljanleg merki frá skipi til skips að degi til við venjuleg skilyrði og undir venjulegum kringumstæðum yfir tilgreindar vegalengdir:

Lægsta venjulega langdrægni í mílum:  
Aðalsendir Varasendir

Öll farþegaskip og verslunarskip, 1600 brúttólestir og yfir	150	100
Verslunarskip undir 1600 brúttólestir .....	100	75

(Vel skiljanleg merki heyrast venjulega, ef virkt gildi sviðsstyrksins á viðtækið er að minnsta kosti 50 mikrovolt pr. metra).

1.8 Með aðalviðtækinu og varaviðtækinu skal vera hægt að taka á móti á morse neyðartíðninni með þeirri mótun, sem radióreglugerðin ákveður fyrir þá tíðni.

Að auki skal aðalviðtækið geta tekið á móti þeim tíðnum og með þeirri mótun sem notaðar eru til sendinga tímamerkja, veðurskeyta, og annarra slíkra útsendinga, er varða öryggi siglinga, og stjórnvöld álitna nauðsynlegar. Auk þess er æskilegt að viðtækin hafi tíðnisviðið 150—300 kHz.

Þar sem ekki eru fyrir hendi beinar mælingar sviðsstyrksins, má nota eftirfarandi upplýsingar:

Meðallangdrægni í mílum	Amper-metrar	Heildarafl í loftnet (wött)
200	128	200
175	102	125
150	76	71
125	58	41
100	45	25
75	34	14

1.9 Viðtækið fyrir talstöðvarneyðartíðnina skal vera fast stillt á þá tíðni. Það skal hafa síunarbúnað eða búnað til að draga alveg niður í hátalaranum, þegar talstöðvavekjaramerkið er ekki í gangi (sent út). Auðvelt skal vera að rjúfa og opna fyrir þennan búnað, sem nota má ef aðstæður eru þannig að dómi skipstjóra, að hlustunargæslan gæti truflað við siglingu skipsins.



- Varaviðtækið skal vera nægilega næmt til að taka við merkjum í heyrnartól eða hátalara þegar inngangsspenna tækisins er 50 mikrovolt.
- Hlustun skal möguleg í stjórnklefa skips. Tækið skal búið sér loftneti.
- 1.10 Talsendirinn skal útbúinn sjálfvirkum búnaði til að framleiða talstöðvarvekjaramerkið, þannig gerðum, að hann hindri útsendingu vegna mistaka og svari til þeirra skilyrða sem fram koma í gr. 9.5.
- Prófa skal sjálfvirka talstöðvarvekjaraþúnaðinn með jöfnu millibili á öðrum tíðnum en talstöðvarneyðartíðninni með viðeigandi gerviloftneti.
- 1.11 Aðalviðtækið skal vera nægilega næmt til að taka við merkjum í heyrnartól eða í hátalara, þegar inngangsafl viðtækisins er 50 mikrovolt. Varaviðtækið skal vera nægilega næmt til að taka við merkjum, þegar inngangsafl viðtækisins er 100 mikrovolt.
- 1.12 Nægileg raforka skal vera fyrir hendi hvenær sem er, meðan skip er á sjó til að starfrækja aðalloftskeytabúnaðinn, til þess að sú meðallangdrægni náist sem áskilið er í gr. 1.7, svo og til að hlaða þá rafgeyma sem tilheyrja loftskeytastöðinni. Spennan fyrir aðalloftskeytabúnaðinn skal vera, þegar um nýsmiðuð skip er að ræða, innan við  $\pm 10$  prósent af rétttri spennu. Í eldri skipum skal reynt að halda spennunni eins rétttri og mögulegt er, helst innan við  $\pm 10$  prósent.
- 1.13 Varalofskeytabúnaðurinn skal hafa sjálfstæðan orkugjafa óháðan ljósaneti skipsins.
- Varaviðtækið, 405—535 kHz, skal að auki geta unnið á orku frá ljósneti skipsins. Ef þessu verður ekki við komið, skulu koma til tvö viðtæki 405—535 kHz, þar sem annað fær orku frá rafgeymum en hitt frá ljósneti skipsins.
- 1.14 Varaorkugjafinn skal helst vera rafgeymir, sem hlaða má frá rafkerfi skipsins. og skal undir öllum kringumstæðum vera hægt að grípa fljótt til hans til að starfrækja varasendirinn og varaviðtækið í að minnsta kosti sex klukkustundir samfleytt við venjulegar aðstæður. Þar við bætist viðbótarálag það sem nefnt er í gr. 1.15.
- Til þess að ákveða álagið sem varaorkugjafinn á að gefa, er ákveðin regla sett til leiðbeiningar:
- Helmingur af sendistraumsnotkun með lykilinn niðri og helmingur af sendistraumsnotkun með lykilinn uppi.
- Að auki er krafist að varaorkugjafinn hafi nægilega rýmd til að hægt sé að starfrækja samtímis varasendirinn, varaviðtækið og VHF tækin, í að minnsta kosti sex klukkustundir nema að rofabúnaður sé hafður til að tryggja einhliða starfrækslu tækjanna. Notkun metrabylgjustöðvar tækja frá varaorkugjafanum skal vera takmörkuð við neyðar-, háaska- eða öryggisviðskipti. Að öðrum kosti má setja upp sérstakan orkugjafa fyrir VHF-tækin.
- 1.15 Varaorkugjafinn skal notaður fyrir varalofskeytabúnaðinn, varaviðtækið á 2182 kHz og lyklunarbúnaðinn fyrir sjálfvirka vekjaramerkið, ef hann gengur fyrir rafmagni eins og tilgreint er í gr. 1.19.
- Varaorkugjafann má einnig nota fyrir:
- Sjálfvirka vekjaramerkið á morse.
  - Neyðarljósið, sem tilgreint er í gr. 7.7 í I. kafla.
  - Miðunarstöðina.
  - VHF tækin.
  - Sjálfvirka búnaðinn fyrir talstöðvarvekjaramerkið.
- Hvers konar búnað sem mælt er fyrir um í radióreglugerðinni til að skipta yfir frá sendingu til viðtöku og öfugt.

- 1.16 Varaorkugjafinn og rofa- og öryggistafla fyrir hann, skal vera eins ofarlega í skipinu og fært þykir, þó þannig að loftskeytamaðurinn nái fljótt til hans.  
Töflunni skal komið fyrir í loftskeytaklefanum, þar sem því verður við komið, en sé svo ekki, skal vera hægt að hafa hana upplýsta.
- 1.17 Meðan skipið er í ferðum skal hlaða rafgeymana daglega í fulla hleðslu, hvort sem þeir tilheyra aðalbúnaðinum eða varabúnaðinum.
- 1.18. Allar mögulegar ráðstafanir skulu gerðar til að útrýma eða minnka orsakir fyrir truflunum í radiótækjum frá rafmagnstækjum og öðru um borð, til að tryggja góð starfsskilyrði við loftskeytataekin. Ef nauðsynlegt þykir, skal sjá til þess að loftnetið fyrir útvarpstækin valdi ekki truflunum. Sérstakan gaum skal gefa að þessum kröfum við smíði nýrra skipa.
- 1.19 Auk þess sem hægt er að handsenda morse vekjaramerkið, skal vera sjálfvirkur lyklunarbúnaður fyrir morse vekjaramerkið, sem getur lykkað aðal- og varasendinn og sent út morse vekjaramerkið. Þennan lyklunarbúnað skal vera hægt að taka úr sambandi tafarlaust, og hvenær sem er, til þess að hægt sé að nota sendinn fyrir handsendingu. Þennan lyklunarbúnað skal vera hægt að nota frá varaorkugjafa ef hann er rafknúinn.
- 1.20 Á sjó skal prófa varasendinn daglega, við hæfilegt gerviloftnet, ef hann er ekki notaður til viðskipta, og að minnsta kosti einu sinni í sjóferð skal prófa hann við varaloftnetið, ef það er fyrir hendi. Varaorkugjafann skal einnig prófa daglega.
- 1.21 Allur búnaður tilheyrandi loftskeytataekjunum skal vera traustur, og þannig hannaður að auðvelt sé að komast að honum til viðgerða.

## 2. gr.

## Stuttbylgjustöð 4—27,5 MHz.

- 2.1 Sendirinn skal búinn útgeislunartegundum A3A og A3J. Sé hann einnig hannaður fyrir morsesendingar skal hann hafa A1.
- 2.2 Hámarks toppafl (Pp) fyrir tal skal vera 1,5 kW, nema á heim tíðnum sem getið er um í radióreglugerðinni, þar sem hámarks toppaflíð er 1 kW. Lágmarks toppafl (Pp) fyrir tal er 200 Wött.
- 2.3 Stöðin skal vera með stuttbylgjuböndin, sem getið er um í radióreglugerðinni og a. m. k. 12 rásir alls, þ. e. kallrásirnar nr. 421, 606, 821, 1221 og 1621 og vinnurásirnar nr. 406, 416, 419, 601, 807, 1220 og 1625. Viðtækið skal vera nægilega næmt til þess að taka við merkjum í heyrnartól eða hátalara, þegar inngangsspenna viðtækisins er 50 mikróvolt.
- 2.4 Til að gera mögulega skjóta skiptingu frá sendingu til móttöku þegar handvirkur rofi er notaður skal rofinn vera á talfærinu ef mögulegt er.
- 2.5 Meðan skip er á sjó, skal alltaf vera nægjanleg orka frá orkugjafa, til að stöðin vinni eðlilega. Þá skal rafgeymum, sem notaðir eru haldið fullhlöðnum, sé orkugjafinn rafgeymir.
- 2.5 Uppsett loftnet skal vera fyrir hendi. Auk þess skal vera fyrir hendi varaloftnet, fullkomlega tilbúið til uppsetningar, eða þar sem það er ekki framkvæmanlegt, hæfilegur loftnetsvír og einangrarar til að geta útbúið varaloftnet.

## 3. gr.

## Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir morse.

- 3.1 Sjálfvirkt morse vekjaratæki, sem sett er upp eftir 26. maí 1965 skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

Þegar truflanalaust er skal það virka sjálfkrafa, við morse vekjaramerki, sem sent er á morse neyðartíðninni frá strandarstöð, neyðarsendi skips eða hjörgunarhát í samræmi við radióreglugerðina, að því tilskildu að styrkleiki merkisins við inngang viðtækisins sé meiri en 100 mikrovolt og minni en 1 volt.

Þegar truflanalaust er skal það virka við annað hvort þrjú eða fjögur samfelld strík, þegar lengd stríkanna breytist frá 3,5 sekúndum í sem næst 6 sekúndur, og bilin milli stríkanna frá 1,5 sekúndu niður í lægsta mögulegt bil helst ekki lengra en 10 millisekúndur.

Það skal ekki virka vegna lofttruflana eða annarra merkja en morse vekjaramerkisins, að því tilskildu að hin móttæknu merki innihaldi ekki merki, sem er innan marka þeirra, sem getið er í 3. málsgrein hér að ofan.

Glöggleiki sjálfvirka vekjaratækisins skal vera slíkur, að það hafi jafnan næmleika vfir svið, sem nær ekki vfir minna en 4 kHz og ekki meira en 8 kHz sitt hvoru megin við neyðartíðnina og hafa næmleika utan þess sviðs, sem minnkar eins hratt og kostur er í samræmi við bestu tækniþekkingu.

Ef mögulegt er skal sjálfvirka vekjaratækið, þegar lofttruflanir eru eða aðrar truflanir, stillast sjálfvirkt, þannig að innan hæfilega stutts tíma nái það því ástandi, að það geti sem fyrst greint vekjaramerkið á morse.

Sjálfvirka morse vekjaratækið skal gefa frá sér stöðuga heyrnlega viðvörðun í loftskevtaklefanum, í svefnklefa loftskevtamanns og á stjórnþalli, þegar morse vekjaramerkið virkar á það eða ef bilun verður í því. Ef við verður komið skal einnig koma fram viðvörðun, ef bilun verður í einhverjum hluta viðtökukerfisins. Aðeins einn rofi skal vera til að stöðva viðvörðunina og skal hann vera í loftskevtaklefanum.

Í heim tilgangi að prófa sjálfvirka vekjaratækið reglulega, skulu tækin innihalda sveifflugjafa, faststilltan á neyðartíðnina á morse (500 kHz) og lykunarþúnað, sem framleiðir vekjaramerkið á morse með lágmarksstyrk tilgreint í 2. málsgr. þessarar greinar. Úthúnaður skal einnig vera fyrir notkun á heyrnartóli í heim tilgangi, að hægt sé að hlusta á móttækin merki í sjálfvirka vekjaratækinu.

Sjálfvirka vekjaratækið á morse skal hola titring, raka og hitastigsbreytingar í samræmi við aðstæður um borð í skipum á sjó og skal virka við slíkar aðstæður.

- 3.2 Áður en ný gerð sjálfvirks morse vekjaratækis er viðurkennd, skal viðkomandi stjórnvaldi sýnt fram á með raunhæfum prófunum, að tækin séu í samræmi við gr. 3.1.
- 3.3 Í skipum, sem þúin eru sjálfvirku vekjaratæki á morse, skal virkni þess prófuð af loftskevtamanni að minnsta kosti einu sinni á sólarhring meðan skipið er á sjó. Ef það virkar ekki, skal loftskevtamaðurinn tilkynna það skipstjóra eða vakt hafandi stýrimanni á stjórnþalli.
- 3.4 Loftskevtamaðurinn skal öðru hvoru prófa sjálfvirka morse vekjaraviðtækið, þegar það er tengt réttu loftneti með því að hlusta á merki og bera þau saman við hliðstæð merki á morse neyðartíðninni í aðalviðtækinu.
- 3.5 Ef mögulegt er skal sjálfvirka morse vekjaratækið, þegar það er tengt loftneti, ekki hafa áhrif á nákvæmni miðunarstöðvarinnar.

## 4. gr.

## Miðunarstöðvar.

- 4.1 Miðunarstöðvar þær, sem krafist er í 6. gr. I. kafla, skulu geta tekið við merkjum með lágmarkstruflunum og tekið miðanir, þannig að út frá þeim megi ákveða réttvísandi miðanir og áttir. Tíðnisvið skal vera 200—535 kHz og 1605—2850 kHz. Æskilegt er því, að lægra tíðnisvið sé frá 150 kHz.

Þegar truflana gætir ekki skulu miðunarstöðvartækin hafa nægjanlegan næmleika til að taka nákvæma miðun frá merki með sviðsstyrk, sem fer allt niður í 50 mikrovolt/metra.

Svo framarlega sem unnt er, skulu miðunarstöðvartækin vera þannig staðsett, að eins litlar truflanir og mögulegt er frá vélum og öðrum truflanagjöfum hafi áhrif á nákvæmni miðananna.

Svo framarlega sem unnt er skal miðunarstöðvarloftnetið vera þannig staðsett, að sem minnstra truflana verði vart frá nálægð annarra loftneta, járnsláa, vírstaga eða annarra stórra málmhluta, sem áhrif geta haft á nákvæmni miðananna.

Gott tvíátta talkerfi skal vera milli miðunarstöðva og stjórnþalls.

Allar miðunarstöðvar skulu leiðréttar, svo fullnægjandi þyki að kröfu viðkomandi stjórnvalda, þegar þær eru uppsettar í fyrsta sinn. Leiðréttingin skal vera sanuþrófuð með prófunarmiðum eða með frekari leiðréttingu, hvenær sem einhverjar breytingar eru gerðar á staðsetningu einhvers loftnets eða á einhverri byggingu ofanþilja, sem gæti haft einhver merkjanleg áhrif á nákvæmni miðunarstöðvarinnar. Hin sérstaka leiðrétting skal fara fram einu sinni á ári eða eins nálægt því og mögulegt er. Skýrsla skal haldin yfir leiðréttingarnar og allar athuganir gerðar á nákvæmni þeirra.

- 4.2 Radióbúnaður til miðunar á talstöðvarneyðartíðninni skal geta tekið radiómiðanir á þeirri tíðni án yafa um áttun innan 30 gráðu geira á hvort borð.

Við uppsetningu og prófun á þeim búnaði, sem vísað er til í þessari grein skal jafnt tekið tillit til viðkomandi tilmæla International Radio Consultative Committee (CCIR).

Allar skynsamlegar ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja þá möguleika á stefnuákvörðun, sem krafist er í þessari grein. Í tilfellum, þar sem vegna tæknilegra erfiðleika er ekki hægt að framkvæma stefnuákvörðun, geta stjórnvöld undanþegið einstök skip frá kröfum þessarar greinar.

## 5. gr.

## Fastur loftskeytabúnaður í vélknúnum björgunarbátum.

- 5.1 Loftskeytabúnaður sá sem krafist er í 11. gr. í I. kafla skal vera sendir, viðtæki og orkugjafi. Hann skal vera þannig hannaður, að ólærður maður geti notað hann í neyðartilvikum.
- 5.2 Sendirinn skal geta sent út á morse neyðartíðninni með þeirri mótun, sem krafist er fyrir þá tíðni í radióreglugerðinni. Sendirinn skal einnig geta sent út á þeirri tíðni og með þeirri mótun, sem radióreglugerðin úthlutar til nota fyrir björgunarbáta á sviðinu milli 4000 kHz og 27500 kHz.
- 5.3 Sendirinn skal, ef mótuð útgeislun er tiltekin í radióreglugerðinni, hafa mótunardýpt ekki minni en 70% og tóntíðni milli 450 og 1350 Hz.
- 5.4 Auk þess að hafa lykil til handvirkrar sendingar skal sendirinn vera búinn sjálfvirkum lyklunarbúnaði til sendingar á vekjaramerkinu og neyðarmerkinu á morse.

- 5.5 Á neyðartíðninni í morse (500 kHz) skal sendirinn hafa lágmarkslangdrægni 25 sjómílur með föstu loftneti.  
**Pegar mæling á sviðsstyrk er ekki fyrir hendi, má áætla að þetta langdrægi náist ef hæð loftnetsins yfir sjólinu og loftnetsstraumurinn (virkt gildi) er 10 ampermetrar.**
- 5.6 Móttakarinn skal geta tekið á móti neyðartíðninni á morse (500 kHz) og þeim mótunum, sem krafist er fyrir þá tíðni í radióreglugerðinni. Einnig skal hann geta tekið á móti þeim tíðnum, sem radióreglugerðin úthlutar til nota fyrir björgunarbáta á sviðinu milli 4 og 27,5 MHz.
- 5.7 Orkugjafinn skal vera rafgeymir með nægjanlegri hleðslu til að reka sendinn í fjórar klukkustundir samfleytt við venjulegar aðstæður. Ef rafgeymirinn er þannig að hann þurfi að hlaðast, skal útbúnaður til hleðslu hans vera fyrir hendi frá orkugjafa skipsins. Að auki skal vera útbúnaður til að hlaða hann eftir að björgunarbátur hefur verið sjósettur.
- 5.8 Þegar orka fyrir loftskeytastöðina og leitarljósið, sem krafist er í 11. gr. í I. kafla er tekin frá sama rafgeymi, skal hann hafa nægjanlega rýmd fyrir auka-álag leitarljóssins.
- 5.9 Fast loftnet skal vera fyrir hendi ásamt útbúnaði því til stuðnings við hæstu hagkvæmstu hæð. Ef nauðsynlegt þykir skal að auki vera fyrir hendi dreka-loftnet eða loftbelgsloftnet.
- 5.10 Loftskeytamaður skal vikulega meðan skip er á sjó prófa sendinn með hæfilegu gerviloftneti og skal hlaða fargeyma til fulls, ef þeir eru hlaðanlegir og þarfnast hleðslu.

#### 6. gr.

##### Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta.

- 6.1 Tæki þau, sem krafist er í gr. 10 í I. kafla skulu vera sendir, viðtæki, loftnet, og orkugjafi. Tækin skulu þannig hönnuð, að ólært fólk geti notað þau í neyðartilvikum.
- 6.2 Tækin skulu vera handhæg í meðförum, vatnþétt, fljóta vel á sjó og þola að þeim sé kastað í sjóinn án þess að skemmast. Ný tæki skulu vera eins létt og meðfærileg og unnt er, og skal vera hægt að nota þau bæði í björgunarbáta og á flekum.
- 6.3 Sendirinn skal geta sent út á morse neyðartíðninni með útgeislun, sem ákveðin er í radióreglugerðinni fyrir þá tíðni og á sviðinu milli 4 MHz og 27,5 MHz á morse með þeirri útgeislun, sem ákveðin er í radióreglugerðinni fyrir björgunarbáta. Samt sem áður geta stjórnvöld leyft, að sendirinn geti sent út á talneyðartíðninni með þeirri útgeislun, sem krafist er í radióreglugerðinni fyrir þá tíðni, sem valkost eða sem viðbót við sendingu á morse tíðninni, sem krafist er í radióreglugerðinni fyrir björgunarbáta, á sviðinu milli 4000 kHz og 27500 kHz.
- 6.4 Ef mótaðrar útgeislunar er krafist í radióreglugerðinni skal sendirinn ekki hafa minni mótunardýpt en 70% og þar sem útgeislun er á morse skal hann hafa tóntíðni milli 450 og 1350 Hz.
- 6.5 Sendirinn skal, auk þess að hafa lykil til handvirkrar sendingar, vera búinn sjálfvirkum lyklnarbúnaði til sendingar á vekjaramerkinu og neyðarmerkinu á morse. Ef sendirinn getur sent út á neyðartíðninni á tali, skal hann vera búinn sjálfvirkum búnaði til sendingar á vekjaramerkinu á tali, í samræmi við kröfurnar í gr. 9.5.
- 6.6 Viðtækið skal vera fyrir viðtöku á morse neyðartíðninni og á þeim útgeislunum, sem krafist er í radióreglugerðinni fyrir þá tíðni. Ef sendirinn getur sent út á neyðartíðninni á tali (2182 kHz) skal viðtækið einnig geta tekið á móti á þeirri tíðni með þeirri mótun, sem krafist er í radióreglugerðinni fyrir þá tíðni.

- 6.7 Loftnetið skal annað hvort vera sjálfstandandi eða vera hægt að reisa það við mastur björgunarbátsins í hæstu mögulega hæð. Auk þess er æskilegt að fyrir hendi sé drekaloftnet eða loftbelgsloftnet ef hagkvæmt þykir.
- 6.8 Sendirinn skal gefa frá sér nægilega útgangsortu<sup>1)</sup> út í loftnetið, sem krafist er í 6.1 gr. Hann skal helst fá orku sína frá handknúnum rafli.
- 6.9 Á sjó skal loftskeytamaður eða talstöðvarvörður, eftir því sem við á, prófa sendinn á viku fresti með hæfilegu gerviloftneti og hlaða rafgeyma til fulls, ef þeir eru hlaðanlegir eða þarfnast hleðslu.
- 6.10 Með tilliti til þessarar greinar, þýðir nýr búnaður, búnað sem settur er upp í skip eftir gildistöku þessara reglna.

### 7. gr.

#### Neyðartalstöð fyrir gúmmíbjörgunarbáta 2182 kHz.

- 7.1 Stöðin skal staðsett þannig í skipinu að sem auðveldast sé að grípa til hennar, ef háaska ber að höndum.
- 7.2 Stöðin skal fljóta á sjó.
- 7.3 Stöðin skal vera sterklega byggð, þannig að hún skemmist ekki við slæma meðferð og við að falla úr 15 metra hæð í sjó. Hún skal vera vatns- og rakapét.
- 7.4 Á stöðinni skulu vera einfaldar notkunarreglur á íslensku, í vatnsheldum umbúðum.
- 7.5 Stöðin á að fá orku frá rafhlöðum, sem eiga að hafa a.m.k. 2ja ára geymsluþol við eðlilegar aðstæður í skipum og bátum. Rafhlöðurnar skulu stimplaðar með framleiðsludagsetningu og leyfilegum geymslutíma.
- 7.6 Lágmarkssenditími stöðvarinnar skal eigi vera minni en 48 klst. við 0 gráðu C lofthita. Senditími stöðvarinnar er skilgreindur sem sá órofinn tími sem stöðin getur sent a.m.k. 70% af nafnafli sínu. Við mælingu á senditíma skal nota ónotaðar rafhlöður.
- 7.7 Á stöðinni skal vera pera eða hliðstæður búnaður, sem gefur til kynna að sendirinn gefi út afl og að rafhlöður séu í lagi.

### 8. gr.

#### Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta 121,5 MHz og 243 MHz.

- 8.1 Neyðarsendar á metrabylgju eru ætlaðir til sjálfvirkra útsendinga á radióbylgjum, svo hægt sé að miða út skip og báta í neyð. Sendarnir skulu fyrst og fremst gerðir til notkunar í gúmmíbjörgunarbátum, en þeir skulu einnig geta sent út, þegar þeir fljóta á sjó.

1) Áætla má að þessu sé fullnægt á eftirfarandi hátt:

Að minnsta kosti 10 watta inngangur til anóðu síðasta stigs eða hátíðni, útgangsafls að minnsta kosti 2,0 wött (útgæislu A2) á 500 kmZ út í gerviloftnet með raunviðnám 15 Ohm og  $100 \times 10^{-12}$  farada rýmd í seríu. Mótunardýpt skal vera minnst 70%.

Ef rafhlaða er orkugjafinn, skal rafhlaðan vera í samræmi við kröfur viðkomandi stjórnvalda til að tryggja góða endingu og nægilega hleðslu.

- 8.2 Sendirinn skal vera vatns- og rakapéttur. Einnig skal hann vera höggheldur og ryðvarinn og málaður í skærum litum helst rauðgulum. Rúmfang hans skali ekki fara fram úr 800 cm<sup>3</sup>.
- 8.3 Á sendinum skulu vera einfaldar notkunarreglur á íslensku, í vatnsheldum umbúðum.
- 8.4 Vinnutiðnir sendisins skulu vera 121,5 MHz og 243 MHz og sendar samtímis.
- 8.5 Sendirinn á að fá orku frá rafhlöðum. Skulu þær stimplaðar með framleiðsludagsetningu og leyfilegum geymslutíma. Skal geymslutími ekki vera minni en 5 ár miðað við aðstæður í gúmmibjörgunarbátum hér við land.
- 8.6 Lágmarkssenditími sendisins skal eigi vera minni en 48 klst. við 0 gráðu C loft-hita. Senditími er skilgreindur sem sá órofinn tími, sem sendirinn getur sent a.m.k. 70% af nafnafli sínu. Við mælingu á senditíma skal nota ónotaðar rafhlöður.
- 8.7 Sendirinn skal vera styrkmótaður minnst 85 prósent. Mótunartíðninni skal breytt niður á við um 700 Hz innan markanna 1600 Hz og 300 Hz tvisvar til þrisvar á sekúndu.
- 8.8 Sendirinn skal vera lyklaður á sjálfvirkan hátt, þannig að útsent merki sé annað hvort sent út stöðugt með fullum styrk eða með fullum styrk í um það bil 0.75 sekúndur og verulega minni styrk í um það bil 1.5 sekúndur þar á eftir.
- 8.9 Útgangsafl á hvorri vinnutiðni fyrir sig skal vera minnst 100 milliwött mælt á þeim hluta lyklunartímabils, þegar sent er út með fullum styrk.
- 8.10 Á sendinum skal vera pera eða hliðstæður búnaður sem gefur til kynna, að sendirinn gefi út afl og rafhlöður séu í lagi.
- 8.11 Loftnet skal vera lóðrétt pólað og óstefnuvirk t í láréttu plani.
- 8.12 Sendirinn skal vera viðurkenndur af Póst- og símamálastofnuninni og Siglingamálastjóra. Verði ágreiningur, sker samgönguráðuneytið úr honum. Þær neyðarbaujur, sem eru í gúmmibjörgunarbátum og samþykktar hafa verið, mega vera í þeim meðan rafhlöðurnar endast, þó ekki lengur en 5 ár frá því þær voru afhentar til notkunar.

## 9. gr.

### Millibylgjutalstöðvar.

- 9.1 Talstöðin skal vera sendi- og viðtökubúnaður og tilheyrandi orkugjafi (tilgreint í eftirfarandi liðum sem sendirinn, viðtækið, viðtækið fyrir hlustun á talneyðartíðninni og orkugjafinn, eftir því sem við á).
- 9.2 Í skipum í 1.—3. flokki skal sendirinn búinn að minnsta kosti 10 krystalstyrðum tíðnum auk neyðartíðninnar 2182 kHz, þ.e. 2002, 2023, 2484, 2506, 2261, 2311, 2376, 2411, 3161, 2049, (alþjóðleg tíðni skipa við strandastöðvar) og 2056 kHz (alþjóðleg tíðni milli skipa). Í skipum af öðrum flokkum skal sendirinn búinn að minnsta kosti 4 krystalstyrðum tíðnum auk neyðartíðninnar 2182 kHz.

Æskilegt er að talstöðvar í skipum í 4. og 5. flokki, séu búnar tíðnum á 4-MHz-sviðinu til viðskipta við íslenskar strandastöðvar.

Sendirinn skal geta sent út með þeirri útgeislun, sem krafist er í radióreglugerðinni fyrir þessar tíðnir.

Við venjulegar aðstæður skulu sendingar með tvöföldu hliðarbandi (DSB) eða einföldu hliðarbandi (SSB) með fullri burðarbylgju (m.a. A3H) hafa mótunardýpt a.m.k. 70% við hámarksþéttleika (peak intensity). Mótun á sendingu á einföldu hliðarbandi (SSB) með minnkaðri (reduced) burðarbylgju eða deyfðri (suppressed) burðarbylgju (A3A, A3J) skal vera þannig að óæskilegar útgeislanir fari ekki yfir þau gildi, sem tilgreind eru í radióreglugerðinni.

9.3 Sendirinn í skipum í 1.—3. flokki skal hafa 150 sml. lágmarkslangdrægni við venjulegar aðstæður og varasendirinn 7,5 sml. Sendirinn skal geta sent greinilega skiljanleg merki þessa vegalengd frá skipi til skips að degi til og við venjulegar aðstæður og kringumstæður. (Greinilega skiljanleg merki munu venjulega vera móttækin, ef R.M.S. gildi sviðsstyrksins inn á viðtækið er að minnsta kosti 25 mikrovolt per/metra).

Sendirinn í skipum í 4. og 5. flokki skal hafa 75 sml. lágmarkslangdrægni við venjulegar aðstæður.

Lágmarksafli senda skal vera 25W á 2182 kHz (AM) og 75W Pp á einhliðarbandi (SSB) í loftnet. Hámarksafli er 400W Pp.

9.4 Sendirinn í skipum í 1.—3. flokki skal hafa búnað til sjálfvirkrar sendingar sjálfvirka vekjaramerkisins á tali, þannig hannaðan að hann verði ekki virkur vegna mistaka. Mögulegt skal vera að taka búnaðinn úr sambandi hvenær sem er til tafarlausrar sendingar neyðarkalls. Ráðstafanir skulu gerðar til reglubundinnar prófunar réttfrar virkni búnaðarins á öðrum tíðnum en neyðartíðni á tali (2182 kHz) með notkun viðeigandi gerviloftnets.

9.5 Búnaðurinn, sem krafist er í gr. 9.4 skal fullnægja eftirfarandi kröfum:

Mesta leyfilega tíðnifrávik hvers tóns skal vera  $\pm 1.5\%$ .

Mesta leyfilega frávik á tíma á hverjum tón skal vera  $\pm 50$  millisek.

Tíminn milli tóna skal ekki vera meiri en 50 millisek.

Hlutfallið milli styrks á sterkari og veikari tón skal vera innan 1 til 1,2.

9.6 Í skipum í 1.—3. flokki skal viðtækið hafa a.m.k. tíðnisviðið 1605 kHz til 4.2 MHz. Þó er æskilegt, að efri mörkin séu 4.5 MHz.

Í skipum í 4. og 5. flokki, skal viðtækið að minnsta kosti hafa tíðnisviðið 1605 kHz — 2850 kHz. Æskilegt er að efri mörkin séu 4.5 MHz.

Viðtækin skulu vera fyrir þá mótun, sem krafist er í reglugerðinni fyrir þessa tíðni. Auk þess skulu viðtækin hafa aðrar þær tíðnir og vera fyrir þá mótun, sem ætluð er í radióreglugerðinni til viðtöku á veðurskeytum og öðrum slíkum viðskiptum, sem varða öryggi við siglingar sem stjórnvöld telja nauðsynleg. Viðtækin skulu vera nægilega næm til að koma merkjum um hátalara þegar þau eru aðeins 50 mikrovolt við inngang viðtækjanna.

9.7 Viðtækið fyrir hlustun á talnevdartíðninni skal vera faststillt á þá tíðni. Það skal hafa síubúnað eða útbúnað til að draga niður í hátalaranum þegar talvekjaramerkið er ekki sent út. Mögulegt skal vera að opna og loka fyrir þennan útbúnað, þegar aðstæður eru slíkar, að álitni skipstjóra, að hlustun geti valdið truflun við siglingu skipsins.

Viðtækið skal vera nægilega næmt til þess að taka við merkjum í heyrnartól eða hátalara þegar inngangsspenna viðtækisins er 50 mikrovolt. Hlustun skal möguleg í stjórnklefa skinsins. Tækið skal búið sérloftneti.

9.8 Til að gera mögulega skjóta skiptingu frá sendingu til móttöku, þegar handvirkur rofi er notaður skal rofinn vera staðsettur á talfærinu, ef mögulegt er.

9.9 Meðan skip er á sjó skal alltaf vera nægjanleg orka frá aðalorkugjafa til að stöðin vinni og dragi há vegalengd, sem krafist er í gr. 9.3. Varaorkugjafinn skal hafa næga rýmd til að reka stöðina ásamt einu viðtæki í 6 klst. samfleytt að minnsta kosti, við eðlilegar aðstæður. Varaorkugjafanum skal komið fyrir ofarlega í skipinu.



Til útreikninga á álaginu, sem rafgeymarnir, sem krafist er, þurfa að skila, þ.e. 6 klst. hleðslu, er mælt með eftirfarandi útreikningi til leiðbeiningar:

$\frac{1}{2}$  straumeyðslan, sem nauðsynleg er til sendingar á tali  
plús straumeyðsla móttakarans

plús straumeyðsla alls viðbótarálags, sem rafgeymarnir geta þurft að skila í neyðartilfellum.

- 9.10 Varaorkugjafa má aðeins nota til að knýja:

Talstöðina.

Neyðarljósið, sem krafist er í gr. 9.5 í I. kafla.

Búnaðinn, sem krafist er í gr. 9.4 til sendingar á vekjaramerkinu á tali.

Miðunarstöðina.

Metrabylgjustöðina (VHF).

- 9.11 Meðan skip er á sjó skal öllum rafgeymum, sem fyrir hendi eru haldið fullhlöðnum til að fullnægja kröfum í gr. 9.9.
- 9.12 Fullfrágengið loftnet skal vera um borð í skipum í 3. og 4. flokki. Ef loftnetið er strengt milli uppistaða, sem líklegar eru til að sveiflast, skal það vera varið gegn því að slitna. Auk þess skal vera fyrir hendi varalofnet tilbúið til uppsetningar, eða þar sem það er ekki framkvæmanlegt, hæfilegur loftnetsvir og einangrarar til að geta útbúið varalofnet. Skip í 5. flokki skal búið viðeigandi loftnetum fyrir tækjabúnaðinn.

#### 10. gr.

##### Orkugjafar.

- 10.1 Fjarskiptabúnaður skipa í 5. flokki skal rekinn frá tvöföldu setti rafgeyma með hleðslubúnaði búnum fjórföldum hnifrofa, sem skiptir fjórum pólum á tvo vegu.

Í öllum skipum er heimilt að reka búnaðinn frá einföldu setti rafgeyma enda sé þá notaður sjálfvirkur hleðslubúnaður, sem jafnframt einangrar rafgeyma frá ljósneti skipsins.

- 10.2 Óheimilt er að tengja ljósnet skipsins beint við talstöðina. Ef um einfalt sett rafgeyma er að ræða, skal það hafa næga rýmd til að reka fjarskiptabúnað skipsins (þó ekki varatæki) ásamt einu viðtæki með fullu álagi í 6 klst. samfleytt, en séu settin tvö, skal hvort um sig hafa nægilega rýmd til 5 klst.
- 10.3 Rafgeymar skulu ávallt vera vel hlaðnir, og ekki má nota þá til annarra hluta. Talstöðvarvörður skal sjá svo um að bæta á þá einuðu vatni eftir þörfum og fylgjast reglulega með sýrubunga með sýrumæli.
- 10.4 Æskilegt er að hleðslubúnaður sé sjálfvirkur, sem skammtar hæfilegan hleðslu-straum fyrir geyma og skal hann þá jafnframt einangra þá frá ljósneti skipsins.

Sé um handstýrðan hleðslubúnað að ræða skal vera sérstakur rofi við talstöðina, sem gerir mögulegt að rjúfa hleðslustrauminn, og einangra rafgeymana frá ljósneti skipsins jafnframt því, að þeir eru tengdir við radiótækin.

#### 11. gr.

##### Metrabylgjutalstöðvar (VHF).

- 11.1 Metrabylgjutalstöðin skal vera staðsett ofarlega um borð í skipinu og vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar og vera sendir og viðtæki, orkugjafi til að knýja hana á mismunandi orkustigum og hæfilegt loftnet til útsendingar og móttöku merkja á vinnutiðnum stöðvarinnar.

- 11.2 Í skipum í 1.—4. flokki skal stöðin búin a. m. k. 28 rásam í samræmi við viðauka í radióreglugerðinni. Í skipum í öðrum flokkum skal stöðin búin a. m. k. 6 rásam, þ.e. 6, 16, 24, 25, 26 og 27.
- 11.3 Lágmarksafli út í loftnet skal vera 10 W og hámarksafli 25 W. Aflið skal vera mögulegt að minnka í 1 W. Eftir því sem framkvæmanlegt er skal loftnetið hafa óhindrað útbreiðslusvið til allra átta.
- Loftnetinu skal valinn staður í mestri mögulegri hæð, eftir því sem við verður komið, og í sem mestri fjarlægð frá málmhlutum sem geta haft áhrif á eiginleika þess.
- 11.4 Metrabylgjurásirnar, sem krafist er vegna öryggis siglinga skulu stöðugt vera tilbúnar til notkunar á stjórnþalli á hagkvæmasta stað, þaðan sem skipinu er stjórnað, og þar sem nauðsynlegt er, skal einnig vera auðvelt að hafa viðskipti af brúarvængjum.
- 11.5 Æskilegt er að fjarstýribúnaður sé við metrabylgjustöðvar á skipum, þar sem loftskeytamaður er, ef stöðin er ekki í loftskeytaklefanum.

## 12. gr.

### Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar.

- 12.1 Sjálfvirka talstöðvavekjaratækið skal vera í samræmi við eftirfarandi lágmarkskröfur.
- Tíðni mestu svörunar í stilltu rásunum og annarra tónvalrása skal hafa  $\pm 1.5$  prósent nákvæmni í hverju tilvik, og skal svörunin ekki vera lægri en 50 prósent á tíðnum, sem eru innan við 3 prósent af tíðni þeirri sem gefur mestu svörun.
- Þegar engra truflana gætir, skal sjálfvirki viðtökubúnaðurinn vinna fyrir áhrif vekjaramerkisins innan 4 til 6 sek. tímabils.
- Sjálfvirki viðtökubúnaðurinn skal, hvenær sem hann er í gangi, vera næmur fyrir vekjaramerkinu við skilyrði þegar meðal-lofttruflanir og sterk merki önnur en vekjaramerkið eru til staðar, helst án þess að nokkurra handstillinga sé þörf.
- Sjálfvirki viðtökubúnaðurinn skal ekki fara í gang vegna lofttruflana eða vegna sterkra merkja annarra en vekjaramerkisins.
- Sjálfvirki viðtökubúnaðurinn skal vera virkur yfir meiri langdrægni en talviðskipti geta talist fullnægjandi á.
- Sjálfvirki viðtökubúnaðurinn skal geta þolað og verið virkur við titring, taka, hitastigsbreytingar og breytingar á vinnuspennu í samræmi við hinar misjöfnu aðstæður um borð í skipi á sjó.
- Sjálfvirki viðtökubúnaðurinn skyldi, eftir því sem við verður komið, geta gefið viðvaranir um bilanir í tækinu, sem hindruðu það í að starfa eðlilega, meðan það er í gangi.
- 12.2 Áður en ný sjálfvirk talstöðvartæki eru viðurkennd skal viðkomandi stjórnvaldi sýnt fram á með raunhæfum prófunum við venjulegar aðstæður, að tækin séu í samræmi við gr. 12.1.

## 13. gr.

**Verkfæri, mælitæki og varahlutir.**

13.1 Skip í 1.—2. flokki skulu búin eftirgreindum verkfærum, mælitækjum og varahlutum, sem geyma skal á öruggum stað í loftskeytaklefa:

13.2 Verkfæri og mælitæki.

- 1 snertipunktaþjöl
- 2 þjalir aðrar
- 1 hnifur
- 1 skábitur
- 1 flatkjafta
- 1 spóakjaftur
- 3 skrúfjárn af mismunandi gerðum
- finn sandpappír
- Hreinsivökvi fyrir snertipunkta
- 2 skiptilyklar
- 1 sett málmborar
- 1 lítið skrúfstykki
- 1 borsveif
- 1 lóðbolti ásamt lóðtini
- 1 hamar
- 1 sýrumælir
- 1 volt/ohm ampermælir, að minnsta kosti búinn eftirgreindum mælisviðum:
- 1 milliamper til 5 amper, 1—1000 volt og 10 ohm — 1 megaohm.
- Nauðsynlegustu sérverkfæri til finstillingar og viðhalds tækjanna.

13.3 Varahlutir.

- 1 sett varakolburstar fyrir hverja vél tilheyrandi loftskeytastöðinni.
- 2 öryggi fyrir hvert eitt í notkun
- Varalofnet samkvæmt gr. 1.1
- 12 loftnetsklemmur
- 100% af víralásnum í notkun
- 1 varaheyrnartól
- 1 varalampi af hverri tegund, sem er í notkun, og sé um fleiri en einn lampa að ræða sömu tegundar, skulu vera 50% af fjölda þeirra til vara. Sama gildir um díóður og transistora.
- Hæfilegt úrval af vara-viðnámum og þéttum fyrir tækin.
- 2 vibrastautar
- 100% gaumljósaperur

- 2 neyðarljósaperur
- 1 rúlla einangrunarband
- Legufeiti og olía
- Viðeigandi öryggjavír fyrir opin öryggi**
- Bindivír
- 1 brúsi carbon tetrachloride
- Einangraður rafmagnsvír
- 10 m skermaður rafstrengur
- 6 krókódílakjafar
- 1 sett rafhlöður og 2 perur fyrir vasaljós
- 5 l eimað vatn.

13.4 Skip í 3. flokki skulu vera búin eftirgreindum verkfærum, mælitækjum og varahlutum:

13.5 Verkfæri og mælitæki.

- 1 hnífur
- 1 skábitur
- 1 flatkjafta
- 3 skrúfjárn af mismunandi stærðum
- 1 skiptilykill
- 1 sýrumælir
- 1 voltmælir fyrir jafnstraum.

13.6 Varahlutir.

- 1 sett varakolburstar fyrir hverja vél tilheyrandi talstöðinni.
- 2 öryggi fyrir hvert eitt í notkun
- Varalofnet samkvæmt gr. 9.12
- 6 lofnettsklemmur, sé um virloftnet að ræða
- 100% víralásar, sé um virloftnet að ræða
- 1 varalampi af hverri tegund sem er í notkun, og sé um fleiri en einn lampa að ræða sömu tegundar, skulu vera 50% af fjölda þeirra til vara.
- 100% gaumljósaperur
- Einangrunarband
- Viðeigandi öryggjavír fyrir opin öryggi**
- 1 sett rafhlöður og 2 perur fyrir vasaljós
- 5 l eimað vatn.

13.7 Skip í 4. flokki skulu búin eftirgreindum verkfærum og varahlutum:

13.8 Verkfæri skulu vera þau sömu og fyrir skip í 3. flokki að undanskildum voltmæli.

13.9 Varahlutir.

- 1 sett varakolburstar fyrir hverja vél tilheyrandi talstöðinni.
- 2 sett öryggi fyrir eitt, sem er í notkun
- Varalofnet, samkvæmt gr. 9.12
- Vasaljós með vararafhlöðu og peru.

13.10 Skip í 5. flokki skulu búin eftirgreindum verkfærum og varahlutum:

- 1 flatkjafta
- 1 skrúfjárn
- 1 skiptilykill
- 1 sýrumælir.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 432 15. október 1979.

*Samgönguráðuneytið, 2. desember 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

***Kristinn Gunnarsson.***

# STJÓRNARTÍÐINDI B 68 — 1981

---

1327

Nr. 814.

## AUGLÝSING

frá Vörumerkjaskrárritara, Reykjavík.

I. Vörumerki skrásett árið 1981.

---

Skrás. 1981, nr. 1.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 39/1980.

Tilkynnt 5. febrúar 1980, kl. 14:30.

### INSULATARD

Eigandi: Nordisk Insulinlaboratorium, Niels Steensensvej 1, 2820 Gentofte, Danmörku.

Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Vörur: Allar vörur í 5. flokki.

Flokkur: 5.

---

Skrás. 1981, nr. 2.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 44/1980.

Tilkynnt 11. febrúar 1980, kl. 16.00.

### APTAN

Eigandi: J. & P. Coats, Ltd., Ferguslie Thread Works, Paisley, Skotlandi.

Umboðsm: Ragnar Ólafsson, hrl., Laugavegi 18, Reykjavík.

Vörur: Þráður og garn.

Flokkur: 23.

---

Skrás. 1981, nr. 3.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 45/1980.

Tilkynnt 11. febrúar 1980, kl. 16:00.

### DRIMA

Eigandi: J. & P. Coats, Ltd., Ferguslie Thread Works, Paisley, Skotlandi.

Umboðsm: Ragnar Ólafsson, hrl., Laugavegi 18, Reykjavík.

Vörur: Þráður og garn.

Flokkur: 23.

---

B 167

Skrás. 1981, nr. 4.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 46/1980.

Tilkynnt 11. febrúar 1980, kl. 16:00.

## K O B A N

Eigandi: J. & P. Coats, Ltd., Ferguslie Thread Works, Paisley, Skotlandi.  
 Umboðsm: Ragnar Ólafsson, hrl., Laugavegi 18, Reykjavík.  
 Vörur: Þráður og garn.  
 Flokkur: 23.

Skrás. 1981, nr. 5.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 47/1980.

Tilkynnt 11. febrúar 1980, kl. 16:00.

## G R A L

Eigandi: J. & P. Coats, Ltd., Ferguslie Thread Works, Paisley, Skotlandi.  
 Umboðsm: Ragnar Ólafsson, hrl., Laugavegi 18, Reykjavík.  
 Vörur: Þráður og garn.  
 Flokkur: 23.

Skrás. 1981, nr. 6.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 123/1980.

Tilkynnt 2. apríl 1980, kl. 11.50.

## R I B E N A T A K E - A - S H A K E

Eigandi: Beecham Group Ltd., Beecham House, Brentford, Middlesex TW8 9 BD, Englandi.  
 Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
 Vörur: Allar vörur í flokkum 29 og 30.  
 Flokkar: 29 og 30.  
 Discl.: Skráningin veitir ekki einkarétt á orðunum take-a-shake.

Skrás. 1981, nr. 7.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 174/1980.

Tilkynnt 12. maí 1980, kl. 11:00.

## M u r j a n i

Eigandi: Murjani Designs Ltd., 701 Shell House, Queen's Road Central, Hong Kong.  
 Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
 Vörur: Snýrtivörur, sápur, ilmvörur, ilmoliur, hárvatn, tannhirðivörur, efni til hreinsunar og slípunar, baðsalt, bleikiefni, efni til hreinsunar og til nota við fataþvott, efni til fægingar húsgagna, skófatnaðar, málms og leðurs, ilmpúðar.  
 Handtöskur, beltí, dýraskinn, skorin skinnavara, loðskinn, leður-bryddingar fyrir húsgögn, bryddingar fyrir skófatnað, hatta-leður, leður-vasavörur, vasahylki, peningaveski, buddur, gervileður, skjalatöskur,

pyngjur, töskur ferðakoffort, augnblökur á beisli, leðurkoffort, skjalamöppur, skólatöskur, nestistöskur, malir, regnhlífir og sólhlífir, göngustafir, hálsbönd fyrir hunda.

Fatnaður fyrir karla, konur og börn, þar með talin stígvél, skór, inniskór og hattar, belti.

Flokkar:

3, 18 og 25.

Forgangsréttur er frá 29. febr. 1980.

Skrás. 1981, nr. 8.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 210/1980.

Tilkynnt 23. júní 1980, kl. 15:00.

 **SAEHAN MOTOR**

Eigandi: SAEHAN MOTOR CO., LTD., 62—10, 2-ka, Chungmu-ro, Jung-ku, Seoul, Kóreu.

Umboðsm: Axel Einarsson, hrl., Aðalstræti 6, Reykjavík.

Vörur: Ökutæki, flutningatæki til notkunar á landi.

Flokkur: 12.

Skrás. 1981, nr. 9.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 370/1980.

Tilkynnt 16. október 1980, kl. 11:45.

**VIÐHORF**  
  
**T Í M A R I T U M A L Þ J Ó Ð A M Á L**

Eigandi: Samtök um vestræna samvinnu, Garðastræti 42, Reykjavík.

Þjónusta: Öll þjónusta í flokkum 35 og 41.

Flokkar: 35 og 41.


Discl.: Skráningin veitir ekki einkarétt á orðunum „Tímarit um alþjóðamál“.

Skrás. 1981, nr. 10.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 359/1980.

Tilkynnt 10. október 1980, kl. 15:00.

**LORDIAN**  




Eigandi: Karnabær hf., Fosshálsi 27, Reykjavík.  
 Vörur: Allar vörur í 25. flokki.  
 Flokkur: 25.

Skrás. 1981, nr. 11.

Skrásetningard. 23. febrúar 1981.

T 241/1980.

Tilkynnt 8. júlí 1980, kl. 15:15.

## R A M

Eigandi: JAYTEX LIMITED, 69 Wimpole Street, London W1M 8ET, Englandi.  
 Umboðsm: Björn Árnason, Árni Björnsson, P. O. Box 1034, Reykjavík.  
 Vörur: Allur fatnaður, þ. m. t. skófatnaður.  
 Flokkur: 25.

Skrás. 1981, nr. 12.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 252/1980.

Tilkynnt 17. júlí 1980, kl. 11:00.

R E V L O N F O R M U L A Z P <sup>1 1</sup>

Eigandi: Revlon (Suisse) S.A., Limmatstrasse 275, Zurich, Sviss.  
 Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
 Vörur: Allar vörur í 3. flokki.  
 Flokkur: 3.

Skrás. 1981, nr. 13.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 259/1980.

Tilkynnt 24. júlí 1980, kl. 11:00.

## S H A R P

Eigandi: Sharp Corporation, 22—22, Nagaike-cho, Abeno-ku, Osaka, Japan.  
 Umboðsm: Faktor Company, Reykjavík.  
 Vörur: Rafvélar og raftæki, rafmagns-fjarskiptavélar og áhöld, elektrónískar vélar og áhöld, (að undanteknum vélum og tækjum til lækninga), rafmagnsvörur.  
 Flokkar: 9 og 11.

Skrás. 1981, nr. 14.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 260/1980.

Tilkynnt 24. júlí 1980, kl. 11:00.

## S H A R P

Eigandi: Sharp Corporation, 22—22, Nagaike-cho, Abeno-ku, Osaka, Japan.  
 Umboðsm: Faktor Company, Reykjavík.  
 Vörur: Orkufrekar rafmagnsvélar, rafdrifnar vélar til fjarskipta, rafvélar til lækninga/heilsugæslu, raftæki til mælinga, rafhlöður og rafgeymar, einangraður rafmagnsvir, einangrarar.  
 Flokkar: 9 og 10.

Skrás. 1981, nr. 15.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 283/1980.

Tilkynnt 18. ágúst 1980, kl. 10:15.



OOO SYMBOL

Eigandi: Johnson & Johnson, 501 George Street, New Brunswick, New Jersey, Bandaríkjunum.  
 Umboðsm: G. H. Sigurgeirsson, P. O. Box 1337, Reykjavík.  
 Vörur: Allar vörur í 5. flokki einkum lyfja-, dýralækninga- og hreinlætis-blöndur.  
 Flokkur: 5.

Skrás. 1981, nr. 16.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 308/1980.

Tilkynnt 5. september 1980, kl. 11:30.

N I P A X O N

Eigandi: AKTIEBOLAGET LEO, Fack, S-251 00 Helsingborg, Svíþjóð.  
 Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
 Vörur: Allar vörur í 5. flokki.  
 Flokkur: 5.

Skrás. 1981, nr. 17.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 318/1980.

Tilkynnt 9. september 1980, kl. 14:30.

Eigandi: THE GENERAL CORPORATION, 1116, Suenaga, Takatsu-ku, Kawasaki-shi, Kanagawa-ken, Japan.  
 Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
 Vörur: Vélar og smíðavélar, rafdrifnar.  
 Rafmagns og rafeindateki og vélar, (þar með talin útvarpstæki). Tæki og vélar til mælinga (rafmagns.) Rafmagns- og rafeindalagnir til aðgæslu, eftirlits og fjarstýringar. Kennslutæki og áhöld. Tæki og vélar mötuð með myntum eða spilapeningum. Talvélar. Rafeinda-búðakassa-vélar. Rafeindareiknivélar. Vélar til gagnauðræðis og sýnskjár fyrir þær. Tölvur, lagnir til tölvusvörunar og ytri lagnir og áhöld til þeirra. Lagnir fyrir lýsingu, hitun, suðu, kælingu, þurrkun, loftræstingu, tempraða loftræstingu, vatns- og skólplagnir.

Flokkar: 7, 9 og 11.

---

Skrás. 1981, nr. 18.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 320/1980.

Tilkynnt 12. september 1980, kl. 10:15.

F I V E A L I V E

Eigandi: The Coca-Cola Company, 310 North Avenue, N. W., Atlanta, Georgia  
30313, Bandaríkjunum.  
Umboðsm: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
Vörur: Allar vörur í 32. flokki.  
Flokkur: 32.

---

Skrás. 1981, nr. 19.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 322/1980.

Tilkynnt 15. september 1980, kl. 14:00.

T H E O C O N T I N

Eigandi: MUNDIPHARMA AG, St. Alban-Vorstadt 94, CH-4006 Basel, Sviss.  
Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
Vörur: Lyfja-, dýralækninga- og hreinlætisefni og blöndur.  
Flokkur: 5.

---

Skrás. 1981, nr. 20.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 323/1980.

Tilkynnt 15. september 1980, kl. 14:00.

N I T R O C O N T I N

Eigandi: MUNDIPHARMA AG, St. Alban-Vorstadt 94, CH-4006 Basel, Sviss.  
Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
Vörur: Lyfja-, dýralækninga- og hreinlætisefni og blöndur.  
Flokkur: 5.

---

Skrás. 1981, nr. 21.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 324/1980.

Tilkynnt 15. september 1980, kl. 14:00.

D I U M I D E + K

Eigandi: MUNDIPHARMA AG, St. Alban-Vorstadt 94, CH-4006 Basel, Sviss.  
Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
Vörur: Lyfja-, dýralækninga- og hreinlætisefni og blöndur.  
Flokkur: 5.

---

---

Skrás. 1981, nr. 22.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 325/1980.

Tilkynnt 15. september 1980, kl. 14:00.

**T R I L I S A T E**

Eigandi: MUNDIPHARMA AG, St. Alban-Vorstadt 94, CH-4006 Basel, Sviss.  
Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
Vörur: Lyfja-, dýralækninga- og hreinlætisefni og blöndur.  
Flokkur: 5.

---

Skrás. 1981, nr. 23.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 326/1980.

Tilkynnt 15. september 1980, kl. 14:00.

**M U N D I S A L**

Eigandi: MUNDIPHARMA AG, St. Alban-Vorstadt 94, CH-4006 Basel, Sviss.  
Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
Vörur: Lyfja-, dýralækninga- og hreinlætisefni og blöndur.  
Flokkur: 5.

---

Skrás. 1981, nr. 24.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 327/1980.

Tilkynnt 15. september 1980, kl. 14:00.

**N O R P H A R M A**

Eigandi: MUNDIPHARMA AG, St. Alban-Vorstadt 94, CH-4006 Basel, Sviss.  
Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
Vörur: Lyfja-, dýralækninga- og hreinlætisefni og blöndur.  
Flokkar: 5, 3 og 1. Blöndur og efni í snyrtivörur. Efnavörur til nota í iðnaði og við vísindastörf.


---

Skrás. 1981, nr. 25.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 329/1980.

Tilkynnt 16. september 1980, kl. 10:30.



Eigandi: W. L. GORE & ASSOCIATES, INC., 555 Paper Mill Road, P. O. Box 8734, Newark, Delaware 19711, Bandaríkjunum.  
 Umboðsm: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
 Vörur: Allar vörur í flokkunum 9, 18, 20, 22, 24 og 25.  
 Flokkar: 9, 18, 20, 22, 24 og 25.

Skrás. 1981, nr. 26.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 333/1980.

Tilkynnt 19. september 1980, kl. 15:15.



Eigandi: Geir Gunnar Geirsson, Vallá, Kjalarnesi.  
 Vörur: Allar vörur í 29. flokki.  
 Flokkur: 29.

Discl.: Skráningin veitir ekki einkarétt á orðunum í merkinu.

Skrás. 1981, nr. 27.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 334/1980.

Tilkynnt 19. september 1980, kl. 15:15.



Eigandi: Geir Gunnar Geirsson, Vallá, Kjalarnesi.  
 Vörur: Allar vörur í 29. flokki.  
 Flokkur: 29.

Skrás. 1981, nr. 28.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 335/1980.

Tilkynnt 19. september 1980, kl. 15:15.



Eigandi: Geir Gunnar Geirsson, Vallá, Kjalarnesi.  
 Vörur: Allar vörur í 29. flokki.  
 Flokkur: 29.

Skrás. 1981, nr. 29.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 337/1980.

Tilkynnt 22. sept. 1980, kl. 12.00.

## GRÆNA TORGIÐ

Eigandi: Blómaval sf., Sigtúni 40, Rvík.  
 Þjónusta: Verslun með grænmeti, ávexti og blóm.  
 Flokkur: 42.

Skrás. 1981, nr. 30.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 338/1980.

Tilkynnt 22. sept. 1980, kl. 15.15.

## Mitrolan

Eigandi: A.H. Robins Company, Incorporated, 1407 Cummings Drive, Richmond, Virginia 23220, Bandaríkjunum.  
 Umboðsm.: Björn Árnason, Árni Björnsson, Box 1034, Reykjavík.  
 Vörur: Lyfjaefni og lyf við niðurgangi.  
 Flokkur: 5.

Skrás. 1981, nr. 31.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 339/1980.

Tilkynnt 22. sept. 1980, kl. 15.15.

## CULPEPER

Eigandi: Culpeper Limited, 21 Bruton Street, London W1X 7DA, Englandi.  
 Umboðsm.: Björn Árnason, Árni Björnsson, P.O. Box 1034, Rvík.  
 Vörur: Jurtir, lækandi jurtablöndur fyrir menn; sérfæða og sérdrykkir.  
 Flokkur: 5.

Skrás. 1981, nr. 32.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 346/1980.

Tilkynnt 26. sept. 1980, kl. 14.00.

## P Ó L Ó

Eigandi: Pólaris hf., Sanítas-verksmiðjan v/Köllunarklettsveg, P.O. Box 721, Rvík.  
 Vörur: Vörur í 32. og 33. flokki.  
 Flokkar: 32 og 33.

Skrás. 1981, nr. 33.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 348/1980.

Tilkynnt 1. okt. 1980, kl. 14.50.

## B A L M A C A A N

Eigandi: AQUASCUTUM LIMITED, 100 Regent Street, London W., Englandi.  
 Umboðsm.: Axel Einarsson, hrl., Aðalstræti 6, Rvík.  
 Vörur: Svítalyktareyðir, ilmvötn, snyrtivörur án lyfja, fegrunarvörur, tannkrem, hárbvottalögur og sápur.  
 Flokkur: 3.

Skrás. 1981, nr. 34.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 351/1980.

Tilkynnt 3. okt. 1980, kl. 11.00.



Eigandi: WIGGINS TEAPE LIMITED, Gateway House, Basing View, Basingstoke, Hampshire RG21 2EE, Englandi.  
 Umboðsm.: FAKTOR COMPANY, Rvík.  
 Vörur: Pappír, pappírsvörur, pappi, pappavörur, límdreginn pappír, límdregin bönd, límpappír, límbönd, bréfsefni og efni fyrir listamenn (annað en litir eða lökk), límeefni og límbandsstatíf.  
 Flokkur: 16.

Skrás. 1981, nr. 35.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 352/1980.

Tilkynnt 6. okt. 1980, kl. 10.00.

Bragakaffi er gott kaffi.

Eigandi: KAFFIBRENNSLA AKUREYRAR, hf., Tryggvabraut 16, 600 Akureyri.  
 Vörur: Kaffi.  
 Flokkur: 30.

---

Skrás. 1981, nr. 36.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 353/1980.

Tilkynnt 6. okt. 1980, kl. 10.00.

Bragakaffi er bragðgott kaffi.

Eigandi: KAFFIBRENNSLA AKUREYRAR, hf., Tryggvabraut 16, 600 Akureyri.  
Vörur: Kaffi.  
Flokkur: 30.

---

Skrás. 1981, nr. 37.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 354/1980.

Tilkynnt 6. okt. 1980, kl. 10.00.

Viljir þú bragðgott kaffi velur þú Bragakaffi.

Eigandi: KAFFIBRENNSLA AKUREYRAR, hf., Tryggvabraut 16, 600 Akureyri.  
Vörur: Kaffi.  
Flokkur: 30.

---

Skrás. 1981, nr. 38.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 355/1980.

Tilkynnt 6. okt. 1980, kl. 10.00.

Viljir þú gott kaffi velur þú Bragakaffi.

Eigandi: KAFFIBRENNSLA AKUREYRAR, hf., Tryggvabraut 16, 600 Akureyri.  
Vörur: Kaffi.  
Flokkur: 30.

---

Skrás. 1981, nr. 39.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 356/1980.

Tilkynnt 8. okt. 1980, kl. 13.00.

### CELLINI

Eigandi: Faberge, Incorporated, 1345 Avenue of the Americas, New York, New York 10019, Bandaríkjunum.  
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Rvík.  
Vörur: Allar vörur í 3. og 5. flokki.  
Flokkar: 3 og 5.

---



---

Skrás. 1981, nr. 40.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 362/1980.

Tilkynnt 10. okt. 1980, kl. 15.00.

# TÍTAN

Eigandi: Karnabær hf., Fataframleiðsla, Fosshálsi 27, 110 Rvík.  
Vörur: Vörur í 25. flokki.  
Flokkur: 25.

---

Skrás. 1981, nr. 41.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 363/1980.

Tilkynnt 13. okt. 1980, kl. 11.00.

## SELKO

Eigandi: Sigurður Eliasson hf., Auðbrekku 52, Kópavogi.  
Vörur: Innihurðir, útihurðir, svalahurðir, eldtefjandi hurðir, viðarþiljur, loftþiljur, fataskápar, eldhúsinnréttingar, veggeiningar, skilrúm til að afþilja á skrifstofuhúsnaði og íbúðarhúsnaði og baðherbergisinnréttingar.

Vörur/  
þjónusta: 19, 20, 27 og 37.  
Flokkar: 19, 20, 27 og 37.

---

Skrás. 1981, nr. 42.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 365/1980.

Tilkynnt 14. okt. 1980, kl. 14.10.

## KENALOG

Eigandi: E.R. SQUIBB & SONS, INC., Lawrenceville-Princeton Road, Princeton, New Jersey 08540, Bandaríkjunum.  
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Rvík.  
Vörur: Lyf, þar með taldir barksterar.  
Flokkur: 5.

---

Skrás. 1981, nr. 43.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 366/1980.

Tilkynnt 14. okt. 1980, kl. 11.30.

## M O D E C A T E

Eigandi: E.R. SQUIBB & SONS, INC., Lawrenceville-Princeton Road, Princeton, New Jersey 08540, Bandaríkjunum.  
 Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Rvík.  
 Vörur: Lyf notuð við geðtruflunum.  
 Flokkur: 5.

Skrás. 1981, nr. 44.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 367/1980.

Tilkynnt 14. okt. 1980, kl. 11.30.

## G A R G O N

Eigandi: E.R. SQUIBB & SONS, INC., Lawrenceville-Princeton Road, Princeton, New Jersey 08540, Bandaríkjunum.  
 Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Rvík.  
 Vörur: Lyf og lyfjablöndur.  
 Flokkur: 5.

Skrás. 1981, nr. 45.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 368/1980.

Tilkynnt 14. okt. 1980, kl. 11.30.

## K E N A C O M B

Eigandi: E.R. SQUIBB & SONS, INC., Lawrenceville-Princeton Road, Princeton, New Jersey 08540, Bandaríkjunum.  
 Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Rvík.  
 Vörur: Lyf og lyfjablöndur.  
 Flokkur: 5.

Skrás. 1981, nr. 46.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 369/1980.

Tilkynnt 15. okt. 1980, kl. 12.00.

## R O U N D U P

Eigandi: MONSANTO COMPANY, 800 North Lindbergh Boulevard, St. Louis, Missouri, Bandaríkjunum.  
 Umboðsm.: Örn Þór, hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
 Vörur: Efni til eyðingar illgresi; pesticides- og herbicidesefnablöndur.  
 Flokkur: 5.

---

Skrás. 1981, nr. 47.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 371/1980.

Tilkynnt 17. okt. 1980, kl. 10.00.



Eigandi: Félag íslenskra bókaverslana, Marargötu 2, Rvík.  
Vörur: Allar vörur í 16. flokki.  
Flokkur: 16.

---

Skrás. 1981, nr. 48.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 372/1980.

Tilkynnt 17. okt. 1980, kl. 10.40.

#### S N U G L I

Eigandi: SNUGLI INC., Evergreen, County of Jefferson, Colorado, Bandaríkjunum.  
Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Rvík.  
Vörur: Burðarpokar fyrir börn.  
Flokkur: 18.

---

Skrás. 1981, nr. 49.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 375/1980.

Tilkynnt 20. okt. 1980, kl. 14.00.

#### T R I D I L

Eigandi: American Hospital Supply Corporation, One American Plaza, Evanston, Illinois 60201, Bandaríkjunum.  
Umboðsm.: G. H. Sigurgeirsson, P. O. Box 1337, Rvík.  
Vörur: Allar vörur í 5. flokki einkum nitroglycerin til innsprautunar.  
Flokkur: 5.

---

Skrás. 1981, nr. 50.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 377/1980.

Tilkynnt 21. okt. 1980, kl. 11.30.

A Q U A R I A N

Eigandi: MARS, INCORPORATED, Westgate Park, 1651 Old Meadow Road, McLean, Virginia, Bandaríkjunum.  
 Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR sf., Óðinsgötu 4, Rvík.  
 Vörur: Fóðurvörur handa dýrum.  
 Flokkur: 31.

Skrás. 1981, nr. 51.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 379/1980.

Tilkynnt 22. okt. 1980, kl. 14.30.



Eigandi: AB Melka, 405 03 Göteborg, Svíþjóð.  
 Umboðsm.: Björn Árnason, Árni Björnsson, P.O. Box 1034, Rvík.  
 Vörur: Allar vörur í 25. flokki.  
 Flokkur: 25.

Skrás. 1981, nr. 52.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 382/1980.

Tilkynnt 23. okt. 1980, kl. 14.00.

H Y D R O L

Eigandi: Beecham Group Limited, Beecham House, Brentford, Middlesex, Englandi.  
 Umboðsm.: SIGURJÓNSSON & THOR s.f., Óðinsgötu 4, Reykjavík.  
 Vörur: Sótthreinsunarlyf.  
 Flokkur: 5.

Skrás. 1981, nr. 53.

Skráningard. 23. febrúar 1981.

T 383/1980.

